




APRIL 1, 2016

SJÓÐIR HÁSKÓLA ÍSLANDS 2010-2014

Yfirlit og kyngreining á gögnum úr umsóknarferli.
Unnið fyrir jafnréttisnefnd Háskóla Íslands.

KRISTÍN ANNA HJÁLMARSDÓTTIR
KYNJAFRÆÐINGUR



EFNISYFIRLIT

Helstu niðurstöður.....	1
Inngangur	3
Gagnaöflun.....	4
Hugtök og greiningar	5
Sjóðir Háskóla Íslands	7
Stóra myndin.....	8
Sjóðir með fjárveitingar og eigiðafلافé.....	9
Sjóðir sem úthlutuðu 0,5 milljörðum eða meira	10
Rannsóknasjóður.....	11
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora.....	20
Vinnumatssjóður	23
Doktorsstyrkir Háskóla Íslands.....	26
Sjóðir sem úthlutuðu 100-500 milljónum.....	36
Ársmatssjóður	37
Nýliðunarsjóður	38
Sáttmálasjóður.....	41
Starfspróunarsjóður.....	45
Tækjakaupasjóður	47
Aðstoðarkennarastyrkir fyrir doktorsnema	49
Sjóðir sem úthlutuðu 40-100 milljónum.....	51
Kennslumálasjóður	53
Sjóður um árangurstengda tilfærslu starfsþátta.....	56
Aðstoðarmannasjóðir fræðasviðanna.....	60
Sjóðir sem úthlutuðu undir 40 milljónum.....	63
Afreks- og hvatningarsjóður stúdenta Háskóla Íslands	64
Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands	66
Ferðastyrkir Rannsóknasjóðs	67
Nýdoktorastyrkir Rannsóknasjóðs	69
Sjóðir fræðasviðanna	71
Viðurkenningar Háskóla Íslands fyrir lofsverðan árangur í starfi	75
Óflokkaðir sjóðir innan Háskóla Íslands.....	76
Mótframlagasjóður við tækjakaup	76
NHPC tölvuklassi (Nordic High Performance Computing).....	76
Rannsóknamisseri háskólakennara (og farareyrir).....	77

Stúdentasjóður Háskóla Íslands	77
Greiningarsjóður	78
Styrktarsjóðir HÍ	79
Virkir styrktarsjóðir Háskóla Íslands	79
Almanakssjóður	81
Eggertssjóður	82
Háskólasjóður	83
Heimspækisjóður Brynjólfs Bjarnasonar.....	84
Ingjaldssjóður.....	85
Menningar- og framfarasjóður Ludvig Storr	85
Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda.....	86
Minningarsjóður dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors	87
Minningarsjóður Guðrúnar Marteinsdóttur.....	88
Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings.....	89
Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents.....	90
Rannsóknarsjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur.....	91
Sagnfræðisjóður dr. Björns Þorsteinssonar.....	92
Selma og Kay Langvad Legat.....	93
Sjóður Níelsar Dungals prófessors.....	94
Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli.....	95
Sjóður Sigríðar Lárusdóttur	96
Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands	97
Starfssjóður Læknadeildar Háskóla Íslands.....	98
Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands	99
Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur.....	99
Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands	100
Styrktarsjóður Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar.....	101
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur	102
Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur	104
Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar	105
Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar læknis	106
Watanabe styrktarsjóðurinn við Háskóla Íslands.....	107
Þorsteinssjóður.....	108
Fjárhagsleg staða virkra styrktarsjóða	109
Óvirkir styrktarsjóðir	110
Fjárhagsleg staða óvirkra styrktarsjóða	111

Samantekt um styrktarsjóði Háskóla Íslands	112
Niðurlag, umræður og tillögur	113
Heimildaskrá.....	117
Viðauki 1: Markhópar - starfsfólk	125
Viðauki 2: Markhópar - nemendur	126
Viðauki 3: Sjóður um árangurtenda tilfærslu starfa – Breytingar.....	127

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1. Fjöldi og hlutfall kvenna og karla í fagráðum vísindanefndar Háskóla Íslands 2011-2014.	12
Tafla 2. Fjöldi, hlutfall og árangur umsókna um styrk úr Rannsóknasjóði 2010-2014 eftir árum og kyni.	13
Tafla 3. Upphæð, meðaltal og miðgildi umsókna til Rannsóknasjóðs 2010-2014 eftir árum og kyni.	14
Tafla 4. Heildarupphæð, meðaltal, miðgildi og árangurshlutfall vegna styrkja úr Rannsóknasjóði 2010-2014 í þús. kr. eftir árum og kyni.....	14
Tafla 5. Fjöldi og hlutfall umsókna um styrk úr Rannsóknasjóði 2010-2014 eftir upphæðaflokkum í þús. kr. og kyni.	15
Tafla 6. Fjöldi og hlutfall styrkja úr Rannsóknasjóði 2010-2014 eftir upphæðaflokkum í þús. kr. og kyni.	15
Tafla 7. Hlutfall og árangur umsókna til Rannsóknasjóðs 2010-2014 eftir starfsheiti og kyni....	16
Tafla 8. Upphæð, meðaltal og miðgildi umsókna til Rannsóknasjóðs 2010-2014 eftir fræðasviðum og kyni.....	17
Tafla 9. Upphæð, meðaltal, miðgildi og árangur umsókna til Rannsóknasjóðs 2010-2014 eftir fræðasviðum og kyni.	18
Tafla 10. Fjöldi, hlutfall og árangur umsókna til Rannsóknasjóðs 2010-2014 eftir tegundum verkefna og kyni.	18
Tafla 11. Upphæð og hlutfall umsótttra upphæða og veittra styrkja úr Rannsóknasjóði 2010-2014 eftir tegundum verkefna og kyni.	18
Tafla 12. Hlutfall umsókna og styrkja úr Rannsóknasjóði eftir tegundum styrkja og kyni.....	19

Tafla 13. Fjöldi vinnuskýrsla og greiðslna úr Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora 2010-2014 eftir árum og kyni.	21
Tafla 14. Upphæð, meðaltal og miðgildi greiðslna úr Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora 2010-2014 eftir kyni.....	22
Tafla 15. Fjöldi og hlutfall þeirra sem fengu greiðslur úr Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora 2010-2014 eftir upphæðum og kyni.....	22
Tafla 16. Fjöldi og greiddar upphæðir úr Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora 2010-2014 eftir fræðasviðum og kyni.....	22
Tafla 17. Fjöldi, upphæð í þús. kr., hlutfall og árangur vegna innsendra vinnuskýrsla til Vinnumatssjóðs 2010-2014 eftir árum og kyni.	24
Tafla 18. Samanburður á meðaltali og miðgildi greiðslna úr Vinnumatssjóði 2010-2014 eftir kyni.....	24
Tafla 19. Fjöldi, upphæð, meðaltal og miðgildi greiðslna úr Vinnumatssjóði 2010-2014 eftir starfsheitum og kyni.....	25
Tafla 20. Greiðslur úr Vinnumatssjóði 2010-2014 eftir upphæðaflokkum og kyni.	25
Tafla 21. Greiðslur úr Vinnumatssjóði 2010-2014 eftir fræðasviðum/stofnunum og kyni.	26
Tafla 22. Þróun í fjölda umsókna og doktorsstyrkja Háskóla Íslands 2010-2014 eftir árum og fjármögnun.....	29
Tafla 23. Fjöldi styrkja og styrkára og áætlaður kostnaður vegna styrkja og launa doktorsnema HÍ 2010-2014.	30
Tafla 24. Sókn í doktorsstyrki HÍ eftir fræðasviðum og leiðum.....	30
Tafla 25. Fjöldi, hlutfall og árangur umsækjenda um doktorsstyrki HÍ - leið a, eftir fræðasviðum.....	31
Tafla 26. Fjöldi, hlutfall og árangur doktorsnema í leið a eftir kyni.	31
Tafla 27. Fjöldi og hlutfall doktorsstyrkja HÍ eftir leið a eftir kyni nemanda og fjölda styrkára.	31
Tafla 28. Fjöldi, hlutfall og árangur umsókna í leið a eftir starfsheiti og kyni leiðbeinanda.	33
Tafla 29. Fjöldi, hlutfall og árangur umsókna dósentna í leið a eftir fræðasviðum og kyni.....	33
Tafla 30. Fjöldi, hlutfall og árangur umsókna um doktorsstyrki í leið b eftir fræðasviðum.	33
Tafla 31. Fjöldi, hlutfall og árangur doktorsumsókna - leið b eftir starfsheiti leiðbeinanda og kyni.	34

Tafla 32. Fjöldi samþykktra doktorsstyrkja HÍ í leið b 2010-2014 og fjöldi og hlutfall ráðinna eftir fræðasviðum og kyni.	35
Tafla 33. Fjöldi, hlutfall og árangur umsókna um nýjar lektorastöður Nýliðunarsjóðs 2013-2014 eftir kyni.	39
Tafla 34. Fjöldi og hlutfall ráðinna lektora með fjármögnun Nýliðunarsjóðs eftir kyni.	40
Tafla 35. Fjöldi, hlutfall og árangur umsókna um Nýdoktorastyrki Nýliðunarsjóðs 2013-2014 eftir árum og kyni.	40
Tafla 36. Fjöldi og hlutfall nýdoktorastyrkja Nýliðunarsjóðs 2013-2014 eftir árafjölda og kyni.	40
Tafla 37. Fjöldi, hlutfall og árangur umsókna um Nýdoktorastyrki Nýliðunarsjóðs eftir fræðasviðum.	41
Tafla 38. Fjöldi og upphæð styrkja úr Sáttmálasjóði 2010-2014 eftir tegundum styrkja og kyni.	43
Tafla 39. Fjöldi og hlutfall styrkja úr Sáttmálasjóði 2010-2014 eftir starfsheiti og kyn.	43
Tafla 40. Upphæð og meðaltal styrkja úr Sáttmálasjóði 2010-2014 eftir starfsheiti og kyni.	44
Tafla 41. Fjöldi, upphæð og hlutfall greiðslna úr Sáttmálasjóði 2010-2015 eftir fræðasviðum og öðrum einingum.	44
Tafla 42. Veittir styrkir úr Starfsþróunarsjóði 2010-2014 eftir tegund kostnaðar.	46
Tafla 43. Upphæð og hlutfall veittra styrkja úr Starfsþróunarsjóði 2010-2014 vegna kostnaðarhlutdeildar í sameiginlegar þjónustu eftir einingum.	46
Tafla 44. Fjöldi, hlutfall og árangur umsókna úr Tækjakaupasjóði 2010-2014 eftir fræðasviðum og kyni.	48
Tafla 45. Upphæð og hlutfall umsótttra og veittra styrkja úr Tækjakaupasjóði 2010-2014 eftir fræðasviðum og kyni í þús. króna.	48
Tafla 46. Árangur umsókna sem fengu styrk úr Tækjakaupasjóði 2010-2014 mældur í upphæðum, eftir fræðasviðum og kyni.	49
Tafla 47. Fjöldi, hlutfall og árangur umsókna um Aðstoðarkennarastyrki fyrir doktorsnema 2010-2014 eftir árum og kyni.	51
Tafla 48. Fjöldi og hlutfall nefndarmanna í kennslumálanefnd 2012-2015 eftir árum og kyni. ..	53
Tafla 49. Fjöldi, hlutfall, heildarupphæð, meðaltal, miðgildi og árangur umsókna um styrk í Kennslumálasjóð 2012-2015 eftir kyni.	54
Tafla 50. Fjöldi og hlutfall umsókna til Kennslumálasjóðs 2012-2015 eftir upphæðarflokkum í þús. kr. og kyni.	54

Tafla 51. Fjöldi og hlutfall styrkja úr Kennslumálasjóði 2012-2015 eftir upphæðarflokkum og kyni.	55
Tafla 52. Fjöldi, hlutfall, upphæð, meðaltal og miðgildi umsókna um styrk í Kennslumálasjóð 2012-2015 eftir fræðasviðum.	55
Tafla 53. Fjöldi, meðaltal starfshlutfalls, upphæð og meðaltal greiðslna úr Sjóði um árangurstengda tilfærslu starfsþátta 2010-2015 skv. stigaleið, eftir kyni.	57
Tafla 54. Fjöldi og hlutfall þeirra sem fræðasvið HÍ fengu greiðslu úr Sjóði um árangurstengda tilfærslu starfsþátta 2010-2015 skv. stigaleið eftir starfsheiti og kyni.	57
Tafla 55. Yfirlit yfir tilnefningar og úthlutanir úr Sjóði um árangurstengda tilfærslu starfsþátta 2010-2015 eftir kyni.	58
Tafla 56. Yfirlit yfir tilnefningar og úthlutanir úr Sjóði um árangurstengda tilfærslu starfsþátta 2010-2015 eftir starfsheitum og kyni.	59
Tafla 57. Fjöldi og hlutfall styrkja úr Aðstoðarmannasjóði Félagsvísindasviðs eftir árum og kyni.	61
Tafla 58. Fjöldi og upphæð styrkja úr Aðstoðarmannasjóði HVS eftir árum og kyni.	61
Tafla 59. Hlutfall styrkja Aðstoðarmannasjóðs HUG eftir árum og kyni.	62
Tafla 60. Hlutfall styrkja úr Aðstoðarmannasjóði MVS eftir árum og kyni.	62
Tafla 61. Hlutfall af fjölda og heildarupphæð styrkja úr Aðstoðarmannasjóði VON 2013-2015 eftir árum og kyni.	63
Tafla 62. Umsóknir, styrkir og árangur umsókna til Afreks- og hvatningarsjóðs stúdenta Háskóla Íslands 2010-2014 eftir ári og kyni.	65
Tafla 63. Fjöldi umsókna og styrkja og árangurshlutfall vegna umsókna um styrk í Afreks- og hvatningarsjóð stúdenta Háskóla Íslands 2010-2014 eftir væntum fræðasviðum og kyni.	65
Tafla 64. Hlutfall umsókna og styrkja vegna umsókna um Hagnýtingarverðlaun eftir ári og kyni.	67
Tafla 65. Fjöldi, hlutfall og árangur umsókna um Ferðastyrki Rannsóknasjóðs 2010-2014 eftir árum og kyni.	69
Tafla 66. Upphæð, hlutfall og árangur umsókna um Ferðastyrki Rannsóknasjóðs 2010-2014 eftir fræðasviðum og kyni.	69
Tafla 67. Hlutfall og árangur vegna umsókna um nýdoktorastyrki Rannsóknasjóðs eftir árum og kyni.	71

Tafla 68. Fjöldi, upphæð, meðaltal og miðgildi styrkja úr Nýdoktorsjóði Rannsóknasjóðs eftir kyni.....	71
Tafla 69. Ferðastyrkir fyrir doktorsnema á FVS eftir kyni.....	72
Tafla 70. Styrkir úr 10% sjóði HVS eftir verkefnum, upphæð og kyni.....	72
Tafla 71. Ferðastyrkir doktorsnema HUG eftir kyni.	73
Tafla 72. Styrkir úr Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar eftir kyni.....	73
Tafla 73. Fjöldi, upphæð, hlutfall og árangur umsókna til Bakhjarls MVS 2015 vegna verkefna eftir upphæð og kyni.	74
Tafla 74. Fjöldi, upphæð og meðaltal aflstigagreiðslna á MVS 2010-2014 eftir kyni.	74
Tafla 75. Styrkir til doktorsnema MVS eftir tegundum styrkja, upphæð og kyni.....	74
Tafla 76. Fjöldi og hlutfall handhafa viðurkenninga HÍ fyrir lofsverðan árangur í starfi 2012-2014 eftir kyni.	76
Tafla 77. Bundinn og óbundinn höfuðstóll virkra styrktarsjóða Háskóla Íslands 31.12.2014.	80
Tafla 78. Fjöldi og upphæð styrkja úr styrktarsjóðum Háskóla Íslands 2010-2014 eftir flokkum og kyni.....	80
Tafla 79. Fjöldi, upphæð og hlutfall styrkja úr virkum sjóðum Háskóla Íslands 2010-2014 eftir flokkum.	81
Tafla 80. Fjöldi og upphæð styrkja úr Eggertssjóði 2010-2014 eftir styrkþegum og kyni.....	83
Tafla 81. Fjöldi, heildarupphæð og meðaltal styrkja úr Menningar- og framfarasjóði Ludvigs Storr 2010-2014 eftir kyni.	86
Tafla 82. Fjöldi og upphæð styrkja úr Minningarsjóði Bjargar Magnúsdóttur 2012-2014 eftir kyni.....	87
Tafla 83. Fjöldi og upphæð styrkja úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents 2010-2014 eftir kyni.	91
Tafla 84. Fjöldi og upphæð styrkja úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur 2010-2014 eftir kyni.	92
Tafla 85. Fjöldi, upphæð og meðaltal styrkja úr Selmu og Kay Langvad Legat 2010-2014 eftir kyni.....	94
Tafla 86. Fjöldi, upphæð og meðaltal styrkja úr Sjóði Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli eftir tegundum styrkja og kyn.....	96

Tafla 87. Fjöldi, upphæð og meðaltal styrkja úr Sjóði Sigríðar Lárusdóttur 2010-2014 eftir tegundum styrkja og kyni.	97
Tafla 88. Fjöldi og upphæð styrkveitinga úr Styrktarsjóði Margrétar og Bents 2010-2014 eftir styrkjaflokkum og kyni.	102
Tafla 89. Fjöldi og upphæð styrkja úr Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur 2010-2014 eftir kyni.	104
Tafla 90. Fjöldi og upphæð styrkveitinga úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins 2010-2014 eftir kyni.	106
Tafla 91. Fjöldi, upphæð og meðaltal styrkja úr Watanabe sjóðnum 2010-2014 eftir kyni.	108
Tafla 92. Fjöldi og upphæð styrkja úr Þórsteinssjóði 2010-2014 eftir kyni.	109
Tafla 93. Bundinn og óbundinn höfuðstóll virkra styrktarsjóða Háskóla Íslands 31.12.2014 eftir nafni.	110
Tafla 94. Bundinn og óbundinn höfuðstóll óvirkra styrktarsjóða Háskóla Íslands 31.12. 2014 eftir nafni.	112

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Yfirlitsmyndir yfir hlutfall styrkja og greiðslur til akademískra starfsmanna HÍ úr stærstu sjóðum HÍ eftir kyni annars vegar (vinstri) og fræðasviðum hins vegar (hægri).	10
Mynd 2. Yfirlit yfir hlutfall styrkja og upphæð styrks til doktorsnema HÍ úr sjóðum sem úthlutuðu samanlagt hálfan milljarð eða meira 2010-2014, eftir kyni.	11
Mynd 3. Hlutfallsleg skipting fjármagns úthlutað úr Rannsóknasjóði 2010-2014 eftir fræðasviðum.	16
Mynd 4. Samanburður á árangurshlutfalli umsókna í Rannsóknasjóð 2010-2014 mældur í upphæðum eftir fræðasviðum og kyni.	17
Mynd 5. Samanburður á hlutfalli umsókna, styrkja og doktorsnema í leið a og b eftir fræðasviðum.	30
Mynd 6. Hlutfall umsókna, styrkja og árangur leiðbeinenda í leið a, eftir kyni.	32
Mynd 7. Samanburður á hlutfalli umsókna, styrkja og árangurs í leið b, eftir kyni leiðbeinanda.	34
Mynd 8. Yfirlitsmyndir yfir fjölda og greiðslur til starfsfólks og starfseininga innan HÍ úr sjóðum sem úthlutuðu 100-500 milljónum 2010-2014 eftir kyni annars vegar og fræðasviðum hins vegar.	36

Mynd 9. Yfirlitsmyndir yfir fjölda og greiðslur til nemenda úr sjóðum sem úthlutuðu 100-500 milljónum 2010-2014 eftir kyni.	37
Mynd 10. Yfirlitsmyndir yfir fjölda og greiðslur til starfsmanna HÍ úr sjóðum sem úthlutuðu 50-100 milljónum 2010-2014 eftir kyni annars vegar og fræðasviðum hins vegar. ...	52
Mynd 11. Yfirlitsmyndir yfir fjölda og greiðslur til nemenda úr sjóðum sem úthlutuðu 100-500 milljónum 2010-2014 eftir kyni annars vegar og fræðasviðum hins vegar.....	52
Mynd 12. Greiðslur úr Sjóði um árangurstengda tilfærslu starfsþátta 2010-2015 eftir fræðasviðum.....	58
Mynd 13. Greiðslur úr Sjóði um árangurstengda tilfærslu starfsþátta, tilnefningarleið, 2010-2015 eftir fræðasviðum.....	59
Mynd 14. Yfirlitsmyndir yfir fjölda og greiðslur til starfsmanna HÍ úr sjóðum sem úthlutuðu undir 40 milljónum 2010-2014 eftir kyni.	63
Mynd 15. Yfirlitsmyndir yfir fjölda og greiðslur til nemenda HÍ úr sjóðum sem úthlutuðu undir 40 milljónum 2010-2014 eftir kyni.	64

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Skýrslan byggir á kyngreindum eða kyngreinanlegum tölfræðilegum gögnum um umsóknir, tilnefningar og vinnuskýrslur og greiðslur úr sjóðum sem safnað var frá ýmsum einingum innan Háskóla Íslands. Einnig var stuðst við fyrirliggjandi gögn um starfsfólk og nemendur og aðgengilegar upplýsingum um sjóði og úthlutunarreglur þeirra.
- Gagnaöflun gekk almennt vel en í sumum tilvikum var töluverðum vandkvæðum bundið að nálgast upplýsingar. Það sem einkum torveldaði gagnaöflun var ólíkur skilningur á því hvaða teldust vera sjóðir og misjafnt aðgengi að upplýsingum úr úthlutunarferli. Mikilvægt er að mörkuð sé skýr stefna um það hvaða sjóði eigi að halda utan um, hvaða gögnum eigi að halda til haga og hver beri ábyrgð á að þau séu aðgengileg í framtíðinni.
- Yfirlit fékkst sennilega yfir flesta sjóði innan háskólans. Þeir sjóðir sem fjármagnaðir eru með fjárveitingu frá háskólaráði, ríki og/eða eignaflafé töldust 25 og sjóðir fjármagnaðir af eigin fé og ávöxtun 54, samtals 79. Ekki tókst að afla gagna frá öllum sjóðunum.
- Sjóðirnir úthlutuðu samanlag tæpum 7 milljörðum króna á á tímabilinu 2010-2014 eða sem nemur rúmum 1,3 milljörðum á ári.
- Í þeim tilvikum sem hægt var að greina gögn eftir kyni var fjöldi styrkja og greiðslna samtals 7.798. Konur fengu 49% styrkjanna og 46% upphæðarinnar og karlar 51% styrkjanna og 53% upphæðarinnar. Algengt kynjamynstur var að konur fengju herra hlutfall af styrkjum en því fjármagni sem til úthlutunar var.
- Í þeim tilvikum sem hægt var að greina gögn eftir fræðasviðum fóru 12% heildarupphæðarinnar til starfsfólks og nemenda félagsvísindasviðs, 24% til heilbrigðisvísindasviðs, 15% til hugvísindasviðs, 9% til menntavísindasviðs, 29% til verkfræði- og náttúruvísindasviðs og 10% í til fleiri fræðasviða en eins og stofnanna.
- Engar einhlítar vísbendingar komu fram um að úthlutanir og verklag við úthlutun samræmdust ekki jafnréttissjónarmiðum. Vísbendingar komu þó fram um að ekki sé allt hugað að kynjahlutfallið í hópi þeirra sem ákvarðanir taka í úthlutunarferlinu. Einnig komu fram upplýsingar um að úthlutunarreglur eða reiknireglur sjóða hafi breyst í gegnum tíðina eða breytingar framundan. Mikilvægt er að hugað sé að jafnréttis- og kynjasjónarmiðum við undirbúning breytinga og úttektir gerðar reglulega til að skoða hvort þær hafi haft óæskilegar kynbundnar breytingar í för með sér.
- Kynjamunur í árangri mældur í fjölda styrkja eða upphæðum var að jafnaði 1-5%, og hallaði oftast á konur en karla. Dæmi voru um kynjamun upp á 5% eða meira í um þriðjungi sjóða og í einstökum greiningum innan sjóða og hallaði ýmist á konur eða karla. Mikilvægt er að skoða slík tilvik sérstaklega og halda áfram að fylgjast með þróun mála með reglubundnum úttektum.
- Karlar fengu almennt fleiri styrki og meira fjármagn úr sjóðum háskólans en konur og úr sumum talsvert meira. Þetta þarf m.a. að skoða með hliðsjón af markhópum sjóðanna og sókn í styrki. Greinilegt er t.d. að próffessorar sækja í meira mæli en aðrir hópar í suma sjóði og fá fremur úthlutað. Þeir standa þess vegna betur að vígi en aðrir innan

markhópsins og hlutfall kvenna í þeirra hópi er lágt eða 27%. Aðrir sjóðir virðast fremur sniðnir að raunvísindum en öðrum fræðasviðum og þar er hlutfall kvenna einnig lágt. Sums staðar var þó talsverð kynjaskekkja til staðar sem tæplega er hægt að skýra eingöngu með kynjahlutfalli í markhópnum. Það vekur upp spurningar um það hvort kynjaðar víddir gætu leynst í reglum um útreikninga rannsóknastiga. Ástæða gæti því verið til að skoða þær út frá kynjasjónarmiðum og jafnvel úthlutunarreglur sjóða almennt.

- Innan við helmingur styrktarsjóða Háskóla Íslands reyndust virkir þ.e. úthlutuðu styrkjum á úttektartímabilinu. Margir virku sjóðanna styrkja rannsóknir námsmanna og veita viðurkenningar, m.a. fyrir góðan námsárangur. Aðgengi fræðasviðanna að sjóðunum er misjafnt og kannski ástæða til að skoða það mál frekar og leita leiða til að jafna aðgengi nemenda að slíkum gæðum. Það vakti auk þess athygli að um hálfur milljarður í bundnu og óbundnu stofnfé óvirkra sjóða skilar engu til háskólans. Vinna er hafi við að leita leiða til að nýta þetta fjármagn.

INNGANGUR

Skýrsla þessi er unnin að beiðni jafnréttisnefndar Háskólaráðs. Hún er liður í að koma aðgerðaáætlun jafnréttisáætlunar Háskóla Íslands 2013-2017 í framkvæmd. Meðal verkefna í henni er að taka saman gögn um skiptingu umsókna og úthlutana úr rannsókn- og styrktarsjóðum innan Háskóla Íslands og kyngreina (Háskóli Íslands, 2014d).

Markmið úttektarinnar er að ná yfirsýn yfir þá sjóði sem starfsfólk og nemendur Háskóla Íslands hafa aðgengi að og skoða hvort úthlutun og endurúthlutun styrkjanna og verklag við úthlutun samræmist jafnréttissjónarmiðum. Auk þess á að fá fram tillögur að aðgerðum og úrbótum eftir því sem við á t.d. varðandi verklag við úthlutun og reksturs sjóða, skipulags sjóða, stefnumótunar í tengslum við sjóði innan skólans og svo hvort þörf sé á að gripið sé til aðgerða til að tryggja samþættingu jafnréttissjónarmiða í styrkjaúthlutun innan skólans.

Verkefnið er umfangsmikið og tók jafnréttisnefnd ákvörðun um að skipta því upp. Fyrsti hlutinn, sem þessi skýrsla nær til, er heildstæð samantekt um rannsókn- og styrktarsjóði Háskóla Íslands, söfnun gagna úr umsóknarferli þessara sjóða á tímabilinu 2010-2014 og greining þeirra eftir kyni. Einnig eru settar fram tillögur um úrbætur vegna verklags við skráningu gagna úr umsóknarferli, markvissa söfnun þeirra og aðgengi að þeim. Á síðari stigum er ætlunin að leggja áherslu á kynfræðilega greiningu og nánari úttektir ef ástæða þykir til.

Engin sambærileg úttekt hefur verið gerð innan Háskóla Íslands en jafnréttisnefnd skólans lét gera úttektir á skiptingu umsókna og úthlutana úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, stærsta samkeppnissjóði innan skólans, árin [2007](#) (Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands, 2007) og [2008](#) (Arnar Gíslason, 2008). Auk þess hafði jafnréttisnefnd frumkvæði að og styrkti skrif meistararitgerðarinnar [Kynjasamþætting í Háskóla Íslands](#), en í henni er tekið dæmi um kynjasamþættingu sjóða sem byggir á gögnum um umsóknir og úthlutanir úr Rannsóknasjóði árið 2012 (Kristín Anna Hjálmarsdóttir, 2013).

Skýrslunni er skipt upp í þrjá hluta. Sá fyrsti fjallar um gagnaöflun og þann lærdóm sem draga má af henni. Annar hlutinn fjallar um sjóði Háskólans. Þar er fyrst dregin upp heildarmynd af stöðunni í stuttu máli. Þá er er fjallað um þá sjóði sem fá fjárveitingu eða fjármagna styrki með eiginafláfé. Hann hefst á stuttu yfirliti yfir sjóðina og helstu niðurstöður en síðan er í undirköflum fjallað sjóðina eftir því hversu miklu fjármagni þeir úthlutuðu. Farið er yfir hvern sjóð fyrir sig, markmið, fjármögnun, markhóp, viðmið við mat á umsóknum og niðurstöður greininga á umsóknum og úthlutunum. Loks er farið með sambærilegum hætti yfir stöðu styrktarsjóðanna, fyrst þá sem eru virkir og hafa úthlutað strykjum frá aldamótum og síðan þá sem eru óvirkir og hafa sennilega aldrei veitt styrki. Í þriðja hlutanum eru niðurstöður dregnar saman og tillögur að úrbótum og verkefnum settar fram.

GAGNAÖFLUN

Við upphaf úttektarinnar var ekki skýrt hvað skilgreina ætti sem rannsókn- og styrktarsjóði innan Háskóla Íslands. Ákveðið var að hafa skilgreininguna, sem unnið var út frá, mjög víða:

Sjóðir HÍ eru fjármagn, viðurkenningar og verðlaun sem aðgengileg eru starfsfólki og/eða nemendum skólans og úthlutað er í þeim tilgangi að stuðla að velgengni háskólans með einhverjum hætti.

Frá upphafi var ljóst að meðal þeirra væru sjóðir Háskólans sem fjallað er um í VIII. kafla í Reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, með síðari breytingum, og tilgreindir eru á [Sjóðavef Háskóla Íslands](#). Auk þess var leitað á veraldarvefnum og heimasíðu háskólans að fréttum, auglýsingum og tilvísunum til annarra sjóða og fundust einnig vísbendingar um sjóði í þeirri leit fyrir tilviljun. Einnig var leitað til fræðasviða háskólans, vísinda- og nýsköpunarsviðs og skrifstofu rektors um aðra virka rannsókn- og styrktarsjóði í þeirra umsjá sem ætlað væri að styrkja starfsfólk og/eða nemendur eða styðja við rannsóknir með einum eða öðrum hætti. Auk þess var á síðari stigum sérstaklega óskað eftir upplýsingum um endurúthlutanir styrkja á vegum stofnana sem heyra undir fræðasviðin. Í beiðninni sem send var úr út var óskað eftir upplýsingum um:

- Nafn/vinnuheiti sjóðs.
- Uppruni fjármagns sem til úthlutunar væri.
- Hvort styrkir væru auglýstir.
- Hverjir væru framkvæmdaaðilar (þau sem ákvörðun taka um úthlutun) þ.e. fjöldi í hópi, nöfn, kyn, skipunartímabil og formennska.
- Heildarupphæð sem til úthlutunar væri fyrir hvert ár/hverja úthlutun.
- Nafn/nöfn og kyn umsækjenda, fræðasvið, deild, staða og upphæð sem sótt er um auk heitis verkefnis eftir því sem við átti.

Í mörgum tilvikum gekk gagnaöflun vel einkum þegar um var að ræða gamalgróna sjóði með góðar heimasíður. Upplýsingar á heimasíðum eiga þó iðulega við um núverandi stöðu og gefa ekki yfirlit aftur í tímann. Í öðrum tilvikum var það töluverðum vandkvæðum bundið að nálgast upplýsingar, einkum um þá sjóði sem ekki eru með heimasíðu. Ekki er því víst að sjóðalistinn sé tæmandi en hann ætti þó að gefa nokkuð heildstæða mynd af stöðunni.

Fyrirliggjandi gögnum var einnig safnað svo sem tölulegum upplýsingum um starfsfólk og nemendur og öðrum aðgengilegum upplýsingum um sjóði t.d. úr skipulagsskrám, verklagsreglum við úthlutun, skýrslum stjórna og fleiri opinberum og aðgengilegum gögnum. Erfiðast reyndist að afla kyngreindra gagna um þá hópa sem koma að ákvarðanatöku og á það við um alla sjóðina.

Reynslan af gagnaöfluninni sýnir að mikilvægt er að beiðnir um upplýsingar og gögn séu mjög skýrar þ.e. kveði nákvæmlega á um:

- Hvaða reglum, verklagsreglum og matsreglum verið er að leita eftir.
- Hvaða kyngreinanlegu tölfræðiupplýsingar verið er að biðja um, nákvæmlega vegna hvaða hópa og hvernig óskað er eftir að fá upplýsingarnar afhentar.
- Hvort óskað er eftir upplýsingum um uppruna gagnanna (hvert þær voru sóttar).

Í umfjöllun um hvern sjóð fyrir sig er fjallað stuttlega um þau gögn og upplýsingar sem bárust og ágalla á þeim.

Tölfræðileg gögn voru unnin í exel.

Hugtök og greiningar

Úttektartímabil

Skilgreint úttektartímabil skýrslunnar eru árin 2010-2014. Í nokkrum tilvikum er vikið frá þessari meginreglu og er þá sérstaklega getið um það frá hvaða tímabili gögnin eru og gefin skýringa á því.

Markhópar

Þegar talað eru um markhópa eru átt við þann hóp sem getur sótt um styrki eða fengið greiðslur úr sjóðum.

Framkvæmd og ábyrgð

Í köflunum framkvæmd og ábyrgð er fjallað um þá einstaklinga eða hópa sem leggja mat á umsóknir og/eða taka ákvarðanir um úthlutanir í umsóknarferlinu.

Kennarar

Þegar talað er um kennara í skýrslunni er átt við starfsfólk HÍ sem gegnir stöðu prófessora, dósentna, lektora og aðjúnkta sem hafa bæði kennslu- og rannsóknaskyldu.

Sérfræðingar

Þegar talað er um sérfræðinga í skýrslunni er átt við starfsfólk HÍ sem gegnir stöðu vísindamanna, fræðimanna, sérfræðinga og rannsóknaprófessora, rannsóknadósentna og rannsóknalektora sem ekki hafa kennsluskyldu.

Nemendur

Þegar talað er um nemendur er átt við nemendur í grunnnámi og/eða framahaldsnámi. Misjafnt er eftir markhópum sjóða hvort átt er við allan hópinn eða hluta hans t.d. einungis doktorsnema.

Meðaltal og miðgildi

Það er alltaf matsatriði hvaða mælingu á miðsækni á að nota en meðaltal og miðgildi eru meðal algengra mælikvarða. Mælingarnar gefa hugmynd um hið dæmigerða en segja ekki endilega alla söguna.

Meðaltalið hefur þá kosti að það byggir á öllum tölum í gagnasafninu og breytingar á tölum í safninu hafa áhrif á meðaltalið. Það ætti að gefa hugmynd um hina dæmigerðu tölu í gagnasafninu. Gallinn er þó sá að meðaltal er ekki harðgert þ.e. a.s. það er viðkvæmt fyrir tölum sem skera sig úr gagnasafninu, svokölluðum útlögum eða einförum. Fáir en mjög háir eða lágir styrkir geta t.d. hækkað eða lækkað meðaltal styrkja úr tilteknum sjóði og jafnvel gefið villandi mynd.

Miðgildi er reiknað með því að raða tölum í gagnasafni upp í réttri röð frá þeirri lægstu til þeirra hæstu og þá er talan í miðju gagnasafnsins miðgildið. Miðgildi hefur þann kost umfram meðaltal að það er ekki eins viðkvæmt fyrir útlögum og skekkju í dreifingu og er því harðgert. Þess vegna getur miðgildi stundum verið heppilegri kostur en meðaltal við mælingar á miðgildi.

Stundum er gott að gefa upp bæði meðaltal og miðgildi þar sem munur á þessum tveimur gildum er vísbending um útlaga í gagnasafninu og er það yfirleitt gert í þessari skýrslu. Þegar meðaltalið

er hærra en miðgildið er það vísbending um að útlagar séu í lækkandi átt og öfugt þegar miðgildið er hærra en meðaltalið.

Dæmi: Sjóður með árangurstengdar greiðslur

- 1.000 greiðslur, þar af 55% til kvenna og 45% til karla.
- Meðaltalið er 1 milljón og miðgildið 730 þúsund.
 - Munur á meðaltali og miðgildi er vísbending um að útlagar séu í gagnasafninu í hækkandi átt.
 - Ólíkt meðaltal og miðgildi benda til þess að það sé dæmigerðara fyrir gagnasafnið að einstaklingar fái greiddar 730 þúsund krónur en eina milljón.
- Meðaltal kvenna 818 þúsund og miðgildi 723 þúsund.
- Meðaltal karla 1.222 þúsund og miðgildi 914 þúsund.
 - Munur á meðaltali og miðgildi innan beggja kynja er vísbending um að útlagar séu í hækkandi átt í báðum hópum.
 - Ólíkt miðgildi kynjanna er vísbending um að það sé dæmigert að konur fái lægri greiðslur úr sjóðnum en karlar.

Árangurshlutfall/árangur

Þegar verið er að skoða úthlutanir úr rannsókn- og styrkjarsjóðum almennt og út frá kyni er oft talað um árangurshlutfall. Yfirleitt er átt við hlutfall þeirra umsókna sem berast í tiltekin sjóð sem fá jákvætt svar. Tilgangurinn er að meta hversu mikil samkeppni er um að fá styrk úr tilteknum sjóð og hvort tækifæri kynjanna séu jöfn. Í sumum tilvikum er sótt um ákveðna upphæð en styrkþegar fá ekki endilega allt það fjármagn sem óskað er eftir. Þá er hægt að reikna árangurshlutfall í upphæðum.

Dæmi um árangurshlutfall mælt í fjölda styrkja:

- 300 umsóknir bárust.
- 100 styrkir voru veittir.
 - Árangurshlutfall 33%.
- Af 300 umsóknum voru 100 frá konum og 200 frá körlum.
- Af 100 styrkjum fóru 40 til kvenna og 60 til karla.
 - Árangurshlutfall karla: $60/200=30\%$.
- Árangurshlutfall kvenna: $40/100=40\%$.

Sama aðferð er notuð við að mæla árangur í upphæðum.

SJÓÐIR HÁSKÓLA ÍSLANDS

Í þessari úttekt töldust sjóðir sem starfsfólk og nemendur Háskóla Íslands hefur aðgang að og fjármagna styrki með fjárveitingum, eignaflafé og eignum sínum og ávöxtun þeirra samtals 79.

Talning og flokkun á sjóðum innan háskólans reyndist nokkuð snúin en þeir voru grunnflokkaðir eftir því hvort styrkir voru fjármagnaðir með fjárveitingum frá háskólaráði og ríki og eignaflafé eða af stofnfé og ávöxtun þess.

Einfalt reyndist að telja styrktarsjóðina sem reyndust 54 talsins. Aðrir sjóðir töldust vera 25. Talning á þeim reyndist öllu snúnari. Í fyrsta lagi úthluta þrír sjóðir Háskóla Íslands, Aðstoðarmannasjóður, Aldarafmælisjóður og Rannsóknasjóður Háskóla Íslands, ekki sjálfir styrkjum heldur undirsjóðir þeirra. Í þessari skýrslu eru undirsjóðirnir taldir sem sjóðir en yfirsjóðirnir þrír ekki. Í öðru lagi væri hægt að telja einn þessara sjóða, Aðstoðarmannasjóð, sem fimm sjóði þar sem fræðasviðin hafa sjálf umsjón með úthlutun styrkjanna. Sjóðurinn hefur þó eigið nafn, eigin heimasíðu og er nýttur með sambærilegum hætti innan allra fræðasviðanna. Það þótti því eðlilegt að skilgreina hann sem einn sjóð. Í þriðja lagi eru Aldarafmælisjóðir fræðasviðanna skilgreindir sem einn sjóður í úttektinni. Gögn reyndust takmörkuð og illa samanburðarhæf en ljós að áherslur fræðasviðanna eru ólíkar og fjármagnið nýtt til mismunandi verkefna. Til framtíðar gæti því verið heppilegra að skilgreina þá sem fimm sjóði. Í fjórða lagi eru Rannsókn- og styrktarsjóðir fræðasviðanna skilgreindir sem einn sjóður í úttektinni. Þeir eru fáir og upplýsingar um þá og fjölda þeirra ófullkomnar. Til framtíðar gæti einnig verið heppilegra að flokka þá og telja með öðrum hætti.

Tveir sjóða Háskólans sem fá fjárveitingar, Aðstoðarmannasjóður Háskóla Íslands og Aldarafmælisjóður eru með undirsjóð (eða sjóði) sem eru í umsjón fræðasviðanna. Skýrsluhöfundur er með nokkrar ábendingar varðandi þessa sjóði.

Samkvæmt VIII. Kafla í Reglum fyrir Háskóla Íslands er Aðstoðarmannasjóður einn af þeim sjóðum háskólans sem styrkja m.a. rannsóknir, kennslu og stjórnun. Samkvæmt 3. mgr. 80. gr. annast Miðstöð framhaldsnáms úthlutanir úr sjóðnum og gerir háskólaráði árlega grein fyrir þeim. Frá árinu 2010 hafa fræðasviðin annast úthlutun vegna Aðstoðarmannasjóðs (minni styrkir) en Miðstöð framhaldsnáms vegna Aðstoðarkennarastyrkja fyrir doktorsnema (stærri styrkir). Samkvæmt upplýsingum frá rekstrarstjórum fræðasviðanna hefur aldrei verið kallað eftir greinargerðum um úthlutanir úr Aðstoðarmannasjóði og Miðstöð framhaldsnáms kemur ekki með neinum hætti að úthlutunum. Svo virðist því sem sá Aðstoðarmannasjóður sem 80. gr. Reglna fyrir Háskóla Íslands fjallar um sé í raun Aðstoðarkennarastyrkir fyrir doktorsnema. Skýrsluhöfundur gerði nokkrar tilraunir til að finna út úr þessu máli en hafði ekki erindi sem erfiði. Óhætt er að segja að nafngiftir sjóðanna séu villandi og óljóst hver, ef einhver, gegnir eftirlitsskyldu með úthlutunum úr Aðstoðarmannasjóði (fræðasviðanna). Þetta þyrfti að skýra.

Aldarafmælisjóður Háskóla Íslands var stofnaður árið 2014 þegar ríkisstjórn landsins og Alþingi samþykktu að stofna sjóðinn í tilefni af aldarafmæli skólans. Markmið sjóðsins er að efla rannsóknir og nýsköpun innan Háskóla Íslands til uppbyggingar atvinnulífs í þágu íslensk samfélags og þjóðar (Ríkisstjórn Íslands og Alþingi, 2011). Sjóðurinn styrkir m.a. fræðasviðin, nýsköpunarverkefni, innviði HÍ og sameiginleg verkefni. Undirsjóðir hans eru þrír, Nýliðunarsjóður, Hagnýtingarverðlaun HÍ og Afreks- og hvatningarsjóður stúdenta HÍ (fjallað um þá sjóði hér að ofan) auk Aldarafmælisjóða fræðasviðanna. Sjóðurinn er fjármagnaður með árlegri fjárveitingu af fjárlögum ríkisins og skiptist hún, samkvæmt ákvörðun háskólaráðs:

- 40% beint til fræðasviðanna. Fræðasviðin ákveða hvernig fjármunum skuli ráðstafað (Aldarafmælistjóðir fræðasviðanna).
- 35% til Nýliðunarsjóðs. Skal ráðstafað í ný lektorstörf og nýdóktorastörf.
- 15% til innviða. Skal ráðstafað til að efla stoðkerfi, í efni, rekstur rannsókna, tæki, hugbúnað og fl.
- 10% til sameiginlegra verkefna. Skal ráðstafað í stuðning við sjóðasókn erlendis, til Kennslumálasjóðs, rafrænnar fjarkennslu, í nýsköpun og hagnýtingu hugverka, Afreks- og hvatningarsjóð o.fl. (Háskóli Íslands, 2012a); (Háskóli Íslands, 2014c).

Þegar leitað var upplýsinga um Aldarafmælistjóði fræðasviðanna bárust gögn frá sumum fræðasviðum en öðrum ekki. Meðal ábendinga sem bárust var að úthlutað fjármagn væri nýtt til fjölbreyttra verkefna m.a. til að styrkja innviði, stöður og rannsóknir. Einnig barst ábending um að það hefði ekki verið fyrir en árið 2014 sem fræðasviðin ákváðu sjálf til hvaða verkefna væri úthlutað. Fyrir þann tíma (þ.e. árin 2011-2013) hefðu sviðin sent inn umsóknir til stjórnar Aldarafmælistjóðs og ákvarðanir um styrkveitingar því teknar þar. Talsvert væri um að sjóðurinn hefði styrkt stöður og því mikilvægt að aflað væri fjölbreyttra gagna úr öllu umsóknarferlinu þ.e. um umsækjendur, ráðningar, hæfnismat og valnefndir. Það væri því eðlilegra að kalla eftir slíkum gögnum hjá stjórn sjóðsins. Samkvæmt upplýsingum frá vísinda- og nýsköpunarsviði eru upplýsingar um umsækjendur um öll auglýst akademísk störf frá miðju ári 2001 aðgengileg hjá þeim og því auðvelt að kalla eftir gögnunum, kyngreina og birta.

Þau gögn sem bárust frá fræðasviðunum voru misjöfn og illa samanburðarhæf og var því fallið frá áformum um að greina þau.

Mikilvægt er að marka skýra stefnu um það hver beri ábyrgð á söfnun gagna vegna úthlutana úr Aldarafmælistjóði og hvernig eftirliti með úthlutunum úr Aldarafmælistjóðum fræðasviðanna eigi að vera háttað, hvaða gögnum fræðasviðunum beri að skila, á hvaða formi, hvert og hvenær. Leggja ætti sérstaka áherslu á styrkveitingar til einstaklinga og verkefna og styrktar stöður.

Stóra myndin

Samkvæmt þeim gögnum sem aðgengileg voru úthlutaðu sjóðir innan Háskóla Íslands á tímabilinu 2010-2014 samanlagt 6.779.870.369 króna eða rúmum 1,3 milljörðum á ári. Þessi tala gæti verið allt að einum milljarði hærri þar sem gögn um Aldarafmælistjóð voru mjög takmörkuð.

Í þeim tilvikum sem hægt var að greina gögn eftir kyni var fjöldi styrkja 7.798. Konur fengu 49% styrkjanna og 46% upphæðarinnar og karlar 51% styrkjanna og 53% upphæðarinnar.

Í þeim tilvikum sem hægt var að greina gögn eftir fræðasviðum fóru 12% heildarupphæðarinnar til starfsfólks og nemenda félagsvísindasviðs (FVS), 24% til heilbrigðisvísindasviðs (HVS), 15% til hugvísindasviðs (HUG), 9% til menntavísindasviðs (MVS), 29% til verkfræði- og náttúruvísindasviðs (VON) og 10% í til fleiri fræðasviða en eins og annarra stofnanna.

Erfitt var að draga upp heildarmynd af árangri kynjanna enda um mjög ólíka sjóði að ræða, sumir t.d. samkeppnisjóði og aðrir ekki, en það þó reynt. Þegar eingöngu er horft til kyns mældist kynjamunur í árangri í flestum tilvikum 5% eða minni. Það hallaði á konur í Rannsóknasjóði, í Sjóði um árangurstengda tilfærslu starfsþátta, vegna Hagnýtingarverðlauna og vegna Doktorsnemastyrkja HÍ/ leið a og karla í Kennslumálasjóði, Vinnumatssjóði, Tækjakaupasjóði, Nýliðunarsjóði vegna nýdóktorastaða og Ferðastyrkjum Rannsóknasjóðs til doktorsnema.

Kynjamunur var meiri en 5% í um þriðjungi tilvika og hallaði á karla í fjórum tilvikum af sex. Þá hallaði á konurnar meðal leiðbeinenda í Doktorsnemastyrkjum HÍ, leið b og meðal nemenda sem sóttu um í Afreks- og hvatningarsjóð en á karla í hópi þeirra sem skiluðu vinnuskýrslum í Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora og vegna úthlutana nýdóktorastyrkja og aðstoðarkennarastyrkja til doktorsnema. Þegar litið var til árangurs eftir starfsheitum var árangur prófessora oftast bestur. Enga einhlíta tilhneigingu er að sjá í árangri fræðasviðanna.

SJÓÐIR MEÐ FJÁRVEITINGAR OG EIGIÐAFLAFÉ

Sjóðir sem fá fjárveitingar frá háskólaráði og/eða eru fjármagnaðir af eiginaflafél eru margir og ólíkir. Sumir eru samkeppnissjóðir sem nota jafningjamat til að ákveða úthlutanir. Aðrir úthluta greiðslum af einhverjum toga með hliðsjón af árangri í rannsóknum, birtingum og fleiru eða styrkja fræðasviðin, starfsfólk og nemendur vegna nýliðunarverkefna eða starfs- og rannsóknatengdra verkefna. Enn aðrir veita einhvers konar viðurkenningar eða hvatningarstyrki. Einn tengist kjarasamningum án árangurstengingar. Þeir eru:


- Aðstoðarmannasjóður
 - Aðstoðarkennarastyrkir fyrir doktorsnema
 - Aðstoðarmannasjóðir fræðasviðanna
- Aldarafmællissjóður
 - Afreks- og hvatningarsjóður stúdenta
 - Aldarafmællissjóðir fræðasviðanna
 - Hagnýtingarverðlaun HÍ
 - Nýliðunarsjóður
- Ársmatssjóður
- Kennslumálasjóður
- Mótframlagasjóður vegna tækjakaupa
- NHPC tölvuklasi (Nordic High Performance Computing)
- Rannsóknasjóður Háskóla Íslands
 - Doktorsstyrkir Háskóla Íslands
 - Ferðastyrkir Rannsóknasjóðs fyrir doktorsnema
 - Nýdóktorastyrkir Háskóla Íslands
 - Rannsóknasjóður
- Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora.
- Rannsókn- og styrktarsjóðir fræðasviðanna.
- Sáttmálasjóður
- Tækjakaupasjóður
- Sjóður um árangurstengda tilfærslu starfa
- Starfspróunarsjóður

- Viðurkenningar HÍ fyrir lofsverðan árangur í starfi
- Vinnumatssjóður

SJÓÐIR SEM ÚTHLUTUÐU 0,5 MILLJÖRÐUM EÐA MEIRA


Undir þennan flokk sjóða falla Rannsóknasjóður, Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora og Vinnumatssjóður sem akademískir kennarar fá styrk eða aðrar greiðslur úr auk Doktorsstyrkja Háskóla Íslands sem styrkir doktorsnema. Þeir eiga það sameiginlegt að hafa fengið heildarfjárveitingu á árunum 2010-2014 upp á meira en hálfan milljarð króna.

Rannsóknasjóðurinn er samkeppnissjóður en Vinnumatssjóðurinn og Ritlauna- og rannsóknasjóðurinn eru árangurstengdir kjarasamningasjóðir sem hafa það að markmiði að auka rannsóknir og nýsköpun. Í markhópi þeirra allra eru akademískir starfsmenn háskólans. Doktorsnemasjóðurinn er samkeppnissjóður með doktorsnema og akademíska starfsmenn í markhópi sínum en styrkurinn rennur til nemenda.



Mynd 1. Yfirlitsmyndir yfir hlutfall styrkja og greiðslur til akademískra starfsmanna HÍ úr stærstu sjóðum HÍ eftir kyni annars vegar (vinstri) og fræðasviðum hins vegar (hægri).

Mynd 1 gefur yfirlit yfir stærstu sjóðina sem hafa akademískt starfsfólk HÍ í markhópi sínum. Eins og vinstri hluti myndarinnar sýnir eru karlar 59% þeirra sem fá styrki eða greiðslur úr sjóðunum og fá 4% hærra hlutfall af heildarupphæðinni. Hægri hluti myndarinnar sýnir að misjafnt er eftir fræðasviðum hversu hátt hlutfall styrkja og heildarupphæðar rennur til starfsmanna þeirra og er það ekki í öllum tilvikum í samræmi við hlutfallslegan fjölda akademískra starfsmanna fræðasviðanna. Samræmið er nokkuð gott á HVS og HUG, staðan á FVS og MVS einkennist af því að hlutfall starfsmanna er hæst, þá hlutfall styrkja og hlutfall af heildarupphæð lægst. VON sker sig úr með hæst hlutfall af heildarstyrk, þá hlutfall styrkja og lægst hlutfall starfsmanna.



Mynd 2. Yfirlit yfir hlutfall styrkja og upphæð styrks til doktorsnema HÍ úr sjóðum sem úthlutuðu samanlagt hálfan milljarð eða meira 2010-2014, eftir kyni.

Mynd 2 gefur yfirlit yfir stærsta sjóðinn sem hefur nemendur í markhópi sínum, nánar tiltekið doktorsnema. Eins og fram kemur á vinstri helming myndarinnar eru konur rúmlega 60% styrkþega og til þeirra fer mjög sambærilegt svipað hlutfall af heildarupphæðinni. Hægri hluti myndarinnar sýnir að misjafnt er eftir fræðasviðum hversu hátt hlutfall styrkja og heildarupphæðar rennur til doktorsnema þeirra og að það er ekki í öllum tilvikum í samræmi við hlutfallslegan fjölda doktorsnema á sviðunum. Samræmið er best á HUG, staðan á FVS og MVS einkennist af því að hlutfall doktorsnema er herra en styrkja og upphæðar og á HVS og VON að hlutfall styrkja og upphæðar herra en doktorsnema.

Þegar á heildina er litið eru karlar meirihluti styrkþega meðal starfsmanna en konur meðal nemenda og er það í samræmi við markhópinn. VON fær stærstu sneiðina, þá HVS, HUG, FVS og MVS rekur lestina.

Rannsóknasjóður

Rannsóknasjóður er undirsjóður Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands og styrkir rannsóknarverkefni. Reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 með áorðnum breytingum, 75. gr. og Vinnureglur við úthlutun gilda fyrir sjóðinn (Háskóli Íslands, 2014f).

Fjárveitingar

Rannsóknasjóður Háskóla Íslands fær árlega fjárveitingu frá háskólaráði og Rannsóknasjóður fær hluta af því fjármagni. Upplýsingar bárust ekki um það hvernig heildarfjárveitingin skiptist á milli einstakra undirsjóða. Samkvæmt upplýsingum frá vísinda- og nýsköpunarsviði er það meginreglan að öllu fjármagni er úthlutað. Að því gefnu má áætla að um 60% af fjárveitingarinnar fari til Rannsóknasjóðs.

- Áætluð fjárveiting: 1,1 milljarður króna.

Framkvæmd og ábyrgð

Samkvæmt upplýsingum frá vísinda- og nýsköpunarsviði tekur vísindanefnd háskólaráðs ákvarðanir um úthlutanir á grundvelli tillagna fagraða fræðasviðanna. Þau voru fyrst skipuð með formlegum hætti árið 2011. Fyrir þann tíma sá Vísindanefnd um matið. Fagraðin senda nýjar umsóknir til umsagnar hjá sérfræðinga (Vísinda- og nýsköpunarsvið, 2012).

Vísindanefnd háskólaráðs

„Vísindanefnd er skipuð formönnum vísindanefnda fræðasviða Háskóla Íslands auk formanns án tilnefningar, sem rektor skipar. Ef formaður vísindanefndar fræðasviðs er deildarforseti tekur varaformaður viðkomandi nefndar sæti í vísindanefnd háskólaráðs. Auk þess situr einn fulltrúi stúdenta úr hópi doktorsnema í nefndinni. Nefndin er skipuð til þriggja ára í senn“ (Háskóli Íslands, 2011a).

- Kynjahlutfall: Þrjá konur (43%) og fjórir karlar (57%) eða fjórir karlar og þrjár konur.
- Konur gegndu formennsku í nefndinni til júní 2013 en þá tók karl við.

Fagráð fræðasviða

Samkvæmt erindisbréfi vísindanefndar háskólaráðs og fagráða eiga fagráð vísindanefndar að vera skipuð þremur til fimm einstaklingum, þar af einum sem starfar utan Háskólans.

Tafla 1 sýnir að í reynd sátu 5-7 einstaklingar í fagráðum vísindanefndar. Kynjahlutfallið er misjafnt eftir fræðasviðum og ekki í samræmi við markmið jafnréttisáætlunar Háskólans hjá HVS og VON. Karlar gegna oftast en konur formennsku í fagráðunum.

Tafla 1. Fjöldi og hlutfall kvenna og karla í fagráðum vísindanefndar Háskóla Íslands 2011-2014.

	Samtals	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Formaður
Félagsvísindasvið	5	2	3	40%	60%	Kona
Heilbrigðisvísindasvið	7	2	5	29%	71%	Karl
Hugvísindasvið	6	3	3	50%	50%	Karl
Menntavísindasvið	5	3	2	60%	40%	Karl
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	7	1	6	14%	86%	Kona
Samtals	30	11	19	37%	63%	-
Formenn	5	2	3	40%	60%	

Sérfræðingar

Upplýsingum um sérfræðinga sem veita álit er ekki haldið til haga og því engar upplýsingar aðgengilegar. Meginreglan mun vera sú að sérfræðipækking ræður vali og reynt er að leita til aðila utan fræðasviðs eða skólans ef mögulegt er.

Markhópur

Í markhópnum eru prófessorar, dósentar, lektorar, sérfræðingar sem hafa rannsóknir að aðalstarfi, aðjúnktar með rannsóknaskyldu og sérfræðinga annarra stofnana sem gert hafa sérstakan samning við HÍ um greiðslur úr sjóðnum (Háskóli Íslands, 2013c).

- Kynjahlutfall kennara: Konur 42% og karlar 58%.
- Kynjahlutfall sérfræðinga: Konur 32% og karlar 68%.

Sjá nánari í fylgiskjali 1.

Mat á umsóknum

Árlega eru gefin út [viðmið við úthlutun](#) (Háskóli Íslands, 2014f). Samkvæmt [Reglum Rannsóknasjóðs](#) er við mat á forgangsröðun verkefna fyrst og fremst farið eftir vísindagildi

þeirra og líkum á að niðurstöður fái birtar í fræðiritum sem gera eða standast strangar kröfur. Upphæð styrks tekur mið af gæðum verkefnis, ritvirkni umsækjanda og framvindu verkefnis, ef um framhaldsverkefni er að ræða (Háskóli Íslands, 2013c).

Niðurstöður

Styrkir eru auglýstir lausir til umsóknar einu sinni á ári (Háskóli Íslands, 2013c). [Rafrænt umsóknareyðublað](#) er aðgengileg meðan opið er fyrir umsóknir (Háskóli Íslands, 2015m).

Vísinda- og nýsköpunarsvið sér um umsýslu sjóðsins og aflaði gagna til greiningar. Framsetning gagna var til fyrirmyndar og gekk gagnaöflun fljótt og vel fyrir sig. Gögn sem tekin voru til greiningar voru úthlutunarár, kyn, starfsheiti, fræðasvið, umsótt upphæð, úthlutun, staða verkefnis (nýtt eða framhalds) og hluti eða tegund verkefni (almennt, skráning eða kennsluafsláttur).

Á árunum 2010-2014:

- Bárust samtals 1.183 umsóknir, þar af 40% frá konum og 60% frá körlum.
- Voru veittir samtals 1.010 styrkir, þar af 39% til kvenna og 61% til karla.
- Var samtals sótt um 2.400.830.000 krónur. Konur sóttu um 37% upphæðarinnar og karlar 63%.
- Voru veittir styrkir að heildarupphæð 1.023.943.000, þar af fóru 35% til kvenna og 65% til karla.
- Var árangurshlutfall kvenna mælt í fjölda styrkja 84% og karla 86%.
- Var árangurshlutfall kvenna mælt í upphæðum styrkja 41% og karla 44%.

Tafla 2 sýnir fjölda umsókna um styrki Rannsóknasjóðs, kynjahlutfall og árangurshlutfall. Þar kemur fram að misjafnt er eftir árum hversu margar umsóknir berast og hversu margir styrkir eru veittir. Bæði umsóknum og styrkjum hefur þó fjölgað yfir tímabilið og styrkjum meira en umsóknum. Hlutfall kvenna er alltaf lægra en karla og árangurshlutfall kynjanna nokkuð misjafnt milli ára og hallar ýmist á konur eða karla. Kynjamunur upp á 5% eða meira kemur fram árin 2010, 2011 og 2013. Mestur er munurinn árið 2011 eða 13% og hallar á konur. Þegar á heildina er litið jafnast munurinn að mestu út en þó hallar á konur á 2% þegar á heildina er litið.

Tafla 2. Fjöldi, hlutfall og árangur umsókna um styrk úr Rannsóknasjóði 2010-2014 eftir árum og kyni.

	Umsóknir					Styrkir					Árangurshlutfall		
	Samtals	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Samtals	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Samtals	Konur	Karlar
2010	220	84	136	38%	62%	185	75	110	41%	59%	84%	89%	81%
2011	231	97	134	42%	58%	177	67	110	38%	62%	77%	69%	82%
2012	229	84	145	37%	63%	193	71	122	37%	63%	84%	85%	84%
2013	254	110	144	43%	57%	229	95	134	41%	59%	90%	86%	93%
2014	249	100	149	40%	60%	226	90	136	40%	60%	91%	90%	91%
2010-2014	1183	475	708	40%	60%	1010	398	612	39%	61%	85%	84%	86%

Lægra hlutfall kvenna en karla í hópi bæði umsækjanda og styrkþega er í samræmi við kynjahlutfallið í markhópnum. Þátttaka kynjanna virðist því vera nokkuð jöfn.

Tafla 3 sýnir meðal og miðgildi umsókna frá konum og körlum yfir úttektartímabilið. Samtals sóttu þau um styrki að upphæð 2.400.830.000, karlar um 63% upphæðarinnar og konur um 37%. Miðgildi umsókna frá körlum er hærra en kvenna öll árin sem bendir til þess að það sé dæmigert að konur sækji um lægri upphæð í Rannsóknasjóð en karlar. Miðgildi bæði kvenna og karla er í

öllum tilvikum lægra en meðaltalið sem bendir til þess að útlagar séu í gagnasafninu í hækkandi átt.

Tafla 3. Upphæð, meðaltal og miðgildi umsókna til Rannsóknasjóðs 2010-2014 eftir árum og kyni.

Ár	Samtals	Konur				Karlur			
	Upphæð	Upphæð	Hlutfall	Meðaltal	Miðgildi	Upphæð	Hlutfall	Meðaltal	Miðgildi
2010	413.710	146.774	35%	1.747	1.720	266.936	65%	1.963	1.744
2011	466.792	173.164	37%	1.785	1.500	293.628	63%	2.191	1.850
2012	420.481	148.458	35%	1.767	1.585	272.023	65%	1.876	1.612
2013	511.471	202.754	40%	1.843	1.800	308.717	60%	2.144	2.000
2014	588.376	216.036	37%	2.160	1.854	372.340	63%	2.499	2.000
2010-2014	2.400.830	887.186	37%	1.861	1.700	1.513.644	63%	2.135	1.856

Tafla 4 sýnir upphæð, meðaltal, miðgildi veittra styrkja og árangurshlutfall eftir kyni. Þar birtist sama kynjamynstrið þ.e. að dæmigert er að konur fái lægri styrk úr Rannsóknasjóði en karlar. Megin reglan er ennþá sú að miðgildi er lægra en meðaltal hjá báðum kynjum en staðan hefur þó breyst hjá körlum og þá þannig að lítt munur er nú á meðaltali og miðgildi styrkja til þeirra. Það bendir til þess að meðal kvenna séu útlagar í hækkandi átt en dreifingin jafnari hjá körlum. Þegar árangur er mældur í upphæðum kemur fram kynjamunur í árangurshlutfalli upp á 3% og hallar á konur. Athygli vekur að árið 2013 kemur fram kynjamunur upp á 7% og að árangurshlutfall karla er nær undantekningalaust hærra en kvenna. Það hallar því kerfisbundið á konur þó litlu muni þegar á heildina er litið.

Tafla 4. Heildarupphæð, meðaltal, miðgildi og árangurshlutfall vegna styrkja úr Rannsóknasjóði 2010-2014 í þús. kr. eftir árum og kyni.

Ár	Samtals	Konur				Karlur				Árangurshlutfall		
	Upphæð	Upphæð	Hlutfall	Meðaltal	Miðgildi	Upphæð	Hlutfall	Meðaltal	Miðgildi	Alls	Konur	Karlur
2010	172.015	64.165	37%	856	800	107.850	63%	980	900	42%	44%	40%
2011	175.350	60.400	34%	901	800	114.950	66%	858	800	38%	35%	39%
2012	203.174	70.908	35%	999	1.000	132.266	65%	1.084	1.000	48%	48%	49%
2013	231.024	83.376	36%	878	800	147.648	64%	1.102	1.100	45%	41%	48%
2014	242.380	83.834	35%	931	800	158.546	65%	1.166	1.100	41%	39%	43%
2010-2014	1.023.943	362.683	35%	911	800	661.260	65%	1.080	1.100	43%	41%	44%

Lægsta upphæðin sem sótt var um var 250.000 og sú hæsta 13.259.000. Til að skoða nánar dreifingu umsókna út frá fjölda og upphæðum var upphæðum skipt upp í fimm jafnbilaflokka á bilinu 0 og upp í hæstu umsókn. Meðaltal og miðgildi umsókna beggja kynja lendar í lægsta upphæðaflokknum. Tafla 5 sýnir niðurstöðuna. Þar kemur fram að tæp 60% umsækjenda sækja um styrk undir tveimur milljónum og 93% um styrk undir fjórum milljónum. Kynjahlutfallið er misjafnt innan upphæðarflokka en þó almennt í nokkuð góðu samræmi við markhópinn nema í hópi þeirra sem sækja um 4-6 milljónir. Þar eru hlutfall kvenna mjög lágt. Nánari greining á gögnum sýndi að hæstu umsóknirnar eru allar frá HVS og VON.

Tafla 5. Fjöldi og hlutfall umsókna um styrk úr Rannsóknasjóði 2010-2014 eftir upphæðaflokkum í þús. kr. og kyni.

	Alls	Konur	Karlar	% alls	% konur	% karlar
≤ 1.999	699	313	386	59%	45%	55%
2.000-3.999	402	139	263	34%	35%	65%
4.000-5.999	69	18	51	6%	26%	74%
6.000-7.999	8	3	5	1%	38%	63%
≥ 8.000	5	2	3	0%	40%	60%
Samtals	1.183	475	708	100%	40%	60%

Lægsti styrkurinn var 200.000 og sá hæsti 2 milljónir. Sami háttur var hafður á við að skoða dreifingu styrkja eftir fjölda og upphæðum og sýnir tafla 6 niðurstöðuna. Upphæðum var skipt upp í fimm jafnbilaflokka á bilinu 0 og upp í hæsta styrk. Meðaltal og miðgildi styrkja beggja kynja lenti í miðjuflokknum þ.e. styrkjum að upphæð 800-1.199 þúsund.

Eins og fram kemur í töflu 6 fá tæplega 40% umsækjenda styrk í þeim upphæðarflokki sem meðaltal og miðgildi beggja kynja lendir í. Innan hans er kynjahlutfallið í samræmi við markhópinn. Ólíkt því sem gerist á umsóknarstiginu einkennist mynstrið vegna úthlutana af því að hlutfall kvenna lækkar kerfisbundið eftir því sem styrkirnir verða hærri en er þó lægst í næsthæsta flokknum. Nánari greining á gögnum sýndi að 4% styrkja í hæsta flokknum fóru til FVS, 27% til HVS, 15% til HUG, 0% til MVS og 54% VON. Auk þess fóru fimm hæstu styrkirnir, að upphæð 2 milljónir hver, allir til karla og var reyndar öllum úthlutað 2012. Það ár kemur ekki fram nema 1% kynjamunur í árangri mældum í upphæðum. Ástæða gæti verið til að skoða fylgni milli umsóttis og veitts styrks.

Tafla 6. Fjöldi og hlutfall styrkja úr Rannsóknasjóði 2010-2014 eftir upphæðaflokkum í þús. kr. og kyni.

	Alls	Konur	Karlar	% alls	% konur	% karlar
0-399	7	4	3	1%	57%	43%
400-799	271	133	138	27%	49%	51%
800-1.199	388	166	222	38%	43%	57%
1200-1.599	292	77	215	29%	26%	74%
1600-2.000	52	18	34	5%	35%	65%
Samtals	1.010	398	612	100%	39%	61%

Umsóknir og úthlutanir voru einnig skoðaðar úr frá starfsheiti og kyni og tafla 7 sýnir niðurstöðu þeirrar greiningar. Þar kemur fram að prófessorar eru rúmlega helmingur umsækjenda og konur 31%. Dósentar eru rúmlega fimmtungur umsækjenda og konur rúmlega helmingur þeirra. Lektorar eru 11% umsækjenda og meirihluti þeirra einnig konur. Fáir aðjúntar sækja um og eru konurnar færri en karlarnir. Sérfræðingar eru 10% umsækjenda og karlar í meirihluta.

Þegar þessar tölur eru skoðaðar í samanburði við markhópinn kemur í ljós að sókn prófessora er meiri en annarra starfsheitaþópa innan markhópsins. Konur úr hópi prófessora og dósentar virðast sækja meira í sjóðinn en sambærilegir karlar. Sókn kynjanna innan annarra starfsheita virðist vera sambærileg nema í hópi aðjúnta. Þar eru konur í minnihluta ólíkt því sem gerist í markhópnum.


Tafla 7 sýnir einnig að árangurshlutfall prófessora er hæst og lækkar kerfisbundið eftir því sem neðar dregur í starfsheitaröðinni meðal kennara. Árangurshlutfall sérfræðinga og annarra er lægra en prófessora en herra en dósent. Þegar gögn eru skoðuð út frá kyni er meginreglan sú að árangurshlutfall karla er herra en kvenna og eina undantekningin í hópi prófessora. Lágt árangurshlutfall kvenna í hópi aðjúnkta vekur athygli en umsóknir og styrkir eru fáir í þeim starfaflokki og varasamt að draga of miklar ályktanir. Engu að síður bendir kynjamunur upp á 22% til þess að það halli á kvenaþjúnkta af einhverjum ástæðum.

Tafla 7. Hlutfall og árangur umsókna til Rannsóknasjóðs 2010-2014 eftir starfsheiti og kyni.

	Umsóknir						Styrkir						Árangur		
	Alls	% alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	% alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Samtals	Konur	Karlar
Prófessor	629	53%	194	435	31%	69%	578	57%	187	391	32%	68%	92%	96%	90%
Dósent	248	21%	131	117	53%	47%	191	19%	100	91	52%	48%	77%	76%	78%
Lektor	135	11%	81	54	60%	40%	99	10%	57	42	58%	42%	73%	70%	78%
Aðjúnkt	23	2%	11	12	48%	52%	13	1%	5	8	38%	62%	57%	45%	67%
Sérfræðingur*	120	10%	40	80	33%	67%	105	10%	35	70	33%	67%	88%	88%	88%
Aðrir**	28	2%	18	10	64%	36%	24	2%	14	10	58%	42%	86%	78%	100%
Samtals	1.183	100%	475	708	40%	60%	1.010	100%	398	612	39%	61%	85%	84%	86%


*Vísindamenn, fræðimenn og sérfræðingar. **Forsetar, forstöðumenn, dýralæknir og ónæmisfræðingur

Dreifing fjármagns úr Rannsóknasjóði var einnig skoðuð eftir fræðasviðum og sýnir mynd 3 niðurstöðuna. Fjármagn skiptist mjög misjafnt milli fræðasviða en skiptingin er þó í samræmi við stöðuna í umsóknarferlinu. Það vekur athygli að tæplega helmingur fjármagnsins fer til VON en innan þess sviðs starfa um 17% markhópsins og að MVS svið rekur lestina með 4% þegar hlutfallið í markhópnum er 20%.



Mynd 3. Hlutfallsleg skipting fjármagns úthlutað úr Rannsóknasjóði 2010-2014 eftir fræðasviðum.

Mynd 4 sýnir samanburð á árangurshlutfalli fræðasviðanna og kynjanna innan þeirra. Það er svipað en hæst á FVS, HUG og VON og lægst á HVS og MVS. Árangur kynjanna innan sviða er misjafn, munurinn mestur á HUG og VON og einu tilvikin þar sem árangurshlutfall kvenna er lægra en karla.



Mynd 4. Samanburður á árangurshlutfalli umsókna í Rannsóknasjóð 2010-2014 mældur í upphæðum eftir fræðasviðum og kyni.

Tafla 8 sýnir upphæð, meðaltal og miðgildi umsókna frá konum og körlum innan fræðasviðanna. Heildarmyndin sýnir að það virðist dæmigert að konur sækji um lægri styrki en karlar en FVS sker sig úr. Þar er miðgildi kvenna hærra en karla sem bendir til þess að það sé dæmigert að konur innan FVS sækji um hærri upphæð í Rannsóknasjóð en karlar innan sviðsins. Það vekur einnig athygli að á MVS er meðaltal kvenna er hærra en karla og munurinn á meðaltali og miðgildi kvenna meiri en hjá körlum. Það bendir til þess að útlagar séu í hækkandi hátt meðal kvennanna en dreifingin jafnari í hópi karlanna.

Tafla 8. Upphæð, meðaltal og miðgildi umsókna til Rannsóknasjóðs 2010-2014 eftir fræðasviðum og kyni.

	Samtals		Konur			Karlar		
	Upphæð	Hlutfall	Upphæða	Meðaltal	Miðgildi	Upphæð	Meðaltal	Miðgildi
Félagsvísindasvið	252.685	11%	124.184	1.826	1.674	128.501	1.647	1.500
Heilbrigðisvísindasvið	763.017	32%	292.762	1.965	1.800	470.255	2.328	2.000
Hugvísindasvið	285.425	12%	110.316	1.622	1.520	175.109	1.805	1.748
Menntavísindasvið	222.706	9%	157.196	1.526	1.350	65.510	1.489	1.451
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	872.931	36%	198.662	2.330	1.890	674.269	2.349	2.000
Annað: Tvö fræðasvið	4.066	0%	4.066	1.355	1.385	-	-	-
Samtals	2.400.830	100%	887.186	1.868	1.700	1.513.644	2.138	1.856

Tafla 9 sýnir upphæð, meðaltal og miðgildi styrkja til kvenna og karla innan fræðasviðanna. Þegar á heildina er litið einkennist kynjamynstrið af því að miðgildi kvenna er lægra en karla og því dæmigert að konur fá lægri styrki en karlar. Munur á meðaltali og miðgildi bendir til þess að útlagar séu í hækkandi átt bæði í hópi kvenna og karla. Munurinn er þó meiri hjá konum (111 þúsund) en körlum (20 þúsund) sem bendir til þess að dreifingin gagnasafns kvenna sé meiri en karla. Árangur karlar er einnig 3% betri en kvenna þegar á heildina er litið. Þegar horft er til einstakra svið sker FVS sig úr enda benda gögnin til þess að dæmigert sé að konurnar fái hærri styrki en karlarnir og árangurshlutfall þeirra er 6% hærri en karlanna. Á HVS munar meiru á meðaltali og miðgildi kvenna en karla sem bendir til meiri dreifingar gagnasafnsins í hópi kvenna, ólíkt því sem var á umsóknarstiginu. Þar munar þó litlu munar á árangurshlutfalli eða 2%. Sama staðan er uppi á HUG en er árangurshlutfall karlanna er 11% hærra en kvennanna. Á

MVS virðast vera dæmigert að konur og karlar fái svipaða upphæð. Meiri munur á meðaltali og miðgildi karla en kvenna bendir þó til þess að gagnasafn karla dreifist meira en kvenna og þá í hækkandi átt. Árangur kynjanna er þó sambærilegur. Á VON meðaltal og miðgildi kvenna nær hið sama en meðaltal karla hærra en miðgildi. Það bendir til þess að útlagar séu í hópi karlanna í hækkandi átt en dreifing á gagnasafni kvenna jafnari. Árangurshlutfall karlanna er 8% hærra en kvennanna.

Tafla 9. Upphæð, meðaltal, miðgildi og árangur umsókna til Rannsóknasjóðs 2010-2014 eftir fræðasviðum og kyni.

	Samtals		Konur			Karlar			Árangurshlutfall		
	Upphæð	Hlutfall	Upphæða	Meðaltal	Miðgildi	Upphæð	Meðaltal	Miðgildi	Svið	Konur	Karlar
Félagsvísindasvið	115.730	11%	60.608	978	988	55.122	875	800	46%	49%	43%
Heilbrigðisvísindasvið	295.618	29%	116.574	940	800	179.044	1.053	1.100	39%	40%	38%
Hugvísindasvið	131.223	13%	43.423	835	800	87.800	1.071	1.100	46%	39%	50%
Menntavísindasvið	91.073	9%	65.178	795	800	25.895	925	800	41%	41%	40%
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	388.499	38%	75.100	1.001	1.000	313.399	1.165	1.100	45%	38%	46%
Annað: Tvö fræðasvið	1.800	0%	1.800	600	400	-	-	-	44%	44%	-
Samtals	1.023.943	100%	362.683	911	800	661.260	1.080	1.100	43%	41%	44%

Rannsóknasjóður veitir bæði styrki til nýrra verkefna og framhaldsverkefna og tafla 10 gefur yfirsýn yfir sókn í þá styrki og árangur umsókna. Þar kemur fram að 55% umsóknanna voru vegna nýrra verkefna og 45% vegna framhaldsverkefna. Um 6% hærra hlutfall kvenna sækir um styrk vegna nýrra verkefna en framhaldsverkefna en staðan er öfug hjá körlum. Kynjahlutfallið breytist lítið sem ekkert í umsóknarferlinu og árangur kynjanna svipaður en hallar á konur um 3%. Árangurshlutfall vegna framhaldsverkefna er 95% og 78% vegna nýrra. Með öðrum orðum er það nánast gefið að fáist styrkur á annað borð fyrir stór verkefni eru mjög miklar líkur á því að framhaldsstyrkur fáist og enn meiri líkur hjá körlum en konum.

Tafla 10. Fjöldi, hlutfall og árangur umsókna til Rannsóknasjóðs 2010-2014 eftir tegundum verkefna og kyni.

	Umsóknir						Styrkir						Árangur		
	Alls	%	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	%	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	Konur	Karlar
Nýtt	652	55%	278	374	43%	57%	508	50%	215	293	42%	58%	78%	77%	78%
Framhald	531	45%	197	334	37%	63%	502	50%	183	319	36%	64%	95%	93%	96%
Samtals	1183	100%	475	708	40%	60%	1010	100%	398	612	39%	61%	85%	84%	86%

Tafla 11 sýnir hversu hátt hlutfall umbeðinna og veittra styrkja fór til nýrra verkefna og framhaldsverkefna. Rúmlega helmingur þess fjármagns sem sótt var um var vegna nýrra verkefna og tæplega helmingur vegna framhaldsverkefna. Þetta snýst við eftir að ákvörðun hefur verið tekin og fer hærra hlutfall af heildarupphæðinni til framhaldsverkefna en nýrra. Kynjahlutfallið breytist lítið í ferlinu og árangur beggja kynja sambærilegur en hallar á konur um 3% vegna nýrra verkefna og 2% vegna framhaldsverkefna.

Tafla 11. Upphæð og hlutfall umsótttra upphæða og veittra styrkja úr Rannsóknasjóði 2010-2014 eftir tegundum verkefna og kyni.

	Umsóknir						Styrkir						Árangur		
	Alls	%	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	%	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	Konur	Karlar
Nýtt	1.251.943	52%	501.971	749.972	40%	60%	473.567	46%	183.209	290.358	39%	61%	38%	36%	39%
Framhald	1.148.887	48%	385.215	763.672	34%	66%	550.376	54%	179.474	370.902	33%	67%	48%	47%	49%
Samtals	2.400.830	100%	887.186	1.513.644	37%	63%	1.023.943	100%	362.683	661.260	35%	65%	43%	41%	44%

Hægt er að sækja um í almennan sjóð, í skráningarsjóð og um kennsluafslátt. Almenni sjóðurinn veitir einkum styrki vegna vinnulauna doktorsnema og aðstoðarfólks og annan kostnað við rannsóknir. Skráningasjóðurinn styrkir fræðileg verkefni og fræðilega úrvinnslu og framsetningu

upplýsinga. Kennsluafsláttur felst í föstum styrk til að losna tímabundið undan kennsluskyldu í eitt kennslumisseri.

Tafla 12 sýnir sókn kvenna og karla í þessa styrki eftir tegundum og árangurshlutfall umsókna. Nær 97% umsókna voru um styrk úr almenna hlutanum, 2% í skráningarsjóð og 1% í kennsluafsláttarsjóð. Kynjahlutfallið meðal þeirra sem sækja um í almenna sjóðinn var 40/60 sem er svipað og í markhópnum. Árangur kynjanna var sambærilegur en hallaði á konur um 3%. Jafnmargar umsóknir bárust í skráningarsjóð frá báðum kynjum sem bendir til þess að konur sæki meira í þessa styrki en karlar en árangurshlutfall karlanna var 18% hærra en kvenna. Fleiri konur en karlar sóttu um styrk í formi kennsluafsláttar og er það ekki í samræmi við stöðuna í markhópnum og var árangurshlutfall kvenna 66% hærra en karla. Umsóknir í skráninga- og kennsluafsláttarsjóð eru fáar og því varasamt að draga of miklar ályktanir. Engu að síður bendir kynjamunur upp á 18% og 66% til þess að það halli á annað kynið af einhverjum ástæðum.

Tafla 12. Hlutfall umsókna og styrkja úr Rannsóknasjóði eftir tegundum styrkja og kyni.

	Umsóknir					Styrkir					Árangur		
	Alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	Konur	Karlar
Almennur sjóður	1.149	457	692	40%	60%	988	385	603	39%	61%	86%	84%	87%
Skráningarsjóður	22	11	11	50%	50%	16	7	9	44%	56%	73%	64%	82%
Kennsluafsláttur	12	7	5	58%	42%	7	6	1	86%	14%	58%	86%	20%
Samtals	1.183	475	708	40%	60%	1011	398	613	39%	61%	85%	84%	87%

Samantekt

Samtals bárust 1.183 umsóknir til Rannsóknasjóðs, 40% frá konum og 60% körlum. Veittir voru 1.010 styrkir sem skiptust á milli kynjanna í svipuðum hlutföllum. Samtals var úthlutað 1.023.943.000 krónum, 35% til kvenna og 65% til karla. Þegar á heildina er litið var sókn kvenna meiri en karla í samanburði við markhópinn bæði í heild og innan flestra fræðasviða.

Dæmigert er að karlar sæki um hærri styrk en konur og fái hærri upphæðum úthlutað. Á því eru þó undantekningar og kynjamynstrin sem birtast þegar umsóknir og úthlutanir eru skoðaðar eftir upphæðum eru mjög ólík. Forvitnilegt gæti verið að skoða kynjamynstur þessu tengt út frá fleiri sjónarhornum.

Rúmlega helmingur umsækjenda eru prófessorar, fimmtungur dósentar og lektorar og sérfræðingar tíundi hluti hvor. Mjög fáar umsóknir berast frá aðjúntum. Árangur prófessora er bestur eða yfir 90% og annarra en aðjúnta á bilinu 70-88%. Þegar árangur er mældur í fjölda styrkja kemur fram kynjamunur upp á 5% eða meira meðal prófessora og hallar á karla meðal prófessora og konur í hópi lektora.

Sókn fræðasviðanna er misjöfn og ríflega 60% umsókna koma frá VON og HVS en innan þeirra sviða starfa innan við helmingur akademískra starfsmanna. Enn hærra hlutfall eða 75% af því fjármagni sem úthlutað var rennur til þessara tveggja sviða og tæplega helmingur heildarstyrkupphæðarinnar fer til VON. Þegar árangur kynjanna innan sviðanna er mældur í upphæðum kemur kynjamunur upp á 5% eða meira fram innan FVS (6% og hallar á karla), innan HUG (11% og hallar á konur) og innan VON (8% og hallar á konur).

Heldur fleiri umsóknir berast vegna nýrra verkefna en framhaldsverkefna. Konur eru líklegri til að sækja um styrk vegna nýrra verkefna en karlar til framhaldsverkefna. Líklegra er að styrkur fái til framhaldsverkefna en nýrra. Rúmlega helmingur þess fjármagns sem sótt er um er til nýrra verkefna og tæplega helmingur til framhaldsverkefna. Þetta snýst við eftir að ákvörðun

hefur verið tekin og fer hærra hlutfall af heildarupphæðinni til framhaldsverkefna en nýrra. Kynjamunur sem mælist er undir 5%.

Nær allir umsækjendur sækja um í almennan sjóð og sókn kynjanna og árangur sambærilegur. Mjög fáar umsóknir bárust um skráninga- og kennsluafsláttarstyrki og þar kemur fram kynjamunur upp á 18% og 66%. Um fáar umsóknir eru að ræða og varasamt að álykta of mikið út frá gögnunum en slíkur munur vekur þó upp spurningar um það hvort sanngirnis og réttlætis hafi verið gætt.

Aðgengi að upplýsingum og gögnum úr umsóknarferli Rannsóknasjóðs er til fyrirmyndar enda sá sjóður sem oftast er tekinn til greiningar. Það sem helst væri hægt að bæta er að skrá kyn í umsóknum ásamt öðrum grundvallarbreytum. Það myndi án efa spara heilmikla vinnu og auðvelda skil á kyngreindum yfirlitum yfir umsóknir og úthlutanir t.d. til háskólaráðs í samræmi við 1. gr., lið g, Jafnréttislaga nr. 10/2008.

Kynjahlutfallið í hópi þeirra sem koma að mati á umsóknum og forgangsroðun er ekki alltaf í samræmi við markmið jafnréttisáætlunar HÍ og gögnum um sérfræðinga sem að mati koma hefur ekki verið safnað með skipulögðum hætti.

Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Samkvæmt Reglum um ritlauna- og rannsóknarsjóð prófessora, 1. gr., starfar hann „samkvæmt úrskurði kjaranefndar dags. 11. desember 2001 um launakjör prófessora.“ Greiðslur úr honum tengjast árangri í kennslu, rannsóknnum og stjórnun og er hann því bæði árangurs- og kjarasamningsbundinn sjóður.

Fjármögnun

Samkvæmt 1. gr. í Reglum um Ritlaunasjóðinn er hann er fjármagnaður með greiðslum frá ríkissjóði samkvæmt ákv. 4. t. VIII. kafla úrskurðar kjaranefndarinnar.

- Fjárveiting: Ófullnægjandi upplýsingar bárust.

Framkvæmd og ábyrgð

Samkvæmt Reglum um Ritlaunasjóðinn skila prófessorar árlega vinnuskýrslum um prófessorstörf sín til vísinda- og nýsköpunarsviðs. Matshópar skipaðir af Matskerfisnefnd annast matið (Nefnd um fyrirkomulag mats á störfum prófessora, 2009).

Markhópur

Í markhópi eru prófessorar sem starfa við Háskóla Íslands.

- Kynjahlutfall: Konur 27% og karlar 73%.
 - FVS: Konur 40% og karla 60%.
 - HVS: Konur 27% og karlar 73%.
 - HUG: Konur 28% og karlar 72%.
 - MVS: Konur 46% og karlar 54%.
 - VON: Konur 13% og karlar 87%.

Mat á umsóknum

Útreikningar á fjölda stiga og ákvarðanir um greiðslu byggja á [matskerfi opinberra háskóla](#) (Matskerfisnefnd, 2013a). Reglur um útreikninga breyttust á úttektartímabilinu (Matskerfisnefnd, 2011; Matskerfisnefnd, 2013b)

Greitt er fyrir rannsóknastig en þó ekki fyrir stig vegna lokaritgerða, tilvitnana og styrkja. Ákveðinn stigafjöldi fæst m.a. fyrir vísindalegar ritsmíðar, fjölda tilvitnana, þátttöku og virkni í alþjóðlegum ráðstefnum, kennslu, gerð kennsluefnis, nýsköpun í kennslu og leiðbeiningu nemenda í framhaldsnámi auk óhefðbundinna stjórnunarstarfa.

Niðurstöður

Gögn um Ritlauna- og rannsóknasjóð prófessora komu frá vísinda- og nýsköpunarsviði. Þau voru greinanleg eftir kyni, starfsheiti, fræðasviði/stofnun, deild (þegar við á) og greiðslu.

- 1.197 vinnuskýrslur bárust, 27% frá konur og 73% frá körlum.
- 1.030 einstaklingar fengu greitt úr sjóðnum, 30% konur og 70% karlar.
- 86% þeirra sem sendu inn vinnuskýrslu fengu greiðslu, 93% kvennanna og 83% karlanna.
- Samtals voru greiddar úr sjóðnum 885.462.876 krónur, 29% til kvenna og 71% til karla.
- Karlar fengu hærri greiðslur en konur, bæði að meðaltal og miðgildi.

Í töflu 13 eru tekin saman gögn um fjölda innsendra vinnuskýrslna eftir árum og kyni. Samtals bárust 328 skýrslur á tímabilinu eða að meðaltali tæplega 66 á ári, 27% frá konum og 73% frá körlum. Innsendum vinnuskýrslum og greiðslum hefur fjölgað yfir tímabilið, jafnt og þétt hjá konum en meiri sveiflur koma fram meðal karla. Árangurshlutfall kvenna var 10% hærri en karla þ.e. skýrslur frá þeim skiluðu í 93% tilvika greiðslum en í 83% tilvika hjá körlum. Samanborið við kynjahlutfallið í markhópnum var sókn kynjanna sambærileg.

Tafla 13. Fjöldi vinnuskýrsla og greiðslna úr Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora 2010-2014 eftir árum og kyni.

	Vinnuskýrslur					Greiðslur					Árangur		
	Alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	Konur	Karlar
2010	222	52	170	23%	77%	196	51	145	26%	74%	88%	98%	85%
2011	253	66	187	26%	74%	207	61	146	29%	71%	82%	92%	78%
2012	237	67	170	28%	72%	204	62	142	30%	70%	86%	93%	84%
2013	237	69	168	29%	71%	215	63	152	29%	71%	91%	91%	90%
2014	248	74	174	30%	70%	208	68	140	33%	67%	84%	92%	80%
2010-2014	1.197	328	869	27%	73%	1.030	305	725	30%	70%	86%	93%	83%

Reiknað var út meðaltal og miðgildi greiðslna og niðurstöður settar fram í töflu 14. Dæmigerð greiðsla úr sjóðnum var rúmlega 725 þúsund krónur og 7.000 krónum hærri til karla en kvenna. Miðgildi beggja kynja er lægra en meðaltalið sem bendir til þess að útlagar séu í hópi beggja kynja í hækkandi átt.

Tafla 14. Upphæð, meðaltal og miðgildi greiðslna úr Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora 2010-2014 eftir kyni.

	Samtals	Meðaltal	Miðgildi
Konur	252.822.553	828.926	720.314
Karlar	632.640.323	872.607	727.791
Allir	885.462.876	859.673	725.714

Greiðslur úr sjóðnum voru allt frá rúmum 3.000 krónum og upp í rúmar 3 milljónir. Upphæðum var skipt upp í fimm jafnbilaflokka til að skoða nánar dreifingu gagnasafnsins eftir kyni og upphæðum. Niðurstöðurnar má sjá í töflu 15. Þar kemur fram að hlutfall kvenna var um 32% í þremur lægstu upphæðarflokkunum en lækkar niður í og undir 20%, í þeim tveimur hæstu. Tilhneigingin er því sú að konum fækkar hlutfallslega eftir því sem greiðslur verða hærri. Nánari greining á gögnum sýndi að í hæsta styrkjaflokknum var einn prófessor af HVS, einn af MVS, tveir af HVS og sex af VON.

Tafla 15. Fjöldi og hlutfall þeirra sem fengu greiðslur úr Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora 2010-2014 eftir upphæðum og kyni.

Upphæðir	Samtals	Konur	Karlar	% konur	% karlar
≤ 599	451	149	302	33%	67%
600-1.199	333	105	228	32%	68%
1.200-1.799	176	57	119	32%	68%
1.800-2.399	83	15	68	18%	82%
≥ 2.400	10	2	8	20%	80%

Í töflu 16 voru tekin saman gögn um fjölda greiðslna og upphæðir og þau skoðuð eftir fræðasviðum og kyni. Samræmi var milli hlutfallslegs fjöldi greiðslna og greiddra upphæða hvort sem litið var til fræðasviða eða kyns. Það hallaði þó yfirleitt innan við 5% á annað hvort kynið innan flestra sviða/stofnanna. Kynjahlutfallið innan sviða er að mestu í samræmi við markhópinn og ef einhverju munar þá er hlutfall kvenna 1-2% hærra en í markhópnum.

Tafla 16. Fjöldi og greiddar upphæðir úr Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora 2010-2014 eftir fræðasviðum og kyni.

	Fjöldi						Upphæðir					
	Alls	% alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	% alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar
FVS	173	17%	70	103	40%	60%	163.817.486	19%	69.043.709	94.773.776	42%	58%
HVS	292	28%	86	206	29%	71%	247.740.501	28%	72.166.270	175.574.231	29%	71%
HUG	191	19%	55	136	29%	71%	159.218.116	18%	39.801.661	119.416.454	25%	75%
MVS	96	9%	45	51	47%	53%	78.886.749	9%	36.799.657	42.087.092	47%	53%
VON	270	26%	43	227	16%	84%	227.972.545	26%	29.352.196	198.620.349	13%	87%
Stofnun Árna M.	8	1%	6	2	75%	25%	7.827.479	1%	5.659.060	2.168.419	72%	28%
Samtals	1.030	100%	305	725	30%	70%	885.462.876	100%	252.822.553	632.640.323	29%	71%

Samantekt

Samtals bárust 1.197 vinnuskýrslur til Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora, 27% frá konum og 73% frá körlum og er kynjahlutfallið í samræmi við markhópinn. Greiðslur voru 1.030 þar af 30% til kvenna og 70% til karla. Samtals voru greiddar 886.462.876 krónur, 29% til kvenna og 71% til karla. Vinnuskýrslum kvenna fjölga jafnt og þétt yfir tímabilið en meiri sveiflur eru hjá körlum.

Hærra hlutfall kvenna en karla senda inn vinnuskýrslur sem skila greiðslum en karlar fá hærri greiðslur en konur, bæði að meðaltal og miðgildi. Konur fengu um 95% af meðaltalsgreiðslum til karla.

Kynjamynstrið sem birtist þegar greiðslur úr sjóðnum eru skoðaðar út frá upphæðum sýnir að kynjahlutföllin eru svipuð og í hópi umsækjenda í þremur lögstu flokkunum af fimm en hlutfall karla um og yfir 80% í tveimur hæstu.

Nokkuð gott samræmi er milli fjölda greiðslna innan fræðasviða og greiddra upphæða. Engu munar á HVS og MVS, hallar á karla innan FVS um 2% og konur innan HUG, VON og Stofnunar Árna Magnússonar um 3-4%.

Aðgengi að upplýsingum og gögnum var góður en eins og hjá Rannsóknasjóði mætti krá kyn í umsóknum ásamt öðrum grundvallarbreytum. Upplýsingar bárust ekki um þau sem koma að útreikningi á rannsóknastigum.

Vinnumatssjóður

Samkvæmt Reglum fyrir Háskóla Íslands, 78. gr., er tilgangur Vinnumatssjóðs efla rannsóknir og stjórnun við skólann. Sjóðurinn er sambærilegur við Ritlauna- og rannsóknasjóð prófessora þ.e. árangurs- og kjaratengdur.

Fjármögnun

Sjóðurinn fær árlega fjárveitingu frá háskólaráði.

- Fjárveiting 2010- 2014: 1.116.256.

Framkvæmd og ábyrgð

Stjórn sjóðsins er í höndum vinnumatsnefndar sem setur sér vinnureglur sem staðfestar eru af háskólaráði. Rektor skipar í nefndina samkvæmt sameiginlegri tilnefningu frá Félagi háskólakennara og vísinda- og nýsköpunarsviði.

- Kynjahlutfall: Upplýsingar vantar.

Markópur

Félagsmenn í Félagi háskólakennara sem gegna a.m.k. hálfu starfi geta sótt um að fá greiðslur úr sjóðnum fyrir rannsóknir samkvæmt vinnumati.

- Kynjahlutfall dósentar, lektorar og aðjúnktar: Konur 52% og karlar 48%

Sjá nánar í viðauka 1.

Mat á umsóknum

Greitt er fyrir rannsóknastig en þó ekki fyrir stig vegna lokaritgerða, tilvitnana og styrkja. Við útreikninga á rannsóknastigum og réttindum til greiðslu er stuðst við reglur vinnumatssjóðs. Kennara og sérfræðingar í fullu starfi með 50% rannsóknaskyldu eða minna fá greitt fyrir rannsóknastig sem þeim reiknast umfram 7 stig. Kennarar og sérfræðingar með 100% rannsóknaskyldu þurfa að ná 14 stigum áður en þeir fá greitt út sjóðnum. Aðrir fá greitt í samræmi við starfshlutfall sitt (Félag háskólakennara, 2014).

Niðurstöður

Akademískt starfsfólk skilar árlega vinnuskýrslum til vísinda- og nýsköpunarsviðs sem sér um umsýslu sjóðsins og aflaði gagna til greiningar. Gögn bárust um úthlutunarár, kyn, starfsheiti, fræðasvið, deild (stundum) og greiðslu.

- 1.891 vinnuskýrsla barst, 52% frá konum og 48% frá körlum.
- 1.298 skýrslur skiluðu greiðslum, 53% frá konum og 47% frá körlum.
- Samtals voru greiddar úr sjóðnum 988.196.799 krónur, 47% til kvenna og 53% til karla.

Tafla 17 sýnir fjölda, hlutfall og árangurshlutfall vegna innsendra vinnuskýrslna til Vinnumatssjóðs. Á úttektartímabilinu bárust samtals 1.891 vinnuskýrsla, rúmlega helmingur þeirra frá konum. Fjöldi skýrslanna var nokkuð misjafn milli ára hjá báðum kynjum en það veur þó athygli að færri skýrslur bárust, bæði frá konum og körlum, við lok tímabils en í upphafi þess. Álíka hátt hlutfall kvenna og karla sem skila vinnuskýrslum fær greitt úr sjóðnum. Þó litlu muni almennt þá veur það athygli að árangurshlutfall kvenna, mælt í fjölda greiðslna, er nær alltaf hærra en karla og árið 2014 er kynjamunurinn 8%. Í samanburði við kynjahlutfallið í markhópnum er sókn kynjanna sambærileg.

Tafla 17. Fjöldi, upphæð í þús. kr., hlutfall og árangur vegna innsendra vinnuskýrslna til Vinnumatssjóðs 2010-2014 eftir árum og kyni.

	Vinnuskýrslur					Greiðslur					Árangur		
	Alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	Konur	Karlar
2010	387	205	182	53%	47%	253	133	120	53%	47%	65%	65%	66%
2011	405	204	201	50%	50%	258	133	125	52%	48%	64%	65%	62%
2012	399	202	197	51%	49%	271	140	131	52%	48%	68%	69%	66%
2013	342	180	162	53%	47%	257	137	120	53%	47%	75%	76%	74%
2014	358	191	167	53%	47%	259	145	114	56%	44%	72%	76%	68%
2010-2014	1.891	982	909	52%	48%	1.298	688	610	53%	47%	69%	70%	67%

Eins og fram kemur í töflu 18 er dæmigert að konur fái tæplega 488 þúsund greiddar úr sjóðnum en karlar rúmlega 642 þúsund. Munur er á miðgildi og meðaltali beggja kynja sem bendir til þess að útlagar séu í hækkandi átt bæði í hópi kvenna og karla.

Tafla 18. Samanburður á meðaltali og miðgildi greiðslna úr Vinnumatssjóði 2010-2014 eftir kyni.

	Fjöldi	Upphæð	Meðaltal	Miðgildi
Konur	688	464.455.163	675.080	487.775
Karlar	610	523.741.636	858.593	642.193
Samtals	1.298	988.196.799	761.323	552.277

Greiðslur voru greindar eftir starfsheimum og sýnir tafla 19 niðurstöðuna. Dósentar og lektorar voru 70% þeirra sem fengu greiðslur úr sjóðnum. Miðgildi kynjanna bendir til þess að það sé dæmigert innan allra starfsheita að konur fái lægri greiðslur úr Vinnumatssjóði en karlar. Munurinn á miðgildi kynjanna er mestur meðal lektora og sérfræðinga. Miðgildi greiðslna er lægra en meðaltal innan allra starfaflokka, bæði hjá konum og körlum. Dreifing greiðslna var því jákvætt skekkt í öllum tilvikum sem bendir til þess að útlagar hafi verið í báðum hópum í hækkandi átt.

Í samanburði við kynjahlutfallið í markhópnum virðist sókn kvendóSENTA og kvenlektora vera meiri en sambærilegra karla, minni hjá kvenaþjúnktum og sambærileg í hópi sérfræðinga.

Tafla 19. Fjöldi, upphæð, meðaltal og miðgildi greiðslna úr Vinnumatssjóði 2010-2014 eftir starfsheimum og kyni.

	Fjöldi						Konur og upphæðir			Karlur og upphæðir		
	Alls	% heild	Konur	Karlur	% konur	% karlar	Samtals	Meðaltal	Miðgildi	Samtals	Meðaltal	Miðgildi
Dósent	498	38%	246	252	49%	51%	206.896.166	841.041	666.854	230.336.290	914.033	682.962
Lektor	415	32%	278	137	67%	33%	159.018.927	572.011	359.137	104.047.959	759.474	634.396
Aðjúnt	142	11%	86	56	61%	39%	49.842.762	579.567	307.720	41.741.109	745.377	480.758
Sérfræðingar*	243	19%	78	165	32%	68%	48.697.308	624.324	488.042	147.616.278	894.644	649.581
Samtals	1.298	100%	688	610	53%	47%	464.455.163	675.080	487.775	523.741.636	858.593	642.193

* Vísindamenn, fræðimenn, sérfræðingar og rannsóknarprofessorar, -dósentar og -lektorar.

Lægsta greiðsla úr sjóðnum var rúmar 6.000 krónur en sú hæsta tæpar 5 milljónir. Athygli vekur að hæstu greiðslur eru um 2 milljónum hærri en hjá Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora. Skýringa mun vera að leita í mismunandi samningum Félags prófessora og Félags háskólakennara. Samningarnir munu hafa verið samræmdir og því mikilvægt að fylgjast áfram með þróun mála.

Upphæðum var skipt upp í fimm jafnbilaflokka til að skoða dreifingu greiðslna eftir upphæðum og hlutfallslegan fjölda kvenna og karla í hverjum flokki. Eins og tafla 20 sýnir voru tæplega ¾ hlutar greiðslna úr sjóðnum undir einni milljón króna og samtals um 93% greiðslnanna undir tveimur milljónum. Kynjahlutfallið innan upphæðarflokka er misjafnt en tilhneigingin engu að síður sú að konum fækkar hlutfallslega eftir því sem greiðslur verða hærri. Nánari greining á gögnum sýndi að af þeim fimm sem fengu hæstu greiðslurnar var einn frá Raunvísindastofnun, FVS og HUG og tveir frá HVS.

Kynjahlutfallið innan einstakra upphæðarflokka en nokkuð sambærilegt við stöðuna innan markhópsins nema í þeim þriðja og fimmta þar sem hlutfall kvenna er mjög lágt eða 20-25%.

Tafla 20. Greiðslur úr Vinnumatssjóði 2010-2014 eftir upphæðaflokkum og kyni.

Upphæðir	Fjöldi	Konur	Karlur	% fjöldi	% konur	% karlar
≤ 999	951	533	418	73%	56%	44%
1.000-1.999	275	133	142	21%	48%	52%
2.000-2.999	51	13	38	4%	25%	75%
3.000-3.999	16	8	8	1%	50%	50%
≥ 4.000	5	1	4	0%	20%	80%

Greiðslur úr Vinnumatssjóði voru einnig skoðaðar eftir fræðasviðum og kyni. Tafla 21 sýnir að hlutfallslegur fjöldi þeirra sem fengu greitt úr Vinnumatssjóði nokkuð misjafn á milli fræðasviða en þó oftast á bilinu 17%-23%. Eina undantekningin er HUG en þar er hlutfallið 13%. Lítið samræmi virðist milli hlutfallslegs fjölda dósentar, lektora og aðjúnkta innan markhóps fræðasviðanna og þeirra sem fá greitt úr sjóðnum. Það er herra en í markhópnum á MVS og VON (6%) en lægra á FVS (2%), HVS (8%) og HUG (15%). Ekki er samræmi milli kynjahlutfallsins í hópi þeirra sem fá greiðslur og hversu hátt hlutfall af heildargreiðslum kynin fá og hallar alltaf á konur.

Tafla 21. Greiðslur úr Vinnumatssjóði 2010-2014 eftir fræðasviðum/stofnunum og kyni.

	Fjöldi						Upphæðir					
	Alls	%	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	%	Konur	Karlar	% konur	% karlar
Félagsvísindasvið	232	18%	119	113	51%	49%	202.162.178	20%	98.971.672	103.190.506	49%	51%
Heilbrigðisvísindasvið	258	20%	133	125	52%	48%	166.352.936	17%	79.476.190	86.876.746	48%	52%
Hugvísindasvið	170	13%	95	75	56%	44%	146.559.933	15%	63.338.897	83.221.035	43%	57%
Menntavísindasvið	299	23%	213	86	71%	29%	184.184.266	19%	127.868.449	56.315.817	69%	31%
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	222	17%	75	147	34%	66%	207.496.802	21%	64.826.229	142.670.573	31%	69%
Rannsókn- og fræðasetur	29	2%	13	16	45%	55%	15.222.996	2%	5.998.889	9.224.106	39%	61%
Stofnun Árna Magnússonar	56	4%	24	32	43%	57%	39.315.444	4%	11.706.650	27.608.794	30%	70%
Tilraunastöðu HÍ að Keldum	27	2%	15	12	56%	44%	26.118.994	3%	12.170.185	13.948.809	47%	53%
Aðrar stofnanir*	5	0%	1	4	20%	80%	783.251	0%	98.001	685.249	13%	87%
Samtals	1.298	100%	687	611	53%	47%	988.196.799	100%	464.357.162	523.839.637	47%	53%

* Rannsóknastofa um mannlegt atferli og ein óflokkanleg vinnuskýrsla.

Samantekt

Samtals bárust 1.891 vinnuskýrslur, 52% frá konum og 48% frá körlum. Ekki skiluðu allar skýrslur greiðslum og var árangurshlutfall kvenna mælt í fjölda greiðslna 3% hærra en karla. Samtals voru greiddar út rúmar 988 milljónir, 47% til kvenna og 53% til karla. Konur fá því rúmlega helming greiðslnanna en tæplega helming heildarupphæðarinnar. Miðgildi kvenna var lægra en karla dæmigerð greiðslna til kvenna rúmar 487 þúsundir króna en karla rúmar 642 þúsundir. Munur var á meðaltali og miðgildi beggja kynja sem bendir til þess útlagar hafi verið í hópi bæði kvenna og karla í hækkandi átt bæði almennt og innan starfsheita.

Kynjahlutfallið var misjafnt innan einstakra upphæðarflokka og svipað innan tveggja lægstu upphæðaflokkanna sem 94% greiðslnanna falla í. Tilhneigingin er engu að síður sú að hlutfall kvenna lækkar eftir því sem greiðslur verða hærri og er hlutfall kvenna t.d. 56% í þeim lægsta en 20% í þeim hæsta.

Innan fræðasviða var hlutfallslegur fjöldi þeirra sem fengu greitt úr Vinnumatssjóði oftast á bilinu 17%-23%. Eina undantekningin var HUG en þar var hlutfallið 13%. Ekki er samræmi milli kynjahlutfallsins í hópi þeirra sem fá greiðslur og hversu hátt hlutfall af heildargreiðslum kynin fá og hallar alltaf á konur. Lítið samræmi virðist milli hlutfallslegs fjölda dósentna, lektora og aðjúnkta innan fræðasviðanna í markhópnum og meðal þeirra sem fá greitt úr sjóðnum.

Aðgengi að upplýsingum og gögnum var gott en upplýsingar bárust ekki um þau sem koma að útreikningi og ákvarðanatöku.

Doktorsstyrkir Háskóla Íslands

Tveir sjóðir úthluta Doktorsstyrkjum Háskóla Íslands, Doktorsstyrkir Rannsóknasjóðs og Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands. Markmið þeirra er að efla Háskóla Íslands sem alþjóðlegan rannsóknaháskóla og gera hann eftirsóknarverðan fyrir doktorsnema (Háskóli Íslands, 2015c).

Fjármögnun

Doktorsstyrkir Rannsóknasjóðs eru fjármagnaðir með hluta af því fjármagni sem Rannsóknasjóður HÍ hefur til ráðstöfunar. Upplýsingar bárust ekki um það hversu hátt það hlutfall væri en það mun vera misjafnt milli ára. Bent var á að meginreglan væri sú að allri fjárveitingunni væri ráðstafað. Að því gefnu má áætla að rúmlega helmingur þess fjármagns sem Rannsóknasjóður hefur til ráðstöfunar fari í doktorsnemastyrki og er þá ekki reiknað með

kostnaði vegna launatengdra gjalda. Samtals var áætlað að rúmlega 961 milljón færi í launagreiðslur til doktorsnema árin 2010-2014.

Háskólasjóður Eimskipafélagsins hefur sjálfstæða fjárfestingastefnu og samkvæmt henni er árlega til úthlutunar „... að hámarki meðalraunávöxtun síðustu þriggja ára að frádregnu 1%.“ (Stjórn Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands, 2009). Ekki var sérstaklega óskað eftir upplýsingum um það fjármagn sem til ráðstöfunar var á tímabilinu en samkvæmt upplýsingum frá vísinda- og nýsköpunarsviði var áætlað að rúmlega 217 milljónir hefðu farið í launagreiðslur til doktorsnema árin 2011-2014. Rúmlega helmingi þeirrar upphæðar var úthlutað árið 2011.

Í undantekningatilvikum fjármagna sjóðir, fyrirtæki eða stofnanir doktorsnemastyrki til sértækra verkefna og hefur Rannsóknasjóður úthlutað þeim. Samtals var auglýst eftir umsóknum um fjóra slíka styrki, tveimur hvort ár 2013 og 2014. Samtals var áætlaður kostnaður vegna launagreiðslna rúmlega 41 milljón.

Ákvörðun um fjárhæð styrkja er tekin árlega hjá hvorum sjóði fyrir sig. Stúdentinn er styrkþeginn og rennur styrkurinn óskiptur til framfærslu hans. Árið 2010 var styrkurinn ákveðin upphæð en eftir það hefur hann verið greiddur sem laun og nýtur stúdentinn réttinda og hefur skyldur í samræmi við kjarasamninga (Háskólasjóður Eimskipafélagsins Íslands, 2010); (Háskóli Íslands, 2012d). Taka þarf tillit til launakostnaðar þegar ákvörðun er tekin um þann fjölda styrkja sem hægt er að fjármagna.

- Heildarupphæð doktorsnemastyrkja án launatengdra gjalda 2010-2014:
 - 1.219.603.259 krónur.

Ákvarðanir

Vísindanefnd háskólaráðs og úthlutunarnefnd Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands úthlutar styrkjum á grundvelli tillagna fagráða vísindanefndar (Háskóli Íslands, 2011a).

Fagráð vísindanefndar HÍ leggja faglegt mat á umsóknir og forgangsraða þeim og byggir matið á forsendum og viðmiðum sem vísindanefnd háskólaráð setur.

Vísindasvið Háskóla Íslands hefur umsjón með auglýsingum og upplýsingagjöf, tekur á móti umsóknum og vinnur úr þeim.

Vísindanefnd háskólaráðs

„Vísindanefnd er skipuð formönnum vísindanefnda fræðasviða Háskóla Íslands auk formanns án tilnefningar, sem rektor skipar. Ef formaður vísindanefndar fræðasviðs er deildarforseti tekur varaformaður viðkomandi nefndar sæti í vísindanefnd háskólaráðs. [Auk þess er einn fulltrúi stúdenta í nefndinni úr hópi doktorsnema]. Nefndin er skipuð til þriggja ára í senn.“ (Háskóli Íslands, 2011a).

- Kynjahlutfall: 43% og 57% og misjafnt eftir tímabilum hvort kynið var í meirihluta.
- Formenn: Kona og karl (Vísinda- og nýsköpunarsvið, tölvupóstur 2015).

Fagráð vísindanefndar

„Á vegum vísindanefndar starfa sjálfstæð fagráð sem skipuð eru þremur til fimm fulltrúum hvert. Rektor skipar fagráðin og skal a.m.k. einn fulltrúi í hverju fagráði starfa utan Háskóla Íslands.“ (Háskóli Íslands, 2011a).

- Kynjahlutfall: Konur 37% og karlar 63%.

- Kynjahlutfallið var misjafnt eftir sviðum og í tveimur tilvikum af fimm ekki í samræmi við jafnréttismarkmið HÍ og hallaði á konur.
- Formenn: 3 konur og 2 karlar (Vísinda- og nýsköpunarsvið tölvupóstur, 2015).

Úthlutunarnefnd Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands

„Stjórn Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands skipar sex manna úthlutunarnefnd að tillögu rektors til tveggja ára í senn og ákveður hver verður formaður nefndarinnar. Formaður vísindanefndar háskólaráðs hefur fast sæti í úthlutunarnefnd. Að minnsta kosti tveir fulltrúar í nefndinni skulu vera í aðalstarfi utan Háskóla Íslands. Við skipan úthlutunarnefndar skal leitast við að hún endurspegli fræðasvið háskólans. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.“ (Háskóli Íslands, 2010a).

- Kynjahlutfall: Konur 50% og karlar 50%.
- Formenn: Konur.

Markhópur

Þegar sótt er um doktorsstyrki er hægt að velja um tvær leiðir, a og b. Í leið a sækja stúdent og leiðbeinandi hans saman um styrk. Í leið b sækir leiðbeinandi um til ákveðins rannsóknarverkefni og auglýsir eftir doktorsnema ef styrkur fæst (Háskólasjóður Eimskipafélagsins Íslands, 2010).

Stúdentar þurfa að uppfylla inntökuskilyrði viðkomandi deildar í doktorsnám. Leiðbeinendur þurfa að vera fastráðnir kennarar eða sérfræðingar hjá HÍ, ráðnir eru á grundvelli hæfnisdóms og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til leiðbeinenda í viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms (Háskólasjóður Eimskipafélagsins Íslands, 2010).

- Kynjahlutfall doktorsnemar: Konur 61% og karlar 39%.
 - Kynjahlutfall mismunandi innan sviða.
- Kennarar: Konur 42% og karlar 58%.
 - Kynjahlutfall mismunandi innan sviða og eftir starfsheitum.
- Sérfræðingar: Konur 32% og karlar 68%.

Sjá nánari í viðauka 1 og 2.

Mat á umsóknum

Til grundvallar mati á umsóknum um doktorsstyrki HÍ liggja [Reglur Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands](#), [Reglur Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands](#) og [Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms](#) frá árinu 2012, sérstaklega liður 4.2 um faglegar kröfur til leiðbeinenda (Háskóli Íslands, 2015e).

Við mat á hæfni leiðbeinenda er gerð krafa um doktorspróf eða jafngildi þess og einkunn gefin fyrir virkni og viðurkenningu á fagsviði, tengsl út í vísindasamfélagið, birtingar og ritvirkni. Auk þess er tekið tilliti til reynslu af leiðsögn, öflun sértekna úr viðurkenndum rannsóknasjóðum og alþjóðlegu rannsóknasamstarfi (Háskóli Íslands, 2015e).

Mat á hæfni stúdenta byggir einkum á frammistöðu í grunn- og framhaldsnámi. Þegar veittur er styrkur eftir leið b þarf að auglýsa styrkinn lausan til umsóknar og vísindanefnd að leggja mat á

það hvort stúdent uppfylli þau viðmið og kröfur sem gerðar eru til doktorsnema. Ef skilyrði eru ekki uppfyllt fellur styrkveiting niður (Háskóli Íslands, 2015e).

Niðurstöður

Vísinda- og nýsköpunarsvið HÍ hefur umsjón með auglýsingum um styrki, upplýsingagjöf, móttöku og meðferð umsókna. Sjóðirnir auglýsa sameiginlega eftir umsóknum um styrki einu sinni á ári. Sótt er um rafrænt og er [umsóknareyðublað, leiðbeiningar, upplýsingar um viðmið og verklagsreglur](#) aðgengilegar á netinu. Samkvæmt upplýsingum frá sviðinu voru þau voru sótt í rafrænan grunn sem keyrður er inn í forritið filemaker. Allar upplýsingar um umsóknir og afgreiðslu þeirra eru aðgengileg í sama gagnagrunni. Gögn um leiðbeinendur voru greinanleg eftir umsóknarári, kyni leiðbeinanda, starfi, deild og fræðasviði hans og gögn um doktorsnema eftir kyni, deild (oftast) heiti verkefnis, úthlutun, árafjölda og leið.

Á umsóknareyðublaði er kyn ekki skráð og eingöngu fellilisti fyrir umsóknarleið og fræðasvið en ekki t.d. deildir og starfsheiti. Mismunandi var hvort deild væri skráð og á hvaða tungumáli auk þess sem dæmi voru um innsláttarvillur og styttingar. Í sumum tilvikum reyndist erfitt að greina kyn erlendra stúdenta. Samkvæmt upplýsingum frá vísinda- og nýsköpunarsviði mun vera einfalt að breyta rafrænum umsóknareyðublöðum þannig að grundvallarupplýsingar eins og kyn, starf og deild séu einnig valin af fellilista.

Tafla 22 sýnir þróun í fjölda umsókna og veittra doktorsstyrkja yfir úttektartímabilið og eftir því hvaðan fjármagnið kemur. Rannsóknasjóður HÍ fjármagnaði um 2/3 hluta doktorsstyrkanna og Háskólasjóður Eimskipafélagsins og aðrir styrktaraðilar um þriðjung. Þegar litið er yfir tímabilið sést að bæði umsóknum og styrkjum hefur fjölgað. Fjöldi styrkja úr Eimskipafélagssjóðnum árið 2011 vekur athygli. Samkvæmt upplýsingum frá vísinda- og nýsköpunarsviði skýrir mikil bjartsýni á batnandi fjárhagsstöðu sjóðsins fjölda styrkja þetta árið sem og að Háskólinn átti aldarafmæli það árið.

Tafla 22. Þróun í fjölda umsókna og doktorsstyrkja Háskóla Íslands 2010-2014 eftir árum og fjármögnun.


Ár	Umsóknir	Styrkir	RSJ	HEI	Aðrir
2010	100	20	20		
2011	171	48	21	27	
2012	139	24	16	8	
2013	157	34	27	5	2
2014	145	30	20	8	2
Samtals	712	156	104	48	4

Tafla 22 sýnir fjölda styrkja og styrkára og áætlaðan kostnað vegna þeirra. Samanlagður áætlaður kostnaður vegna doktorsnemastyrkja var rúmlega 1,3 milljarðar og fjármagnaði Rannsóknasjóður rúmlega 70% styrkjanna. Það vekur athygli að meðalupphæð styrkja á ári er lægri hjá Rannsóknasjóði en hinum sjóðunum. Nánari greining á gögnum sýndi að árið 2010 voru doktorsstyrkir Rannsóknasjóðs föst upphæð og sem var mun lægri en greidd laun hin árin og að árið 2011 voru laun doktorsnema sem fengu styrk úr Rannsóknasjóði lægri en þeirra sem fengu styrk úr Eimskipafélagssjóðnum. Eftir það eru áætlaður launakostnaður allra sjóða áætlaður sá sami eða 3.746.532 krónur á ári. Misjafnt var hversu mörg ár sjóðirnir styrkja að meðaltali og sker Eimskipafélagssjóðurinn sig úr þar sem hann veitti styrki að meðaltali í tæp tvö ár en hinir veita að meðaltali styrki í nærri þrjú ár.

Tafla 23. Fjöldi styrkja og styrkára og áætlaður kostnaður vegna styrkja og launa doktorsnema HÍ 2010-2014.

Sjóður	Fjöldi styrkja	Fjöldi ára	Meðalfjöldi styrkára	Heildarupphæð	Meðalupphæð styrkja pr. ár
Rannsóknasjóður HÍ	104	281	2,7	961.092.551	3.420.258
Eimskipafélagssjóður	48	85	1,8	318.455.220	3.746.532
Aðrir styrkir	4	11	2,8	41.211.852	3.746.532
Samtals	156	377	2,4	1.320.759.623	3.503.341

Eins og mynd 5 sýnir er sókn í doktorsstyrki mismikil eftir fræðasviðum. VON trónir á toppnum með rúmlega þriðjung umsókna, þá kemur HVS með tæplega þriðjung, HUG með fimmtung, FVS með tæp 15% og MVS rekur lestina með 7%. Sóknin er ekki í fullkomnu samræmi við hlutfallslegan fjölda doktorsnema á hverju sviði fyrir sig og munar 5% eða meira á HVS, MVS og VON. Á HVS og hjá VON er sóknin umfram hlutfallslegan fjölda doktorsnema en undir hjá FVS og MVS. Um 35% styrkjanna fer til VON þar sem innan við 30% doktorsnema stunda nám og rúmlega fjórðungur til HVS en þar stundar innan við fimmtungur doktorsnema við nám.



Mynd 5. Samanburður á hlutfalli umsókna, styrkja og doktorsnema í leið a og b eftir fræðasviðum.

Tafla 24 sýnir sókn fræðasviðanna eftir leiðum a og b. Hún var misjöfn en leið a algengari í öllum tilvikum. Sókn í styrki eftir leið b var langmest hjá VON og næst mest á HVS.

Tafla 24. Sókn í doktorsstyrki HÍ eftir fræðasviðum og leiðum.

	Fjöldi	Leið a	Leið b	% leið a	% leið b
FVS	100	93	7	93%	7%
HVS	191	135	56	71%	29%
HUG	140	138	2	99%	1%
MVS	49	40	9	82%	18%
VON	232	133	99	57%	43%
Samtals	712	539	173	76%	24%

Leið a

Gögn um umsóknir og styrki í leið a voru skoðaðir út frá fræðasviðum, kyni nemenda og kyni leiðbeinanda.

Tafla 25 sýnir að þegar á heildina er litið fær rúmlega fimmtungur þeirra sem sækja um eftir leið a styrk. Árangur FVS, HVS, HUG og MVS er mjög sambærilegur en VON sker sig úr með 6-7% hærra árangurshlutfall en hin sviðin. Það er því líklegt að doktorsnemar á VON fái styrk eftir leið a en nemendur á öðrum fræðasviðum.

Tafla 25. Fjöldi, hlutfall og árangur umsækjenda um doktorsstyrki HÍ - leið a, eftir fræðasviðum.

	Sótt	Hlutfall	Veitt	Hlutfall	Árangur
FVS	93	17%	19	17%	20%
HVS	135	25%	25	22%	19%
HUG	138	26%	26	23%	19%
MVS	40	7%	8	7%	20%
VON	133	25%	35	31%	26%
Samtals	539	100%	113	100%	21%

Eins og fram kemur í töflu 26 sóttu mun fleiri konur en karlar um doktorsnemastyrki eftir leið a. Árangurshlutfall kynjanna var sambærilegt en hallaði á konur um 1%. Sókn kynjanna virðist sambærileg þegar tekið er mið af kynjahlutfallinu í markhópnum.

Tafla 26. Fjöldi, hlutfall og árangur doktorsnema í leið a eftir kyni.

	Samtölur	Fjöldi		Hlutfall		Árangur	
	Alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Konur	Karlar
Umsóknir	539	336	203	62%	38%	-	-
Styrkir	113	69	44	61%	39%	21%	22%

Doktorsstyrkir eftir leið a eru veittir í eitt, tvö eða þrjú ár. Árafjöldinn tekur mið af því hversu mörgum árum af skilgreindu doktorsnámi er ólokið á úthlutunarári (Háskóli Íslands, 2015e).

Eins og tafla 27 sýnir var kynjahlutfallið misjafnt eftir fjölda styrkára. Konur voru í öllum tilvikum í meirihluta líkt og í markhópnum. Hlutfall þeirra er þó hærra en í markhópnum (61%) í hópi þeirra sem njóta styrks í eitt eða tvö ár en lægra í hópnum sem nýtur styrkja í þrjú ár. Það bendir til þess að karlar hafi oftar en konur fengið styrk snemma á námstímanum. Það þarfnast þó frekari staðfestingar.


Tafla 27. Fjöldi og hlutfall doktorsstyrkja HÍ eftir leið a eftir kyni nemanda og fjölda styrkára.

	Alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar
1 ár	25	16	9	64%	36%
2 ár	39	28	11	72%	28%
3 ár	45	26	19	58%	42%
Samtals*	238	150	88	63%	37%

Fjármagnið skiptist á milli kynjanna í sömu hlutföllum og hlutfallslegur fjöldi styrkára. Áætluð heildarupphæð styrkja eftir leið a var 891.674.616 krónur, 63% til kvenna og 37% til karla.

Staða kynjanna meðal leiðbeinenda í leið a var skoðuð og sýnir mynd 6 niðurstöðu þeirrar greiningar. Hlutfallslega færri konur en karlar voru leiðbeinendur nemenda sem sóttu um doktorsstyrki eftir leið a en munurinn var í samræmi við kynjahlutfallið í hópi prófessora,

dósentar og lektora¹. Ekki er mikill munur á árangri kynjanna meðal leiðbeinenda í leið a en þó hallar á konur um 3%.



Mynd 6. Hlutfall umsókna, styrkja og árangur leiðbeinenda í leið a, eftir kyni.

Eins og fram kemur í töflu 28 voru prófessorar 2/3 hluti leiðbeinenda og dósentar fimmtungur þeirra, samtals 86% leiðbeinenda. Árangur mældur í fjölda styrkja er misjafn eftir starfsheitum. Hæst er árangurshlutfallið hjá prófessorum og vísindamönnum en lækkar skart eftir því sem neðar dregur í starfsheitaröðinni.

Tæp 40% prófessoranna voru konur. Það er mun hærra hlutfall en í markhópnum þar sem það er 27%. Nánari greining á gögnum sýndi að sókn kvenprófessoranna er meiri en karla á öllum fræðasviðum. Hún er þó mismikil og munar 11% á FVS, 16% á HVS, 2% á HUG, 17% á MVS og 10% á VON.

Annar fjölmennasti hópur leiðbeinenda eru dósentar og konur 45% þeirra. Miðað við kynjahlutfallið meðal dósentar í markhópnum er sókn kvenna örlítið meiri en sambærilegra karla. Lágur árangurshlutfall kvendósentar vakti sérstaka athygli og voru því gögn um þennan hóp rýnd sérstaklega (sjá töflu 29).

Sókn lektora er almennt lítil, minni meðal karla en kvenna og árangur karlanna er enginn. Um fáa styrki er að ræða og því því varhugavert að draga of miklar ályktanir af gögnunum. Almennt eru aðjúnktar ekki leiðbeinendur.

Umsækjendur í hópi sérfræðinga voru ekki margir og allir af HVS og VON. Sókn kynjanna í þeim hópi var í góðu samræmi við kynjahlutfallið í markhópnum í heild en verulega hallaði á konur þegar árangur var mældur. Nánari greining á gögnum leiddi í ljós að allar konurnar sem sóttu um sem leiðbeinendur báru starfsheitið sérfræðingur sem er sambærilegt við starfsheiti lektora og árangur innan þess starfsheitis er almennt lítill. Það veður þó athygli að engar konur skuli vera meðal umsækjenda úr hópi vísindamanna og fræðimanna sem eru sambærileg starfsheiti við prófessora og dósentar, fjölmennustu hópa leiðbeinenda.

¹ Aðjúnktar sækja almennt ekki um sem leiðbeinendur í leið a og sérfræðingar eru hlutfallslega fáir.

Tafla 28. Fjöldi, hlutfall og árangur umsókna í leið a eftir starfsheiti og kyni leiðbeinanda.

	Umsóknir						Styrkir						Árangurshlutfall	
	Alls	Hlutfall	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	Hlutfall	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Konur	Karlar
Prófessor	357	66%	134	223	38%	62%	88	79%	34	54	39%	61%	25%	24%
Dósent	110	20%	50	60	45%	55%	15	13%	2	13	13%	87%	4%	22%
Lektor	32	6%	14	18	44%	56%	2	2%	2	0	100%	0%	14%	0%
Aðjúnt	1	0%	0	1	0%	100%	0	0%	0	0	0%	0%	0%	0%
Sérfræðingar og fl.*	39	7%	15	24	38%	62%	7	6%	1	6	14%	86%	7%	25%
Samtals	539	100%	213	326	40%	60%	112	100%	39	73	14%	86%	18%	22%

*Vísindamenn, fræðimenn, sérfræðingar og aðrir (forstöðumenn, gestakennari og sjúkrþjálfari)

Eins og tafla 29 sýnir var munur á styrkjasókn kvendósentu eftir fræðasviðum og engir kvendósentar sóttu um sem leiðbeinendur á FVS. Nánari greining sýndi að sókn kvendósentu á HUG var minni en karlanna og munaði þar 11% en sókn kvendósentu á hinum fræðasviðunum þremur meiri en karla, líkt og gerist á meðal prófessora. Munar þar 2% á HVS, 25% á MVS og 31% á VON. Lágt árangurshlutfall kvendósentu á HVS vakti athygli í ljósi þess að sókn kven- og karldósentu er svipuð þar og að flestir styrkir til nemenda dósentu fara þangað. Um fáar umsóknir og styrki er að ræða og því þarf að taka hlutfallstölum með varúð. Engu að síður bendir kynjamunur upp á 23% til þess að það halli á kvendósentu á HVS af einhverjum ástæðum.

Tafla 29. Fjöldi, hlutfall og árangur umsókna dósentu í leið a eftir fræðasviðum og kyni.

	Umsóknir					Styrkir					Árangurshlutfall	
	Samtals	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Samtals	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Konur	Karlar
Félagsvísindasvið	14	0	14	0%	100%	1	0	1	0%	100%	-	7%
Heilbrigðisvísindasvið	34	14	20	41%	59%	7	1	6	14%	86%	7%	30%
Hugvísindasvið	21	8	13	38%	62%	4	0	4	0%	100%	0%	31%
Menntavísindasvið	10	8	2	80%	20%	3	2	1	67%	33%	25%	50%
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	26	17	9	65%	35%	1	0	1	0%	100%	0%	11%
Samtals	105	47	58	45%	55%	16	3	13	19%	81%	6%	22%

Leið b


Gögn um umsóknir og styrki í leið a voru skoðaðir út frá fræðasviðum, starfsheiti og kyni leiðbeinanda og kyni nemenda.

Tafla 30 sýnir að tæplega 90% umsókna um doktorsstyrki eftir leið b komu frá VON og HVS, 9% frá FVS og MVS og 1% frá HUG. Árangurshlutfallstölur vöktu athygli ekki síst að árangur HVS er 7% hærri en á VON, ólíkt því sem gerist í leið a. Taka þarf árangurshlutfallstölum með fyrirvara þegar mjög fáar umsóknir berast eins og tilfellið er hjá FVS, HUG og MVS.

Tafla 30. Fjöldi, hlutfall og árangur umsókna um doktorsstyrki í leið b eftir fræðasviðum.

	Sótt	Hlutfall	Veitt	Hlutfall	Árangur
FVS	7	4%	2	5%	29%
HVS	56	32%	15	35%	27%
HUG	2	1%	2	5%	100%
MVS	9	5%	4	9%	44%
VON	99	57%	20	47%	20%
Samtals	173	100%	43	100%	25%

Eins og fram kemur á mynd 7 sóttu hlutfallslega færri konur en karlar um styrk sem leiðbeinendur doktorsnema og var hlutfall kvennanna mun lægra en í markhópnum í heild þar sem það er 39%. Líklegt er að skýringa á því sé að leita í lágu hlutfalli kvenna meðal prófessora og dósentu á HVS og VON en í þeim hópi var hlutfall kvenna 26%. Ólíkt því sem var í leið a kom fram kynjamunur upp á 6% fram þegar árangur var mældur.



Mynd 7. Samanburður á hlutfalli umsókna, styrkja og árangurs í leið b, eftir kyni leiðbeinanda.

Tafla 31 sýnir að, líkt og í leið a, var langstærsti hluti leiðbeinanda prófessorar. Ólíkt því sem var í leið a kom fram kynjamunur þegar árangur var mældur meðal prófessora og hallaði á konur um 5%. Hlutfall kvenna í þessum hópi var lægra en innan markhópsins þar sem það var 27%. Að teknu tilliti til þess að 43% umsókna eftir leið b voru frá VON og hlutfall kvenprófessora innan sviðsins 13% var sókn kvenprófessora þó sennilega meiri en sambærilegra karla líkt og í leið a.

Dósentar voru næststærsti hópur umsækjenda í leið b og konur 38% umsækjenda og karlar 62%. Kynjamunur upp á 6% kom fram þegar árangur var mældur og hallaði á konur. Árangurshlutfall bæði kven- og karldósentanna var hærra en í leið a. Í samanburði við kynjahlutfallið í markhópnum í heild var sókn kvendósentanna minni en karla. Innan VON var hlutfall kvendósentanna þó einnig mun lægra eða 34% og því sennilega lítill munur á styrkjasókn kynjanna meðal dósentanna í leið b.

Fáir lektorar sóttu um eftir leið b og engir aðjúnktar. Sókn kvenlektora var minni en karla samanborið við markhópinn, árangur almennt lítill og enginn hjá konum.

Í hópi sérfræðinga voru nær engar konur meðal umsækjenda og er það ekki í samræmi við kynjahlutfallið í markhópnum. Konur í þessum hópi sóttu því síður um en karlar. Árangur karla var ekki mikill og kvenna enginn. Nánari greining á gögnum sýndi að styrkþegar voru í hópi vísindamanna (2) og fræðimanna (2) sem eru sambærileg við starfsheiti prófessora og dósentanna.

Tafla 31. Fjöldi, hlutfall og árangur doktorsumsókna - leið b eftir starfsheiti leiðbeinanda og kyni.

	Umsóknir						Styrkir						Árangurshlutfall		
	Alls	Hlutfall	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	Hlutfall	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	Konur	Karlar
Prófessor	103	60%	21	82	20%	80%	29	67%	5	24	17%	83%	28%	24%	29%
Dósent	29	17%	11	18	38%	62%	9	21%	3	6	33%	67%	31%	27%	33%
Lektor	15	9%	5	10	33%	67%	1	2%	0	1	0%	100%	7%	0%	10%
Aðjúnkt	0	0%	0	0	0%	0%	0	0%	0	0	0%	0%	-	0%	0%
Sérfræðingar og fl.*	24	14%	1	23	4%	96%	4	9%	0	4	0%	100%	17%	0%	17%
Samtals	171	100%	38	133	22%	78%	43	100%	8	35	19%	81%	25%	21%	26%

* Vísindamenn, fræðimenn, sérfræðingar, forstöðumaður (1) og nýdoktor (1).

Í leið b eru doktorsnemastöður auglýstar lausar til umsókna. Nemendur þurfa að uppfylla kröfur til doktorsnema og ráða þarf í stöðurnar innan fjögurra mánaða frá því að styrkur er samþykktur. Takist það ekki fellur hann niður.

Kyngreinanleg gögn um umsóknir voru ekki aðgengileg og bærust einungis upplýsingar um ráðningar. Ekki var því hægt að reikna árangurshlutfall. Allir samþykktir styrkir voru til þriggja ára og því sjálfgefið að enginn kynjamunur komi fram þar.

Eins og fram kemur í töflu 32 voru samtals 46 doktorsnemastöður auglýstar lausar til umsóknar. Konur voru 59% þeirra 37 sem voru ráðnir og karlar 41%. Kynjahlutfallið er sambærilegt við það sem gerist í markhópnum. Ekki tókst að ráða í níu doktorsnemastöður. Að jafnaði nýtast því ekki einn eða tveir styrkir hvert úthlutunarár. Í flestum tilvikum voru það doktorsnemastöður á VON sem ekki tókst að ráða í eða í um þriðjungi tilvika.

Tafla 32. Fjöldi samþykkrar doktorsstyrkja HÍ í leið b 2010-2014 og fjöldi og hlutfall ráðinna eftir fræðasviðum og kyni.

	Styrkir				Hlutfall ráðinna	
	Samtals	Kona	Karl	Enginn	Kona	Karl
Félagsvísindasvið	2	2	0	0	100%	0%
Heilbrigðisvísindasvið	15	13	1	1	93%	7%
Hugvísindasvið	2	1	0	1	100%	0%
Menntavísindasvið	4	2	2	0	50%	50%
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	23	4	12	7	25%	75%
Samtals	46	22	15	9	59%	41%

Fjármagnið skiptist á milli kynjanna í sömu hlutföllum og þeir styrkir sem tókst að úthluta. Áætlaður kostnaður af þeim doktorsnemastöðum sem tókst að ráða í var 415.865.052 krónur og af þeim fóru 59% til kvenna og 41% til karla. Þegar litið er til einstakra fræðasviða var kynjahlutfallið meðal ráðinna doktorsnema jafnt á menntavísindasviði en hallaði á karla á FVS, HVS og HUG og konur á VON. Stöðurnar á FVS, HUG og MVS voru fáar og því ber að taka hlutfallstölum með fyrirvara. Það vakti athygli hversu hátt hlutfall kvenna var meðal ráðinna á HVS og karla á VON og í hvorugu tilvikinu í samræmi við hlutfallið í markhópi þessara sviða. Kynjahlutfallið innan einstakra deilda sviðanna gæti skýrt stöðu mála. Lítið samræmi er á milli kynjahlutfalls ráðinna eftir fræðasviðum og í markhópnum.

Samantekt

Samtals bárust 712 umsóknir um doktorsstyrki HÍ. Veittir voru 156 styrkir, 76% eftir leið a og 24% eftir leið b. Rannsóknasjóður fjármagnaði rúmlega 2/3 hluta styrkjanna, Eimskipafélagssjóðurinn þriðjung og aðrir styrktaraðilar 2%. Frá upphafi til loka úttektartímabilsins fjölgaði bæði umsóknum og styrkjum um nær helming.

Í leið a sækja nemendur og leiðbeinendur saman um styrk. Samtals bárust 539 umsóknir eftir leið a, 62% frá konum og 38% frá körlum. Veittir voru 113 styrkir, 61% til kvenna og 39% til karla og árangur kynjanna sambærilegur en hallar á konur um 1%. Áætlaður kostnaður var 1.010.000 og fóru 63% til kvenna og 37% til karla. Vísbending kom fram um að karlar fái oftar en konur styrk í upphafi námstíma en konur síðar.

Meirihluti leiðbeinenda í leið a eru karlar en kynjahlutfallið er í samræmi við heildarmarkhópinn. Þegar nánar er skoðað kemur í ljós að tæplega 80% leiðbeinenda eru prófessorar og karlar 62% þeirra. Hlutfall kvenna í hópi prófessora er mun lægra og sókn kvenprófessora því mun meiri en karlanna. Árangurshlutfall kvenna er 1% hærra en karla.

Dósentar eru 20% leiðbeinenda, af öllum sviðum nema FVS. Karlar er einnig í meirihluta en líkt og hjá prófessorum virðist sókn kvenna meiri en karlanna í samanburði við markhópinn. Ólíkt því sem gerist meðal prófessora þá hallar á konur meðal dósenta. Kynjamunurinn í árangri er 18% sem verður að teljast verulegur munur. Nánari greining á gögnum sýndi að það hallar á

konur innan allra sviða og oft verulega. Sókn lektora er lítil og almennt eru aðjúnktar ekki leiðbeinendur.

Í leið b sækja leiðbeinendur um styrk og ráða doktorsnema ef styrkur fæst. Umsóknir voru 173, 23% frá konum og 77% frá körlum. Veittir voru 43 styrkir, 19% til kvenna og 81% til karla. Fram kom 6% kynjamunur þegar árangur var mældur og hallaði á konur. Ríflega 2/3 leiðbeinenda voru prófessorar, ríflega fimmtungur dósentar, 9% sérfræðingar, 2% lektorar. Ólíkt því sem er í leið a er árangur dósentar bestur eða 31%, árangur prófessora 28%, lektora 7% og sérfræðinga 17%. Einungis barst ein umsókn frá aðjúnkt og var henni hafnað. Árangur kvenna var alltaf lakari en karla og kynjamunur meðal prófessora er 5% og dósentar 6%.


Engar upplýsingar voru aðgengilegar um umsóknir en af þeim 37 doktorsnemunum sem tókst að ráða voru 59% konur og 41% karlar. Það er svipað hlutfall og í leið a og í markhópi nemenda. Áætlaður kostnaður vegna ráðinna doktorsnema er 389.604.672 kr. Styrkurinn skiptast milli doktorsnema í sömu hlutföllum og meðal ráðinna þar sem alltaf er um þriggja ára styrk að ræða.

Alls tókst að ráða 80% þeirra doktorsnema sem auglýst var eftir. Níu doktorsstyrkjum var ekki úthlutað sem vekur upp spurningar um það hvort ekki væri æskilegt að leita leiða til að úthluta þeim t.d. til þeirra sem næst koma í umsóknarröðinni í leið a.

Styrkir eru auglýstir, verklagsreglur aðgengilegar og umsóknir rafrænar. Aðgengileg gögn bárust fljótt. Helstu ágallar voru þau að gögnin bárust ókyngreind og vegna fjölda erlendra doktorsnema reyndist í sumum tilvikum erfitt að greina kyngreina þau. Þá vantaði upplýsingar um umsækjendur í leið b. Til framtíðar þarf að taka ákvörðun um það hvaða upplýsingum um styrkuppþæðir ætti að safna t.d. upplýsingum um greidd laun eða samanlögðum kostnaði launa og launatengdra gjalda.

SJÓÐIR SEM ÚTHLUTUÐU 100-500 MILLJÓNUM


Undir þennan flokk sjóða falla Ármsmatssjóður, Nýliðunarsjóður, Sáttmálasjóður, Starfsþróunarsjóður og Tækjakaupsjóður, sem allir eru sjóðir sem akademískt starfsfólk og einingar innan háskólans geta fengið styrk eða greiðslur úr, auk Aðstoðarkennarastyrkja fyrir doktorsnema. Þeir eiga það allir sameiginlegt að hafa fengið heildarfjárveitingu á árunum 2010-2014 upp á um 100-500 milljónir.



Mynd 8. Yfirlitsmyndir yfir fjölda og greiðslur til starfsfólks og starfseininga innan HÍ úr sjóðum sem úthlutaðu 100-500 milljónum 2010-2014 eftir kyni annars vegar og fræðasviðum hins vegar.

Mynd 8 sýnir heildarstöðuna fyrir þá sjóði sem styrkja starfsmenn. Eins og fram kemur á vinstri hluta myndar 8 fá konur rúmlega helming styrkja en tæplega helming úthlutaðrar upphæðar. Það er sama staðan og í þeim sjóðum sem úthluta mestu. Eins og fram kemur í umfjöllun um hvern sjóð fyrir sig er staðan kynjanna þó ólík innan einstakra sjóða bæði hvað kynjahlutfallið varðar og skiptingu greiðslna en samræmi milli fjölda styrkja og greiddra upphæða nokkuð gott.

Eins og fram kemur á hægri hluta myndar 8 er misjafnt er eftir fræðasviðum hversu hátt hlutfall styrkja og heildarupphæðar rennur til starfsfólks þeirra og er það ekki í öllum tilvikum í samræmi við hlutfallslegan fjölda akademískra starfsmanna fræðasviðanna. Samræmið er nokkuð gott á HUG og FVS en VON sker sig úr með háu hlutfalli af heildargreiðslum miðað við styrki og starfsmannafjölda og HVS með lágt hlutfall bæði styrkja og greiðslan miðað við starfsmannahópinn. Á MVS einkennist staðan af lágu hlutfalli heildargreiðslna miðað við fjölda styrkja og hlutfall starfsmanna.



Athugasemd: Engar upplýsingar voru aðgengilegar um skiptingu milli fræðasviða.

Mynd 9. Yfirlitsmyndir yfir fjölda og greiðslur til nemenda úr sjóðum sem úthlutaðu 100-500 milljónum 2010-2014 eftir kyni.

Mynd 9 sýnir heildarstöðuna í sjóðnum sem veitir doktorsnemum aðstoðarkennarastyrki. Þar eru konur meirihluti ráðinna og samræmi á milli fjölda styrkja og greiðsla. Ekki bárust nægilegar upplýsingar til að hægt væri að skoða skiptinguna á milli fræðasviða.

Aðgengi að gögnum og upplýsingum um þessa sjóði var misgott, best vegna gamalgróinna sjóða. Greinilegt er að marka þarf skýra stefnu um gagnasöfnun vegna nýrra sjóða og undirsjóða stærri sjóða.

Ársmatssjóður

Ársmatssjóður er sambærilegur sjóður og Vinnumatssjóður. Hann er fyrir starfsmenn Háskóla Íslands og tengdra stofnana í stjórnslu- og þjónustustörfum sem ráðnir eru a.m.k til eins árs og eru jafnframt félagsmenn í Félagi háskólakennara (á ekki við um akademískt starfsfólk og aðjúnkta) og hjá Kjarafélagi viðskipta- og hagfræðinga (Félag háskólakennara, 2015).

Allir sem sækja um fá sama stigafjölda og fá úthlutað sömu grunnupphæð að teknu tilliti til starfshlutfalls og starfsaldurs.

- Fjárveiting frá háskólaráði: 221.716.000.
- Samtals greitt út 2010-2014: 178.504.174.
- Ókyngreind gögn yfir meira en 1.000 greiðslur bárust.

Vegna umfangs vinnu við kyngreiningu gagnasafnsins og reglna um greiðslur úr sjóðnum var horfið frá kyngreiningu í bili. Á það hefur verið benti að reglur um greiðslur um sjóðinn hafi breyst í gegnum árin og því mikilvægt að safna gögnum með skipulegum hætti, kyngreina þau og fylgjast með þróun mála.

Nýliðunarsjóður

Nýliðunarsjóður er undirsjóður Aldarafmælisssjóðs með sjálfstæða stjórn en sama markmið og Aldarafmælisssjóður þ.e. að er að efla rannsóknir og nýsköpun innan háskólans.

Á vefsvæði háskólans er engar grunnupplýsingar að finna um sjóðinn, einungis fréttir tengdar stofnun hans og, að því er virðist, staka síðu um núverandi [stjórn sjóðsins](#).

Fjármögnun

Háskólaráð úthlutar sjóðnum árlega um 35% af fjárveitingum ríkisins til Aldarafmælisssjóðs.

- Áætluð fjárveiting: 525 milljónir.

Framkvæmd og ábyrgð

Samkvæmt upplýsingum frá vísinda- og nýsköpunarsviði skipar rektor sex manna stjórn sjóðsins; formann og einn fulltrúa frá hverju fræðasviðanna fimm sem þau tilnefna. Hlutverk hennar er að undirbúa og annast úthlutun styrkja til að ráða nýdókora og nýja lektora en það eru þær stöður sem sjóðurinn fjármagnar.

- Kynjahlutfall 2013-2015: Konur 50% og karlar 50%.
- Formaður var karl.

Dómnefnd lagði mat á hæfni umsækjenda um nýjar lektorastöður:

- Kynjahlutfall: 1 kona og tveir karlar.
- Formaður var karl.

Markhópur

- Lektorastöður: Allir sem lokið hafa doktorsnámi og uppfylla kröfur um rannsóknvirkni og reynslu.
- Nýdoktorastöður: Vísindamenn sem lokið hafa doktorsprófi á síðastliðnum fimm árum.
- Kynjahlutfall: Konur eru 54% brautskráðra doktorsnema frá HÍ og karlar 46%.

Mat á umsóknum

Engin aðgengileg gögn fundust á vefjum háskólans um það hvernig staðið er að mati á umsóknum og forgangsröðun þeirra. Samkvæmt upplýsingum frá vísinda- og nýsköpunarsviði er meginreglan sú að a.m.k. tveir styrkir fari til hvers fræðasviðs Háskólans.

Niðurstöður

Vísinda- og nýsköpunarsvið fer með umsýslu sjóðsins og aflaði gagna til greiningar. Vegna nýdoktorastöðuveitinga bárust kyngreinanleg gögn um úthlutunarár, nafn umsækjanda,

fræðasvið, afgreiðslu og fjöldi styrkára. Þeir ágallar voru á gögnum að í sumum tilvikum reyndist erfitt að greina kyn eftir nafni þar sem margir umsækjenda voru af erlendu bergi brotnir.

- Samtals bárust 252 umsóknir um nýjar lektorastöður, 28% frá konum og 72% frá körlum.
- 200 stóðust hæfnismat, 29% kvenna og 71% karla.
- Ráðið var í 9 stöður; 33% konur og 67% karlar.
- Árangur kvenna mældur í fjölda ráðninga var 4% og karla 3%.
- Samtals bárust 136 umsóknir um nýdoktorastöður; 54% frá konum og 46% frá körlum.
- Veittir voru 21 styrkur; 67% til kvenna og 33% til karla.
- Samanlagður árafjöldi styrkja var 53 ár, 68% fóru til kvenna og 32% til karla.
- Árangur kvenna mældur í fjölda styrkja var 19% og karla 11%.

Nýjar lektorastöður Nýliðunarsjóðs

Nýjar lektorastöðurnar voru auglýstar lausar til umsóknar 2013 og ráðið í þær í júní 2014. Nýliðunarsjóður styrkir hverja stöðu um sex milljónir á ári og greiðir tvær milljónir inn á rannsóknareikning styrkþega við ráðningu. Allir styrkþegar röðuðust í sama launaflokk á úttektartímabilinu en samkvæmt upplýsingum frá vísinda- og nýsköpunarsviði munu breytingar vera framundan á því fyrirkomulagi.

Eins og fram kemur í töflu 33 var mikill meirihluti umsækjenda karlar. Það vakti athygli að kynjahlutfallið var hvorki í samræmi við markhópin né stöðuna í hópi aðjúnkta, lektora og dósentna. Hlutfall kvenna hækkaði um 1% við hæfnismat og síðan um 4% við ráðningu. Litlu munaði þó á árangurshlutfalli kynjanna en hallaði á karla um 1%.

Tafla 33. Fjöldi, hlutfall og árangur umsókna um nýjar lektorastöður Nýliðunarsjóðs 2013-2014 eftir kyni.

	Umsóknir		Hæfnismat		Ráðningar		Árangur
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Heild
Konur	70	28%	58	29%	3	33%	4%
Karlar*	182	72%	142	71%	6	67%	3%
Samtals	252	100%	200	100%	9	100%	4%

*Einn karl dró umsókn sína til baka áður en til hæfnismats kom og er ekki talinn með.

Samkvæmt upplýsingum frá vísinda- og nýsköpunarsviði mun ein kona ekki hafa þegið stöðu sem henni var boðið. Endanleg tala ráðinna var því átta en ekki níu.

Eins og fram kemur í töflu 34 voru tveir ráðnir til FVS, HUG og VON og einn til HVS og MVS. Fjórðungur ráðinna voru konur og ¾ hluti karlar. Það vakti athygli að þegar tveir fá styrkta stöðu á sama sviði eru alltaf báðir af sama kyni. Kynjahlutfallið í hópnum er nær því að vera í samræmi við kynjahlutfallið meðal prófessora en brautskráðra doktora. Nánari greining á gögnum sýndi að liðin voru að meðaltali 8,9 ár frá því að doktorsnámi lauk.

Tafla 34. Fjöldi og hlutfall ráðinna lektora með fjármögnun Nýliðunarsjóðs eftir kyni.

	Fjöldi	Konur	Karlar	% konur	% karlar
Félagssvísindasvið	2	0	2	0%	100%
Heilbrigðisvísindasvið*	1	1	0	100%	0%
Hugvísindasvið	2	0	2	0%	100%
Menntavísindasvið	1	1	0	100%	0%
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	2	0	2	0%	100%
Samtals	8	2	6	25%	75%

*Tveimur konum voru boðnar nýlektorastöður á HVS. Önnur afþakkaði og því stemma fjöldatölur ekki við upplýsingar í töflu 33.

Árlegur áætlaður heildarkostnaður Nýliðunarsjóðs vegna nýrra lektorastaða er 64 milljónir sem skiptast á milli kynjanna í sömu hlutföllum og við ráðningar þ.e. 25% til kvenna og 75% til karla.

Nýdoktorastyrkir Nýliðunarsjóðs

Samtals voru auglýstir 21 styrkur um lausar stöður nýdoktora. Styrkir eru veittir í formi launa í allt að þrjú ár og fá allir styrkþegar sömu laun. Auk þess fá nýdoktorar við ráðningu, og árlega eftir það, 200 þúsund krónur inn á rannsóknareikning sinn. Kostnaður vegna launa nýdoktora eru tæplega 483 þúsund á mánuði með launatengdum gjöldum.

Eins og fram kemur í töflu 35 fjölgaði umsóknum milli ára um ca. 10%. Fleiri konur en karlar sækja um en í samanburði við kynjahlutfallið í hópi brautskráða doktora frá háskólanum virðist sókn kynjanna sambærileg. Kynjahlutföllin breytast eftir ákvörðun og er árangurshlutfall kvenna 8% hærra en karla. Talsverðar sveiflur eru milli ára þegar árangur er mældur en úthlutanir eru fáar og því varasamt að draga of miklar ályktanir. Mikilvægt er að fylgjast áfram með þróun mála og yfir lengra tímabil.

Tafla 35. Fjöldi, hlutfall og árangur umsókna um Nýdoktorastyrki Nýliðunarsjóðs 2013-2014 eftir árum og kyni.

	Umsóknir					Styrkir					Árangur		
	Alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	Konur	Karlar
2013	64	35	29	55%	45%	12	7	5	58%	42%	19%	20%	17%
2014	72	38	34	53%	47%	9	7	2	78%	22%	13%	18%	6%
2013-2014	136	73	63	54%	46%	21	14	7	67%	33%	15%	19%	11%

* Umsóknir samtals 74 árið 2014 en ekki tókst að kyngreina tvo einstaklinga

Nýdoktorastyrkir Nýliðunarsjóðs voru ýmist veittir til tveggja eða þriggja ára og tafla 35 gefur yfirlit yfir skiptingu þeirra eftir árafjölda og kyni.

Tafla 36. Fjöldi og hlutfall nýdoktorastyrkja Nýliðunarsjóðs 2013-2014 eftir árafjölda og kyni.

	Fjöldi	Konur	Karlar	% konur	% karlar
Tvö ár	10	6	4	60%	40%
Þrjú ár	11	8	3	73%	27%
Samtals ár	53	36	17	68%	32%

Áætlaður kostnaður vegna nýdoktorastyrkja með launatengdum gjöldum og rannsóknastyrks er 317.788.000 krónur og fara 68% launanna og rannsóknarstyrksins til kvenna og 32% til karla.

Í töflu 37 kemur fram að sókn í styrki er mjög misjöfn eftir fræðasviðum. Úthlutun er að mestu í samræmi við þá meginreglu að við hverja úthlutun fari a.m.k. tveir styrkir til hvers fræðasviðs. Eina undantekningin er MVS. Árangurshlutfallið er hæst á HVS en lægst á MVS. HVS og HUG eru þau svið sem njóta fleiri en tveggja styrka að meðaltali á ári. Æskilegt væri að skoða

Þróunina yfir lengri tímabil. Í samanburði við markhópin er sókn í styrki hlutfallslega mest á FVS og minnst á HVS.

Tafla 37. Fjöldi, hlutfall og árangur umsókna um Nýdoktorastyrki Nýliðunarsjóðs eftir fræðasviðum.

	Umsóknir	Hlutfall	Styrkir	Hlutfall	Árangur
Félagsvísindasvið	16	12%	4	19%	25%
Heilbrigðisvísindasvið	23	17%	6	29%	26%
Hugvísindasvið	34	25%	5	24%	15%
Menntavísindasvið	5	4%	2	10%	40%
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	57	41%	4	19%	7%
Samtals	138	100%	21	100%	15%

Samantekt

Rúmlega 250 sóttu um nýjar lektorastöður sem Nýliðunarsjóður styrkti. Hlutfall kvenna í hópi umsækjenda var innan við 30% sem er mun lægra en í markhópnum. Sókn kvenna virðist því mun minni en karla og gæti verið ástæða til að skoða það nánar. Átta voru ráðnir, þrjár konur og sex karlar. Kynjahlutfallið breyttist lítið í umsóknarferlinu en hallar á karla um 1% þegar árangurshlutfall er mælt. Upphæðir styrkja skiptust á milli kynjanna í sömu hlutföllum og í styrkþegahópnum.

Fleiri konur en karlar sóttu um nýdoktorastyrki Nýliðunarsjóðs en kynjahlutfallið var í samræmi við markhópin. Sókn kvenna og karlar virðist því nokkuð jöfn. Veittur var 21 styrkur. Kynjahlutfallið breyttist eftir að ákvörðun var tekin og var árangurshlutfall karla 8% lægra en kvenna. Sókn í styrki var misjöfn eftir fræðasviðum en úthlutun að mestu í samræmi við þá meginreglu að við hverja úthlutun fari a.m.k. tveir styrkir til hvers fræðasviðs. HVS og HUG eru þau svið sem njóta fleiri en tveggja styrka að meðaltali á ári.

Kynjamunur upp á 8% í árangurshlutfalli vegna ráðninga í nýdoktorastöður vekur upp spurningar um það hvort réttlætis og sanngirnis hafi verið gætt. Varasamt er þó að draga of miklar ályktanir af gögnunum m.a. vegna meginreglunnar um tvo styrki til hvers sviðs og misjafni sókn í styrki eftir fræðasviðum. Mikilvægt er þó að fylgjast áfram með þróun mála.

Aðgengi að gögnum frá Nýliðunarsjóði var gott og gögnin fullnægjandi. Sjóðurinn virðist þó ekki eiga sína eigin heimasíðu og úr því þyrfti að bæta.

Sáttmálasjóður

Sáttmálasjóður starfar samkvæmt 79 gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 og setur háskólaráð reglur um úthlutun úr sjóðnum. Samkvæmt upplýsingum frá umsjónarmanni sjóðsins er Sáttmálasjóður ekki flokkaður með rannsóknasjóðum Háskóla Íslands þrátt fyrir að hann sé listaður sem slíkur á [heimasíðu HÍ](#). Styrkir úr Sáttmálasjóði eru einungis veittir til starfstengdra ferðalaga.

Fjármögnun

Sjóðurinn er fjármagnaður árlega með fjárveitingu frá háskólaráði.

- Fjárveitingar 2010-2014: 345.394.000 krónur.

Markhópur

Í markhópnum eru fastir kennarar (prófessorar, dósentar og lektorar) í fullu starfi auk vísindamanna, fræðimanna og sérfræðinga, sem ráðnir eru til sjálfstæðra vísindastarfa með a.m.k. 40% rannsóknarskyldu, hlotið hafa hæfnisdóm og taka laun samkvæmt kjarasamningum Félags háskólakennara og fjármálaráðuneytisins.

Auk þeirra getur annað starfsfólk Háskólans og háskólastofnana, sem hefur háskólapróf og gert hefur starfssamning við starfsmannasvið skólans sótt um fastan styrk annað hvert ár. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að umsækjandi hyggist afla sér færni og fróðleiks fyrir starf sitt við háskólann.

- Kynjahlutfall:
 - Akademískir starfsmenn: 42% konur og 58% karlar.
 - Annað starfsfólk: 51% konur og 48% karlar.

Framkvæmd og ábyrgð

Umsjónarmaður Sáttmálasjóðs er Birna Björnsdóttir verkefnisstjóri á fjármálasviði og sér hún um alla umsýslu vegna sjóðsins.

Mat á umsóknum

Þeir starfsmenn sem uppfylla úthlutunarreglur Sáttmálasjóðs geta sótt um styrk. Þær eru aðgengilegar á [vef sjóðsins](#) og á innri vef HÍ, Uglunni. Um tvenns konar styrki er að ræða, stærri og minni.

Stærri styrkir

Veittir eru styrkir vegna fargjalda og dagpeninga vegna ferða erlendis á vísindaráðstefnur, til þátttöku í alþjóðlegum vísindalegum verkefnum og til gagnaöflunar vegna rannsókna að uppfylltum skilyrðum sjóðsins. Heimildartímabil eru tvö ár og innan þess hámark á greiðslum vegna fargjalda og dagafjöldi vegna dagpeninga en upphæð þeirra ræðst af dvalarstað. Próffessorar, dósentar og lektorar í fullu starfi auk vísindamanna, fræðimanna og sérfræðinga sem ráðnir hafa verið til sjálfstæðra vísindastarfa með a.m.k. 40% rannsóknarskyldu, hafa hlotið hæfnisdóm og taka laun samkvæmt kjarasamningum Félags háskólakennara og fjármálaráðuneytisins geta fengið fullan styrk. Annað fastráðið starfsfólk í aðalstarfi við HÍ með starfshlutfall 51% eða meira og í sambærilegum stöðum getur fengið styrk í samræmi við starfshlutfall (Háskóli Íslands, 2013d).

Minni styrkir

Annað starfsfólk Háskólans sem hefur háskólapróf og hefur starfssamning við starfsmannasvið skólans getur sótt um minni styrkinn. Styrkuppheð er ákveðin upphæð og hægt að sækja um annað hvert ár. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að umsækjandi hyggist afla sér færni og fróðleiks fyrir starf sitt við skólann og uppfylli úthlutunarreglur sjóðsins um þátttöku í ráðstefnum, rannsóknarsamstarfi eða vegna gagnaöflunar (Háskóli Íslands, 2013d). Samkvæmt upplýsingum frá fjármálasviði tóku nýjar reglur gildi frá og með 1. janúar 2016.

Niðurstöður

Fjármálasvið sér um umsýslu sjóðsins og aflaði gagna til greiningar. Gögn bárust um úthlutunarár, styrkþega, starf, starfshlutfall, fræðasviði/stofnun, dvalarstað, tegund styrkja, upphæð og verkefni. Meginreglan er að þau sem á annað borð eiga rétt á styrk fá styrk í samræmi við reglur sjóðsins og var því ekki óskað eftir upplýsingum um umsækjendur.

- Styrkir voru 2.464, þar af 52% til kvenna og 48% til karla.
- Samtals voru greiddar 328.893.740, þar af 50% til kvenna og 50% til karla.
 - Kynjamunur óverulegur.
- Próffessorar, dósentar og lektorar voru 87% styrkþega.
- Eins og fram kemur í töflu 38 fengu álíka margar konur og karlar styrki úr Sáttmálasjóði hvort sem litið er til fargjalda, dagpeninga eða heildarfjölda. Kynjahlutfallið er í samræmi við markhópin fastráðna starfsmenn en hlutfall kvenna er mun lægra en í hópi próffessora, dósentar og lektora sem er langstærsti styrkþegahópur. Sókn kvenna virðist því meiri en karla. Þegar á heildina er litið skiptast upphæðir jafnt á milli kvenna og karla. Þó litlu muni þá veur það þó athygli að konur fá kerfisbundið 3% lægri upphæð en karlar úthlutað. Engin augljós skýring er á þessum kynjamun þar sem meginreglan er að umsækjendur fái umbeðna upphæð úr sjóðnum ef þau uppfylla á annað borð úthlutunarreglur og hafa ekki þegar fullnýtt rétt sinn.

Tafla 38. Fjöldi og upphæð styrkja úr Sáttmálasjóði 2010-2014 eftir tegundum styrkja og kyni.

	Fjöldi styrkja					Upphæð styrkja				
	Samtals	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Samtals	Konur	Karlar	% konur	% karlar
Fargjald	1.023	520	503	51%	49%	74.479.895	36.030.204	38.449.691	48%	52%
Dagpeningar	1.441	760	681	53%	47%	254.413.845	127.657.599	126.756.246	50%	50%
Samtals	2.464	1.280	1.184	52%	48%	328.893.740	163.687.803	165.205.937	50%	50%

Eins og tafla 39 sýnir eru próffessorar tæplega helmingur þeirra sem njóta styrkja úr Sáttmálasjóði og dósentar og lektorar um fimmtungur hvor. Samtals eru einstaklingar úr þessum hópum 87% styrkþega. Í samanburði við markhópin er sókn kvenpróffessora, -dósentar og -lektora meiri en karla sambærilegra karla en meðal karla í hópi aðjúnktar og sérfræðinga.

Tafla 39. Fjöldi og hlutfall styrkja úr Sáttmálasjóði 2010-2014 eftir starfsheiti og kyn.

	Fjöldi	% af heild	Konur	Karlar	% konur	% karlar
Próffessor	682	47%	266	416	39%	61%
Dósent	314	21%	196	118	62%	38%
Lektor	283	19%	193	90	68%	32%
Aðjúnkt	42	3%	25	17	60%	40%
Sérfræðingur, fræðimaður og vísindamaður	32	2%	12	13	38%	41%
Doktorsnemi og nýdكتور	16	1%	6	10	38%	63%
Stjórnendur*	32	2%	19	13	59%	41%
Millistjórnendur og verkefnastjórnar**	54	4%	40	14	74%	26%
Annað starfsfólk***	9	1%	9	0	100%	0%
Samtals	1464	100%	766	691	52%	47%

* Forsetar, forstöðumenn, sviðstjóri, framkvæmdastjóri

** Deildarstjóri, rekstrarstjóri, skrifstofustjóri, starfsmannastjóri, verkefnastjóri, lögfræðingur, prófstjóri, markaðsstjóri, kerfisstjóri, byggingastjóri.

***Náms- og starfsráðgjafi, alþjóðafulltrúi, bókasafns- og upplýsingafræðingur, bókavörður.

Eins og fram kemur í töflu 40 þá kemur enginn kynjamunur fram í upphæðum hjá þeim hópum sem fá fasta hámarksupphæð m.a. aðjúnktum og doktorsnemunum/nýdكتورum. Meginreglan innan annarra hópa þar sem bæði kynin sækja um styrk, er að karlar fá að meðaltali hærri styrk en konur og munar á 2.526 - 85.666 krónum. Mestur er munurinn í sérfræðingahópnum og í hópi stjórnenda en minnstur í hópi millistjórnenda og verkefnastjóra. Eina undantekningin er í hópi lektora en þá fá konur að meðaltali 4.847 krónum hærri styrk en karlar.

Tafla 40. Upphæð og meðaltal styrkja úr Sáttmálasjóði 2010-2014 eftir starfsheiti og kyni.

	Samtölur		Konur		Karlur	
	Upphæð	Meðaltal	Upphæð	Meðaltal	Karlur	Meðaltal
Prófessor	162.891.726	238.844	59.959.081	225.410	102.932.645	247.434
Dósent	75.262.322	239.689	45.314.724	231.198	29.947.598	253.793
Lektor	65.767.404	232.394	45.149.481	233.935	20.617.923	229.088
Aðjúnt	4.200.000	100.000	2.500.000	100.000	1.700.000	100.000
Sérfræðingur, fræðimaður og vísindamaður	6.780.983	211.906	1.753.617	146.135	3.013.405	231.800
Doktorsnemi og nýdoktor	1.600.000	100.000	600.000	100.000	1.000.000	100.000
Stjórnendur*	6.519.635	203.739	3.506.230	184.538	3.013.405	231.800
Millistjórnendur og verkefnastjórnar**	5.171.670	95.772	3.804.670	95.117	1.367.000	97.643
Annað starfsfólk***	700.000	77.778	700.000	77.778	-	-

* Forsetar, forstöðumenn, sviðstjóri, framkvæmdastjóri

** Deildarstjóri, rekstrarstjóri, skrifstofustjóri, starfsmannastjóri, verkefnastjóri, lögfræðingur, prófstjóri, markaðsstjóri, kerfisstjóri, byggingastjóri.

*** Náms- og starfsráðgjafi, alþjóðafulltrúi, bókasafns- og upplýsingafræðingur, bókaforður.

Eins og fram kemur í töflu 41 er sókn innan fræðasviðanna í styrki Sáttmálasjóðs nokkuð sambærileg í prósentum talið og samræmi milli hlutfallslegs fjölda styrkja og hlutfalls af heildarupphæð. VON sker sig þó úr en það er eina sviðið þar sem hlutfall af heildargreiðslum er hærra en hlutfall af heildarstyrkjafjölda.

Tafla 41. Fjöldi, upphæð og hlutfall greiðslna úr Sáttmálasjóði 2010-2015 eftir fræðasviðum og öðrum einingum.

	Fjöldi	Hlutfall	Fargjald	Dagpeningar	Samtals	Hlutfall
Félagsvísindasvið	321	22%	16.230.051	23.235.761	67.400.010	21%
Heilbrigðisvísindasvið	287	20%	15.056.852	50.939.747	65.996.599	20%
Hugvísindasvið	260	18%	12.075.877	42.360.686	54.436.563	17%
Menntavísindasvið	305	21%	14.762.699	52.457.223	67.219.922	20%
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	240	16%	15.006.194	50.455.428	65.461.622	20%
Fjármál og rekstur	7	0%	-	700.000	700.000	0%
Vísindi og kennsla	10	1%	-	1.000.000	1.000.000	0%
Stofnanir	31	2%	1.348.222	5.030.802	6.379.024	2%
Samtals	1.461	100%	74.479.895	226.179.647	328.593.740	100%

Í samanburði við markhópin er sókn fræðasviðanna í styrki nokkuð jöfn en þó minnst á HVS.

Samantekt

Konur eru rúmlega helmingur þeirra sem fá styrki úr Sáttmálasjóði og er kynjahlutfallið ekki í samræmi við markhópin þegar litið er til þess að prófessorar, dósentar og lektorar eru mikill meirihluti styrkþega. Það sem skýrir stöðu mála er að konur úr hópi prófessora, dósentar og lektora sækja hlutfallslega oftar um styrki en sambærilegir karlar en staðan snýst við í hópi aðjúnkta og sérfræðinga. Karlur virðast af einhverjum ástæðum sækja frekar en konur um styrki sem réttlæta hærrí fjárhæðir, hvort sem það er vegna dvalarstaðar eða lengdar dvalar. Það birtist sem gegnumgangandi kynjamunur upp á 3%. Þó slíkur munur teljist ekki verulegur þá gæti það t.d. verið áhugavert rannsóknarefni hvort karlar hafi frekar en konur tækifæri til að dvelja lengur að heiman. Sókn í styrki var að mestu í samræmi við fjölda akademískra starfsmanna fræðasviðanna en minnst á HVS.

Aðgengi að upplýsingum var gott og gögn bárust fljótt og vel.

Starfsþróunarsjóður

Starfsþróunarsjóður hefur ekki heimasíðu og engar upplýsingar er að finna um hann á vef háskólans. Skiptar skoðanir voru um það hvort hann ætti heima í úttektni. Meðal annars var bent á að einstaklingar gætu ekki sótt um styrki úr honum. Ákveðið var að hafa hann með í yfirlitinu þar sem hann fellur undir vinnuskilgreininguna á sjóðum og styrkir verkefni sem tengjast starfsmannamálum.

Markmið Starfsþróunarsjóðs er að styrkja starfseiningar vegna starfsloka starfsmanna í tengslum við breytingar þar sem önnur störf bjóðast ekki og styrkja nýjar stöður vegna sérstakra aðstæðna. Mál sem fá afgreiðslu eru starfslok, nýráðningar, sértæk mál er tengjast skipulagsbreytingum og langvarandi veikindi og sérstakar aðstæður (Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri framkvæmda- og tæknisviðs, tölvupóstur 18. mars 2016).

Fjármögnun

Sjóðurinn fær árlega fjárveitingu frá háskólaráði.

- Fjárveiting 2010-2014: 162.621.000 krónur.

Framkvæmd og ábyrgð

Þriggja manna nefnd tekur ákvörðun um styrkveitingar. Í henni sitja einn karl (33%) og tvær konur (67%). Engar upplýsingar bárust um hvernig staðið er að skipun nefndarinnar en í henni sitja starfsmenn úr stjórnarsýslu.

Markhópur

Háskóli Íslands og einingar innan hans.

- Kynjahlutfall: Á ekki við.

Mat á umsóknum

Verklagsreglur við úthlutun eru endurskoðaðar árlega. Mál sem fá afgreiðslu eru starfslok, nýráðningar, sértæk mál er tengjast skipulagsbreytingum og langvarandi veikindi og sérstakar aðstæður. Úthlutunarnefnd metur hverja umsókn með tilliti til aðstæðna m.a. fjárhagsstöðu viðkomandi einingar. Hámarksskuldbinding er til þriggja ára, hámark af launakostnaði 50% á tímabilinu og hámarksupphæð vegna einstakra mála 3,5 milljónir á ári (miðað við árið 2011). Afgreiðsla mála tekur einnig mið af því fjármagni sem til úthlutunar er (Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri framkvæmda- og tæknisviðs, tölvupóstur 18. mars 2016).

Niðurstöður

Þar sem ákvörðun um að hafa Starfsþróunarsjóð með í yfirlitinu var tekin mjög seint í vinnsluferlinu var látið nægja að lágmarksgagna til að skoða heildarmyndina.

Upplýsingar um sjóðinn og úthlutanir úr honum bárust frá framkvæmdastjóra framkvæmda- og tæknisviðs. Gögn bárust um úthlutunarreglur, þá málaflokka sem styrkir hafa verið og greiddar upphæðir eftir tegundalyklum úr bókhaldi) og árum. Auk þess bárust upplýsingar um skiptingu kostnaðarhlutdeildar í sameiginlegri þjónustu eftir fræðasviðum en hvorki hvað verið var að styrkja né kyn þeirra sem nutu styrkjanna. Engin gögn eru til um innsendar beiðnir eða umsóknir sem hafnað hefur verið.

- Samtals var úthlutað 128.882.589 milljónum.

Tafla 42 sýnir skiptingu fjármagns eftir tegundalyklum úr bókhaldskerfi. Um 90% heildarupphæðarinnar eru millifærslur inn á aðrar rekstrareiningar innan skólans, nefnt kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu. Þau 10% sem eftir standa eru styrkir vegna námskeiða, lögfræðikostnaðar, þjónustu sálfræðinga og félagsráðgjafa og annarra sérverkefna.

Tafla 42. Veittir styrkir úr Starfsþróunarsjóði 2010-2014 eftir tegund kostnaðar.

	2010	2011	2012	2013	2014	2010-2014
Námskeið og skólagjöld*				600.000	552.000	1.152.000
Lögfræðiþjónusta og málaferli			2.958.538		- 315.150	2.643.388
Sálfræðingar og félagsfræðingar (án vsk.)			455.000		1.147.000	1.602.000
Önnur sérfræðiþjónusta, án vsk.**			2.793.491			2.793.491
Til ríkisstofnanna í A-hluta***			5.000.000			5.000.000
Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu, óskipt	10.733.961	17.156.227	36.556.424	26.232.662	25.012.436	115.691.710
Samtals	10.733.961	17.156.227	47.763.453	26.832.662	26.396.286	128.882.589

*Núvitundarnámskeið **Klínísk kennsla á heilsugæslustöðvum ***Landsþítali vegna starfsmanna á bókasafni

Í töflu 43 má sjá hvernig kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu skiptist milli rekstrareininga. Tæplega helmingur upphæðarinnar fer til VON, tæpur þriðjungur til HVS, innan við tíund skiptist milli annarra fræðasviða og fimmtungur fer til miðlægrar stjórnsýslu.

Tafla 43. Upphæð og hlutfall veittra styrkja úr Starfsþróunarsjóði 2010-2014 vegna kostnaðarhlutdeildar í sameiginlegar þjónustu eftir einingum.

	Upphæð	Hlutfall
Félagsvísindasvið	3.594.020	3%
Heilbrigðisvísindasvið	31.300.191	27%
Hugvísindasvið	2.650.000	2%
Menntavísindasvið	2.000.000	2%
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	52.773.525	46%
Miðlæg stjórnsýsla	23.373.974	20%
Samtals	115.691.710	100%

Ójöfn dreifing styrkja vekur athygli og bendir til þess að þörf eininga fyrir styrki sé mismikil. Með hliðsjón af markmiði sjóðsins og þeim málum sem fá afgreiðslu gæti verið ástæða til að afla frekari gagna.

Samantekt

Starfsþróunarsjóður fær að meðaltali rúmlega 32 milljóna króna fjárveitingu á ári. Skiptar skoðanir eru um það hvort sjóðurinn eigi að flokkast sem sjóður eða ekki. Engar upplýsingar eru að finna um sjóðinn á vef háskólans, styrkir ekki auglýstir og gögnum um umsóknir/beiðnir og úthlutanir ekki safnað með skipulögðum hætti. Um 90% fjármagnsins fer til verkefna sem flokkast sem kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu. Tæplega helmingur fer til VON og tæpur þriðjungur til HVS, fimmtungur til miðlægrar stjórnsýslu og þau 7% sem eftir standa skiptast á milli FVS, HUG og MVS. Þörf fræðasviðanna fyrir styrki sjóðsins virðist því misjöfn. Ástæða gæti verið til að afla ýtarlegri gagna og greina styrkjaflokka eftir fræðasviðum og kyni, eftir því sem við á.

Tækjakaupasjóður

Tækjakaupasjóður styrkir kaup á sérhæfðum tækjum til kennslu og rannsókna. Tilgangur hans er að efla rannsóknir og kennslu við háskólann (Háskóli Íslands, 2015n).

Fjármögnun

Sjóðurinn fær árlega fjárveitingu frá Háskólaráði. Upplýsingar um fjárveitingar bárust ekki en samkvæmt upplýsingum frá vísinda- og nýsköpunarsviði er meginreglan sú að öllu fjármagni er úthlutað.

- Áætluð fjárveiting: 137.000.000 kr.

Framkvæmd og ábyrgð

Tækjakaupanefnd úthlutar styrkjum til tækjakaupa á grundvelli forgangsroðunar vísindanefnda fræðasviðanna (Háskóli Íslands, 2015n).

Tækjakaupanefnd

Í tækjakaupanefnd sitja formenn kennslumála-, vísinda- og fjármálanefnda.

- Kynjahlutfall: Upplýsingar vantar.

Vísindanefndir

Upplýsingar bárust ekki frá tveimur fræðasviðum. Í þeim tilvikum sem upplýsingar bárust var kynjahlutfallið í vísindanefndum u.þ.b. 40/60 og hallaði á ýmist á konur eða karla. Í einu tilviki var hlutfall kvenna 25 % og karla 75% og því ekki í samræmi við ákvæði jafnréttisáætlunar.

Markhópur

Kennarar og sérfræðingar Háskóla Íslands og stofnana hans geta sótt um stuðning sjóðsins.

- Kynjahlutfall: Konur 42% og karlar 58%.

Mat á umsóknum

Við mat er einkum litið til „aðstöðu umsækjanda, rannsóknaverkefna sem umsækjandi vinnur að, hvort tækið nýtist öðrum á viðkomandi sviði og til þess hvort um mótframlag er að ræða.“ (Háskóli Íslands, 2015n).

Niðurstöður

Styrkir eru auglýstir lausir til umsóknar einu sinni á ári. [Rafrænt umsóknareyðublað og leiðbeiningar](#) eru aðgengilegar meðan opið er fyrir umsóknir (Háskóli Íslands, 2015þ).

Vísinda- og nýsköpunarsvið sér um umsýslu sjóðsins og aflaði gagna til greiningar. Samkvæmt upplýsingum frá sviðinu var árin 2010 og 2011 hægt að sækja um vegna tveggja flokka, styrk til sérhæfðra tækjakaupa og verkefnabundinna. Eftir það hafa einungis verið veittir styrkir til verkefnabundinna tækjakaupa. Gögnin vegna beggja flokka voru því greind saman. Upplýsingar um umsóttu upphæð vantaði í einu tilviki og var hún ekki talin með. Umsóknin var frá karli og fékk neikvæða afgreiðslu. Ábending barst um að umsækjandi væri oft í forsvari fyrir verkefni og því segði kyn hans ekki endilega til um það hverjir nyту styrkjanna.

Gögn var hægt að greina eftir úthlutunarári, kyni (aðal)umsækjanda, starfi, fræðasviði/stofnun, flokki, umsótri upphæð og veittum styrk.

- Umsóknir voru 309, þar af 40% frá konum og 60% frá körlum.
- Styrkir voru 67; þar af 41% til kvenna og 59% til karla.
- Heildarupphæð umsókna var 387.794.000, 31% til verkefna þar sem konur voru aðalumsækjendur og 69% til verkefna þar sem karlar voru aðalumsækjendur.
- Heildarupphæð styrkja var 184.638.000, 35% til verkefna þar sem konur voru aðalumsækjendur og 65% til verkefna þar sem karlar voru aðalumsækjendur.
- Árangurshlutfall kvenna mældur í fjölda styrkja var 54% og karla 52%.
- Árangurshlutfall kvenna mældur í upphæð styrkja var 51% og karla 46%.

Tafla 44 gefur yfirsýn yfir fjöldi, hlutfall og árangur umsókna úr Tækjakaupasjóði. Þar kemur fram að sókn í styrki er misjöfn eftir fræðasviðum. Mest er hún hjá HVS og VON en þaðan koma 2/3 hlutar umsóknanna. Árangurshlutfallið er hæst þegar tvö fræðasvið sækja saman um styrk eða 100% og næstbestur hjá stofnunum eða 72%. Fjögur fræðasviðanna fá 46-59% umsókna sinna samþykkt en MVS sker sig úr með innan við þriðjungs árangur. Þegar á heildina er litið eru konur 40% (aðal)umsækjenda sem er svipað hlutfall og í markhópnum. Árangur kynjanna er misjafn innan sviða og hallar á karla á FVS, HVS og MVS en konur á HUG og VON. Mestur er munurinn 34% á FVS og minnstur á VON 10%. Þegar á heildina er kynjamunurinn lítil en hallar á karla um 2%.

Tafla 44. Fjöldi, hlutfall og árangur umsókna úr Tækjakaupasjóði 2010-2014 eftir fræðasviðum og kyni.

	Umsóknir						Styrkir						Árangur		
	Alls	%	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	%	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Svið	Konur	Karlar
FVS	17	6%	9	8	53%	47%	10	6%	7	3	70%	30%	59%	78%	38%
HVS	98	32%	40	58	41%	59%	57	35%	28	29	49%	51%	58%	70%	50%
HUG	13	4%	6	7	46%	54%	6	4%	2	4	33%	67%	46%	33%	57%
MVS	42	14%	27	15	64%	36%	12	7%	9	3	75%	25%	29%	33%	20%
VON	109	35%	28	81	26%	74%	55	34%	12	43	22%	78%	50%	43%	53%
Tvö svið	5	2%	1	4	20%	80%	5	3%	1	4	20%	80%	100%	100%	100%
Stofnanir	25	8%	12	13	48%	52%	18	11%	8	10	44%	56%	72%	67%	77%
Samtals	309	100%	123	186	40%	60%	163	100%	67	96	41%	59%	53%	54%	52%

Eins og tafla 45 sýnir dreifist fjármagn mjög ójafnt á milli fræðasviða en í samræmi við umsóknir. Samtals sækja HVS og VON um 78% heildarupphæðarinnar og fá 73% af því sem úthlutað er. Þegar á heildina er litið er árangur mældur í upphæðum bestur þegar tvö svið sækja um saman eða 87%. Árangur fræðasviðanna er misjafn og kynjamunur innan fræðasviða yfirleitt verulegur og hallar ýmist á konur eða karla.

Tafla 45. Upphæð og hlutfall umsótra og veittra styrkja úr Tækjakaupasjóði 2010-2014 eftir fræðasviðum og kyni í þús. króna.

	Umsóknir						Styrkir						Árangur		
	Samtals	%	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Samtals	%	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Svið	Konur	Karlar
FVS	8.279	2%	5.397	2.882	65%	35%	4.930	3%	4.318	612	88%	12%	60%	80%	21%
HVS	138.295	36%	57.068	81.227	41%	59%	66.958	36%	32.189	34.769	48%	52%	48%	56%	43%
HUG	7.288	2%	2.405	4.883	33%	67%	3.417	2%	666	2.751	19%	81%	47%	28%	56%
MVS	24.348	6%	13.167	11.181	54%	46%	9.688	5%	7.377	2.311	76%	24%	40%	56%	21%
VON	164.224	42%	39.808	124.416	24%	76%	68.069	37%	14.284	53.785	21%	79%	41%	36%	43%
Tvö svið	14.793	4%	1.439	13.354	10%	90%	12.927	7%	1.439	11.488	11%	89%	87%	100%	86%
Stofnanir	30.567	8%	17.199	13.368	56%	44%	18.649	10%	9.327	9.322	50%	50%	61%	54%	70%
Samtals	387.794	100%	136.483	251.311	35%	65%	184.638	99%	69.600	115.038	38%	62%	48%	51%	46%

Samkvæmt upplýsingum frá vísinda- og nýsköpunarsviði er megin reglan að styrkþegar fá þá upphæð sem óskað er eftir. Til að skoða dreifingu á milli sviða og hvort kynjamunur kæmi fram í þeim tilvikum sem meginreglu er ekki fylgt voru gögn um árangur þeirra sem fengu styrk skoðuð sérstaklega.

Eins og fram kemur í töflu 46 var árangur fræðasviðanna mældur í upphæðum yfir 88% að meðaltali en ekki 100% eins og meginreglan segir til um. Sú er reyndar raunin á HUG og FVS og HVS fylgja næst á eftir með 92-94%. Árangurshlutfall annarra sviða er undir 90% og þar rekur MVS lestina með 83% af umbeðinni upphæð. Kynjamunur kemur fram innan allra svið og eininga nema á HVS (enda árangur þar 100%) og munar 5% eða meira í nær öllum tilvikum og hallar á karla innan allra fræðasviða nema á FVS.

Tafla 46. Árangur umsókna sem fengu styrk úr Tækjakaupasjóði 2010-2014 mældur í upphæðum, eftir fræðasviðum og kyni.

	Árangurshlutfall		
	Svið	Konur	Karlar
FVS	94%	94%	100%
HVS	92%	98%	87%
HUG	100%	100%	100%
MVS	83%	93%	62%
VON	86%	90%	85%
Tvö svið	87%	100%	86%
Stofnanir	84%	86%	83%
Samtals	88%	94%	85%

Samantekt

Sókn fræðasviðanna í styrki vegna tækjakaupa er mjög misjöfn og langmest á HVS og VON. Þaðan koma samtals 67% umsókna og er sótt um 78% heildarupphæðarinnar. Um 69% styrkjanna fara til þessara sviða og samtals 73% fjárveitingarinnar. Það vekur athygli að 14% umsókna skila MVS ekki nema 7% styrkja og er árangurshlutfall sviðsins það lægsta.

Þegar á heildina er litið eru karlar oftast en konur aðal(umsækjendur) en kynjahlutfallið í svipað og innan markhópsins í heild. Árangur fræðasviða og stofnanna er misjafn og munar oft miklu. Árangurshlutfall kvenna er 2% hærra en karla hvort sem mælt er í fjölda styrkja eða upphæðum.

Aðstoðarkennarastyrkir fyrir doktorsnema

Aðstoðarkennarastyrkir eru ætlaðir doktorsnemum sem ekki hafa fengið grunnframfærslu frá öðrum sjóðum (Rannsóknasjóði HÍ, Háskólasjóði H/f Eimskipafélags Íslands o.s.frv.) og eru skilyrtir því að viðkomandi deild útvegi kennslu fyrir styrkþegann sem deildin greiðir (Háskóli Íslands, 2012e).

Framkvæmd og ábyrgð

Sótt er um til fræðasviðanna sem forgangsraða umsóknum og senda niðurstöðu sína til Miðstöðvar framhaldsnáms. Miðstöðin tekur lokaákvörðun og ber ábyrgð á úthlutunum.

Fræðasviðin

Fagráð fræðasviðanna eða ígildi þeirra sem forgangsraða umsóknum sinna sviða.

- Kynjahlutfall. Vantar upplýsingar

Vinnuhópur innan Miðstöðvar framhaldsnáms

Þriggja manna vinnuhópur skipaður einum fulltrúa Miðstöðvar framhaldsnáms, sviðsstjóra vísinda- og nýsköpunarsviðs og öðrum starfsmanni þess tekur lokaákvörðun um veitingu styrkja með hliðsjón af forgangsröðun fræðasviðanna.

- Kynjahlutfall: 0 konur og 3 karlar.

Markhópur

Í markhópi eru doktorsnemar háskólans sem ekki njóta grunnframfærslu frá öðrum sjóðum.

- Kynjahlutfall meðal doktorsnema: Konur 61% og karlar 39%.

Mat á umsóknum

Stuðst er við Verklagsreglur um aðstoðarkennarastyrki (Háskóli Íslands, 2012e) við mat á umsóknum og forgangsröðun þeirra. Helstu áhrifaþættir eru:

- Forgangsröðun sviðs.
- Fjöldi doktorsnema á sviði.
- Frammistaða stúdents, svo sem ritvirkni og framvinda í námi. Að jafnaði ganga þeir nemendur fyrir sem eru komnir áleiðis í námi sínu og hafa sýnt virkni í námi og rannsóknum.
- Akademískur styrkur leiðbeinanda s.s. ritvirkni, reynsla af leiðsögn og birt efni á sviði verkefnisins.

Niðurstöður

Samkvæmt upplýsingum frá Miðstöð framhaldsnáms eru styrkirnir auglýstir einu sinni á ári, með auglýsingu Miðstöðvar framhaldsnáms til forseta og rekstrarstjóra fræðasviða og fylgja umsóknareyðublað og verklagsreglur. Leiðbeinandi fyllir út umsókn í samvinnu við nemanda og skilar inn til Miðstöðvar framhaldsnáms.

Gögn úr umsóknarferli bárust frá Miðstöð framhaldsnáms um úthlutunarár og fjölda og kyn doktorsnema sem sóttu um og fengu styrk. Sótt er um styrk fyrir hvert skólaár en kennsla getur farið fram á öðru misserinu eða báðum.

Upplýsingar um greiddar upphæðir bárust ekki en samkvæmt upplýsingum frá Miðstöðinni er hver styrkur ákveðin upphæð. Til viðmiðunar var styrkurinn 2 milljónir í upphafi árs 2014 sem er um 66% af launum doktorsnema.

- Umsóknir voru samtals 178; 60% frá konum og 40% frá körlum.
- Styrkþegar voru samtals 96; 66% konur og 34% karlar.
- Árangurshlutfall kvenna var 59% og karla 46%.

- Miðað við upphæð styrks í ársbyrjun 2014, 2 milljónir, má áætla að sjóðurinn hafi hafi úthlutað styrkjum samtals að upphæð 192 milljónir auk kostnaður vegna launatengdra gjalda. Styrkurinn skiptist á milli kynjanna eins og í styrkþegahópnum.

Tafla 47 gefur yfirsýn yfir fjölda og hlutfall umsókna og styrkja eftir kyni. Þar sést að fjöldi umsókna er misjafn milli ára og fækkar allt tímabilið mun meira en styrkjunum. Kynjahlutfallið í umsækjendahópnum er misjafnt milli ára en konur alltaf í meirihluta. Árangurhlutfall kynjanna einnig misjafn milli ára og árangur kvenna oftast hærra en karla og hallar á karla um 13% þegar á heildina er litið. Athygli vekur hversu mikið kynjamunurinn eykst árið 2013. Þó heldur dragi saman með kynjunum síðasta úttektarárið þá er munurinn meiri en árin 2010 og 2011. Leitað var upplýsinga hjá Miðstöð framhaldsnáms um hugsanlegar skýringar, t.d. hvort verklagsreglur hefðu breyst en engar skýringar fundust.

Tafla 47. Fjöldi, hlutfall og árangur umsókna um Aðstoðarkennarastyrki fyrir doktorsnema 2010-2014 eftir árum og kyni.

	Umsóknir					Styrkir					Árangur		
	Alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Fjöldi	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	Konur	Karlar
2010	42	24	18	57%	43%	20	12	8	60%	40%	48%	50%	44%
2011	38	23	15	61%	39%	20	13	7	65%	35%	53%	57%	47%
2012	35	21	14	60%	40%	19	11	8	58%	42%	54%	52%	57%
2013	34	22	12	65%	35%	19	15	4	79%	21%	56%	68%	33%
2014	29	16	13	55%	45%	18	12	6	67%	33%	62%	75%	46%
2010-2014	178	106	72	60%	40%	96	63	33	66%	34%	54%	59%	46%

Þegar á heildina er litið er hlutfall kynjanna meðal umsækjenda í samræmi við markhópin og sókn kynjanna því sambærileg.

Engar upplýsingar bárust um skiptingu styrkja milli fræðasviða.

Samantekt


Alls bárust 178 umsóknir um Aðstoðarkennarastyrki fyrir doktorsnema og fór sókn í styrki minnkandi á úttektartímabilinu. Veittir voru 96 styrkir og fóru um 2/3 hluti þeirra til kvenna og þriðjungur til karla. Kynjahlutfallið breytist eftir að ákvörðun hefur verið tekinn og hallar á karla um 13% þegar árangur yfir allt úttektartímabilið er reiknaður. Kynjamunur í árangri eykst árið 2013 sem engar skýringar fundust á. Engar upplýsingar bárust um upphæð styrkja eða skiptingu milli fræðasviða.

Aðgengi að gögnum og upplýsingum má bæta. Styrkir eru auglýstir árlega, verklagsreglur aðgengilegar og umsóknir rafrænar. Upplýsingar úr umsóknarferli voru aðgengilegar í vinnuskjali en upplýsingar um upphæðir og heildarúthlutun ekki. Upplýsingar um þá hópa sem sjá um forgangsörðun innan fræðasviða voru ekki auðveldlega aðgengilegar. Kynjahlutfallið í hópi þeirra sem endanlega ákvörðun taka er ekki í samræmi við markmið jafnréttisáætlunar HÍ enda engar konur í þeim hópi. Ákvæði um skipun í vinnuhópinn skýrir ekki stöðuna en ekki útilokað að þekking á málefnum sjóðsins eða aðrar hæfniskröfur geri það.

SJÓÐIR SEM ÚTHLUTUÐU 40-100 MILLJÓNUM


Undir þennan flokk falla Kennslumálasjóður og Sjóður um árangurstengda tilfærslu starfsþátta, sem eiga það sameiginlegt að vera sjóðir sem akademískt starfsfólk getur sótt í, og svo Aðstoðarkennarastyrkir fræðasviðanna sem nemendur njóta styrkja úr. Allir eiga þeir það sameiginlegt að hafa fengið heildarfjárveitingu á árunum 2010-2014 upp á um 40-100 milljónir.

Kennslumálasjóðurinn er samkeppnissjóður en greiðslur úr Sjóðnum um árangurstengda tilfærslu starfsþátta byggir að mestu á útreiknuðum aflstigum. Almennt gildir sú regla að allir sem sækja um í aðstoðarmannasjóði fræðasviðanna og uppfylla skilyrði hans fá úthlutað og er styrkur til nemenda tiltekin upphæð.



Mynd 10. Yfirlitsmyndir yfir fjölda og greiðslur til starfsmanna HÍ úr sjóðum sem úthlutuðu 50-100 milljónum 2010-2014 eftir kyni annars vegar og fræðasviðum hins vegar.

Mynd 10 sýnir heildarstöðuna fyrir þá sjóði í þessum flokki sem styrkja starfsmenn. Eins og vinstri hluti myndar 10 sýnir þá eru karlkyns starfsmenn HÍ mikill meirihluti þeirra sem fá styrki úr sjóðum í þessum flokki. Skýringa á þeirri stöðu mála er að leita í markhópnum. Gott samræmi er milli fjölda greiðslna/styrkja til kvenna og karla en hallar á konur um 2%. Fjöldi styrkja/greiðslna og hlutfall af heildarupphæð dreifist misjafnt milli fræðasviðanna og er sjaldan í fullkomnu samræmi við starfsmannahópinn nema þá helst á HUG. Á FVS og MVS er hlutfall styrkja og greiðslna lægra en meðal starfsmanna en lægra hlutfall styrkja en herra hlutfall greiðslna á HVS. VON sker sig úr en þar er hlutfall bæði styrkja og heildargreiðslna hærri en hlutfallslegur fjöldi akademískra starfsmanna.



Mynd 11. Yfirlitsmyndir yfir fjölda og greiðslur til nemenda úr sjóðum sem úthlutuðu 100-500 milljónum 2010-2014 eftir kyni annars vegar og fræðasviðum hins vegar.

Mynd 11 sýnir heildarstöðuna fyrir þá sjóði í þessum flokki sem styrkja nemendur. Eins og vinstri hluti myndar 11 sýnir er gott samræmi milli hlutfallslegs fjölda styrkja til nemenda og greiddrar upphæðar. Hægri hluti myndarinnar sýnir að misjafnt er milli fræðasviða hversu hátt hlutfall styrkja og heildarupphæðar fer til nemenda þeirra og er það ekki í öllum tilvikum í samræmi við nemendafjölda. Á FVS og HVS er samræmið gott. Staða á HUG og MVS einkennist af því að hlutfall styrkja og heildarupphæðar er hærri en hlutfallslegur fjöldi nemenda. Von sker sig úr með mun lægra hlutfall styrkja og heildarupphæðar en hlutfallslegan fjölda nemenda. Ekki er ljóst hvað skýrir þá stöðu en hún er mjög óvenjuleg.

Kennslumálasjóður

Reglur fyrir Háskóla Íslands, VIII. kafli, 76. gr. kveða á um að tilgangur Kennslumálasjóðs sé „að stuðla að nýmælum í kennsluháttum og endurbótum á kennslu við háskólann.“ Sjóðurinn er samkeppnissjóður.

Fjármögnun

Sjóðurinn fær árlega fjárveitingu frá Háskólaráði (Háskóli Íslands, 2012c). Upplýsingar bárust ekki um nákvæmar tölur en samkvæmt upplýsingum frá umsjónarmanni sjóðsins mun sjóðurinn hafa fengið árlega fjárveitingu upp á um 12 milljónir króna.

- Áætluð fjárveiting 2010-2014: 60.000.000 kr.

Markhópur

Í markhópi eru fræðasvið, deildir, námsbrautir eða hópar kennara sem þróa vilja kennsluhætti, gæðamat á kennslu eða auka færni kennara í starfi (Háskóli Íslands, 2012c).

- Kynjahlutfall: Á ekki við.

Framkvæmd og ábyrgð

Kennslumálanefnd háskólaráðs úthlutar styrkjum (Háskóli Íslands, 2012c). Sjö einstaklingar sitja í nefndinni; formaður, einn fulltrúi stúdenta og fimm fulltrúar fræðasviðanna. Tafla 46 sýnir kynjahlutfallið meðal nefndarmanna árin 2012-2015 sem eru þau ár sem gögn bárust um frá sjóðnum (sjá nánar í kaflanum Niðurstöður).

Tafla 48. Fjöldi og hlutfall nefndarmanna í kennslumálanefnd 2012-2015 eftir árum og kyni.

	Fjöldi	Konur	Karlar	% konur	% karlar
2012	7	2	5	29%	71%
2013	7	3	4	43%	57%
2014	7	5	2	71%	29%
2015	7	4	3	57%	43%
2012-2015	28	14	14	50%	50%

Eins og tafla 46 sýnir þá er kynjahlutfallið í kennslumálanefnd misjafnt milli ára og hallar ýmist á konur eða karla. Þegar á heildina er litið var kynjahlutfallið jafnt. Árin 2012 og 2014 var það þó ekki í samræmi við markmið jafnréttisáætlunar HÍ um jafna þátttöku kvenna og karla.

Mat á umsóknum

Samkvæmt Vinnureglum kennslumálanefndar er við forgangsöröðun umsókna er tekið mið af því hvort:

- Tryggt sé að námsefni verði notuð á tilteknum námskeiðum.
- Verkefni nýtist hópi kennara og í fleiri námskeiðum en einu.
- Umsækjandi um styrk til námsefnisgerðar uppfylli kröfur um fagmennsku og ritstörf (Háskóli Íslands, 2012c)

Niðurstöður

Styrkir eru auglýstir lausir til umsóknar einu sinni á ári. [Rafrænt umsóknareyðublað og leiðbeiningar](#) eru aðgengilegar meðan opið er fyrir umsóknir (Háskóli Íslands, 2015z).

Kennslusvið sér um umsýslu sjóðsins og aflaði gagna til greiningar. Í sparnaðarskyni var ekki úthlutað úr sjóðnum árin 2010-2011 og bærust því gögn fyrir tímabilið 2012-2015. Gögnin voru greinanleg eftir umsóknarári, kyni umsækjanda, fræðasviði, deild, stöðu, umsótttri upphæð og upphæð styrks.

- Umsóknir voru samtals 141, þar af 51% frá konum og 49% frá körlum.
- Styrkir voru samtals 82, þar af 54% til kvenna og 46% til karla.
- Samtals var sótt um 135.754.458 króna, þar af sóttu konur um 52% og karlar 48%.
- Samtals var úthlutað 47.475.000 króna, 49% til kvenna og 51% til karla.
- Árangurshlutfall kvenna mælt í fjölda styrkja var 65% og karla 55%.
- Árangurshlutfall kvenna vegna upphæða styrkja var 34% og karla 36%.

Tafla 49 gefur yfirlit yfir fjölda umsókna og styrkja, upphæðir og árangur. Eins og fram kemur í töflunni voru því sem næst jafnmargar konur og karlar í forsvari umsókna um styrki til Kennslumálasjóðs. Dæmigert er að konur og karlar sækja um sömu upphæð eða eina milljón króna. Munur á meðaltali og miðgildi hjá báðum kynjum bendir til þess að útlagar séu í gagnasafni bæði kvenna og karla í hækkandi átt. Öfugt við það sem gerist á umsóknarstiginu er miðgild beggja kynja herra en meðaltalið sem bendir til útlaga í lækkandi átt. Árangurshlutfall kvenna er 6% herra en karla mældur í fjölda styrkja en árangurshlutfall karla 2% herra en kvenna mælt í upphæðum.

Tafla 49. Fjöldi, hlutfall, heildarupphæð, meðaltal, miðgildi og árangur umsókna um styrk í Kennslumálasjóð 2012-2015 eftir kyni.

	Umsóknir					Styrkir					Árangur	
	Fjöldi	Hlutfall	Sótt	Meðaltal	Miðgildi	Fjöldi	Hlutfall	Veitt	Meðaltal	Miðgildi	Fjöldi	Upphæð
Konur	72	51%	69.937.798	971.358	1.000.000	44	54%	23.475.000	533.523	500.000	61%	34%
Karlar	69	49%	65.816.660	953.865	1.000.000	38	46%	24.000.000	631.579	500.000	55%	36%
Samtals	141	100%	135.754.458	962.798	1.000.000	82	100%	47.475.000	578.963	500.000	58%	35%

Lægsta upphæðin sem sótt var um var 80 þúsund krónur og sú hæsta rúmlega 3 milljónir.

Upphæðir bæði umsókna og styrkja voru flokkaðar í fjóra jafnbilaflokka. Meðaltal og miðgildi beggja kynja lentir í miðjum öðrum upphæðarflokknum.

Eins og tafla 50 sýnir þá sækja langflestir um styrk í Kennslumálasjóð upp á 700-1.399 þúsund krónur eða 70% umsækjenda. Um fimmtungur sækir um lægri upphæð og 10% um hærri upphæð. Hlutfall kvenna lækkar kerfisbundið eftir því sem sótt er um hærri upphæðir.

Tafla 50. Fjöldi og hlutfall umsókna til Kennslumálasjóðs 2012-2015 eftir upphæðarflokkum í þús. kr. og kyni.

	Alls	Konur	Karlar	% heild	% konur	% karlar
≤ 699	29	17	12	21%	59%	41%
700-1.399	98	49	49	70%	50%	50%
1.400-2.099	11	5	6	8%	45%	55%
2.100 ≥	3	1	2	2%	33%	67%

Lægsti styrkurinn var 100 þúsund krónur og sá hæsti 1.400 þúsund. Upphæðir bæði umsókna og styrkja voru flokkaðar í fjóra jafnbilaflokka til að skoða dreifingu gagnasafnsins betur. Meðaltal og miðgildi beggja kynja lentir í miðjum öðrum flokknum eins og í umsóknarstiginu.

Eins og fram kemur í töflu 51 voru eingöngu konur í forsvari umsókna sem fá lægstu styrkina og einn karl lendir í hæsta styrktarflokknum. Nánari greining á gögnum sýndi að hann var í forsvari fyrir umsókn allra fræðasviða. Um 2/3 hlutar styrkþega fengu styrk að upphæð 350-699 þúsund krónur og tæpur þriðjungur styrk á bilinu 700-1.049 þúsund krónur. Um 93% styrkjanna lenda í þessum tveimur flokkum og hlutfall kvenna 20% lægra í þeim hærri.

Tafla 51. Fjöldi og hlutfall styrkja úr Kennslumálasjóði 2012-2015 eftir upphæðarflokkum og kyni.

	Alls	Konur	Karlar	% alls	% konur	% karlar
≤ 349	5	5	0	6%	100%	0%
350-699	52	30	22	63%	58%	42%
700 -1.049	24	9	15	29%	38%	63%
1.050 ≥	1	0	1	1%	0%	100%

Eins og fram kemur í töflu 52 var sókn flestra fræðasviðanna í styrki nokkuð nokkuð jöfn eða á bilinu 20-23% en VON skar sig úr með lágu hlutfalli umsókna eða 14%. Árangur sviðanna var nokkuð misjafnt hvort sem hann var mældur í fjölda styrkja eða upphæðum en athygli vakti að árangurshlutfall umsækjenda á VON var talsvert herra en umsækjenda frá öðrum fræðasviðum, hvort sem litið var til fjölda styrkja eða styrkupphæðar.

Tafla 52. Fjöldi, hlutfall, upphæð, meðaltal og miðgildi umsókna um styrk í Kennslumálasjóð 2012-2015 eftir fræðasviðum.

	Umsóknir					Styrkir					Árangur	
	Fjöldi	Hlutfall	Upphæð	Meðaltal	Miðgildi	Fjöldi	Hlutfall	Upphæð	Meðaltal	Miðgildi	Fjöldi	Upphæð
Félagsvísindasvið	30	23%	28.341.428	944.714	1.000.000	14	19%	9.650.000	689.286	500.000	47%	34%
Heilbrigðisvísindasvið	27	20%	26.531.360	982.643	1.000.000	13	17%	7.000.000	538.462	500.000	48%	26%
Hugvísindasvið	27	20%	22.805.870	844.662	1.000.000	16	21%	8.350.000	521.875	500.000	59%	37%
Menntavísindasvið	28	21%	27.014.800	964.814	1.000.000	17	23%	8.525.000	501.471	500.000	61%	32%
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	19	14%	20.340.000	1.070.526	1.000.000	13	17%	9.650.000	742.308	800.000	68%	47%
bverfræðilegt	2	2%	1.800.000	900.000	900.000	2	3%	1.100.000	550.000	550.000	100%	61%
Samtals	133	100%	126.833.458	953.635	1.000.000	75	100%	44.275.000	590.333	500.000	56%	35%

Samantekt

Samtals barst 141 umsókn um styrk í Kennslumálasjóð að upphæð tæpar 136 milljónir. Veittir voru 82 styrkir að upphæð rúmar tæpar 47,5 milljónir. Álíka margar konur og karlar voru í forsvari fyrir umsóknum. Í samanburði við markhópinn er þó sókn kvenna meiri en karla. Heldur fleiri konur en karlar fengu úthlutað úr sjóðnum en karlar fengu herra hlutfall af umbeðinni upphæð en konur. Það hallar því ýmist á konur eða karla. Konur sækja að meðaltali og miðgildi um hærri upphæð en karlar en karlar fá að meðaltali hærri upphæð úthlutað en miðgildi beggja kynja er það sama. Það kynjamynstur sem einkennir upphæð umsókna og veittra styrkja er að hlutfall karla hækkar eftir því sem umsóknir og styrkir verða hærri. Sókn flestra fræðasviðanna í styrki er svipuð eða 20-23% en VON sker sig úr með hlutfallslega fáar umsóknir eða 14%. Árangur sviðanna er misjafn en VON sker sig einnig úr þar með bestan árangur hvort sem talið er í fjölda styrkja eða hlutfalli af umbeðinni upphæð. Ástæða gæti verið til að greina sjóðinn betur.

Aðgengi að gögnum úr umsóknarferli vegna styrkja Kennslumálasjóðs virðist gott og gögnin fullnægjandi. Það mætti þó taka til athugunar að bæta skráningu t.d. skrá upplýsingar um kyn og

nota fellilista almennt við skráningu grundvallarupplýsinga eins og starfsheiti, fræðasvið og deild.

Sjóður um árangurstengda tilfærslu starfsþátta

Sjóði um árangurstengda tilfærslu starfsþátta var komið á fót árið 2009. Þá tóku gildi [Reglur um árangurstengda tilfærslu starfsþátta í Háskóla Íslands nr. 971/2009](#). Talsverðar breytingar voru gerðar á Reglunum árið 2015 en hér er stuðst við þær reglur sem voru í gildi á úttektartímabilinu. Í viðauka 3 er fjallað stuttlega um helstu breytingar.

Tilgangur sjóðsins að fjármagna tímabundnar breytingar á starfsskyldum kennara og sérfræðinga HÍ sem ná afburða árangri í rannsóknum.

Fjármögnun

Sjóðurinn fær árlegt framlag frá háskólaráði.

- Fjárveiting á tímabilinu: 98.684.000 krónur.

Markhópur

Akademískt starfsfólk Háskóla Íslands auk aðjúnkta.

- Kynjahlutfall: Konur 42% og karlar 58%.

Sjá nánar í viðauka 1.

Framkvæmd og ábyrgð

Samkvæmt reglum sjóðsins tekur þriggja manna stjórn ákvarðanir um greiðslur úr sjóðnum og kröfu um fjölda rannsóknastiga.

- Kynjahlutfall:
 - Til 2012: 1 kona og 2 karlar.
 - Eftir 2012: 2 konur og 1 karl.

Mat á umsóknum

Samkvæmt 4. gr. Reglna sjóðsins er heimilt að úthluta úr sjóðnum vegna starfsmanna sem uppfylla annað af eftirfarandi skilyrðum:

1. Kennari hefur fengið að meðaltali 35 rannsóknastig á ári, miðað við fullt starf, úr eftirfarandi flokkum matskerfis Háskóla Íslands: Ritryndar bækur, ISI greinar, aðrar ritryndar greinar, þ. á m. greinar í íslenskum ritryndum tímaritum, greinar í alþjóðlegum ráðstefnuritum og bókakaflar. Miðað er við þriggja ára meðaltal. Stjórn sjóðsins er heimilt að minnka eða auka kröfur um rannsóknastig í samræmi við fjárhagslega stöðu sjóðsins hverju sinni.
2. Kennari hefur náð afburða árangri í rannsóknum. Með hverri umsókn skal fylgja stuttur rökstuðningur. Tilnefningar skulu berast sjóðnum fyrir 1. september ár hvert. Stjórn sjóðsins skal leggja eftirfarandi sjónarmið til grundvallar í mati sínu á árangri starfsmannsins:
 - a. Kennari hefur hlotið óvenju háa styrki til rannsókna úr samkeppnissjóðum.

- b. Rit kennara hafa verið birt í virtustu tímaritum heims eða hjá virtustu forlögum heims á viðkomandi fræðasviði.
- c. Rannsóknir kennara vekja óvenju mikla athygli.
- d. Kennari hefur hlotið eftirsótt verðlaun á fræðasviði sínu.
- e. Kennari hefur sýnt annan afburða árangur í rannsóknum sínum.

Stjórn sjóðsins skal miða við að a.m.k. 80% úthlutunar hverju sinni sé vegna kennara sem uppfylla skilyrði 1. liðar 1. mgr.

Niðurstöður

Vísinda- og nýsköpunarsvið hefur umsjón með sjóðnum og lagði til gögn til greiningar. Í þeim kom fram (í öllum tilvikum) úthlutunarleið, kyn, starfsheiti, starfshlutfall, fræðasvið, upphæð styrks, úthlutunarár og kyn þess sem tilnefnir, þegar við á. Miðað var við skólaár og því ná gögnin frá skólaárinu 2010-2011 til 2014-2015.

Samtals var úthlutað 100.339.556 milljónum króna, 80% eftir stigaleið og 20% eftir tilnefningarleið. Úthlutanir voru að meðaltali 30 á ári og fjöldinn svipaður frá ári til árs.

Stigaleið

Eins og fram kemur í töflu 53 þá fengu fræðasviðin greiðslur úr Starfsþróunarsjóði fyrir 119 einstaklinga, samtals tæpar 80 milljónir króna. Karlar voru mikill meirihluti þeirra sem höfðu nægilega mörg stig til að greiðsla fengist úr sjóðnum eða 82% en konur 18%. Lágt hlutfall kvenna vekur athygli sem og að konurnar voru allar í fullu starfi en hluti karlanna í hlutastarfi. Í samanburði við markhópinn er hlutfall kvenna mjög lágt.

Tafla 53. Fjöldi, meðaltal starfshlutfalls, upphæð og meðaltal greiðslna úr Sjóði um árangurstengda tilfærslu starfsþátta 2010-2015 skv. stigaleið, eftir kyni.


	Fjöldi	Hlutfall	Meðaltal st.hl.f.	Upphæð	Meðaltal
Konur	22	18%	100%	17.001.585	772.799
Karlar	97	82%	84%	62.856.646	648.007
Samtals	119	100%	87%	79.858.231	671.078

Skoðað var hvaða störfum einstaklingarnir gegndu og sýnir tafla 54 skiptinguna. Próffessorar voru langstærsti hópinn og dósentar sá næststærsti, samtals 98%. Lágt hlutfall kvenna í þessum hópum vekur óneitanlega athygli enda mun lægra en í markhópnum og munar 10% meðal prófessora og 34% meðal dósenta.

Tafla 54. Fjöldi og hlutfall þeirra sem fræðasvið HÍ fengu greiðslu úr Sjóði um árangurstengda tilfærslu starfsþátta 2010-2015 skv. stigaleið eftir starfsheiti og kyni.

	Alls	% alls	Kona	Karl	% konur	% karlar
Próffessorar	105	88%	19	86	18%	82%
Dósent	12	10%	1	11	8%	92%
Iektor	1	1%	1	0	100%	0%
Aðjúnt	1	1%	1	0	100%	0%
Samtals	119	100%	22	97	18%	82%

Skóðað var á hvaða fræðasviðum starfsfólkið sem fékk greiðslu úr sjóðnum starfaði og sýnir mynd 12 skiptinguna. Eins og fram kemur skiptast greiðslur misjafnt milli fræðasviðanna. Um þriðjungur kóunnar fór til VON, þriðjungur til HVS, 15% til FVS og HUG og MVS rekur lestina með 6%. Nánari greining á gögnum sýndi að mikill meirihluti þeirra stiga sem greiðslurnar grundvallast á koma frá prófessorum og hlutfallið að mestu í samræmi við hlutfall prófessora innan fræðasviðanna.



Mynd 12. Greiðslur úr Sjóði um árangurstengda tilfærslu starfspátta 2010-2015 eftir fræðasviðum.

Tilnefningarleið

Í tilnefningarleið berast tilnefningar um einstaklinga frá fræðasviðum og fá ekki allir úthlutað.

Eins og fram kemur í töflu 55 var hlutfall kvenna 8% lægra en karla meðal þeirra sem tilnefndir voru. Miðað við kynjahlutfallið meðal akademískra starfsmanna HÍ voru því hlutfallslega fleiri konur en karlar tilnefndar. Hlutfallið breytist lítið eftir að ákvörðun er tekin en kynjamunur kom upp á þrjú prósent kom fram og hallaði á konur.

Tafla 55. Yfirlit yfir tilnefningar og úthlutanir úr Sjóði um árangurstengda tilfærslu starfspátta 2010-2015 eftir kyni.


	Tilnefningar		Úthlutun			
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Upphæð	Hlutfall
Konur	28	44%	13	43%	10.718.062	52%
Karlar	35	56%	17	57%	9.763.264	48%
Samtals	63	100%	30	100%	20.481.325	100%

Tafla 56 sýnir að meirihluti þeirra sem eru tilnefndir eru prófessorar eða 60%, dósentar ríflega fimmtungur og lektorar 17%. Ríflega helmingur tilnefndra prófessora fær úthlutun og helmingur dósenta en einungis 18% lektora. Árangur kynjanna var misjafn innan starfsheita, sambærilegur í hópi dósenta, hallaði á karla um 3% í hópi prófessora en konur um 3% meðal lektora.

Tafla 56. Yfirlit yfir tilnefningar og úthlutanir úr Sjóði um árangurstengda tilfærslu starfspáttá 2010-2015 eftir starfsheitum og kyni.

	Tilnefningar						Úthlutanir						Árangur		
	Alls	% alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	% alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	Konur	Karlar
Prófessor	38	60%	14	24	37%	63%	21	70%	8	13	38%	62%	55%	57%	54%
Dósent	14	22%	8	6	57%	43%	7	23%	4	3	57%	43%	50%	50%	50%
Lektor	11	17%	6	5	55%	45%	2	7%	1	1	50%	50%	18%	17%	20%
Samtals	63	100%	28	35	44%	56%	30	100%	13	17	43%	57%	48%	46%	49%

Mynd 13 er sýnir að skiptingin á milli fræðasviða var ekki ósvipuð því sem gerðist í stigaleiðinni. Um 7% lægra hlutfall fer þó til FVS og 14% lægra til HVS. Til HVS fer 11% herra hlutfall, 2% herra til MVS og 8% herra til VON. Árangurshlutfall fræðasviðanna var að meðaltali 48%; á bilinu 50-53% á FVS, HVS og VON, hæst 64% á HUG og langlægst eða 18% á MVS.



Mynd 13. Greiðslur úr Sjóði um árangurstengda tilfærslu starfspáttá, tilnefningarleið, 2010-2015 eftir fræðasviðum.

Samantekt

Samtals var úthlutað 100.339.556 milljónum króna úr Sjóði um árangurstengda tilfærslu starfspáttá, 80% eftir stigaleið og 20% eftir tilnefningarleið.

Af þeim 112 sem fengu greiðslu eftir stigaleið voru 18% konur og 82% karlar. Hlutfall kvenna var mun lægra en í markhópnum og vakti það athygli. Konurnar fengu hærri upphæð að meðaltali en karlar sem skýrist af því að meðalstarfshlutfall kvenna var um 100% en karla 87%. Próffessorar voru 88% styrkþeganna, dósentar 10% og lektorar og aðjúnktar 1% hvor. Um 2/3 hlutar þess sem úthlutað var skiptust jafnt á milli VON og HVS og FVS, HUG og MVS skiptu 45% jafnt á milli sín og 6% fór til MVS. Skiptingin er að mestu í samræmi við hlutfall próffessora innan fræðasviðanna.

Af þeim 63 sem fengu greiðslur eftir tilnefningarleið voru 44% konur og 56% karlar og var árangurshlutfall karla 3% herra en kvenna. Tæplega þriðjungur voru próffessorar, rúmlega fimmtungur dósentar og tæplega fimmtungur lektorar. Hlutfall kvenna var herra en í

markhópnum meðal prófessora og dósentanna en sambærilegt meðal lektora. Af heildarupphæðinni fara 38% til VON, 26% til HUG, 19% til HVS, 9% til FVS og 8% til MVS. Skiptingin er því ólík því sem gerist innan stigaleiðar. Árangurshlutfall HUG var hæst, 64% og MVS lægst 18%.

Aðgengi að upplýsingum og gögnum var gott.

Aðstoðarmannasjóðir fræðasviðanna

Frá 2010 hafa fræðasviðin fengið fjárveitingu fyrir sitt svið og haft umsjón með umsóknum og styrkveitingum. Upplýsingar og gögn bárust frá þeim.

Framkvæmd og ábyrgð

Samkvæmt upplýsingum frá öllum sviðum eru það akademískir starfsmenn sem sækja um styrk fyrir aðstoðarmenn og ráða nemandan ef styrkur fæst.

- Kynjahlutfall: Upplýsingar um umsækjendur ekki aðgengilegar.

Markhópur

Í markhópi sjóðsins eru kennarar fræðasviðanna sem umsækjendur og nemendur sem styrkþegar:

- Kynjahlutfall, kennarar:
 - FVS: Konur 43% og karlar 57%.
 - HVS: Konur 39% og karlar 61%.
 - HUG: Konur 45% og karlar 55%.
 - MVS: Konur 61% og karlar 39%.
 - VON: Konur 22% og karlar 78%.
- Kynjahlutfall, nemendur:
 - FVS: 59% konur og 41% karlar.
 - HVS: 73% konur og 27% karlar.
 - HUG: 60% konur og 40% karlar.
 - MVS: 77% konur og 23% karlar.
 - VON: 38% konur og 62% karlar.

Mat á umsóknum

Misjafnt er eftir fræðasviðum hver eða hverjir leggja mat á umsóknir og forgangsraða þeim. Samkvæmt upplýsingum frá fræðasviðum er reglan sú að annað hvort ræður fjöldi nemenda í námskeiðum forgangi eða allir sem sækja um og uppfylla skilyrði sjóðsins fá styrk. Lítil sem engin hætta er því á að huglægt mat eða kyn þeirra sem ákvarðanir taka hafi áhrif á ákvörðun.

Niðurstöður

- Samtals voru veittir 629 aðstoðarmannastyrkir, 65% þeirra fóru til kvenna og 35% til karla.
- Samtals var úthlutað 61.240.000 krónum, 65% til kvenna og 35% til karla.

Félagsvísindasvið

Tölfræðileg gögn og aðrar upplýsingar bárust frá FVS.

Sjóðurinn fær árlega fjárveitingu úr Aðstoðarmannasjóði og samkvæmt reglum sjóðsins ákveður sviðsstjóri/forseti FVS árlega fjárveitingu. Sviðið fjármagnar launatengd gjöld.

Styrkir eru auglýstir lausir til umsóknar innan sviðs og geta akademískir starfsmenn sótt um. Til ársins 2014 var sótt um einu sinni á ári en eftir það (fyrst haustið 2014) einu sinni á misseri.

Reglur um Aðstoðarmannasjóð Félagsvísindasviðs eru til og aðgengilegar innan sviðsins.

Upplýsingar bárust um úthlutunarár, styrki, kyn styrkþega og upphæð styrks sem var 100.000 kr.

Eins og fram kemur í töflu 57 veitti FVS samtals samtals 217 aðstoðarmannastyrki, 54% til kvenna og 46% til karla. Hlutfall karla er 5% hærra en í markhópnum innan sviðsins. Samtals var úthlutað tæpum 22 milljónum sem skiptust á milli kynjanna í sömu hlutföllum og styrkir.

Tafla 57. Fjöldi og hlutfall styrkja úr Aðstoðarmannasjóði Félagsvísindasviðs eftir árum og kyni.

	Alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Upphæð
2010-2011	40	19	21	48%	53%	4.000.000
2011-2012	40	30	10	75%	25%	4.000.000
2012-2013	38	17	21	45%	55%	3.800.000
2013-2014	39	23	16	59%	41%	3.900.000
haust 2014*	60	29	31	48%	52%	6.000.000
Samtals	217	118	99	54%	46%	21.700.000

Heilbrigðisvísindasvið

Tölfræðileg gögn og aðrar upplýsingar bárust frá HVS.

Sjóðurinn fær fjárveitingu úr Aðstoðarmannasjóði.

Samkvæmt upplýsingum frá sviðinu hafa allir sem uppfylla skilyrði sjóðsins fengið styrk. Engin þörf hefur verið á að forgangsraða.

Upplýsingar bárust um úthlutunarár, nafn og kyn styrkþega og upphæð styrks. Gögn til greiningar voru keyrð út út launakerfi og kyngreind eftirá.

Tafla 58 sýnir að mikill meirihluti þeirra sem njóta styrkja úr Aðstoðarmannasjóði á HVS eru konur. Kynjahlutfallið er í nokkuð góðu samræmi við kynjahlutfallið í markhópnum. Samtals var úthlutað tæpum 10 milljónum sem skiptust á milli kynjanna í sömu hlutföllum og fjöldi styrkja.

Hver styrkur var að meðaltali rúmar 92.617 kr.

Tafla 58. Fjöldi og upphæð styrkja úr Aðstoðarmannasjóði HVS eftir árum og kyni.

	Fjöldi styrkja					Upphæð styrkja				
	Fjöldi	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Samtals	Konur	Karlar	% konur	% karlar
2010	18	15	3	83%	17%	1.630.000	1.330.000	300.000	82%	18%
2011	20	17	3	85%	15%	1.810.000	1.510.000	300.000	83%	17%
2012	25	17	8	68%	32%	2.340.000	1.590.000	750.000	68%	32%
2013	23	14	9	61%	39%	2.030.000	1.270.000	760.000	63%	37%
2014	21	18	3	86%	14%	2.100.000	1.850.000	250.000	88%	12%
2010-2014	107	81	26	76%	24%	9.910.000	7.550.000	2.360.000	76%	24%

Hugvísindasvið

Tölfræðileg gögn og aðrar upplýsingar bárust frá HUG.

Sjóðurinn fær árlega fjárveitingu úr Aðstoðarmannasjóði og bætir við sem nemur launum aðstoðarmanna í einni námsgrein.

Samkvæmt upplýsingum frá sviðinu geta kennarar líka sótt um að ráða aðstoðarfólk sem fær þóknun í einingum. Að öllu jöfnu er þeim kennurum sem sækja um launaþóknun en fá ekki, gefinn kostur þá því.

Stjórn hugvísindasviðs forgangsraðar umsóknum og ákveður styrkveitingar.

Styrkir eru auglýstir í upphafi misseris og þá til kennara sem eru skráðir með kennslu á hverju misseri. Sótt er um rafrænt.

Upplýsingar bárust um umsóknarár, kyn styrkþega og upphæð styrks með launatengdum gjöldum.

Eins og fram kemur í töflu 59 eru konur meirihluti þeirra sem njóta styrkja úr Aðstoðarmannasjóði á HUG. Þegar á heildina er litið var hlutfall þeirra um 7% hærra en í markhópnum. Síðustu tvö ár úttektarinnar er kynjahlutfallið þó sambærilegt við það sem gerist í markhópnum. Gögn skortir til frekari greiningar.

Tafla 59. Hlutfall styrkja Aðstoðarmannasjóðs HUG eftir árum og kyni.

	Fjöldi					Upphæð				
	Samtals	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Upphæð	Konur	Karlar	% konur	% karlar
2010	18	11	7	61%	39%	1.800.000	1.100.000	700.000	61%	39%
2011	37	25	12	68%	32%	3.700.000	2.500.000	1.200.000	68%	32%
2012	33	24	9	73%	27%	3.300.000	2.400.000	900.000	73%	27%
2013	37	22	17	59%	46%	3.700.000	2.200.000	1.700.000	59%	46%
2014	30	18	12	60%	40%	3.000.000	1.800.000	1.200.000	60%	40%
2010-2014	155	100	57	65%	37%	15.500.000	10.000.000	5.700.000	65%	37%

Menntavísindasvið

Allar upplýsingar og gögn bárust frá MVS.

Fræðasviðið fær árlega fjárveitingu frá Aðstoðarmannasjóði og ræður hún fjölda styrkja.

Upplýsingar bárust ekki um framkvæmd og ábyrgð.

Styrkir eru auglýstir lausir til umsóknar innan sviðs. Upplýsingar bárust um umsóknarár, kyn styrkþega og upphæð styrks. Meginreglan er að styrkir eru nægilega margir til að allar umsóknir fái jákvæða afgreiðslu. Eina undantekningin var árið 2014 en þá fengu fimm neitun; 4 konur (80%) og 1 karl (20%). Það er svipað hlutfall og í styrkþegahópnum.

Eins og fram kemur í töflu 60 eru konur mikill meirihluti styrkþega og er kynjahlutfallið í samræmi við stöðuna í markhópnum. Upphæðir skiptast á milli kynjanna í sömu hlutföllum og í hópi styrkþega.

Tafla 60. Hlutfall styrkja úr Aðstoðarmannasjóði MVS eftir árum og kyni.

	Fjöldi styrkja					Upphæð styrkja				
	Fjöldi	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Samtals	Konur	Karlar	% konur	% karlar
2010	24	19	5	79%	21%	2.400.000	1.900.000	500.000	79%	21%
2011	23	18	5	78%	22%	2.300.000	1.800.000	500.000	78%	22%
2012	29	21	8	72%	28%	2.900.000	2.100.000	800.000	72%	28%
2013	25	19	6	76%	24%	2.500.000	1.900.000	600.000	76%	24%
2014	29	21	8	72%	28%	2.900.000	2.100.000	800.000	72%	28%
2010-2014	130	98	32	75%	25%	13.000.000	9.800.000	3.200.000	75%	25%

Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Allar upplýsingar og gögn bárust frá VON.

Fræðasviðið fær árlega fjárveitingu frá Aðstoðarmannasjóði.

Upplýsingar bárust ekki um framkvæmd og ábyrgð.

Upplýsingar og gögn til greiningar bárust frá VON fyrir árin 2013-2015. Gögn bárust um umsóknarár, nafn styrkþega og upphæð styrks. Vísbending kom fram um að gagnasafnið sem barst til greiningar hafi verið ófullkomið þar sem sú heildarupphæð sem gefin var upp er mun lægri en á hinum fræðasviðunum. Leitað var skýringa á því en engar fengust.


Eins og fram kemur í töflu 61 var úthlutað til aðstoðarmannastyrkja 1.130.000 krónum, 56% til kvenna og 44% til karla. Hlutfall kvenna er 18% hærra en innan markhóps sviðsins eða 38%. Allir styrkþegar fengu sömu upphæð. Aukinn kynjamunur árið 2015 vekur athygli og vert að fylgjast áfram með þróun mála.

Tafla 61. Hlutfall af fjölda og heildarupphæð styrkja úr Aðstoðarmannasjóði VON 2013-2015 eftir árum og kyni.

	Fjöldi					Upphæðir				
	Alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar
2013	7	3	4	43%	57%	350.000	150.000	200.000	43%	57%
2014	7	3	4	43%	57%	420.000	180.000	240.000	43%	57%
2015	6	5	1	83%	17%	360.000	300.000	60.000	83%	17%
2013-2015	20	11	9	55%	45%	1.130.000	630.000	500.000	56%	44%


SJÓÐIR SEM ÚTHLUTUÐU UNDIR 40 MILLJÓNUM

Undir þennan flokk falla Afreks- og hvatningarsjóður stúdenta, Ferðastyrkir Rannsóknasjóðs Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands, sjóðir fræðasviðanna og Viðurkenningar fyrir lofsverðan árangur í starfi. Skipting eftir kyni var skoðuð en þar sem um marga og ólíkir sjóði er að ræða og mis ýtarlegar upplýsingar bárust um sjóði fræðasviðanna var ekki gerð yfirlitsmynd fyrir fræðasviðin.



Mynd 14. Yfirlitsmyndir yfir fjölda og greiðslur til starfsmanna HÍ úr sjóðum sem úthlutuðu undir 40 milljónum 2010-2014 eftir kyni.

Eins og fram kemur á mynd 14 fá konur tæplega helming styrkja eða viðurkenninga úr þessum sjóðum en ríflega helming heildarupphæðarinnar.



Mynd 15. Yfirlitsmyndir yfir fjölda og greiðslur til nemenda HÍ úr sjóðum sem úthlutuðu undir 40 milljónum 2010-2014 eftir kyni.

Eins og mynd 15 sýnir eru konur mikill meirihluti nemenda sem fá styrki úr þessum flokki en hlutfallið er í samræmi við markhópinn. Hlutfall kvenna af heildarstyrk og viðurkenningum er 1% hærra en í styrkþegahópnum og er þetta eitt af fáum tilvikum þar sem þetta kynjamynstur sést.

Afreks- og hvatningarsjóður stúdenta Háskóla Íslands

Sjóðurinn var stofnaður árið 2008 og er ætlað að styrkja afburðanemendur til náms við háskólann, sérstaklega nýja nemendur (Háskóli Íslands, 2015a).

Fjármögnun

Samkvæmt upplýsingum frá vísinda- og nýsköpunarsviði hefur sjóðurinn fengið fjárveitingu frá Aldarafmælistjóði eftir stofnun hans en Hapdrætti Háskólans hefur einnig tekið þátt í fjármögnun verðlaunanna.

- Fjárveiting: 28.200.000 kr.

Markhópur

Í markhópnum eru nýnemar við HÍ og sækja þeir um styrkinn (Háskóli Íslands, 2015a).

Kynjahlutfall í grunnámi: Konur 64% og karlar 46%.

Framkvæmd og ábyrgð

Þriggja manna stjórn sjóðsins tekur leggur mat á umsóknir og tekur ákvarðanir um styrkveitingar.

- Kynjahlutfall 2011: 2 konur og 1 karl (Háskóli Íslands, 2011b).

Mat á umsóknum

Við mat á umsóknum er tekið mið af framúrskarandi námsárangri á stúdentsprófi en einnig er horft til þátttöku í félagstörfum og árangurs á öðrum sviðum t.d. í listum og íþróttum (Háskóli Íslands, 2015a).

Niðurstöður

Vísinda- og nýsköpunarsvið hefur umsjón með sjóðnum og lagði til gögn til greiningar. Í þeim kom fram í öllum tilvikum kyn umsækjanda, fræðasvið, deild, svar, og upphæð styrks. Sá ágalli var á gögnunum að einungis fundust upplýsingar um styrkhafa en ekki umsækjendur árið 2012.

Allir styrkþegar fá 300.000 króna peningastyrk auk niðurfellingar skrásetningargjalda (Háskóli Íslands, 2015a). Það var 60.000 krónur fram til ársins 2014 þegar það hækkaði í 75.000 kr.

- Samtals bárust 144 umsóknir, 69% frá konum og 31% frá körlum.
- Samtals voru veittir 94 styrkir, 66% fóru til kvenna og 34% til karla.
- Úthlutað var 28.200.000 króna, 66% til kvenna og 34% til karla.
- Árangur kvenna var 45% og karla 51%.

Þegar sótt er um í sjóðinn er ekki endanlega ljóst á hvaða fræðasviðum nemendur muni stunda nám en gögn um vænt fræðasvið voru aðgengileg.

Tafla 62 sýnir voru konur meirihluti umsækjenda og styrkþega í Afreks- og hvatningarsjóðnum og á það við um öll úttektaárin. Árangurshlutfall þeirra var þó oftast lægra en karla og munar 6% þegar á heildina er litið. Í samanburði við markhópinn er sókn kvenna í styrki sjóðsins heldur meiri en karla.

Tafla 62. Umsóknir, styrkir og árangur umsókna til Afreks- og hvatningarsjóðs stúdenta Háskóla Íslands 2010-2014 eftir ári og kyni.

Ár	Umsóknir					Styrkir					Árangurshlutfall		
	Alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	Konur	Karlar
2010	31	22	9	71%	29%	12	8	4	67%	33%	39%	36%	44%
2011	30	20	10	67%	33%	13	9	4	69%	31%	43%	45%	40%
2012*	-	-	-	-	-	26	17	9	65%	35%	-	-	-
2013	41	26	15	63%	37%	22	13	9	59%	41%	54%	50%	60%
2014	42	31	11	74%	26%	21	15	6	71%	29%	50%	48%	55%
2010-2014	144	99	45	69%	31%	94	62	32	66%	34%	47%	45%	51%

* Gögn um umsóknir árið 2012 voru ekki aðgengileg.

Tafla 63 sýnir að langflestar umsóknirnar um styrk bárust frá nemendum sem hugðust stunda nám á VON og næstflestar frá þeim sem hugðu á nám á HVS eða samtals 78% umsókna. Árangurshlutfall þessara nemenda var einnig hærra en væntra nemenda annarra fræðasviða. Í þeim tilvikum sem hægt var að reikna árangurshlutfall beggja kynja innan sviða var kynjamunur 5% eða meiri á FVS, HVS og VON. Hallar á karla um 7% á FVS og HUG en konur um 6% á VON.

Tafla 63. Fjöldi umsókna og styrkja og árangurshlutfall vegna umsókna um styrk í Afreks- og hvatningarsjóð stúdenta Háskóla Íslands 2010-2014 eftir væntum fræðasviðum og kyni.

	Umsóknir						Styrkir						Árangur		
	Fjöldi	% heild	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Fjöldi	% heild	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Svið	Konur	Karlar
FVS	15	9%	10	5	67%	33%	7	7%	5	2	71%	29%	47%	47%	40%
HVS	60	35%	47	13	78%	22%	36	38%	28	8	78%	22%	60%	60%	62%
HUG	20	12%	17	3	85%	15%	8	9%	7	1	88%	13%	40%	40%	33%
MVS	2	1%	2	0	100%	0%	1	1%	1	0	100%	0%	50%	50%	-
VON	73	43%	40	33	55%	45%	42	45%	21	21	50%	50%	58%	58%	64%
Samtals	170	100%	116	54	68%	32%	94	100%	62	32	66%	34%	59%	55%	59%

Samantekt

Konur voru meirihluti þeirra sem sóttu um styrki úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta Háskóla Íslands og sókn þeirra meiri en karla miðað við markhópinn. Um 2/3 hluti styrkjanna fóru til kvenna og þriðjungur til karla og það sama á við heildarstyrkupp hæðina. Mikill meirihluti umsókna var frá nemendum sem hugðu á nám á VON eða HVS eða 78% og árangurshlutfall þeirra hærra en væntra nemenda annarra fræðasviða. Þegar á heildina er litið kom fram kynjamunur upp á 4% og hallaði á konur.

Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands

„Háskóli Íslands stendur fyrir árlegri samkeppni um Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands. Með samkeppninni vill Háskóli Íslands stuðla að hagnýtingu verkefna og nýsköpunar innan skólans og verðlauna þær tillögur sem skara fram úr.“ (Háskóli Íslands, 2015f).

Fjármögnun

Samkvæmt upplýsingum frá vísinda- og nýsköpunarsviði fjármagnar Aldarafmælistjóður verðlaunin.

- Fjárveiting: 7.300.000 kr.

Markhópur

Í markhópi eru nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands og tengdra stofnanna (Háskóli Íslands, 2013h).

- Kynjahlutfall: Á ekki við.

Framkvæmd og ábyrgð

Sjö manna dómnefnd sem rektor skipar, tekur ákvarðanir um þau verkefni eða hugmyndir sem fá verðlaun (Háskóli Íslands, 2013h).

- Kynjahlutfall: 29% konur og 71% karlar.

Mat á umsóknum

Við mat á umsóknum og val á styrkþegum er stuðst við [Verklagsreglur um samkeppnina](#). Áhersla er lögð á að skoða:

- Hvernig hagnýta eigi uppfinningu og hversu fljótt verði hægt að gera það.
- Hvort hagnýting styðji við stefnu og starfsemi Háskóla Íslands.
- Hvaða rannsóknavinna sé að baki verkefninu/hugmyndinni.
- Hvort um nýnæmi og frumleika sé til staðar.
- Hvaða samfélagslegan ávinning verkefnið/hugmyndin hafi.
- Hvernig verðlaunafé mun nýtast við hagnýtingu verkefnis/hugmynda.

Niðurstöður

Vísinda- og nýsköpunarsvið hefur umsjón með sjóðnum og lagði til gögn til greiningar. Í þeim kom fram í öllum tilvikum kyn umsækjanda, svar við umsókn og upphæð styrks. Ábending barst

frá starfsmanni sviðsins að erfitt væri að flokka umsóknir eftir fræðasviðum og deildum og að umsækjendur væru oft í forsvari fyrir hóp fólks og því gæfi kyn umsækjenda takmarkaðar upplýsingar.

- Umsóknir voru 82; 57% frá konum og 43% frá körlum.
- Veitt voru 15 verðlaun, konur fengu 53% þeirra og karlar 47%.
- Árangur kvenna var 17% og karla 20%.
- Samtals voru veittir styrkir að upphæð 7.300.000; 55% fór til kvenna og 45% til karla.

Eins og fram kemur í töflu 64 var hlutfall kvenna sem sóttu um lágt árið 2010 en fer þegar á heildina er litið hækkandi með árunum. Verðlaunin skiptust eins jafnt og hægt er milli kynjanna og hallaði ýmist á konur eða karla. Kynjamunur var alltaf í árangri, mismikill eftir árum og hallaði ýmist á konur eða karla. Þegar upp er staðið er munurinn 3% og hallaði á konur.

Tafla 64. Hlutfall umsókna og styrkja vegna umsókna um Hagnýtingarverðlaun eftir ári og kyni.

	Umsóknir					Verðlaun					Árangur	
	Fjöldi	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Fjöldi	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Konur	Karlar
2010	11	4	7	36%	64%	3	1	2	33%	67%	25%	29%
2011	16	10	6	63%	38%	3	1	2	33%	67%	10%	33%
2012	23	13	10	57%	43%	3	1	2	33%	67%	8%	20%
2013	20	12	8	60%	40%	3	2	1	67%	33%	17%	13%
2014	12	8	4	67%	33%	3	3	0	100%	0%	38%	0%
2010-2014	82	47	35	57%	43%	15	8	7	53%	47%	17%	20%

Nánari greining á gögnum sýndi að þegar á heildina er litið var kynjahlutfallið meðal þeirra sem lentu í 1., 2. og 3. sæti var eins jafnt og það getur orðið.

Samantekt

Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands voru veitt öll úttektarárin og verðlaunað fyrir 1., 2. og 3. sætið. Kynjahlutfallið meðal styrkþegar eftir sætum var eins jafnt og það getur orðið. Árangur kynjanna var sambærilegur en hallar á konur um 3%.

Aðgengi að gögnum og upplýsingum var fullnægjandi.

Ferðastyrkir Rannsóknasjóðs

Ferðastyrkir Rannsóknasjóðs eru fyrir doktorsnema vegna vegna þátttöku í ráðstefnum erlendis. Tilgangurinn er að efla rannsóknastarf innan háskólans.

Fjármögnun

Sjóðurinn er fjármagnaður af árlegri fjárveitingu til Rannsóknasjóðs HÍ. Upplýsingar vantar um það hversu hátt hlutfallið af fjárveitingunni er. Samkvæmt upplýsingum frá vísinda- og nýsköpunarsviði eru megin reglan sú að öllum fjárveitingum er ráðstafað. Miðað við þær forsendur má ætla að um 1,3% heildarfjárveitingarinnar fari til sjóðsins.

- Áætluð fjárveiting: 24 milljónir.

Framkvæmd og ábyrgð

Vísindanefnd háskólaráðs tekur ákvarðanir um úthlutanir á grundvelli tillaga fagraða fræðasviðanna. Sjö einstaklingar skipa nefndina; formenn vísindanefnda fræðasviða Háskóla

Íslands, formaður sem rektor skipar og einn fulltrúi nemenda. Ef formaður vísindanefndar fræðasviðs er deildarforseti tekur varaformaður viðkomandi nefndar sæti í vísindanefnd háskólaráðs. Nefndin er skipuð til þriggja ára í senn (Sólveig Nielsen, vísinda- og nýsköpunarsvið, 11.08.2015).

- Kynjahlutfall: Konur 57% og karlar 43%.
- Formenn: Konur gegndu formennsku í nefndinni til júní 2013 en þá tók karl við.

Markhópur

Doktorsnemar sem eru með framlag á ráðstefnum erlendis.

- Kynjahlutfall doktorsnemar: Konur 61% og karla 39%.

Sjá nánar í viðauka 2.

Mat á umsóknum

Til að geta sótt um þarf að uppfylla [almenn skilyrði sjóðsins fyrir styrkveitingum](#). Þar segir að nemandi þurfi að vera skráður í doktorsnám við HÍ, hafa sinnt árlegri skráningarskyldu hjá nemendaskrá og vera með erindi eða veggspjald á ráðstefnunni. Við forgangsröðun ræður mat á gæðum ráðstefnu og framlags nemandans. Doktorsnemar sem lokið hafa fyrsta ári í námi sínu njóta forgangs (Háskóli Íslands, e.d.a).

Niðurstöður

Styrkir eru auglýstir lausir til umsóknar einu sinni á ári. [Rafrænt umsóknareyðublað](#) er aðgengileg meðan opið er fyrir umsóknir (Háskóli Íslands, 2015d).

Vísinda- og nýsköpunarsvið sér um umsýslu sjóðsins og aflaði gagna til greiningar. Gögn sem tekin voru til greiningar voru úthlutunarár, nafn doktorsnema, fræðasvið, afgreiðsla og upphæð styrks. Þeir ágallar voru á gögnum að í sumum tilvikum reyndist erfitt að greina að greina kyn eftir nafni.

- Umsóknir voru 637, 63% frá konum og 37% frá körlum.
- Styrkir voru 359; 64% til kvenna og 36% til karla.
- Allir styrkþegar fá sömu upphæð úthlutað.
- Samtals var úthlutað úr sjóðnum 23.025.000 krónum.
- Árangurshlutfall kvenna var 57% og karla 55%.

Eins og fram kemur í töflu 65 var sókn kvenna í styrki meiri en karla. Meginreglan er að umsóknum fjölgar milli ára en styrkjum fækkar. Árangurshlutfall er bæði misjafn milli ára og milli kynjanna, hallar ýmist á karla eða konur og iðulega um meira en 5% innan hvers árs. Þegar á heildina er litið er árangur kynjanna þó sambærilegur en hallar á karla um 2%. Í samanburði við markhópinn er sókn kynjanna sambærileg.

Tafla 65. Fjöldi, hlutfall og árangur umsókna um Ferðastyrki Rannsóknasjóðs 2010-2014 eftir árum og kyni.

	Umsóknir					Styrkir					Árangur		
	Fjöldi	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Fjöldi	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Ár	Konur	Karlar
2010	102	70	32	69%	31%	83	56	27	67%	33%	81%	80%	84%
2011	131	77	54	59%	41%	73	45	28	62%	38%	56%	58%	52%
2012	138	89	49	64%	36%	57	34	23	60%	40%	41%	38%	47%
2013	138	89	49	64%	36%	85	58	27	68%	32%	62%	65%	55%
2014	128	77	51	60%	40%	61	37	24	61%	39%	48%	48%	47%
2010-2014	637	402	235	63%	37%	359	230	129	64%	36%	56%	57%	55%

Tafla 66 sýnir að flestar umsóknir um ferðastyrki Rannsóknasjóðs bárust frá VON og næst flestar frá HVS eða samtals 62% umsóknanna. Á bilinu 10-15% umsókna komu frá FVS, HUG og MVS. Styrkir skiptast á milli fræðasviðanna í svipuðum hlutföllum. Þegar á heildina er litið er árangur sviðanna 56% en hann er nokkuð misjafn milli sviða. Árangurshlutfallið er hæst 64% á FVS en lægst 49% á MVS. Þegar á heildina er litið er árangur kynjanna sambærilegur en hallar á karla um 2%. Staðan er þó misjöfn milli sviða og hallar á karla um 3-8% innan allra sviða nema VON, þar hallar á konur um 2%.

Tafla 66. Upphæð, hlutfall og árangur umsókna um Ferðastyrki Rannsóknasjóðs 2010-2014 eftir fræðasviðum og kyni.

	Sótt						Veitt						Árangur		
	Samtals	Konur	Karlar	% heild	% konur	% karlar	Samtals	Konur	Karlar	% heild	% konur	% karlar	Svið	Konur	Karlar
FVS	81	62	19	13%	77%	23%	52	41	11	14%	79%	21%	64%	66%	58%
HVS	154	121	33	24%	79%	21%	84	68	16	23%	81%	19%	55%	56%	48%
HUG	96	59	37	15%	61%	39%	55	35	20	15%	64%	36%	57%	59%	54%
MVS	65	48	17	10%	74%	26%	32	24	8	9%	75%	25%	49%	50%	47%
VON	241	112	129	38%	46%	54%	136	62	74	38%	46%	54%	56%	55%	57%
Samtals	637	402	235	100%	63%	37%	359	230	129	100%	64%	36%	56%	57%	55%

Samantekt

Samtals bárust 637 umsóknir um ferðastyrki Rannsóknasjóðs, tæplega 2/3 frá konum og þriðjungur frá körlum. Styrkir voru allir jafnháir, samtals að upphæð rúmar 23 milljónir. Sókn kvenna og karla og árangur var sambærilegur en nokkur munur á milli sviða og árangurshlutfall FVS hæst og MVS lægst og munaði þar 20%.

Styrkir voru auglýstir, verklagsreglur og leiðbeiningar aðgengilegar og umsóknir á rafrænu forni.

Hætt er að veita þessa styrki.

Nýdokterastyrkir Rannsóknasjóðs

Tilgangur sjóðsins var að efla rannsóknastarf innan háskólans (Háskóli Íslands, 2013c). Samkvæmt upplýsingum frá vísinda- og nýsköpunarsviði var hætt að veita Nýdokterastyrki Rannsóknasjóðs árið 2013 en þá tók Nýliðunarsjóður við hlutverki hans og var fyrirkomulag við styrkveitingar breytt.

Fjármögnun

Sjóðurinn fékk árlega hluta af fjárframlögum háskólaráðs til Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands en ekki bárust upplýsingar um hlutfallið.

- Áætluð fjárveiting: 11.000.000 kr.

Framkvæmd og ábyrgð

Vísindanefnd HÍ lagði mat á umsóknir og tók ákvarðanir.

- Kynjahlutfall: Eins jafnt og það gat verið en konur oftast í meirihluta.
- Konur gegndu formennsku allt tímabilið.

Markhópur

Í markhópnum voru nýdóttarar í starfi við Háskóla Íslands. Til nýdóttara teljast þeir sem lokið hafa doktorsverkefni sl. fimm ár og hlotið rannsóknastöðustyrk frá viðurkenndum aðila til að leggja stund á rannsóknir við Háskóla Íslands eða stofnanir í tengslum við hann.

- Kynjahlutfall: Upplýsingar voru ekki aðgengilegar.
 - Til samanburðar: Konur voru 53% brautskráðra doktora og karlar 47%.

Mat á umsóknum

Við mat á umsóknum og forgangsroðun var tekið tillit til gæða verkefnis út frá vísindalegu gildi þess og rannsóknaráætlun. Auk þess var lagt mat á ritvirkni umsækjanda og umfang starfa hans við Háskólann (Háskóli Íslands, 2012d).

Niðurstöður

Samkvæmt upplýsingum frá vísinda- og nýsköpunarsviði voru styrkir auglýstir lausir til umsóknar einu sinni á ári.

Vísinda- og nýsköpunarsvið sá um umsýslu sjóðsins og aflaði gagna til greiningar. Gögn sem tekin voru til greiningar voru úthlutunarár, nafn doktorsnema, fræðasvið, afgreiðsla og upphæð styrks. Þeir ágallar voru á gögnum að í sumum tilvikum reyndist erfitt að greina kyn eftir nafni þar sem margir umsækjendur voru af erlendu bergi brotnir og oft erfitt að finna út hvers kyns sviðkomandi var.

- Umsóknir voru 87, 52% frá konum og 48% frá körlum.
- Styrkir voru 45; 56% til kvenna og 44% til karla.
- Samtals var úthlutað úr sjóðnum 10.700.000, 54% til kvenna og 46% til karla.
- Karlar fengu að meðali 13.000 krónum hærri styrk en konur.
- Árangurshlutfall kvenna var 56% og karla 48%.

Eins og fram kemur í töflu 67 var, þegar á heildina er litið, hlutfall kvenna hærra en karla meðal umsækjanda en í samræmi við kynjahlutfallið meðal brautskráðra doktora. Sókn kynjanna eftir styrkjum virðist því nokkuð jöfn þegar upp er staðið. Árangur kynjanna mældur í fjölda styrkja var misjafn eftir árum en kynjamunurinn 2011 vakti sérstaka athygli enda árangurshlutfall karla 35% lægri en kvenna. Þegar á heildina er litið munaði 8% á árangri kynjanna og hallaði á karla.

Tafla 67. Hlutfall og árangur vegna umsókna um nýdoktorastyrki Rannsóknasjóðs eftir árum og kyni.

	Umsóknir					Styrkir					Árangur		
	Alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	Konur	Karlar	% konur	% karlar	Alls	Konur	Karlar
2010	15	8	7	53%	47%	10	5	5	50%	50%	67%	63%	71%
2011	21	7	14	33%	67%	7	4	3	57%	43%	33%	57%	21%
2012	18	9	9	50%	50%	10	5	5	50%	50%	56%	56%	56%
2013	33	21	12	64%	36%	18	11	7	61%	39%	55%	52%	58%
Samtals	87	45	42	52%	48%	45	25	20	56%	44%	52%	56%	48%

Veittir voru styrki að upphæð 100-300.000 krónum.

Eins og fram kemur í töflu 68 fóru 55% heildarupphæðarinnar til kvenna og 45% til karla. Það er því sem næst sama hlutfall og í styrkþegahópnum. Karlar fengu að meðaltali um 13.000 krónum hærri styrk en dæmigerð upphæð er 300.000 krónur.

Tafla 68. Fjöldi, upphæð, meðaltal og miðgildi styrkja úr Nýdoktorasjóði Rannsóknasjóðs eftir kyni.

	Fjöldi	100.000	200.000	300.000	Samtals	Meðaltal	Miðgildi
Konur	26	8	3	15	5.900.000	226.923	300.000
Karlar	20	5	2	13	4.800.000	240.000	300.000
Samtals	46	13	5	28	10.700.000	232.609	300.000

Samantekt

Sókn kynjanna í Nýdoktorastyrki Rannsóknasjóðs virðist hafa verið nokkuð jöfn að teknu tilliti til markhópsins. Munur á árangurshlutfalli kynjanna bendir til þess það halli á karla þegar kemur að árangri mældum í fjölda styrkja en konur þegar mælt er í upphæðum.

Með tilkomu Nýdoktorastyrkja Nýliðunarsjóðs var hætt að veita þessa styrki.

SJÓÐIR FRÆÐASVIÐANNA

Leitað var eftir upplýsingum um þá sjóði sem fræðasviðin hafa yfir að ráða og ekki tengjast öðrum sjóðum háskólans. Einnig var óskað eftir upplýsingum um styrki eða stöður sem stofnanir tengdar fræðasviðunum hafa fjármagnað með öðrum stórum styrkjum. Vitað er um slíkar úthlutanir á vegum Eddu öndvegisseturs og GEORG (Geothermal Research Group) en engar upplýsingar bárust um þá styrki/stöður eða aðrar.

Fjallað er um hvert svið fyrir sig og greiðslur úr sjóðum þeirra.

Félagsvísindasvið

Upplýsingar bárust um tvo sjóði, ferðastyrki doktorsnema og rekstrar- og rannsóknareikning kennara.

Ferðastyrkir doktorsnema

Deildir úthluta ferðastyrkjum til doktorsnema. Allir fá úthlutað sem uppfylla reglur um tilefni ferðar, samkvæmt reglum sviðsins frá 2012. Styrkur er að hámarki 210 þúsund á námstíma.

Eins og fram kemur í töflu 69 eru konur mikill meirihluti þeirra doktorsnema sem fengu ferðastyrki en karlarnir fengu herra hlutfall af heildarupphæðinni en styrkjunum. Þetta er enn ein áminning um að mikilvægt sé að mæla árangur bæði í fjölda styrkja og upphæðum.

Tafla 69. Ferðastyrkir fyrir doktorsnema á FVS eftir kyni.

	Fjöldi	Hlutfall	Upphæð	Hlutfall
Karlar	6	23%	576.000	30%
Konur	20	77%	1.339.369	70%
Samtals	26	100%	1.915.369	100%

Rekstrar- og rannsóknarreikningar kennara

Kennarar sviðsins fá greiðslur án umsóknar á grundvelli rannsóknarstiga. Deildir ákveða heildarupphæð árlega. Engin tölfræðileg gögn bárust.

Heilbrigðisvísindasvið

Upplýsingar bárust um einn sjóð.

10% sjóðurinn

Sjóðurinn er fjármagnaður með 10% af þjónustutekjum, aðallega frá Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði. Árlega eru 15-20 milljónir til ráðstöfunar en ekki er öllu úthlutað. Styrkir eru ekki auglýstir og er það forseti fræðasviðs sem tekur ákvarðanir um úthlutanir.

Ábending barst um að í flestum tilvikum væru umsækjendur í forsvari hópa/deilda/stofnanna og því endurspegladi kyn umsækjenda ekki endilega þá einstaklinga eða hópa sem nyttu styrksins.

Tafla 70 sýnir í hvers konar verkefni 10% sjóðurinn styrkti og hverjir voru í forsvari umsókna eða nutu þeirra. Það vekur athygli að tæplega helmingur upphæðarinnar fer í laun og í öllum tilvikum kvenna. Gögn voru ekki greind frekar.

Tafla 70. Styrkir úr 10% sjóði HVS eftir verkefnum, upphæð og kyni.

	Fjöldi	Konur	Karlar	Upphæð	Hlutfall
Hugbúnaður, tæki og viðhald	11	5	7	11.136.972	31%
Rekstur rannsóknastofa	3	6	0	6.000.000	17%
Laun	3	3	0	16.867.500	47%
Kennsla, rannsóknir og ferðastyrkir	4	2	2	2.250.000	6%
Samtals	21	16	9	36.254.472	100%

Hugvísindasvið

Upplýsingar bárust um tvo sjóði.

Ferðastyrkir til doktorsnema á Hugvísindasviði

Hugvísindastofnun veitir doktorsnemum innan [Hugvísindasviðs ferðastyrki skv. reglum sem um það gilda](#) og kynntar eru á heimasíðu sviðsins. Styrkirnir eru föst upphæð og fjármagnaðir af fjárveitingu HUG. Nemendur geta fengið fjóra styrki með ákveðinni dreifingu og er hver þeirra ákveðin upphæð. Í upphafi tímabilsins voru þeir 50.000 en hækkuðu 2013 í 70.000.

Gögn komu ókyngreind og stór hluti nemenda af erlendu bergi brotinn sem getur valdið vandræðum við kyngreiningu gagna.

Eins og fram kemur í töflu 71 voru veittir 72 ferðastyrkir til doktorsnema á HUG að upphæð samtals tæpar fimm milljónir. Meirihluti styrkþega voru konur og er hlutfall þeirra 10% hærra en í markhópnum.

Tafla 71. Ferðastyrkir doktorsnema HUG eftir kyni.

	Fjöldi	Upphæð	% fjöldi	% upphæð
Konur	49	3.083.000	68%	69%
Karlar	23	1.410.000	32%	31%
Samtals	72	4.493.000	100%	100%

Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar

Sjóðurinn veitir styrki til rannsókna og rannsóknatengdrar starfsemi innan HUG og er fjármagnaður af fjárveitingu sviðsins. Tryggt er að nægilegt fjármagn sé til ráðstöfunar og allir sem sækja um og uppfylla skilyrði sjóðsins fá úthlutað.

Styrkir eru auglýstir tvisvar á ári innan sviðsins. Flestir fara til stofnana eða rannsóknastofa en einstaklingar geta einnig fengið eftirtalda styrki:

- Vegna þýðingarkostnaðar eða málfarslegrar aðstoðar vegna birtingar vísindagreina. Styrkir eru föst upphæð.
- Til að þróa styrkumsóknir í stærri sjóði.
- Til annars sem eflir rannsóknir og rannsóknatengda starfsemi innan sviðsins.
- Til uppbyggingar í rannsóknum (hætt 2014).

Stjórn Hugvísindastofnunar tekur ákvörðun um styrkveitingar. Í henni sitja stjórnarformenn aðildarstofnana á hverjum tíma.

Upplýsingar bárust um einstaklinga sem fengið hafa styrki úr Rannsóknasjóðnum. Þeir eru allir kennarar á HUG.

Eins og fram kemur í töflu 72 voru veittir 20 styrkir samtals að upphæð tæpar 2 milljónir. Karlar voru mikill meirihluti styrkþega og er hlutfall þeirra 15% hærra en meðal kennara HUG almennt en svipað og í hópi prófessora sviðsins. Konur fá mun hærri upphæð úthlutað en karlarnir. Nánar greining á gögnum sýndi að karlarnir höfðu upp til hópa fengið birtingarstyrk en konurnar styrk til uppbyggingar á rannsóknum. Mikill munur var á upphæðum þessara styrkja. Samkvæmt upplýsingum frá HUG er hætt að veita styrki til uppbyggingar á rannsóknum. Það er athyglisvert í ljósi þess að þetta voru þeir styrkir sem konur sóttu mun meira í en karlar.

Tafla 72. Styrkir úr Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar eftir kyni.

	Fjöldi	Upphæð	% fjöldi	% upphæð
Konur	6	1.228.357	30%	63%
Karlar	14	711.963	70%	37%
Samtals	20	1.940.320	100%	100%

Menntavísindasvið

Upplýsingar bárust um þrjá sjóði.

Bakhjarl

Sjóðurinn var stofnaður undir nafninu Bakhjarl á vormisseri 2015 og var fyrsta úthlutun í maí 2015. [Reglur um verkefni sjóðsins og viðmiðunarreglur](#) eru aðgengilegar á vef sviðsins. Sjóðurinn er að stærstum hluta fjármagnaður með hagnaði af ráðstefnuhaldi og öðrum viðburðum. Mismikið er því til úthlutunar ár hvert. Veittir eru tvenns konar styrkir:

- Vegna ráðstefnuhalds, annarra viðburða, komu erlendra boðsgesta, þróunar styrkumsókna í stærri sjóði og útgáfu og útgáfutengdra verkefna sem efla rannsóknir og rannsóknatengda starfsemi.
- Árangurtengdir styrkir. Við stofnun sjóðsins urðu greiðslur inn á rannsóknareikning akademíks starfsfólks á grundvelli áunninna aflstiga einnig eitt af verkefnum sjóðsins. Styrkir hafa verið veittir allt úttektartímabilið en ekki undir nafni Bakhjarls fyrr en nú.

Stjórn MVS leggur mat á umsóknir og tekur ákvarðanir og sitja í henni 3 konur og 2 karlar.

Eins og fram kemur í töflu 73 bárust einungis sjö umsóknir um verkefnastyrki. Tækifæri til greiningar eru því takmörkuð.

Tafla 73. Fjöldi, upphæð, hlutfall og árangur umsókna til Bakhjarls MVS 2015 vegna verkefna eftir upphæð og kyni.

	Umsókn					Styrkir					Árangurshlutfall	
	Fjöldi	Hlutfall	Upphæð	Hlutfall	Meðaltal	Fjöldi	Hlutfall	Upphæð	Hlutfall	Meðaltal	Fjöldi	Upphæð
Konur	5	71%	800.000	72%	160.000	5	83%	780.000	80%	156.000	100%	98%
Karlar	2	29%	312.500	28%	156.250	1	17%	200.000	20%	200.000	50%	64%
Samtals	7	100%	1.112.500	100%	158.929	6	100%	980.000	100%	163.333	86%	88%

Eins og fram kemur í töflu 74 var 297 sinnum lagt inn á rannsóknareikninga akademískra starfsmanna MVS á árunum 2011-2014. Konur eru í meirihluta en kynjahlutfallið í samræmi við markhópinn. Upphæðir skiptast á milli kvenna og karla í nær sömu hlutföllum og meðal styrkþega. Gögn skorti til frekari greiningar.

Tafla 74. Fjöldi, upphæð og meðaltal aflstigagreiðslna á MVS 2010-2014 eftir kyni.

	Samtals			Konur			Karlar			Hlutfall fjöldi		Hlutfall upphæð	
	Fjöldi	Upphæð	Meðaltal	Fjöldi	Upphæð	Meðaltal	Fjöldi	Upphæð	Meðaltal	Konur	Karlar	Konur	Karlar
2011	85	7.000.000	82.353	55	4.410.000	80.182	30	2.590.000	86.333	65%	35%	63%	37%
2012	86	8.880.000	103.256	52	5.320.000	102.308	34	3.560.000	104.706	60%	40%	60%	40%
2013	82	5.560.000	67.805	47	3.280.000	69.787	35	2.280.000	65.143	57%	43%	59%	41%
2014	44	3.675.000	83.523	30	2.425.000	80.833	14	1.250.000	89.286	68%	32%	66%	34%
2011-2014	297	25.115.000	84.562	184	15.435.000	83.886	113	9.680.000	85.664	62%	38%	61%	39%

Tafla 75 sýnir að doktorsnemunum var 57 sinnum voru veittir styrkir úr Doktorsnemasjóðnum. Meirihlutinn eru konur og hlutfall þeirra 10% hærra en í markhópnum. Greiðslur skiptust á milli kynjanna í sömu hlutföllum og fjöldi styrkja. Gögn skortir til frekari greiningar.

Tafla 75. Styrkir til doktorsnema MVS eftir tegundum styrkja, upphæð og kyni.

	Samtals		Konur				Karlar			
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Hlutfall	Upphæð	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Upphæð	Hlutfall
Ferðastyrkur	31	1.812.107	26	84%	1.532.107	84%	5	16%	280.000	15%
Prentun	14	1.302.012	9	64%	702.012	54%	5	36%	600.000	46%
Ráðstefnugjöld	12	404.315	12	100%	404.315	100%	0	0%	-	0%
Samtals	57	3.518.434	47	82%	2.638.434	75%	10	18%	880.000	25%

Verkfræði- og náttúruvísindasvið.

Upplýsingar bárust um einn sjóð.

Ferðastyrkir sviðsforseta

Veittir voru 21 styrkir til verkefnastjóra, dósentna og prófessora; 38% til kvenna og 62% til karla. Gögn skorti til frekari greiningar.

Viðurkenningar Háskóla Íslands fyrir lofsverðan árangur í starfi

Háskóli Íslands hefur frá árinu 1999 veitt a.m.k. þremur starfsmönnum skólans viðurkenningu fyrir lofsverðan árangur í starfi; fyrir kennslu, rannsóknir og önnur störf í þágu skólans.

Fjármögnun

Viðurkenningarnar eru í formi viðurkenningarskjals, ásamt greinargerð valnefndar og peningaverðlauna (Háskóli Íslands, 2014j). Háskólasjóður fjármagnar peningaverðlaunin (Magnús Diðrik Magnússon tölvupóstur, 2015).

Áreiðanlegar heimildir skorti um fjármagn til úthlutunar. Viðurkenningarnar eru m.a. ekki skilgreindar sem styrkir í ársskýrslum Háskólasjóðs. Það getur átt sér bókhaldslegar skýringar en var ekki kannað sérstaklega.

- Áætluð fjárveiting: 3.600.000.

Framkvæmd og ábyrgð

Kallað er eftir tilnefningum frá nemendum HÍ og tillögum kennslumálanefndar háskólaráðs um a.m.k. þrjá starfsmenn fyrir viðurkenningu fyrir lofsverðan árangur í kennslu. Tilnefningar fyrir viðurkenningu fyrir lofsverðan árangur í rannsóknum koma frá starfsmönnum og vísindanefnd háskólaráðs sem einnig tilnefnir a.m.k. þrjá einstaklinga. Fyrir viðurkenningu fyrir önnur störf er kallað eftir tilnefningum starfsmanna. Rökstuðningur þarf að fylgja (Háskóli Íslands, 2014j).

Meginreglan er að þrír einstaklingar fá viðurkenningu hvert ár en í undantekningartilvikum hafa þeir verið sex. Þriggja manna valnefnd fer yfir allar tilnefningar og rökstuðning með þeim og ákveður hverjir hljóti viðurkenningu. Nefndin er skipuð til þriggja ára í senn. Skipan valnefndar hefur verið nokkuð breytileg í gegnum árin. Fyrst var hún skipuð þremur fyrrverandi rektorum en síðar aðstoðarrektor (formaður), fyrrverandi fastráðunum kennara og fyrrverandi nemanda. Árið 2015 settist varaforseti háskólaráðs í forsæti enda aðstoðarrektor ekki lengur starfandi (Magnús Diðrik Magnússon tölvupóstur, 2015)..

Kynjahlutfall: Konur 33% og karlar 67%.

Formaður: Karl öll árin.

Markhópur

Í markhópi er starfsfólk Háskóla Íslands.

- Kynjahlutfall: Konur 52% og karlar 48%.

Tilnefningar og úthlutanir

Skrifstofa rektors hefur umsjón með öflun tilnefninga og heldur utan um viðurkenningarferlið að öðru leyti. Í sparnaðarskyni voru engar viðurkenningar veittar árin 2010-2011 (Háskóli Íslands, 2014j). Gögn bárust um viðurkenningar árin 2012, 2013 og 2014 um upphæðir, kyn handhafa viðurkenninga og kynjahlutfall í hópi þeirra sem taka ákvarðanir. Upplýsingunum er ekki haldið

til haga með formlegum hætti. Helstu ágallar voru skortur á upplýsingum um tilnefningar og fjármagn til úthlutunar.

Samantekt

Karlar eru meirihluti þeirra sem fá viðurkenningu fyrir lofsverðan árangur í starfi. Það vekur athygli að konur hafa aldrei á þessu fimm ára tímabili verið meirihluti þeirra sem slíka viðurkenningu fá. Ástæða gæti verið til að skoða verklagsreglur og taka saman upplýsingar um tilnefningar og greina.

Niðurstöður

Eins og tafla 76 sýnir er kynjahlutfallið í hópi handhafa viðurkenninga fyrir lofsverðan árangur í starfi eins jafnt og það getur orðið, bæði í heild og hvert einstakt ár. Það hallar þó á konur þegar á heildina er litið þar sem þær voru alltaf í minnihluta.

Tafla 76. Fjöldi og hlutfall handhafa viðurkenninga HÍ fyrir lofsverðan árangur í starfi 2012-2014 eftir kyni.

	Fjöldi	Kona	Karl	% kona	% karl
2012	3	1	2	33%	67%
2013	3	1	2	33%	67%
2014	3	1	2	33%	67%
2012-2014	9	3	6	33%	67%

ÓFLOKKAÐIR SJÓÐIR INNAN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Í þessum kafla er fjallað um sjóði sem af ýmsum ástæðum voru ekki teknir til skoðunar.

Mótframlagasjóður við tækjakaup

Um Mótframlagasjóð segir að þegar „sótt er um stuðning Innviðasjóðs Vísinda- og tækniráðs til kaupa á tækjum eða búnaði til rannsókna þarf umsækjandi að geta sýnt fram á að mótframlag fái frá Háskólanum. Þeir sem hyggjast sækja um stuðning Tækjasjóðs geta sótt um styrk fyrir hluta mótframlagsins til Mótframlagasjóðs Háskóla Íslands.“ (Háskóli Íslands, 2015).

Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmda- og tæknisviði fær sjóðurinn árlega fjárveitingu frá háskólaráði.

- Fjárveitingar 2010-2015: 140.958.000.

Ekki var kallað eftir gögnum frá Mótframlagasjóði vegna tækjakaupa þar sem styrkir taka mið af úthlutunum úr öðrum sjóðum.

NHPC tölvuklasi (Nordic High Performance Computing)

Allir vísindamenn með aðstöðu við íslenska háskóla og rannsóknarstofnanir geta sótt um aðgang að NHPC tölvuklasanum. Íslenskir vísindamenn hafa aðgang að 16% af heildarreiknitíma á ársgrundvelli. Sótt er um aðgang að tölvuklasanum fyrir stór verkefni á 6 mánaða fresti, en aðgang fyrir minni verkefni má sækja um með óformlegum hætti.

Samkvæmt upplýsingum frá Vísinda- og nýsköpunarsviði fá allir sem sækja um aðgang að gæðum tölvuklasans. Um er að ræða lítinn hóp vísindamanna sem þarf mikla reiknigetu fyrir verkefni.

Ekki var kallað eftir gögn um umsóknir og úthlutanir.

Rannsóknamisseri háskólakennara (og farareyrir)

Háskólaráði er heimilt að lækka eða fella niður kennslu- og stjórnunarskyldu háskólakennara og sérfræðinga í 1 eða 2 misseri í senn til þess að gera honum kleift að verja auknum hluta vinnutíma síns til rannsóknastarfa. Ekki var kallað eftir gögnum um þennan sjóð að sinni m.a. vegna þess að hann komst seint til umræðu.

- Fjárveitingar 2010-2014 v/farareyris: 483.990.000.

Gögnum þyrfti að safna og greina.

Áhugavert tækifæri er til að víkka út úttekt á rannsóknamisseri háskólakennara með því að skoða á sama tíma áhrif þeirra á rannsóknvirkni kennara. Dæmi um svipaða úttekt er [Rannsóknamisseri háskólakennara við Háskólann á Akureyri](#) sem Sigrún Sif Jóelsdóttir, hjá Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri, gerði árið 2010. Í niðurstöðum hennar kemur fram kynjamunur á ýmsum sviðum.

Stúdentasjóður Háskóla Íslands

Reglur fyrir Háskóla Íslands, 81. gr., fjallar um Stúdentasjóð. Árið 2014 voru samþykkt ný [Lög Stúdentasjóðs](#) og samkvæmt þeim falla fyrri reglur úr gildi. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir bárust engin gögn um umsóknir og úthlutanir úr sjóðnum eða undirsjóðum hans.

Hlutverk sjóðsins er að efla félags-, fræðslu- og menningarstarfsemi stúdenta við Háskóla Íslands, alþjóðasamstarf þeirra og styrkja greiningu vegna sértækra námsörðugleika og athyglisbrests/ofvirkni (Háskóli Íslands, 2014e).

Við samþykkt laganna varð sú breyting á að Greiningarsjóður var sameinaður Stúdentasjóði og telst nú undirsjóður með sjálfstæða stjórn (Háskóli Íslands, e.d.b).

Fjármögnun

Sjóðurinn fær árlega fjárveitingu frá háskólaráði auk gjafa og framlaga sem berast (Háskóli Íslands, 2014e).

- Fjárveiting til stúdentasjóðs og samninga: 106.977.000 kr.

Markhópur

Markhópar eru ólíkir eftir verkefnum. Engar upplýsingar bárust.

Framkvæmd og ábyrgð

Sjö manna stjórn, skipuð til eins árs í senn, fer með stjórn sjóðsins. Í henni eiga að sitja einn fulltrúi nemendafélags frá hverju sviði og tveir fulltrúar kosnir af Stúdentaráði HÍ. Hlutverk hennar er að úthluta styrkjum til nemendafélaga í samræmi við lög sjóðsins og vinnureglum sem hún setur sér.

Stjórninni ber einnig skv. gr. 5.6 að senda að lokinni úthlutun „skrifstofu S.H.Í skriflega skýrslu um starf sitt. Í skýrslunni skal koma fram hverjum hafi verið úthlutaðir styrkir, hversu mikið og til hvaða verkefna. Jafnframt skal sjóðsstjórn birta útdrátt úr hverri skýrslu (Háskóli Íslands, 2014e).

- Kynjahlutfall: Upplýsingar bárust ekki.

Umsóknir og úthlutanir

Engar upplýsingar bárust.

Greiningarsjóður

Greiningarsjóður hefur sjálfstæð starfandi þriggja manna úthlutunarnefnd. Hana skipa formaður jafnréttisnefndar SHÍ, sem einnig er formaður úthlutunarnefndarinnar, fulltrúi náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands og jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands. Hlutverk stjórnar er að úthluta styrkjum og annast Stúdentaráð greiðslur úr sjóðnum í samræmi við ákvarðanir stjórnar (Háskóli Íslands, 2014e).

Ákvarðanir og ábyrgð

Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um styrkveitingar og ber ábyrgð á úthlutunum.

- Kynjahlutfall: Engar upplýsingar bárust.

Umsóknir og úthlutanir

Engar upplýsingar bárust.

STYRKARSJÓÐIR HÍ

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands hafa umsjón með sjóðum og gjöfum sem ánafnaðar hafa verið Háskóla Íslands. Einn nýr sjóður, Ingjaldssjóður, var stofnaður árið 2015 og er hann með í yfirlitinu enda talinn líklegur til að úthluta styrkjum í framtíðinni.

Á tímabilinu 2010-2015 voru styrktarsjóðirnir samtals 55 en einn þeirra var lagður niður. Samtals voru því sjóðirnir 54 í lok ár 2015.

Langflestir sjóðanna starfa eftir staðfestri skipulagsskrá. Í þeim er yfirleitt kveðið á um markmið og/eða tilgang, stofnfé, skipan stjórnar, hvenær úthluta má úr sjóðunum og hvað ræður heildarupphæð til úthlutunar.

Styrkir eru auglýstir á vettvangi sem ætla má að nái augum og eyrum sem flestra hugsanlegra umsækjenda þ.e. markhópsins. Berist umsókn án auglýsingar er hún metin með tilliti til efnis, reglna og fjárhagsstöðu sjóðsins. Flestir sjóðanna hafa sjóðsstjórn sem fer með málefni hvers sjóðs fyrir sig.

Sjóðirnir eru misfjársterkir, margir voru óvirkir þ.e. úthlutaðu ekki á úttektartímabilinu og úr sumum hefur aldrei verið úthlutað.

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir markaðs- og samskiptasvið og umsjón með sjóðunum hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands.

Ekki reyndist unnt að keyra gögn úr umsóknarferlum styrktarsjóða út úr rafrænum gagnasafni en frumgögn eru aðgengileg í skjalavörslukerfinu GoPro. Sama gildir um gögn um þá hópa sem ákvarðanir taka í umsóknarferlinu og því horfið frá söfnun og greiningu þeirra.

Ákveðið var að skoða einungis úthlutanir. Aðgengilegustu og áreiðanlegustu gögnin reyndust vera sameiginlegir ársreikningar styrktarsjóða Háskóla Íslands. Í nokkrum tilvikum reyndust gögnin ófullnægjandi en í þeim tilvikum bárust umbeðnar upplýsingar frá verkefnastjóra styrktarsjóða og hollvina HÍ.

Sjóðunum var skipt upp í tvo flokka, virka styrktarsjóði og óvirka.

VIRKIR STYRKARSJÓÐIR HÁSKÓLA ÍSLANDS

Undir virka styrktarsjóði Háskólans flokkast sjóðir sem vitað er að hafa úthlutað á árunum 2010-2015 auk Ingjaldssjóðs sem stofnaður var 18. nóvember 2015 og þykir líklegur til að úthluta í framtíðinni. Sjóðirnir eru 29 og var úthlutað úr 23 þeirra á úttektartímabilinu, samtals rúmlega 122 milljónum.

Við flokkun sjóðanna var tekið mið af upplýsingum á [heimsíðu sjóðasíðu Háskóla Íslands](#). Þar eru sjóðir flokkaðir eftir því hvort þeir tengist einstökum fræðasviðum háskólans, eru óháðir fræðasviðum eða falla undir hvorugan flokkinn. Einn þessara sjóða, Sáttmálasjóður, er í þessari úttekt flokkaður með rannsóknasjóðum enda fær hann nú til dags árlegt framlag frá háskólaráði. Einhverjir sjóðir eru tvíflokkaðir á heimsíðunni t.d. Sjóður Nielsar Dungals sem bæði er flokkaður undir HVS og Aðra sjóði. Í þeim tilvikum var flokkun undir fræðasvið látin ráða.

Eins og fram kemur í töflu 77 áttu þessir sjóðir samanlagt rúman milljarð í bundnum og óbundnum höfuðstól en staða einstakra sjóða er mjög misjöfn.

Tafla 77. Bundinn og óbundinn höfuðstóll virkra styrktarsjóða Háskóla Íslands 31.12.2014.

Nafn	Flokkur	Bundinn	Óbundinn	Samtals
1 Almanakssjóður	Verkfræði- og náttúruvísindasvið	95.232.175	21.302.295	116.534.470
2 Eggertssjóður	Verkfræði- og náttúruvísindasvið	104.010.231	1.703.631	105.713.862
3 Háskólasjóður	Óháður fræðasviðum	193.604.016	3.580.060	190.023.956
4 Heimspekisjóður Brynjólfs Bjarnasonar	Hugvísindasvið	3.073.325	30.866	3.104.191
5 Ingjaldssjóður*	Félagsvísindasvið			70.000.000
6 Menningar- og framfarissjóður Ludvig Storr	Verkfræði- og náttúruvísindasvið	249.854.299	8.556.853	258.411.152
7 Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda	Heilbrigðisvísindasvið	36.125.615	1.194.638	37.320.253
8 Minningarsjóður dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors	Hugvísindasvið	2.369.797	478.946	2.848.743
9 Minningarsjóður Guðrúnar Marteinsdóttur	Heilbrigðisvísindasvið	995.008	131.723	1.126.731
10 Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings	Verkfræði- og náttúruvísindasvið	3.651.237	519.280	3.131.957
11 Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents	Verkfræði- og náttúruvísindasvið	2.108.364	1.258.063	3.366.427
12 Rannsóknarsjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur	Heilbrigðisvísindasvið	9.028.731	1.198.786	10.227.517
13 Sagnfræðisjóður dr. Björns Þorsteinssonar	Hugvísindasvið	10.008.342	232.889	9.775.453
14 Selma og Kay Langvad Legat	Óháður fræðasviðum	37.830.952	17.372.495	55.203.447
15 Sjóður Nielsar Dungals prófessors	Heilbrigðisvísindasvið	4.754.342	888.639	5.642.981
16 Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli	Óháður fræðasviðum	15.161.598	3.672.484	18.834.082
17 Sjóður Sigríðar Lárusdóttur	Heilbrigðisvísindasvið	13.222.325	6.115.502	19.337.827
18 Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands	Hugvísindasvið	12.931.390	5.037.277	17.968.667
19 Starfssjóður Læknadeildar Háskóla Íslands	Heilbrigðisvísindasvið	2.432.884	171.275	2.261.609
20 Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands	Verkfræði- og náttúruvísindasvið	2.683.624	273.591	2.957.215
21 Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur	Hugvísindasvið	20.286.387	103.089.724	123.376.111
22 Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands	Aðrir sjóðir	20.572.698	4.514.303	16.058.395
23 Styrktarsjóður Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar	Félagsvísindasvið	14.747.975	6.046.678	20.794.653
24 Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur	Hugvísindasvið	15.038.050	7.201.233	22.239.283
25 Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur	Hugvísindasvið	18.994.317	7.503.911	26.498.228
26 Verðlaunarsjóður Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar	Heilbrigðisvísindasvið	12.542.515	5.190.851	17.733.366
27 Verðlaunarsjóður Óskars Þórðarsonar læknis	Heilbrigðisvísindasvið	24.380.493	2.893.288	27.273.781
28 Watanabe styrktarsjóðurinn við Háskóla Íslands	Aðrir sjóðir	269.462.495	16.752.222	286.214.717
29 Þórsteinssjóður	Óháður fræðasviðum	33.503.363	1.396.759	34.900.122
Samtals		901.260.197	189.230.379	1.090.490.576

Heimild: (Styrktarsjóðir Háskóla Íslands, 2015; Háskóli Íslands, 2015h).

Mismunandi er hvort það eru einstaklingar eða stofnanir, hópar eða verkefni sem hljóta styrk. Eins og tafla 78 sýnir fara, þegar á heildina er litið 90% styrkjanna til einstaklinga og 10% stofnanna, hópa eða verkefna. Konur eru tæplega 2/3 styrkþega og karlar rúmlega þriðjungur. Heildarstyrkur til einstaklinga skiptist því sem næst jafnt á milli kynjanna. Með öðrum orðum þá fá fleiri konur en karlar styrki en konur fá að meðaltali lægri upphæð en karlar. Staðan er þó misjöfn eftir sjóðum eins og fram kemur í úttektum fyrir hvern sjóð fyrir sig.

Tafla 78. Fjöldi og upphæð styrkja úr styrktarsjóðum Háskóla Íslands 2010-2014 eftir flokkum og kyni.

	Fjöldi	Hlutfall	Upphæð	Hlutfall
Einstaklingar	132	90%	94.543.892	77%
<i>Konur</i>	85	64%	47.826.354	51%
<i>Karlar</i>	47	36%	46.717.538	49%
Stofnanir/hópar/verkefni	16	10%	27.469.548	23%
Samtals	147	100%	122.013.440	100%

Tafla 79 sýnir að misjafnt hversu margir virkir sjóðir, sem úthlutuðu á tímabilinu, eru starfandi innan einstakra flokka og hversu háum upphæðum þeir úthlutuðu. Álíka margir sjóðir eru á HVS (6), HUG (5), VON (5) og óháðir fræðasviðum (5). Athygli vekur að einungis var úthlutað úr einum sjóði á FVS og engum á MVS. Aðrir sjóðir eru tveir. Sjóðir innan VON skera sig úr því þeir úthlutuðu rúmlega 40% heildarfjármagnsins.

Tafla 79. Fjöldi, upphæð og hlutfall styrkja úr virkum sjóðum Háskóla Íslands 2010-2014 eftir flokkum.

	Fjöldi	Hlutfall	Upphæð	Hlutfall
Félagsvísindasvið	1	4%	728.548	1%
Heilbrigðisvísindasvið	6	25%	17.590.000	14%
Hugvísindasvið	5	21%	10.355.499	8%
Menntavísindasvið	0	0%	-	0%
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	5	21%	50.300.000	41%
Óháðir fræðasviðum	5	21%	24.804.297	20%
Aðrir sjóðir	2	8%	18.235.096	15%
Samtals	24	100%	122.013.440	100%

Almanakssjóður

Sjóðurinn hefur staðfesta skipulagsskrá, [reglur](#) og sjálfstætt starfandi stjórn. Skipulagsskrá var ekki aðgengileg á heimasíðu sjóðsins (Háskóli Íslands, 2015b). Sjóðurinn hefur ekki skilgreint markmið en honum má m.a. verja til að greiða kostnað við útreikning á almanökum háskólans, til að kaupa tæki og áhöld fyrir útreikning almanakanna, rannsóknna á stjarnfræði og rímfræði, stærðfræði og stærðfræðilegri eðlisfræði og til útgáfu vísindalegra rita í þessum fræðum, til fræðslu í stærðfræðilegum vísindum í háskólanum, til að styðja fræðimenn til að fullkomna þekkingu sína í stærðfræðilegum vísindum erlendis og til að styrkja lengra komna stúdenta (Almanakssjóður, 1973).

Flokkur

Verkfræði- og náttúruvísindasvið.

Fjármögnun

Tekjur sem sjóðurinn hefur m.a. vegna útgáfu og sölu almanaka, innflutningi þeirra og vaxta af innistæðum.

Markhópur

Akademískir starfsmenn, vísindamenn og stúdentar sem sinna þeim verkefnum eða í því námi og rannsóknum sem sjóðurinn styrkir.

- Kynjahlutfall: Skilgreining markhópsins er ekki nægilega skýr.

Framkvæmd og ábyrgð

Háskólaráð stjórnar sjóðnum og skal samkvæmt skipulagsskrá skipa stjórn. Engin stjórn er starfandi og fer rektor Háskóla Íslands með mál sjóðsins og tekur ákvarðanir um úthlutanir (Háskóli Íslands, 2015t).

- Kynjahlutfall: Kona var rektor á úttektartímabilinu.

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum. Tölfræðileg

gögn voru sótt í ársreikninga Styrktarsjóða Háskóla Íslands og aðrar upplýsingar til verkefnastjóra.

Samkvæmt upplýsingum frá verkefnastjóra voru styrkir sjóðsins ekki auglýstir en umsóknir bárust. Upplýsingar vantar um umsækjendur.

- Úthlutað var árin 2010 og 2012.
- Styrkir voru þrír; tveir til stofnana/verkefna og einn til karls.
- Samtals var úthlutað 1.250.000 krónum; 800.000 til stofnana/verkefna og 450.000 til karlsins.

Samantekt

Gögn skortir til greiningar.

Eggertssjóður

Sjóðurinn hefur staðfesta [skipulagsskrá](#) og sjálfstætt starfandi stjórn. Tilgangur sjóðsins er að styrkja rannsóknir á sviði jarðfræði og líffræði (Eggertssjóður, 1995).

Flokkur

Verkfræði- og náttúruvísindasvið.

Fjármögnun

Ráða má af skipulagsskrá að styrkir séu fjármagnaðir með tekjum sjóðsins (Háskóli Íslands, 2014g).

Markhópur

Nemendur sem stunda nám í jarðvísindum, lífvísindum og læknisfræði.

- Kynjahlutfall: Konur 55% og karlar 45%² (Háskóli Íslands, 2014g).

Framkvæmd og ábyrgð

Stjórn úthlutar styrkjum. Þegar veittir eru styrkir samkvæmt tilnefningum koma þær frá sviðs- eða deildarforsetum (Háskóli Íslands, 2014g).

- Kynjahlutfall: Upplýsingar vantar.

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum. Gögn voru sótt í ársreikninga Styrktarsjóða Háskóla Íslands til verkefnastjóra Styrktarsjóðanna.

Styrkir sjóðsins voru ekki auglýstir heldur voru styrkhafar tilnefndir af sviðs- eða deildarforsetum. Upplýsingar um tilnefningar vantar. Úthlutað var úr sjóðnum árin 2010 og 2014.

² Nemendur í líffræði, jarðfræði, jarðeðlisfræði, læknisfræði og líf- og læknávisindum.

Eins og fram kemur í töflu 80 fóru 44% þess fjármagns sem úthlutað var til stofnana, einstakra verkefna eða verkfæraakaupa. Í hópi einstaklingum sem fengu styrk úr sjóðnum voru jafnmargar konur og karlar og er það í nokkuð góðu samræmi við kynjahlutfallið í markhópnum. Að meðaltali fengu konur úthlutað hærri upphæð en karlar og munaði 266.667 krónum að meðaltali

Tafla 80. Fjöldi og upphæð styrkja úr Eggertssjóði 2010-2014 eftir styrkþegum og kyni.

	Fjöldi	Upphæð	Stofnun	Styrkur	Einst.	Konur	Styrkur	Meðaltal	Karlar	Upphæð	Meðaltal
2010	12	9.450.000	3	2.450.000	9	4	4.000.000	1.000.000	5	3.000.000	600.000
2014	10	18.600.000	1	10.000.000	9	5	5.000.000	1.000.000	4	3.600.000	900.000
Samtals	22	28.050.000	4	12.450.000	18	9	9.000.000	1.000.000	9	6.600.000	733.333

Samantekt

Tæplega helmingur úthlutunarfjár fór til stofnana, verkefna eða tækjakaupa. Rúmlega helmingur fór til einstaklinga, jafnmargra kvenna og karla sem virðist í nokkuð góðu samræmi við kynjahlutfallið í markhópnum. Karlar fá að meðaltali lægri upphæð úthlutað en konur. Gögn vantar til frekari greiningar.

Háskólasjóður

Sjóðurinn hefur [skipulagsskrá](#) og sjálfstætt starfandi stjórn. Markmið sjóðsins er “að efla menningarstarfsemi innan háskólans, s.s. útgáfustarfsemi, fyrirlestrahald fyrir almenning, tónleikahald og til annarrar menningarviðleitni, sem verðug er að mati háskólaráðs. Einnig skal heimilt að leita til sjóðsins vegna óvæntra fjárþarfa háskólans, sem upp kunna að koma, þannig að ekki gefist ráðrúm til að afla fjár eftir venjulegum leiðum.” (Háskólasjóður, 1975)

Flokkur

Óháður fræðasviðum.

Fjármögnun

Tekjur sjóðsins eru „gjöld utansafnaðarmanna, prófgjöld stúdenta, gjöld fyrir kandiðatsvottorð og doktorsskjöl, greiðslur fyrir seldar árbækur, svo og gjafir, sem háskólanum kunna að berast án þess að tiltekið sé, hvernig þeim skuli varið.“ (Háskólasjóður, 1975).

Markhópur

Nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands.

- Kynjahlutfall árið 2014 (Háskóli Íslands, 2015k):
 - Nemendur: Konur 66% og karlar 34%.
 - Fastráðið starfsfólk: Konur 53% og karlar 47%.

Framkvæmt og ábyrgð

Stjórn sjóðsins er í höndum háskólaráðs sem úthlutar fé í samræmi við 3. lið skipulagsskrár.

- Kynjahlutfall: Upplýsingar vantar.

Niðurstöður

Úthlutað var einu sinni úr sjóðnum, árið 2013³. Þá fékk Lífvísindasetur Háskóla Íslands sex milljónir til eflingar samstarfs stofnunarinnar og Íslenskrar erfðagreiningar (Styrktarsjóðir Háskóla Íslands, 2014).

Samantekt

Gögn of takmörkuð til greiningar.

Heimspekisjóður Brynjólfs Bjarnasonar

Sjóðurinn hefur staðfesta [skipulagsskrá](#) og sjálfstætt starfandi stjórn. Tilgangur sjóðsins er að styrkja með fjárframlögum stúdenta í framhaldsnámi í heimspeki (Heimspekisjóður Brynjólfs Bjarnasonar, 1990).

Flokkur

Hugvísindasvið.

Fjármögnun

Nota má allt að 95% af vaxtatekjum sjóðsins til að fjármagna styrki (Heimspekisjóður Brynjólfs Bjarnasonar, 1990).

Markhópur

Nemendur í framhaldsnámi í heimspeki.

- Kynjahlutfall: Konur 48% og karlar 52% (Háskóli Íslands, 2014g).

Framkvæmd og ábyrgð

Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um úthlutun styrkja. Hún er skipuð þremur einstaklingum útnefndum af afkomendum Brynjólfs Bjarnasonar, stjórn Félags áhugamanna um heimspeki og háskólaráði Háskóla Íslands (Heimspekisjóður Brynjólfs Bjarnasonar, 1990).

- Kynjahlutfall: Gögn vantar.

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum. Gögn voru sótt í ársreikninga Styrktarsjóða HÍ (Styrktarsjóðir Háskóla Íslands, 2011)

Samkvæmt skipulagsskrá skal að jafnaði veita styrki þriðja hvert ár (Heimspekisjóður Brynjólfs Bjarnasonar, 1990). Einu sinni var úthlutað úr sjóðnum á úttektartímabilinu, árið 2010 og voru styrkir auglýstir. Upplýsingar vantar um umsækjendur.

Ein kona fékk styrk að upphæð 200.000.

³ Sjóðurinn hefur fjármagnað viðurkenningar Háskóla Íslands fyrir lofsverðan árangur í starfi. Þær viðurkenningar eru ekki skilgreindar sem styrkir í ársreikningum (sjá kafla X).

Samantekt

Gögn ekki nægjanleg til greiningar.

Ingjaldssjóður

Ingjaldssjóður var stofnaður í nóvember 2015. Ekki hefur enn verið úthlutað úr honum en líklegt að svo verði í nánustu framtíð (Háskóli Íslands, 2015h). Hann er því hafður með í yfirlitinu.

Sjóðurinn hefur samþykkt skipulagskrá og sjálfstæða stjórn (Háskóli Íslands, 2015h). Skipulagskrá var ekki aðgengileg á heimasíðu hans.

Flokkur

Félagsvísindasvið

Fjármögnun styrkja

Upplýsingar vantar þar sem skipulagskrá var ekki aðgengileg.

Markhópur

Í markhópnum eru efnilegir íslenska námsmenn frá Háskóla Íslands sem fara í framhaldsnám erlendis í rekstrarstjórnun eða alþjóðlegum viðskiptum eða nemendur í tónlist.

- Kynjahlutfall: Gögn ekki aðgengileg.

Ákvarðanir og ábyrgð

Upplýsingar vantar um hlutverk stjórnar. Þrír sitja í stjórn og eru skipaðir til þriggja ára í senn.

- Kynjahlutfall: 1 kona og 2 karlar. Formaður er karl (Háskóli Íslands, 2015g).

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðnum.

Ekki hefur enn verið úthlutað úr sjóðnum.

Menningar- og framfarasjóður Ludvig Storr

Sjóðurinn starfar samkvæmt samþykktir [skipulagskrá](#) og hefur sjálfstæða stjórn. Tilgangur hans er að stuðla að framförum á sviði jarðefnafræða, byggingariðnaðar og skipasmíða með því að styrkja vísindamenn á sviði jarðefnafræða, verkfræðinga, arkitekta, tæknifræðinga og iðnaðarmenn til framhaldsnáms, svo og að veita styrki til rannsókna á hagnýtum úrlausnarefnum í þessum greinum. (Menningar- og framfarasjóðs Ludvigs Storr, 1980).

Flokkur

Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Fjármögnun styrkja

Stjórn ákveður hversu stórum hluta tekjuafgangs hvers árs skuli varið til styrkja (Menningar- og framfarasjóðs Ludvigs Storr, 1980).

Markhópur

Jarðefnafræðingar, verkfræðingar, arkitektar, tæknifræðingar og iðnaðarmenn í framhaldsnámi og vísindamenn sem sinna rannsóknum á hagnýtum úrlausnarefnum í þessum greinum (Menningar- og framarasjóðs Ludvigs Storr, 1980).

- Kynjahlutfall: Skilgreining markhóps ekki nægilega skýr.

Framkvæmd og ábyrgð

Stjórn sjóðsins ákveður hversu marga styrki skuli veita, upphæð þeirra og styrkþega. Þriggja manna stjórn er kosin af háskólaráði til þriggja ára í senn (Menningar- og framarasjóðs Ludvigs Storr, 1980).

- Kynjahlutfall: Upplýsingar vantar.

Mat á umsóknum

Við forgangsroðun umsókna er litið til þess „... hvort framhaldsnám umsækjanda eða rannsóknir geti stuðlað að raunhæfum framförum í þeirri grein, sem um ræðir.“ (Menningar- og framarasjóðs Ludvigs Storr, 1980).

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum. Gögn voru sótt í ársreikninga Styrktarsjóðanna og til verkefnastjóra.

Einu sinni var úthlutað úr sjóðnum, árið 2011 og var auglýst eftir umsóknum. Samtals var úthlutað 20 milljónum króna. Upplýsingar vantar um umsækjendur.

Eins og fram kemur í töflu 81 fengu fimm karlar (83%) og ein kona (17%) styrk úr sjóðnum. Samtals var úthlutað 20 milljónum, 89% fóru til karla og 11% til kvenna. Styrkir til karla voru að meðaltali 1.300.000 krónum hærri en til konunnar.

Tafla 81. Fjöldi, heildarupphæð og meðaltal styrkja úr Menningar- og framarasjóði Ludvigs Storr 2010-2014 eftir kyni.

	Fjöldi styrkja	Upphæð	Einstakl.	Konur	Styrkur	Meðaltal	Karlar	Upphæð	Meðaltal
2011	6	20.000.000	6	1	2.250.000	2.250.000	5	17.750.000	3.550.000

Samantekt

Mun fleiri karlar en konur fengu úthlutað úr sjóðnum og karlar fengu hærri styrk að meðaltali en konan. Það hallar því á konur. Ástæða gæti verið til að afla ýtarlegri gagna m.a. um og kanna hvort réttlætis og sanngirnis hafi verið gætt. Gögn skortir til frekari greiningar.

Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda

Sjóðurinn starfar samkvæmt staðfestri [skipulagsskrá](#) og hefur sjálfstæða stjórn. Markmið hans „... og hlutverk er að styrkja hjúkrunarfræðinga og ljósmæður til framhaldsnáms.“ (Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda, 2008).

Flokkur

Heilbrigðisvísindasvið.

Fjármögnun styrkja

Styrkir eru fjármagnaðir með að hámarki $\frac{3}{4}$ hluta raunávöxtunar sjóðsins.

Markhópur

Hjúkrunarfræðingar og ljósmæður í framhaldsnámi.

- Kynjahlutfall; konur 96% og karlar 4% (Háskóli Íslands, 2013f).

Framkvæmd og ábyrgð

Priggja manna stjórn er í sjóðnum skipuð af rektor Háskóla Íslands til tveggja ára í senn. Rektor Háskóla Íslands tilnefnir einn en Háskólaráð tvo.

- Kynjahlutfall: Konur 100% og karlar 0% (Háskóli Íslands, 2013).

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum. Gögn voru sótt í ársreikninga styrktarsjóðanna og til verkefnastjóra.

Styrkir voru auglýstir lausir til umsóknar árin 2012-2014. Upplýsingar vantar um umsækjendur.

Eins og fram kemur í töflu 82 var samtals úthlutað 3,5 milljónum sem fóru til fimm styrkþega, allt kvenna.

Tafla 82. Fjöldi og upphæð styrkja úr Minningarsjóði Bjargar Magnúsdóttur 2012-2014 eftir kyni.

	Fjöldi styrkja	Upphæð	Stofnun	Styrkur	Einstakl.	Konur	Styrkur	Meðaltal	Karlar	Upphæð	Meðaltal
2012	2	1.500.000	0	0	2	2	1.500.000	750.000			
2013	1	1.000.000	0	0	1	1	1.000.000	1.000.000			
2014	2	1.000.000	0	0	2	2	1.000.000	500.000			
Samtals	5	3.500.000	0	0	5	5	3.500.000	700.000	0	0	0

Samantekt

Allir styrkþegar voru konur og er skýringa á kynjahallanum er sennilega að leita í markhópnum. Gögn skortir um umsækjendur til að staðfesta að engir karlar hafi sótt um. Ástæða getur því verið til að kanna hvort sanngirnir og réttlætis hafi verið gætt. Í stjórn sjóðsins sátu eingöngu konur og er það ekki í samræmi við markmið jafnréttisáætlunar háskólans.

Minningarsjóður dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors

Sjóðurinn starfar samkvæmt staðfestri [skipulagsskrá](#) og hefur sjálfstæða stjórn. Tilgangur hans er „... að veita stúdentum eða kandiðötum í íslensku og sagnfræði styrki til einstakra rannsóknarverkefna er tengjast þeirra námi.“ (Minningarsjóður dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors, 1983).

Flokkur

Hugvísindasvið

Fjármögnun styrkja

Styrkir eru fjármagnaðir með vaxtatekjum sjóðsins (Minningarsjóður dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors, 1983).

Markhópur

Nemendur í grunn- og framhaldsnámi í íslensku og sagnfræði.

- Kynjahlutfall: Konur 65% og karlar 35%⁴ (Háskóli Íslands, 2014g).

Framkvæmd og ábyrgð

Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um úthlutun styrkja. Í henni sitja þrjár einstaklingar sem háskólaráð kys til þriggja ára í senn (Minningarsjóður dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors, 1983).

- Kynjahlutfall: Upplýsingar vantar.

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum. Gögn og upplýsingar voru sótt í ársreikninga Styrktarsjóða og til verkefnastjóra Styrktarsjóðanna.

Á úttektartímabilinu var tvisvar úthlutað úr sjóðnum, árin 2010 og 2011, einum styrk hvort árið. Auglýst var eftir eftir umsóknum. Upplýsingar um umsækjendur vantar.

- Samtals var úthlutað 400.000 krónum.
- Einn styrkur var veittur hvort úthlutunarár og styrkþegar kona árið 2010 og karl árið 2011.
- Báðir styrkir voru að upphæð 200.000.

Samantekt

Gögn skortir til frekari greiningar.

Minningarsjóður Guðrúnar Marteinsdóttur

Sjóðurinn hefur staðfesta [skipulagsskrá](#) og sjálfstætt starfandi stjórn. Tilgangur sjóðsins er að veita nýútskrifuðum hjúkrunarfræðingum viðurkenningu fyrir góðan námsárangur á sviði heilsugæslu, að styrkja hjúkrunarfræðinga til framhaldsnáms og að styðja börn hinnar látnu til 25 ára aldurs (Minningarsjóður Guðrúnar Marteinsdóttur, 2004).

Flokkur

Heilbrigðisvísindasvið.

⁴ Grunn- og framhaldsnám í Íslensku- og menningardeild og Sagnfræði- og heimspekideild í október 2014.

Fjármögnun styrkja

Styrkir eru fjármagnaðir með vaxtatekjum umfram það sem nota þarf til að uppreikna höfuðstól árlega skv. ákvæðum skipulagsskrár (Minningarsjóður Guðrúnar Marteinsdóttur, 2004).

Markhópur

Börn hinnar látnu og nýútskrifaðir hjúkrunarfræðingar.

- Kynjahlutfall meðal hjúkrunarfræðinga: Konur 99% og karlar 1% (Háskóli Íslands, 2013b).

Framkvæmd og ábyrgð

Stjórn sjóðsins annast úthlutanir og setur um það reglur. Rektor skipar þriggja manna stjórn til tveggja ára í senn. Hann tilnefnir einn og háskólaráð tvo (Háskóli Íslands, 2013g).

- Kynjahlutfall: Konur 100% og karlar 0%.

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum. Gögn voru sótt í ársreikninga Styrktarsjóða Háskóla Íslands til verkefnastjóra Styrktarsjóðanna.

Einu sinni var úthlutað úr sjóðnum, árið 2014. Styrkþegi var tilnefndur.

- Samtals var úthlutað 50.000 krónum.
- Einn styrkur var veittur og styrkþegi kona.

Samantekt

Gögn of takmörkuð til greiningar. Huga þyrfti að kynjahlutfalli í stjórn sem er ekki í samræmi við markmið jafnréttisáætlunar.

Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings

Sjóðurinn hefur staðfesta [skipulagsskrá](#) og sjálfstætt starfandi stjórn. „Tilgangur sjóðsins er að styrkja stúdenta til náms við verkfræðideild Háskóla Íslands eða til framhaldsnáms þeirra við annan háskóla, einkum þá er að dugnaði og reglusemi skara fram úr öðrum...“ (Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings, 1952v).

Flokkur

Verkfræði- og náttúruvísindasvið.

Fjármögnun

Styrkir eru fjármagnaðir með 2/3 hluta vaxta sjóðsins. Ríflegri styrk á að veita á tugsafmælum Jóns og á aldarafmæli ársávöxtum (Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings, 1952v).

Markhópur

Nemendur sem stunda nám í verkfræði við Háskóla Íslands og nemendur í framhaldsnámi í verkfræði við aðra háskóla (Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings, 1952v).

- Kynjahlutfall í grunn- og framhaldsnámi við verkfræðideildir HÍ í október 2013: 26% konur og 74% karlar (Háskóli Íslands, 2014g).

Framkvæmd og ábyrgð

Þriggja manna stjórn tekur ákvarðanir um úthlutun styrkja. Samkvæmt skipulagsskrá eiga að sitja í henni rektor HÍ (formaður), forseti verkfræðideildar og formaður Verkfræðingafélags Íslands (Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings, 1952v). Engin stjórn er starfandi (Háskóli Íslands, 2015).

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum.

Ekki var úthlutað á úttektartímabilinu. Síðast var úthlutað úr sjóðnum árið 2006 (Háskóli Íslands, 2006).

Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents

Sjóðurinn hefur staðfesta [skipulagsskrá](#) og sjálfstætt starfandi stjórn. Tilgangur sjóðsins er að styrkja stúdenta til náms við verkfræðideild Háskóla Íslands eða til framhaldsnáms í verkfræði við annan háskóla, að loknu fyrri hluta prófi í verkfræðideild Háskóla Íslands (Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents, 1952).

Flokkur

Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Fjármögnun styrkja

Heimilt er að fjármagna styrki með að hámarki $\frac{3}{4}$ hluta vaxtatekna af eignum sjóðsins (Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents, 1952).

Markhópur

Nemendur í iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild, rafmagns- og tölvuverkfræðideild og umhverfis- og byggingarverkfræðideild.

- Kynjahlutfall: Konur 26% og karlar 74%.

Framkvæmd og ábyrgð

Stjórn sjóðsins annast úthlutun styrkja úr sjóðnum. Í henni sitja þrjú einstaklingar sem skipulagsskrá kveður á um hverjir skuli vera.

- Kynjahlutfall: Upplýsingar vantar.

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum. Gögn voru sótt í ársreikninga Styrktarsjóða Háskóla Íslands til verkefnastjóra Styrktarsjóðanna.

Úthlutað var úr sjóðnum árin 2010, 2012, 2013 og 2014. Styrkir voru ekki auglýstir heldur einum BS nema veittur styrkur hvert úthlutunarár fyrir framúrskarandi námsárangur. Upplýsingar vantar um það hvernig tilnefningum var háttað. Verkfræðideild HÍ lagði til viðbótarfjármagn árin 2012 og 2013 þar sem óbundinn höfuðstóll dugði ekki fyrir styrkveitingunni.

Eins og fram kemur í töflu 83 eru 75% styrkþega konur og 25% karlar. Hlutfallið er ekki í samræmi við kynjahlutfallið í markhópnum og hallar á karla. Konurnar fengu að meðaltali 30% lægri styrk en karlarnir og þar virðist því halla á konur.

Tafla 83. Fjöldi og upphæð styrkja úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents 2010-2014 eftir kyni.

	Fjöldi styrkja	Upphæð	Stofnun	Styrkur	Einstakl.	Konur	Styrkur	Meðaltal	Karlar	Upphæð	Meðaltal
2010	1	200.000	0		1	1	200.000	200.000	0		
2011	0	-	0		0	0			0		
2012	1	200.000	0		1	1	200.000	200.000	0		
2013	1	200.000	0		1	1	200.000	200.000	0		
2014	1	300.000	0		1	0			1	300.000	300.000
Samtals	4	900.000	-		4	3	600.000	200.000	1	300.000	300.000

Samantekt

Mun fleiri konur en karlar nutu styrkja úr sjóðnum. Skýringa er ekki að leita í markhópnum en hugsanlega í matsþáttum eins og einkunnum. Eini karlinn meðal styrkþega fær hærri upphæð en konurnar. Ástæða gæti verið til að kanna hvort réttlætis og sanngirnis hafi verið gætt. Gögn skortir til frekari greiningar.

Rannsóknarsjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur

Sjóðurinn hefur staðfesta [skipulagsskrá](#) og sjálfstætt starfandi stjórn. Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði (Rannsóknarsjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur, 2007).

Flokkur

Heilbrigðisvísindasvið.

Fjármögnun styrkja

Heimilt er að fjármagna styrki með að hámarki $\frac{3}{4}$ hluta raunávöxtunar stofnfjár (Rannsóknarsjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur, 2007).

Markhópur

Hjúkrunarfræðingar og ljósmæður í doktorsnámi sem vinna að rannsóknarverkefnum sem falla að markmiðum sjóðsins.

- Kynjahlutfall: Upplýsingar vantar en gera má ráð fyrir að nær allir í markhópnum séu konur.

Framkvæmd og ábyrgð

Stjórn setur úthlutunarreglur og tekur ákvarðanir um styrkveitingar. Í henni sitja fimm einstaklingar sem skipaðir eru skv. ákvæðum skipulagsskrár til fjögurra ára í senn.

- Kynjahlutfall: Konur 80% og karlar 20%.

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum. Gögn voru sótt í ársreikninga Styrktarsjóða Háskóla Íslands til verkefnastjóra Styrktarsjóðanna.

Auglýst var eftir umsóknum og eins og fram kemur í töflu 84 var úthlutað úr sjóðnum öll úttektarárin. Samtals var úthlutað 5,1 milljón króna og voru allir styrkþegar konur. Það er í samræmi við stöðuna innan markhópsins.

Tafla 84. Fjöldi og upphæð styrkja úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur 2010-2014 eftir kyni.

	Fjöldi styrkja	Upphæð	Einstakl.	Konur	Styrkur	Meðaltal	Karlar	Upphæð	Meðaltal
2010	3	1.000.000	3	3	1.000.000	333.333	0	0	0
2011	3	1.000.000	3	3	1.000.000	333.333	0	0	0
2012	3	1.000.000	3	3	1.000.000	333.333	0	0	0
2013	2	1.000.000	2	2	1.000.000	500.000	0	0	0
2014	3	1.100.000	3	3	1.100.000	366.667	0	0	0
Samtals	14	5.100.000	14	14	5.100.000	364.286	0	0	0

Samantekt

Allri styrkþegar eru konur og líklegt að leita megi skýringa í markhópnum. Upplýsingar vantar um hann og umsækjendur til að hægt sé að staðfesta það. Kynjahlutfallið í stjórn er ekki í samræmi við markmið jafnréttisáætlunar HÍ. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins (Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur, 2007) ætti að vera tækifæri til þess að jafna kynjahlutfallið.

Sagnfræðisjóður dr. Björns Þorsteinssonar

Sjóðurinn hefur staðfesta [skipulagsskrá](#) og sjálfstætt starfandi stjórn. Tilgangur hans er að styrkja nemendur sem stunda meistaranám í sagnfræði við HÍ og brautskráða mastersnema sem fást við rannsóknir eða vinna að ritum sem tengjast einkum sögu Íslands (Sagnfræðisjóður dr. Björns Þorsteinssonar, 1986).

Flokkur

Hugvísindasvið.

Fjármögnun

Samkvæmt skipulagsskrá má veita allt að 4/5 hlutum vaxta og annarra tekna í styrki árlega þegar sjóðurinn hefur náð 200.000 krónum og 9/10 hlutum eftir að stofnfé hefur náð 500.000 krónum (Sagnfræðisjóður dr. Björns Þorsteinssonar, 1986). Ekki var kannað hvor reglan á við í dag.

Markhópur

Nemendur HÍ í framhaldsnámi í sagnfræði og vísindamenn sem stundar rannsóknir eða ritstörf sem samræmast markmiði sjóðsins.

- Kynjahlutfall meðal framhaldsnema í sagnfræði við HÍ: Konur 49% og karlar 51% (Háskóli Íslands, 2013f).

Framkvæmd og ábyrgð

Ekki er kveðið á um verkefni stjórnar í skipulagsskrá umfram það að sjá um ávöxtun sjóðsins. Þrír sitja í stjórn, tilnefndir af stjórn Hagfræðistofnunar, stjórn Sögufélagsins og háskólaráði.

- Kynjahlutfall 2014: 1 kona og 2 karlar.

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum.

Ekki var úthlutað á úttektartímabilinu. Síðast var úthlutað úr sjóðnum árið 2008 og nær undantekningalaust árlega fyrir þann tíma (Háskóli Íslands, 2010d).

Selma og Kay Langvad Legat

Sjóðurinn hefur staðfesta [skipulagsskrá](#) og sjálfstætt starfandi stjórn Tilgangur sjóðsins er að styrkja menningarleg tengsl Íslands og Danmerkur (Selma og Kay Langvad Legat, 1964).

Flokkur

Óháður fræðasviðum.

Fjármögnun styrkja

Styrkir eru fjármagnaðir með ávöxtun af höfuðstól sem ekki má skerða (Selma og Kay Langvad Legat, 1964).

Framkvæmd og ábyrgð

Stjórn tekur ákvörðun um styrkveitingar til einstaklinga eða starfsemi sem falla að markmiði sjóðsins. „Stjórn sjóðsins er skipuð 3 mönnum, rektor Háskólans, sem er formaður, Dana, sem er tilnefndur af gefendum og eftir lát þeirra beggja af Sören Langvad verkfræðingi, og íslenskum ríkisborgara, sem tilnefndur er af gefendum og eftir lát þeirra af háskólaráði til þriggja ára í senn.“ (Selma og Kay Langvad Legat, 1964).

- Kynjahlutfall: Upplýsingar vantar.

Markhópur

Í markhópi sjóðsins eru Íslendingar við nám í Danmörku og Danir við nám á Íslandi auk starfsemi sem stjórn sjóðsins telur á hverjum tíma, að muni stuðla að markmiði sjóðsins (Selma og Kay Langvad Legat, 1964).

- Kynjahlutfall: Upplýsingar ekki aðgengilegar.

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum. Gögn voru sótt í ársreikninga Styrktarsjóða Háskóla Íslands og til verkefnastjóra Styrktarsjóðanna.

Úthlutað var úr sjóðnum árin 2010-2012. Styrkir hafa ekki verið auglýstir. Samkvæmt upplýsingum frá verkefnastjóra eru styrkþegar tilnefndir en ekki koma fram hvernig staðið er að þeim.

Eins og fram kemur í töflu 85 fá jafnmargar konur og karlar styrk úr sjóðnum. Þegar á heildina er litið hallar þó á karla þar sem þeir fá að meðaltali um 100.000 krónum lægri styrk en konur.

Tafla 85. Fjöldi, upphæð og meðaltal styrkja úr Selmu og Kay Langvad Legat 2010-2014 eftir kyni.

	Fjöldi styrkja	Upphæð	Stofnun	Styrkur	Einstakl.	Konur	Styrkur	Meðaltal	Karlar	Upphæð	Meðaltal
2010	1	1.419.250	0	-	1	0	-	-	1	1.419.250	1.419.250
2011	2	3.245.550	0		2	1	1.622.775	1.622.775	1	1.622.775	1.622.775
2012	1	1.619.497			1	1	1.619.497	1.619.497	0	-	-
Samtals	4	6.284.297	-	-	4	2	3.242.272	1.621.136	2	3.042.025	1.521.013

Samantekt

Samtals var úthlutað tæpum 6,3 milljónum. Kynjahlutfallið meðal styrkþega var jafnt en karlar fá að meðaltali lægri styrk en konur. Of takmörkuð gögn eru til frekari greiningar. Upplýsingar vantar m.a. um tilnefningar og kynjahlutfallið í stjórn og í markhópnum.

Sjóður Níelsar Dungals prófessors

Sjóðurinn hefur staðfesta [skipulagskrá](#) og sjálfstætt starfandi stjórn. Tilgangur sjóðsins er að bjóða til fyrirlestrahalds við Háskóla Íslands íslenskum eða erlendum fræðimönnum, og skulu fyrirlestrarnir tengdir nafni prófessors Níelsar Dungals (Sjóður Nielsar Dungals prófessors, 1971).

Flokkur

Heilbrigðisvísindasvið.

Fjármögnun

Samkvæmt skipulagsskrá fær sjóðurinn árlegar tekjur frá Rannsóknastofu HÍ í meina- og sýklafræðum (Sjóður Nielsar Dungals prófessors, 1971). Þá stofnun er ekki að finna á lista HÍ yfir rannsóknastofnanir.

Markhópur

Óskilgreindur.

Framkvæmd og ábyrgð

Stjórn tekur ákvarðanir um styrkveitingar. Þriggja manna stjórn er yfir sjóðnum „... skipuð þremur mönnum, prófessorum í meinafræði við Háskóla Íslands, sem er formaður stjórnarinnar, einum manni er læknadeild tilnefni og öðrum er háskólaráð nefni til.“ (Sjóður Nielsar Dungals prófessors, 1971).

- Kynjahlutfall: Upplýsingar vantar.

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum. Gögn voru sótt í ársreikninga Styrktarsjóða Háskóla Íslands og til verkefnastjóra Styrktarsjóðanna.

Einu sinni var úthlutað úr sjóðnum, árið 2013. Ekki var auglýst eftir styrkumsóknum og tók stjórn ákvörðun um úthlutun. Ekki er ljóst hvernig staðið var að ákvarðanatöku.

Veittir voru tveir styrkir að upphæð samtals 728.548 krónur; 300.000 vegna ráðstefnu Björns Sigurðssonar og 328.548 vegna fyrirlesturs Gunnars Bomans.

Samantekt

Samtals var úthlutað tveimur styrkjum til ráðstefnu- og fyrirlestrahalds, samtals að upphæð rúmlega 700.000 krónur. Ekki var hægt að greina af gögnum hverjir nutu styrkjanna. Of takmörkuð gögn eru til frekari greiningar. Upplýsingar vantar m.a. um það hvernig staðið var að ákvarðanatöku og hvert kynjahlutfallið hefur verið í stjórn.

Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli

Sjóðurinn hefur staðfesta [skipulagskrá](#) og sjálfstætt starfandi stjórn. Tilgangur sjóðsins er að efla tengsl milli Háskóla Íslands og Háskólans í Manitoba í Kanada (Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli, 2004).

Flokkur

Óháður fræðasviðum.

Fjármögnun

Heimilt er að úthluta allt að 2/3 hluta af árlegri raunávöxtun sjóðsins.

Markhópur

Stúdentar og fræðimenn annars skólans sem stunda rannsóknir eða nám við hinn skólann eða verkefni sem falla að tilgangi sjóðsins með öðrum hætti.

- Kynjahlutfall: Ekki vitað.

Framkvæmd og ábyrgð

Rektor tekur ákvarðanir um úthlutanir og hvort styrkir eru auglýstir eða þeim úthlutað með öðrum hætti (Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli, 2004).

- Kynjahlutfall: Kona

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum. Gögn voru sótt í ársreikninga Styrktarsjóða Háskóla Íslands og til verkefnastjóra Styrktarsjóðanna.

Ekki var úthlutað úr sjóðnum árin 2012 og 2014. Styrkir voru ekki auglýstir lausir til umsóknar en úthlutunarárin 2010, 2011 og 2013 bárust sjóðnum umsóknir sem rektor HÍ ákvað að styrkja. Upplýsingar um fjölda umsókna vantar.

Eins og fram kemur í töflu 86 fékk ein stofnun og tvær konur úthlutað úr sjóðnum. Það virðist því halla á karla.

Tafla 86. Fjöldi, upphæð og meðaltal styrkja úr Sjóði Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli eftir tegundum styrkja og kyn.

	Fjöldi styrkja	Heildarupphæð	Verkefni	Upphæð	Einstaklingar	Konur	Upphæð	Meðaltal	Karlar	Upphæð	Meðaltal
2010	1	700.000	1	700.000	0	0	-	-	0	-	-
2011	1	120.000	0	-	1	1	120.000	120.000	0	-	-
2013	1	300.000	0	-	1	1	300.000	300.000	0	-	-
Samtals	3	1.120.000	1	700.000	2	2	420.000	420.000	0	-	-

Samantekt

Samtals var úthlutað þremur styrkjum, einum til stofnunar tveimur til kvenna, samtals að upphæð rúmlega 1,1 milljón. Of takmörkuð gögn eru til frekari greiningar. Upplýsingar vantar m.a. um umsækjendur og kynjahlutfall í markhópi.

Sjóður Sigríðar Lárusdóttur

Sjóðurinn hefur staðfesta [skipulagskrá](#) og sjálfstætt starfandi stjórn. Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir á sviði bæklunarlækninga. Sérstök áhersla er lögð á rannsóknir á meðfæddum göllum í mjaðmalið svo sem ættgengi þeirra, tíðni og afleiðingum. Veita má styrki til fyrirlestrahalds eftir því sem sjóðstjórnin telur ástæður til (Sjóður Sigríðar Lárusdóttur, 2003).

Flokkur

Heilbrigðisvísindasvið.

Fjármögnun

Heimilt er að veita styrki sem nema að hámarki lausum höfuðstól sjóðsins (Sjóður Sigríðar Lárusdóttur, 2003).

Markhópur

Vísindafólk á sviði bæklunarlækninga.

- Kynjahlutfall: Ekki þekkt.

Framkvæmd og ábyrgð

Stjórn annast úthlutun styrkja. Í stjórn sitja þrjú einstaklingar. „Einn fulltrúi er skipaður af rektor Háskóla Íslands en meðan Sigríður Lárusdóttir er á lífi og hefur andlega getu til skipar hún tvo fulltrúa í stjórnina og skulu þeir sitja svo lengi sem þeir hafa vilja til. Eftir andlát Sigríðar og þegar fulltrúar hennar láta af störfum skal sjóðsstjórn skipuð til tveggja ára í senn, þar sem rektor skipar einn fulltrúa, bæklunarlækningasvið Landspítala – háskólasjúkrahúss einn fulltrúa og barnalækningasvið Læknadeildar Háskóla Íslands einn fulltrúa.“ (Sjóður Sigríðar Lárusdóttur, 2003).

- Kynjahlutfall: Upplýsinga vantar.

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum. Gögn voru sótt í ársreikninga Styrktarsjóða Háskóla Íslands og til verkefnastjóra Styrktarsjóðanna.

Úthlutað var úr sjóðnum árið 2013 og 2014 og auglýst eftir umsóknum.

Tafla 87. Fjöldi, upphæð og meðaltal styrkja úr Sjóði Sigríðar Lárusdóttur 2010-2014 eftir tegundum styrkja og kyni.

	Fjöldi styrkja	Heildarupphæð til stofnan	Upphæð	Instaklingar	Konur	Upphæð	Meðaltal	Karlar	Upphæð	Meðaltal
2013	2	1.400.000		2	2	1.400.000	700.000			-
2014	3	1.500.000		3			-	3	1.500.000	500.000
Samtals	5	2.900.000	-	5	2	1.400.000	700.000	3	1.500.000	500.000

Eins og fram kemur í töflu 84 voru veittir fimm styrkir samtals að upphæð 2.900.000. Tveir fóru til kvenna (40%) og þrír til karla 60%. Konurnar fengu að meðaltali 200.000 krónum hærri styrk en karlarnir. Það virðist því halla á í fjölda styrkja talið en karla þegar litið er til upphæða. Athygli vekur að allri styrkaðilar eru af sama kyni í hvorri úthlutun.

Samantekt

Veittir voru fimm styrkir samtals að upphæð tæpar 3 milljónir króna. Kynjahlutfallið meðal styrkþegar var eins jafnt og það getur orðið en konur fengu að meðaltali hærri upphæð en karlar. Of takmörkuð gögn eru til frekari greiningar. Upplýsingar vantar m.a. um umsækjendur og kynjahlutfall í markhópi og stjórn.

Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands

Sjóðurinn hefur staðfesta [skipulagsskrá](#) og sjálfstætt starfandi stjórn. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að hvers konar starfsemi Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands s.s. fyrirlestrahaldi, námsstefnum, heimboðum erlendra gesta, greiðslu ferðapeninga til kennara Guðfræðideildar o.s.fv. (Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands, 1987).

Flokkur

Hugvísindasvið.

Fjármögnun

Samkvæmt skipulagsskrá er heimilt er að nota vexti og verðbætur til að fjármagna styrki (Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands, 1987).

Markhópur

Kennarar og annað starfsfólk við guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ.

- Kynjahlutfall⁵: Konur 29% og karla 71% (Háskóli Íslands, 2015p).

Framkvæmd og ábyrgð

Stjórn Guðfræðistofnunar er jafnframt stjórn sjóðsins og tekur allar ákvarðanir varðandi val verkefna og ráðstöfun tekna (Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands, 1987).

- Kynjahlutfall: Gögn vantar.

⁵ Prófessorar, dósentar og lektorar.

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum. Gögn voru sótt í ársreikninga Styrktarsjóða Háskóla Íslands og til verkefnastjóra Styrktarsjóðanna.

Einu sinni sinni var úthlutað úr sjóðnum, árið 2011, samtals 60.000 krónum og hlaut kona styrkinn. Samkvæmt upplýsingum frá verkefnastjóra styrktarsjóða er ekki ljóst hvort umsókn barst eða hvort ákvörðun var tekin með öðrum hætti.

Samantekt

Veittur var einn styrkur að upphæð 60.000 krónur. Kona hlaut styrkinn. Of takmörkuð gögn eru til frekari greiningar. Upplýsingar vantar m.a. um umsækjendur og stjórn.

Starfssjóður Læknadeildar Háskóla Íslands

Sjóðurinn hefur staðfesta [skipulagskrá](#) og sjálfstætt starfandi stjórn. „Tilgangur sjóðsins er að stuðla að hvers konar starfsemi læknadeildar Háskóla Íslands. Einkanlega má til nefna fyrirlestrahald og námsstefnur, heimboð erlendra gesta og greiðslur ferðapeninga til kennara læknadeildar og hvað eina, sem verða má að gagni fyrir fræðastarfsemi deildarinnar á hverjum tíma.“ (Starfssjóður læknadeildar Háskóla Íslands, 1988).

Flokkur

Heilbrigðisvísindasvið.

Fjármögnun

Vaxtatekjur af höfuðstól (Starfssjóður læknadeildar Háskóla Íslands, 1988).

Markhópur

Á ekki við.

Framkvæmd og ábyrgð

Í skipulagsskrá er ekki kveðið á um hlutverk stjórnar en hún ber ábyrgð á ákvörðunum. Samkvæmt skipulagsskrá sitja forseti Læknadeildar, formaður vísindanefndar og formaður kennslunefndar deildarinnar í stjórn sjóðsins.

- Kynjahlutfall: 0 kona og 3 karlar (Háskóli Íslands, 2010b).

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum.

Ekki var úthlutað á úttektartímabilinu. Síðast var úthlutað úr sjóðnum árið 2003 (Háskóli Íslands, 2010e).

Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands

Sjóðurinn hefur staðfesta [skipulagskrá](#) og sjálfstætt starfandi stjórn. Tilgangur sjóðsins er að verðlauna verkfræðinga fyrir áhugaverð og vel unnin rannsóknarstörf er stuðlað hafa að framgangi verkfræðirannsókna við Háskóla Íslands (Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands, 1987).

Flokkur

Verkfræði- og náttúruvísindasvið.

Fjármögnun

Heimilt er að veita allt að 95% vaxtatekna til styrkja (Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands, 1987).

Markhópur

Í markhópnum eru verkfræðingar sem „stuðlað hafa að framgangi verkfræðirannsókna við HÍ“ (Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands, 1987).

- Kynjahlutfall: Nauðsynlegar upplýsingar skortir til greiningar.

Framkvæmd og ábyrgð

Stjórn sjóðsins tekur allar ákvarðanir um ráðstöfun tekna. Í henni sitja þrjú einstaklingar og kýs Stjórn Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands tvo en sá þriðji er stjórnarformaður Verkfræðistofnunar. Skipað er til þriggja ára í senn.

- Kynjahlutfall 2012-2015: Ein kona (33%) og tveir karlar (67%). Ekki er getið um formennsku (Háskóli Íslands, 2015q).

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum. Gögn voru sótt í ársreikninga Styrktarsjóða Háskóla Íslands og til verkefnastjóra Styrktarsjóðanna.

Einu sinni var úthlutað úr sjóðnum, árið 2012, og var um tilnefningu að ræða. Styrkþegi var karl og hlaut hann 100.000 króna styrk.

Samantekt

Veittur var einn styrkur að upphæð 100.000 krónur. Karl hlaut styrkinn. Kynjahlutfall í stjórn er eins jafnt og það getur orðið. Gögn skortir til frekari greiningar. Meðal gagna sem kæmu að gagni eru upplýsingum um tilnefningar og markhópinn.

Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur

Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur var stofnaður árið 2014 og var í fyrsta sinn úthlutað úr honum árið 2015 (Háskóli Íslands, 2015x). Áætlað er að um 100 milljónum verði úthlutað úr sjóðnum á næstu 7-10 árum og var hann því með í yfirlitinu.

Sjóðurinn starfar samkvæmt staðfestri [skipulagsskrá](#) og hefur sjálfstætt starfandi stjórn. Tilgangur sjóðsins er að efla íslenska tungu. Hann á að styrkja sérverkefni á sviði íslenskra fræða eða veitir stuðning við þá sem leggja stund á íslensk fræði (Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur, 2014).

Flokkur

Hugvísindasvið.

Fjármögnun styrka

Heimilt er að veita 100 milljónum til styrkja á 7-10 ára tímabili að teknu tilliti til verðlagsbreytinga (Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur, 2014).

Framkvæmd og ábyrgð

Stjórn sjóðsins gerir tillögur til rektors um einstakar styrkveitingar. Þrír sitja í stjórn sem rektor HÍ skipar. Rektor velur tvo og erfingjar Áslaugar einn. Annar þeirra sem rektor velur er formaður.

- Kynjaskipting: Ein kona og tveir karlar. Formaður er kona (Háskóli Íslands, 2015r).

Markhópur

Í markhópi sjóðsins eru starfsmenn og nemendum Háskóla Íslands sem vinna að sérverkefnum á vegum háskólans á sviði íslenskra fræða er falla að markmiði sjóðsins, sérstaklega þau sem tengjast ritfærni og þjálfun nemenda allra fræðasviða háskólans við beitingu íslensks máls og til að styrkja stöðu íslenskunnar í síbreytilegu tækniumhverfi.

Kynjahlutfall: Upplýsingar skortir um samsetningu markhópsins til greiningar.

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum.

Ekki var kallað eftir gögnum úr umsóknarferli þar sem fyrst var úthlutað úr sjóðnum árið 2015. Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Háskólans voru styrkir voru auglýstir lausir til umsóknar fyrri hluta árs 2015 (Háskóli Íslands, 2015x). Veittir voru fjórir styrkir samtals að upphæð 7,5 milljónir. Styrkþegar voru allt karlar (Háskóli Íslands, 2015x).

Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands

Sjóðurinn hefur staðfesta [skipulagsskrá](#) og sjálfstætt starfandi stjórn. Markmið sjóðsins er „... að styrkja rannsóknir á sviði íslenskrar myndlistar, myndlistarsögu og forvörslu myndverka og birtingar á niðurstöðum slíkra rannsókna.“ (Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands, 1999).

Flokkur

Aðrir sjóðir.

Fjármögnun

Til ráðstöfunar er raunávöxtun af stofnfé sjóðsins umfram verðtryggingu og aðrar tekjur og framlög sem sjóðnum kunna að áskotnast (Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands, 1999).

Markhópur

Í markhópi er fólk sem stundar rannsóknir á íslenskri myndlist, myndlistasögu og forvörslu myndverka (Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands, 1999).

- Kynjahlutfall: Upplýsingar ekki aðgengilegar.

Framkvæmd og ábyrgð

Stjórn sjóðsins markar stefnu, setur matsreglur og veitir styrki (Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands, 1999). Þriggja manna stjórn Listasafns Háskóla Íslands fer með stjórn sjóðsins (Háskóli Íslands, 2015u).

- Kynjahlutfall:
 - 2007-2011: 1 kona og 2 karlar.
 - 2011-2015: Upplýsingar vantar.
 - 2015-2019: 2 konur og 1 karl (Háskóli Íslands, 2015u).

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum. Gögn voru sótt í ársreikninga Styrktarsjóða Háskóla Íslands og til verkefnastjóra Styrktarsjóðanna.

Styrkir voru auglýstir lausir til umsóknar árin 2010 og 2013. Samtals var úthlutað 1.600.000 krónum. Styrkþegar voru fjórir, tvær konur (50%) og tveir karlar (50%), og skiptust styrkirnir jafnt á milli kynjanna.

Samantekt

Veittir voru fjórir styrkir samtals að upphæð 1,6 milljón. Kynjahlutfallið í hópi styrkþega var jafnt og fjármagn skiptist jafnt á milli kynjanna. Kynjahlutfall í stjórn virðist vera eins jafn og það getur orðið en gögn eru ófullkomin. Gögn vantar m.a. um umsækjendur og kynjahlutfall í markhópi og stjórn og eru of takmörkuð til frekari greiningar.

Styrktarsjóður Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar

Sjóðurinn hefur staðfesta [skipulagskrá](#) og sjálfstætt starfandi stjórn. Markmið sjóðsins er að standa fyrir rannsóknum á einelti og kanna allar lagalegar og siðferðilegar leiðir til að fyrirbyggja einelti og bæta fyrir afleiðingar þess (Styrktarsjóður Margaret og Bent Scheving Thorsteinssonar, 2012).

Flokkur

Félagsvísindasvið.

Fjármögnun

Til ráðstöfunar eru allt að 3/4 af ávöxtun stofnfjár.

Markhópur

Á ekki við.

Framkvæmd og ábyrgð

Stjórn setur úthlutunarreglur, ákveður styrkupp hæðir, leggur mat á umsóknir og gerir tillögur til rektors um styrkveitingar (Styrktarsjóður Margaret og Bent Scheving Thorsteinssonar, 2012).

Þrír sitja í stjórn sem rektor skipar; „Forseti Félagsvísindasviðs tilnefni tvo menn í stjórn og skal annar þeirra vera fulltrúi lagadeildar. Forseti Menntavísindasviðs tilnefni einn mann í stjórn. Við tilnefningar í stjórn sjóðsins skal taka mið af tilgangi og markmiði sjóðsins.“ (Styrktarsjóður Margaret og Bent Scheving Thorsteinssonar, 2012)

- Kynjahlutfall: Upplýsingar vantar.

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum. Gögn voru sótt í ársreikninga Styrktarsjóða Háskóla Íslands og til verkefnastjóra Styrktarsjóðanna.

Árið 2010 barst sjóðnum umsókn sem stjórn ákvað að styrkja. Ekki var úthlutað árið 2011 en styrkir auglýstir árin 2012-2014.

Eins og fram kemur í töflu 88 voru veittir sex styrkir úr sjóðnum, samtals að upphæð 5,4 milljónir. Þeir voru misháir og fóru til einnar stofnunar og fimm til einstaklinga, allt kvenna.

Tafla 88. Fjöldi og upphæð styrkveitinga úr Styrktarsjóði Margrétar og Bents 2010-2014 eftir styrkjaflokkum og kyni.

	Fjöldi styrkja	Heildarupphæð	Til stofnana	Upphæð	Einstaklingar	Konur	Upphæð	Meðaltal	Karlar	Upphæð	Meðaltal
2010	1	2.200.000	1	2.200	-	-	-	-	-	-	-
2011	0	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
2012	2	1.200.000	-	-	2	2	1.200.000	600.000	-	-	-
2013	1	1.200.000	-	-	1	1	1.200.000	1.200.000	-	-	-
2014	2	800.000	-	-	2	2	800.000	400.000	-	-	-
Samtals	6	5.400.000	1	2.200	5	5	3.200.000	640.000	-	-	-

Samantekt

Veittir voru sex styrkir samtals að upphæð 5,4 milljónir. Einn fór til stofnunar en allir einstaklingar í hópi styrkþega voru konur. Of takmörkuð gögn eru til frekari greiningar. Gögn vantar m.a. um umsækjendur og kynjahlutfall í markhópi og stjórn.

Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Sjóðurinn hefur staðfesta [skipulagskrá](#) og sjálfstætt starfandi stjórn. Markmið hans er að stuðla að vexti og viðgangi stofnunarinnar. Sjóðurinn veitir styrki, fjárframlög og annan stuðning m.a. við verkefni vegna rannsókna á erlendum tungumálum, kennslufræði erlendra mála, máltöku, táknafræði, þýðingarfræði, málfræði, málvísindi, menningarfræði, bókmenntir og notagildi tungumála í atvinnulífnum sem og útgáfu ritverka á fræðasviðum sjóðsins, ráðstefnu- og

fyrirlestrahald, þróun kennslugagna í erlendum tungumálum, samvinnu við erlendar stofnanir og fleira.

Flokkur

Hugvísindasvið.

Fjármögnun

Heimilt er að úthluta allt að $\frac{3}{4}$ af raunávöxtun sjóðsins auk óbundins höfuðstóls (Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, 2010).

Markhópur

Á ekki við.

Framkvæmd og ábyrgð

Fagráð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur skipar sjóðnum átta manna stjórn, til tveggja ára í senn. Sjóðsstjórn kýs formann úr sínum hópi (Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, 2003).

- Kynjahlutfall
 - 2010-2012: Fjórar konur (50%) og fjórir karlar (50%) (Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, 2010).
 - 2013-2015: Fjórar konur (50%) og fjórir karlar (50%) (Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, 2013).
 - Kona gegndi formennsku allt tímabilið (Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, 2010); (Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, 2013).

[Úthlutunarreglur](#) eru aðgengilegar á vef sjóðsins.

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum. Gögn voru sótt í ársreikninga Styrktarsjóða Háskóla Íslands og til verkefnastjóra Styrktarsjóðanna.

Fyrsta úthlutun úr sjóðnum var árið 2011. Þá var auglýst eftir umsóknum. Ekki var úthlutað úr sjóðnum árið 2012 en árin 2013 og 2014 bárust umsóknir án auglýsingar sem stjórn tók afstöðu til og ákvað að styrkja.

Eins og fram kemur í töflu 89 voru veittir níu styrkir, samtals að upphæð rúmlega 5,5 milljónir. Fimm fóru til stofnanna eða einstakra verkefna og fjórir til einstaklingar. Mikill meirihluti fjármagnsins eða 83% fer til stofnana eða einstakra verkefna. Í hópi einstaklinga voru konur voru 75% styrkþega og karlar 25%. Karlarnir fengu að meðaltali tæplega 95.000 krónum hærri styrk en konurnar.

Tafla 89. Fjöldi og upphæð styrkja úr Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur 2010-2014 eftir kyni.

	Fjöldi styrkja	Heildarupphæð	Stofnanir	Upphæð	Einstaklingar	Konur	Upphæð	Meðaltal	Karlar	Upphæð	Meðaltal
2011	5	2.000.000	2	1.320.000	3	2	380.000	190.000	1	300.000	300.000
2012	3	1.908.000	2	1.671.000	1	1	237.000	237.000	0	-	-
2014	1	1.600.000	1	1.600.000	0	0	-	-	0	-	-
Samtals	9	5.508.000	5	4.591.000	4	3	617.000	205.667	1	300.000	300.000

Samantekt

Veittir voru níu styrkir, fimm til stofnana eða verkefna og fjórir til einstaklinga, þriggja kvenna og eins karls. Styrkirnir voru ekki auglýstir lausir til umsóknar. Meðaltal karla var hærri en kvenna. Kynjahlutfallið í stjórn er eins jafnt og það getur orðið. Of takmörkuð gögn eru til frekari greiningar. Gögn vantar m.a. um umsækjendur/tilnefningar og kynjahlutfall í markhópi.

Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur

Sjóðurinn hefur staðfesta [skipulagskrá](#) og sjálfstætt starfandi stjórn. „Tilgangur sjóðsins er að styrkja samningu og útgáfu íslenzkrar samheitaorðabókar, rímorðabókar og íslenzkrar stílfræði, svo og að styrkja endursamningu og endurútgáfu nefndra bóka meðan sjóðurinn endist. Við úthlutun úr sjóðnum skal samheitorðabók sitja í fyrirrúmi.“ (Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur, 1970).

Flokkur

Hugvísindasvið.

Fjármögnun styrkja

Ekki er kveðið á um fjármögnun styrkja í skipulagsskrá en þar segir að heimilt sé „að skerða höfuðstól sjóðsins eftir því sem þurfa þykir til að tilgangi hans verði náð....“ (Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur, 1970),

Markhópur

Í markhópnum eru menn „sem hafa kynnt sér rækilega samningu bóka ofangreindra tegunda erlendis og eru óumdeilanlega verkinu vaxnir að því er snertir þekkingu, verk hæfni og innræti.“ (Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur, 1970).

- Kynjahlutfall: Upplýsingar ekki aðgengilegar.

Framkvæmd og ábyrgð

Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um úthlutanir. Þrír sitja í stjórn, „... forstöðumaður Orðabókar Háskólans, og er hann formaður stjórnar, prófessor í bókmenntum eða íslenskri málfræði, tilnefndur af heimspekideild til þriggja ára í senn, og rektor eða fulltrúi hans.“ (Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur, 1970)

- Kynjahlutfall: Upplýsingar vantar.

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum. Gögn voru sótt í ársreikninga Styrktarsjóða Háskóla Íslands og til verkefnastjóra Styrktarsjóðanna.

Einu sinni var úthlutað úr sjóðnum, árið 2010. Styrkurinn var ekki auglýstur og upplýsingar vantar um ferlið. Tveir karlar hlutu styrkinn vegna útgáfu samheitaorðabókar, samtals að upphæð 4.187.499 krónum.

Samantekt

Einn rúmlega 4 milljóna króna styrkur var veittur og voru styrkþegar tveir karlar. Upplýsingar vantar um stjórnarsetu og kynjahlutfallið í markhópnun er ekki þekkt. Gögn voru ekki nægileg til greiningar.

Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar

Sjóðurinn hefur staðfesta [skipulagskrá](#) en sjálfstæð stjórn er ekki starfandi vegna annmarka á skipulagsskrá. Markmið sjóðsins er að veita verðlaun fyrir vísindaleg afrek og styrkja rannsóknir og framhaldsnám í lyfjafræði (Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala, 2001) i.

Flokkur

Heilbrigðisvísindasvið.

Fjármögnun

Heimilt er að nota allt að $\frac{3}{4}$ hluta vaxtatekna af eignum sjóðsins (Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala, 2001).

Markhópur

Samkvæmt upplýsingum frá verkefnisstjóra styrktarsjóða er reglan sú að allir doktorsnemar í lyfjafræði fá einu sinni styrk á námstímanum.

- Kynjahlutfall 2014: Konur 76% og karlar 24%.

Framkvæmd og ábyrgð

Engin stjórn var starfandi fyrir sjóðinn og ákveður rektor úthlutun.

Kynjahlutfall: Kona.

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum. Gögn voru sótt í ársreikninga Styrktarsjóða Háskóla Íslands og til verkefnastjóra Styrktarsjóðanna.

Eins og fram kemur í töflu 90 var úthlutað úr sjóðnum öll úttektarárin. Fjórtán styrkir voru veittir, samtals að upphæð 4.940.000. Konur voru 79% styrkþega og karlar 21%. Konur fengu að meðaltali 3.636 krónum hærri styrk en karlar.

Tafla 90. Fjöldi og upphæð styrkveitinga úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins 2010-2014 eftir kyni.

	Fjöldi styrkja	Heildarupphæð	Konur	Upphæð	Meðaltal	Karlar	Upphæð	Meðaltal
2010	3	1.050.000	2	700.000	350.000	1	350.000	350.000
2011	2	800.000	2	800.000	400.000	-	-	-
2012	2	700.000	1	350.000	350.000	1	350.000	350.000
2013	3	990.000	3	990.000	330.000	-	-	-
2014	4	1.400.000	3	1.050.000	350.000	1	350.000	350.000
Samtals	14	4.940.000	11	3.890.000	353.636	3	1.050.000	350.000

Kynjahlutfallið meðal styrkþega var í samræmi við stöðuna innan markhópsins.

Samantekt

Veittir voru 14 styrkir, samtals að upphæð tæplega 5 milljónir króna. Tæplega 80% styrkja fóru til kvenna og rúmlega 20% til karla og lítil munur á upphæðum. Skýringa á kynjamun í fjölda er að leita í markhópi. Engar vísbendingar komu fram um að sanngirnir og réttlætis hafi ekki verið gætt.

Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar læknis

Sjóðurinn hefur staðfesta [skipulagskrá](#) en ekki sjálfstætt starfandi stjórn. Á úttektartímabilinu var Minningarsjóður Þórunnar og Davíðs Schevings Thorsteinssonar sjóðurinn sameinaður sjóðnum. Markmið sjóðsins er að veita verðlaun fyrir vísindaleg afrek, rannsóknir, ritgerðir og skylda starfsemi á sviði barnalækninga (Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar læknis, 2000).

Flokkur

Heilbrigðisvísindasvið.

Fjármögnun

Heimilt er að ráðstafa allt að $\frac{3}{4}$ hluta vaxtatekna af eignum sjóðsins (Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar læknis, 2000).

Markhópur

Á úttektartímabilinu fengu einungis nemendur styrk. Upplýsingar vantar um hópinn.

- Kynjahlutfall: Upplýsingar vantar.

Ábyrgð og ákvarðanir

„Rektor ákveður úthlutun úr sjóðnum hverju sinni og hefur um það frjálsar hendur. Þó skal hann leita samráðs við forseta Læknadeildar.“ (Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar læknis, 2000)

Kynjahlutfall: Rektor kona og forseti læknadeildar karl.

Niðurstöður

Veittir voru þrjú styrkir, samtals að upphæð 1,1 milljón króna. Þriðjungur fór til kvenna og 2/3 til karla. Karl fékk hæsta styrkinn en kona og karl fengu lægri styrk en jafnháan. Hafi tilnefningar

og ákvörðun um upphæð styrkja tekið mið af þáttum eins og námsárangri er ekki ástæða til að ætla annað en að réttlætis og sanngirnis hafi verið gætt.

Watanabe styrktarsjóðurinn við Háskóla Íslands

Sjóðurinn hefur staðfesta [skipulagskrá](#) og sjálfstætt starfandi stjórn. Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til námsdvalar í Japan og á Íslandi, bæði nemendum í grunnnámi og framhaldsnámi, auk þess að stuðla að kennaraskiptum (Watanabe styrktarsjóðurinn við Háskóla Íslands, 2008).

Flokkur

Aðrir sjóðir.

Fjármögnun

Heimilt er að ráðstafa allt að $\frac{3}{4}$ hluta raunávöxtunartekna sjóðsins.

Markhópur

Íslendingar í grunn- og framhaldsnámi í Japan og japanskir nemendur í grunn- og framhaldsnámi á Íslandi auk íslenskra gestakennara í Japan og japanskra á Íslandi (Watanabe styrktarsjóðurinn við Háskóla Íslands, 2008).

- Kynjahlutfall: Gögn skortir.

Framkvæmd og ábyrgð

Stjórn sjóðsins gerir tillögur til rektors um úthlutanir styrkja og setur úthlutunar- og starfsreglur. Í henni sitja þrjú einstaklingar sem skipaðir eru til þriggja ára í senn. „Rektor Háskóla Íslands skipar formann sjóðsins og Tom Watanabe og Geir Haarde, eða ættingjar þeirra, einn stjórnarmann hvor (Watanabe styrktarsjóðurinn við Háskóla Íslands, 2008).

- Kynjahlutfall 2010-2014: 0 kona (0%) og 3 karlar (100%).

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum. Gögn voru sótt í ársreikninga Styrktarsjóða Háskóla Íslands og til verkefnastjóra Styrktarsjóðanna.

Byrjað var að úthluta úr Watanabe styrktarsjóðnum árið 2011. Um er að ræða framfærslustyrki til tiltekins tímabils í japönskum jenum eða dollurum sem umreiknað er í íslenskar krónur í ársreikningum sjóðsins.

Eins og fram kemur í töflu 91 var veittur 21 styrkur, samtals að upphæð 16.635.096 krónur. Kynjahlutfallið meðal styrkþega getur ekki verið jafnara en konur fengu að meðaltali 135.106 krónum hærri styrk en karlar.

Tafla 91. Fjöldi, upphæð og meðaltal styrkja úr Watanabe sjóðnum 2010-2014 eftir kyni.

	Fjöldi	Heildarupphæð	Konur	Upphæð	Meðaltal	Karlar	Upphæð	Meðaltal
2011	3	2.379.174	1	620.654	620.654	2	1.758.520	879.260
2012	7	5.293.352	5	3.725.412	745.082	2	1.567.940	783.970
2013	5	2.926.792	3	2.557.240	852.413	2	369.552	184.776
2014	6	6.035.778	2	1.699.743	849.872	4	4.336.035	1.084.009
	21	16.635.096	11	8.603.049	3.068.021	10	8.032.047	2.932.015

Samantekt

Veittir voru 21 styrkur samtals að upphæð 16,6 milljónir króna. Kynjahlutfallið meðal styrkþega var eins jafnt og það getur orðið en konur fengu hærri styrk en karlar að meðaltali.

Kynjahlutfallið í stjórn er ekki í samræmi við markmið jafnréttisáætlunar HÍ og hallar á konur. Gögn skortir til frekari greiningar.

Þórsteinssjóður

Sjóðurinn hefur staðfesta [skipulagskrá](#) og sjálfstætt starfandi stjórn. Markmið sjóðsins er „... að hjálpa og hlyna að blindum mönnum á Íslandi, ungum og gömlum, vinna að útbreiðslu þekkingar á augnsjúkdómum meðal almennings og verndun sjónarinnar.“ (Þórsteinssjóður, 2006).

Flokkur

Óháður fræðasviðum.

Fjármögnun

Heimilt er að ráðstafa allt að 2/3 hluta raunávöxtunar sjóðsins (Þórsteinssjóður, 2006).

Framkvæmd og ábyrgð

Stjórn sjóðsins gerir tillögu til rektors um einstakar styrkveitingar og setur sér starfsreglur um úthlutanir. Hana skipa þrjú einstaklingar. „Rektor Háskóla Íslands tilnefnir tvo menn til setu í stjórn sjóðsins. Skal einn af þeim vera formaður stjórnar. Blindravinafélag Íslands tilnefnir einn stjórnarmann. Ef Blindravinafélags Íslands nýtur ekki við þá skipar rektor þriðja stjórnarmanninn.“ (Þórsteinssjóður, 2006).

- Kynjahlutfall: Upplýsingar vantar.

Markhópur

Í markhópnum eru blindir og sjónskertir við nám við Háskóla Íslands auk fræðafólks sem stundar rannsóknir „... sem aukið geta þekkingu á blindu og skertri sýn, afleiðingum hennar og ýta undir tækifæri blindra og sjónskertra til að auðga og efla líf sitt. Sérstök áhersla er lögð á styrki í félags- og hugvísindum er falla að tilgangi sjóðsins.“ (Þórsteinssjóður, 2006).

- Kynjahlutfall: Upplýsingar skortir.

Niðurstöður

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir framkvæmda- og tæknisvið og hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands umsjón með sjóðunum. Gögn voru sótt í ársreikninga Styrktarsjóða Háskóla Íslands og til verkefnastjóra Styrktarsjóðanna.

Úthlutað var úr sjóðnum árin 2011, 2012 og 2013. Auglýst var eftir umsóknum í öllum tilvikum. Eins og fram kemur í töflu 92 voru styrkirnir 14 styrkir talsins, samtals að upphæð 6 milljónir króna. Konur voru 64% styrkþega og karlar 36%. Konur fengu að meðaltali 44.444 krónum hærri styrk en karlar. Nánari greining á gögnum sýndi að árið 2010 fékk ein kona helmingi hærri styrk en aðrir styrkþegar og var það undantekning.

Tafla 92. Fjöldi og upphæð styrkja úr Þórsteinssjóði 2010-2014 eftir kyni.

	Fjöldi styrkja	Heildarupphæð	Konur	Upphæð	Meðaltal	Karlar	Upphæð	Meðaltal
2011	4	2.000.000	3	1.600.000	533.333	1	400.000	400.000
2012	5	2.000.000	3	1.200.000	400.000	2	800.000	400.000
2013	5	2.000.000	3	1.200.000	400.000	2	800.000	400.000
Samtals	14	6.000.000	9	4.000.000	444.444	5	2.000.000	400.000

Samantekt

Veittir voru 14 styrkir samtals að upphæð 6 milljónir króna. Hlutfallslega fleiri konur en karlar fengu styrk og fengu þær hærri styrk að meðaltali en karlar. Gögn voru ekki nægileg til frekari greiningar. Upplýsingar skortir um umsækjendur, markhópin og stjórnarsetu.

Fjárhagsleg staða virkra styrktarsjóða

Teknar voru saman upplýsingar um bundið og óbundið stofnfé virkra styrktarsjóða úr Ársskýrslu styrktarsjóða fyrir árið 2014.

Eins og fram kemur í töflu 93 var bundinn höfuðstóll virkra styrktarsjóða Háskóla Íslands rúmar 900 milljónir í árslok 2014 og óbundinn tæpar 190 milljónir, samtals rúmur milljarður króna. Sjóðirnir eru misvel stæðir og eiga höfuðstóll frá rúmri milljón króna og upp í rúmar 286 milljónir.

Tafla 93. Bundinn og óbundinn höfuðstóll virkra styrktarsjóða Háskóla Íslands 31.12.2014 eftir nafni.

Nafn	Flokkur	Bundinn	Óbundinn	Samtals
1 Almanakssjóður	Verkfræði- og náttúruvísindasvið	95.232.175	21.302.295	116.534.470
2 Eggertssjóður	Verkfræði- og náttúruvísindasvið	104.010.231	1.703.631	105.713.862
3 Háskólasjóður	Óháður fræðisviðum	193.604.016	-	190.023.956
4 Heimspekisjóður Brynjólfs Bjarnasonar	Hugvísindasvið	3.073.325	30.866	3.104.191
5 Ingjalddssjóður*	Félagsvísindasvið			70.000.000
6 Menningar- og framfarissjóður Ludvig Storr	Verkfræði- og náttúruvísindasvið	249.854.299	8.556.853	258.411.152
7 Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda	Heilbrigðisvísindasvið	36.125.615	1.194.638	37.320.253
8 Minningarsjóður dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors	Hugvísindasvið	2.369.797	478.946	2.848.743
9 Minningarsjóður Guðrúnar Marteinsdóttur	Heilbrigðisvísindasvið	995.008	131.723	1.126.731
10 Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings	Verkfræði- og náttúruvísindasvið	3.651.237	-	519.280
11 Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents	Verkfræði- og náttúruvísindasvið	2.108.364	-	1.258.063
12 Rannsóknarsjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur	Heilbrigðisvísindasvið	9.028.731	-	1.198.786
13 Sagnfræðisjóður dr. Bjöms Þorsteinssonar	Hugvísindasvið	10.008.342	-	232.889
14 Selma og Kay Langvad Legat	Óháður fræðisviðum	37.830.952	-	17.372.495
15 Sjóður Nielsar Dungals prófessors	Heilbrigðisvísindasvið	4.754.342	-	888.639
16 Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli	Óháður fræðisviðum	15.161.598	-	3.672.484
17 Sjóður Sigríðar Lárusdóttur	Heilbrigðisvísindasvið	13.222.325	-	6.115.502
18 Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands	Hugvísindasvið	12.931.390	-	5.037.277
19 Starfssjóður Læknadeildar Háskóla Íslands	Heilbrigðisvísindasvið	2.432.884	-	171.275
20 Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands	Verkfræði- og náttúruvísindasvið	2.683.624	-	273.591
21 Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur	Hugvísindasvið	20.286.387	-	103.089.724
22 Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands	Aðrir sjóðir	20.572.698	-	4.514.303
23 Styrktarsjóður Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar	Félagsvísindasvið	14.747.975	-	6.046.678
24 Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur	Hugvísindasvið	15.038.050	-	7.201.233
25 Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur	Hugvísindasvið	18.994.317	-	7.503.911
26 Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar	Heilbrigðisvísindasvið	12.542.515	-	5.190.851
27 Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar læknis	Heilbrigðisvísindasvið	24.380.493	-	2.893.288
28 Watanabe styrktarsjóðurinn við Háskóla Íslands	Aðrir sjóðir	269.462.495	-	16.752.222
29 Þörsteinssjóður	Óháður fræðisviðum	33.503.363	-	1.396.759
Samtals		901.260.197	189.230.379	1.090.490.576

Heimild: (Styrktarsjóðir Háskóla Íslands, 2015).

ÓVIRKIR STYRKARTARSJÓÐIR

Þeir sjóðir sem ekki var úthlutað úr á tímabilinu voru flokkaðir sem óvirkir sjóðir. Þeir voru 25 talsins. Einn sjóður, Minningarsjóður Þórunnar og Davíðs Schevings Thorsteinssonar, var sameinaður Verðlaunasjóði Óskars Þórðarsonar læknis á úttekartímabilinu og er því ekki á listanum. Samkvæmt upplýsingum frá verkefnastjóra hefur aldrei verið úthlutað úr þessum sjóðum eða ekki vitað um úthlutanir (Helga Brá Árnadóttir, munnleg heimild, 09.09.2015). Sjóðirnir eftir flokkum eru:

Félagsvísindasvið

- Minningarsjóður um aldarafmæli frjálsrar verslunar á Íslandi

Heilbrigðisvísindasvið

- Legat Guðmundar Magnússonar prófessors og Katrínar Skúladóttur
- Minningarsjóður John McKenna Pearson
- Styrktarsjóður Erlendar Haraldssonar
- Verðlaunasjóður Alfreds Benson

Hugvísindasvið

- Forlagsboghandler, Dr. phil. h. c. Einar Munksgaards Stiftelse
- Minningarsjóður dr. Rögnvalds Péturssonar til eflingar íslenskum fræðum

- Norðmannsgjöf
- Sögusjóður stúdenta

Menntavísindasvið

- Columbiasjóður

Verkfræði- og náttúruvísindasvið

- Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar til eflingar náttúruvísindum og efnafræði við HÍ
- Tækjasjóður Verkfræðideildar - Landmælingar

Óháðir fræðasviðum

- Gjafasjóður Guðmundar J. Andréssonar gullsmiðs
- Gjafasjóður Guðmundar Thorsteinssonar
- Gjöf Gunnars Th. Bjargmundssonar
- Gjöf Soffíu Jónsdóttur Sörensen
- Háskólasjóður Stúdentafélags Reykjavíkur
- Minningarsjóður Theódórs Johnson
- Sjóðasafn Háskóla Íslands
- Styrktarsjóður Ragnheiðar Jónsdóttur

Sérverkefni

- Den danske selskabs studenterlegat
- Framfarasjóður B. H. Bjarnasonar kaupmanns
- Gjöf Framkvæmdabanka Íslands til að skreyta hátíðarsal Háskóla Íslands
- Minningarsjóður norskra stúdenta
- Sjóður Árna Magnússonar

Fjárhagsleg staða óvirkra styrktarsjóða

Teknar voru saman upplýsingar úr ársteikningum um stöðu þessara sjóða í árslok 2014.

Eins og tafla 94 sýnir eiga þessir sjóðir samtals rúmar 414 milljónir í bundnu og óbundnu stofnfé. Þeir eru misvel stæðir og athygli vekur að sumir þeirra eru ekki verr stæðir en virkir sjóðir og eiga talsvert í óbundnu stofnfé. Nánari greining á gögnum sýndi þó að vaxtatekjur þeirra eru litlar sem engar.

Tafla 94. Bundinn og óbundinn höfuðstóll óvirkra styrktarsjóða Háskóla Íslands 31.12. 2014 eftir nafni.

Nafn	Flokkur	Bundinn höfuðstóll	Óbundinn höfuðstóll	Samtals
1 Columbiasjóður	Menntavísindasvið	15.873.247	1.786.479	17.659.726
2 Den danske selskabs studenteregat	Sérverkefni	284.516	262.153	546.669
3 Forlagsboghandler, Dr. phil. h. c. Ejnar Munksgaards Stiftelse	Hugvísindasvið	1.037.232	262.027	1.299.259
4 Framfarasjóður B. H. Bjarnasonar kaupmanns	Sérverkefni	307.697	-	298.344
5 Gjöfasjóður Guðmundar J. Andrésónar gullsmíðs	Óháðir fræðasviðum	75.798.089	32.972.566	108.770.655
6 Gjöfasjóður Guðmundar Thorsteinssonar	Óháðir fræðasviðum	7.926.217	-	6.919.054
7 Gjóf Framkvæmdabanka Íslands til að skreyta hátíðarsal Háskóla Íslands	Sérverkefni	-	5.108.829	5.108.829
8 Gjóf Gunnars Th. Bjargmundssonar	Óháðir fræðasviðum	546.451	188.159	734.610
9 Gjóf Sofíu Jónsdóttur Sörensen	Óháðir fræðasviðum	2.998.571	1.244.300	4.242.871
10 Háskólasjóður Stúdentafélags Reykjavíkur	Óháðir fræðasviðum	479.006	130.144	609.150
11 Legat Guðmundar Magnússonar prófessors og Katrínar Skúladóttur	Heilbrigðisvísindasvið	8.362.480	2.182.987	10.545.467
12 Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar til eflingar náttúruvísindum og efnisfræði við HÍ	Verkfræði- og náttúruvísindasvið	4.964.860	70.000.000	74.964.860
13 Minningarsjóður dr. Rögnvalds Péturssonar til eflingar íslenskum fræðum	Hugvísindasvið	16.523.315	6.790.349	23.313.664
14 Minningarsjóður John McKenna Pearson	Heilbrigðisvísindasvið	18.218.236	1.833.082	20.051.318
15 Minningarsjóður norskra stúdenta	Sérverkefni	1.653.929	636.797	2.290.726
16 Minningarsjóður Theódórs Johnson	Óháðir fræðasviðum	24.882.644	-	23.893.028
17 Minningarsjóður um aldarafmæli frjálsrar verslunar á Íslandi	Félagsvísindasvið	3.205.823	1.352.638	4.558.461
18 Norðmannsgjóf	Hugvísindasvið	21.790.162	9.196.844	30.987.006
19 Sjóðasafn Háskóla Íslands	Óháðir fræðasviðum	25.045.186	10.990.087	36.035.273
20 Sjóður Áma Magnússonar	Sérverkefni	12.787.334	5.218.960	18.006.294
21 Styrktarsjóður Erlendar Haraldssonar	Heilbrigðisvísindasvið	1.632.236	1.555.240	3.187.476
22 Styrktarsjóður Ragnheiðar Jónsdóttur	Óháðir fræðasviðum	8.915.269	3.801.131	12.716.400
23 Sögusjóður stúdenta	Hugvísindasvið	1.828.186	285.721	2.113.907
24 Tækjasjóður Verkfræðideildar - Landmælingar	Verkfræði- og náttúruvísindasvið	1.535.245	621.196	2.156.441
25 Verðlaunarsjóður Alfreðs Benson	Heilbrigðisvísindasvið	3.119.205	-	3.062.651
Samtals		259.715.136	154.357.003	414.072.139

Heimild: (Styrktarsjóðir Háskóla Íslands, 2015).

Samkvæmt upplýsingum frá umsjónarmanni styrktarsjóða nú er verið að vinna í því að virkja óvirka sjóði sem heyra undir Styrktarsjóði HÍ - og/eða leggja niður sjóði og sameina öðrum. Verkefnið var kynnt á forsetafundi rektors í desember 2015 og á fundum með forsetum sviða/deildarforsetum. Verkefnið er unnið í samstarfi við sviðin með það að markmiði að tengja sjóðina betur við starfsemi þeirra

Samantekt um styrktarsjóði Háskóla Íslands

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands hafa umsjón með sjóðum og gjöfum sem ánafnaðar hafa verið Háskóla Íslands. Þeir voru 54 í lok árs 2015. Langflestir starfa eftir staðfestri skipulagsskrá, sem aðgengileg er á heimasíðu sjóða Háskóla Íslands. Í þeim er yfirleitt kveðið á um markmið og/eða tilgang, stofnfé, skipan stjórnar, hvenær úthluta má úr sjóðunum og hvað ræður heildarupphæð til úthlutunar. Markmið, tilgangur og markhópar sjóðanna er mismunandi og tengjast sumir einstökum fræðasviðum, aðrir mörgum, sumir sinna sérverkefnum og enn aðrir eru óflokkaðir.

Styrkir sjóðanna eru yfirleitt auglýstir lausir til umsóknar en stundum berast umsóknir án auglýsingar. Flestir sjóðanna hafa sjóðsstjórn sem fer með málefni hvers sjóðs fyrir sig. Þeir eru misfjársterkir, margir voru óvirkir þ.e. úthlutaðu ekki á úttektartímabilinu og úr sumum hefur aldrei verið úthlutað.

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir undir markaðs- og samskiptasvið og umsjón með sjóðunum hefur verkefnastjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands. Frumgögn eru aðgengileg í skjalasafni en ekki hefur verið viðtekin venja að safna upplýsingum um þá hópa sem taka ákvarðanir og úr umsóknarferli með skipulögðum hætti og gera aðgengilegar. Ákveðið var því að skoða einungis úthlutanir og styðjast að mestu við ársreikninga styrktarsjóða Háskóla Íslands. Sjóðunum var skipt upp í tvo flokka, virka styrktarsjóði og óvirka.

Undir virka sjóði flokkuðust þeir sem vitað er að hafa úthlutað frá aldamótum eða þykja líklegir til að veita styrki í náinni framtíð. Samtals eru þetta 29 sjóðir, einn á FVS, sex á HVS, fimm á HUG, enginn á MVS, fimm á VON, fimm óháðir fræðasviðum og tveir með sérverkefni.

Úthlutað var úr 23 þeirra á úttektartímabilinu, samtals rúmlega 122 milljónum. Samanlagt eiga sjóðirnir rúman milljarð í bundnu og óbundnu stofnfé en þeir eru bæði misvelstæðir og misjafnt hversu miklu þeir geta úthlutað. Sjóðir innan VON skera sig úr því þeir úthlutuðu rúmlega 40% heildarfjármagnsins. Einstaklingar voru 90% styrkþega en 10% fóru til stofnanir, hópar eða einstakra verkefna. Konur voru tæplega 2/3 styrkþega og karlar rúmlega þriðjungur. Heildarstyrkur til einstaklinga skiptist því sem næst jafnt á milli kynjanna. Með öðrum orðum þá fá fleiri konur en karlar styrki en konur fá að meðaltali lægri upphæð en karlar. Staðan er þó misjöfn eftir sjóðum.

Til óvirkra sjóða teljast þeir sem aldrei verið úthlutað úr eða ekki er vitað um úthlutanir. Þeir eru samtals 25 og eiga samanlagt rúmar 414 milljónir í bundnu og óbundnu stofnfé. Fjárhagsleg staða þeirra er misjöfn en þeir virðast eiga það sameiginlegt að vaxtatekjur þeirra eru litlar sem engar.

NIÐURLAG, UMRÆÐUR OG TILLÖGUR

Þessi úttekt á sjóðum Háskóla Íslands var unnin að beiðni jafnréttisnefndar Háskóla Íslands. Hún tengist Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2013-2017 þar sem kveðið er á um að taka eigi saman og kyngreina gögn um skiptingu umsókna og úthlutana úr rannsókn- og styrktarsjóðum innan Háskóla Íslands. Verkefnið tengist einnig söfnun kyngreindra upplýsinga um heildarlaun starfsfólks í akademískum störfum en hluti af laununum kemur úr vinnu- og ritlaunasjóðum (Háskóli Íslands, 2014).

Markmið þessarar úttektar er að 1) ná yfirsýn yfir þá sjóði sem starfsfólk og nemendur Háskóla Íslands hafa aðgengi að, 2) skoða hvort úthlutun og endurúthlutun styrkjanna og verklag við úthlutun samræmist jafnréttissjónarmiðum, 3) að kanna hvort þörf sé á aðgerðum til að tryggja samþættingu jafnréttissjónarmiða í styrkjauthlutanir og 4) að fá fram tillögur að aðgerðum og úrbótum.

Í mörgum tilvikum gekk gagnaöflun vel, einkum þegar um var að ræða eldri sjóði með virkar heimasíður. Í öðrum var töluverðum vandkvæðum bundið að nálgast upplýsingar. Það torvelaði gagnaöflunina að skilgreiningar á því hvaða teldust sjóðir var nokkuð á reiki og hverjir ættu að vera með í yfirlitinu. Innan háskólans komu fram þau sjónarmið að samkeppnissjóðir og stærstu sjóðirnir væru einu sjóðirnir sem áhugavert væri að skoða og kyngreina. Ekki virtist heldur ríkja sameiginlegur skilningur á því hvað átt sé við með endurúthlutun styrkja eða hverjir eigi að afla gagna um slíkar úthlutanir og bærust engar upplýsingar um þær. Erfiðast reyndist að afla kyngreindra gagna um þá hópa sem koma að framkvæmd og ábyrgð og á það við um alla sjóði. Reynslan af gagnaöfluninni sýndi að mikilvægt er að kveðið verði á um það með skýrum hætti hvaða gögnum og upplýsingum eigi að safna og gera aðgengilegar. Niðurstaðan var engu að síður sú að yfirlit fékkst yfir flesta sjóði innan háskólans.

Talning á sjóðum innan háskólans reyndist nokkuð snúin en þeir voru grunnflokkaðir eftir því hvort styrkir voru fjármagnaðir með fjárveitingu frá háskólaráði, ríki og eiginlaunum eða af eigin fé og ávöxtun þess, eins og Styrktarsjóðir Háskóla Íslands gera. Talning á styrktarsjóðum var einföld og reyndust þeir 54. Öllu flóknara var að telja aðra sjóði. Samkvæmt þeirri aðferð sem notuð var til flokkunar í þessari úttekt reyndust þeir 25. Samtals eru því þeir sjóðir sem starfsfólk og nemendur Háskóla Íslands hafa aðgengi að 79.

Samkvæmt þeim gögnum sem aðgengileg voru úthlutuðu sjóðir innan Háskóla Íslands á tímabilinu 2010-2014 samanlagt 6.779.870.369 króna eða rúmum 1,3 milljörðum á ári. Þessi tala

gæti verið mun hærrí þar sem m.a. gögn um úthlutanir úr Aldarafmællissjóð voru mjög takmörkuð.

Í þeim tilvikum sem hægt var að greina gögn eftir kyni var fjöldi styrkja 7.798. Konur fengu 49% styrkjanna og 46% upphæðarinnar og karlar 51% styrkjanna og 53% upphæðarinnar.

Í þeim tilvikum sem hægt var að greina gögn eftir fræðasviðum fóru 12% heildarupphæðarinnar til starfsfólks og nemenda félagsvísindasviðs (FVS), 24% til heilbrigðisvísindasviðs (HVS), 15% til hugvísindasviðs (HUG), 9% til menntavísindasviðs (MVS), 29% til verkfræði- og náttúruvísindasviðs (VON) og 10% í til fleiri fræðasviða en eins og annarra stofnanna.

Engar einhlítar vísendingar komu fram um að úthlutanir og verklag við úthlutun samræmdust ekki jafnréttissjónarmiðum. Þau gögn sem aðgengileg voru um hópa sem bera ábyrgð á forgangsröðun og ákvörðunum voru takmörkuð og í nokkrum tilvikum virðist ekki hafa verið hugað að kynjasjónarmiðum við skipan í nefndir og stjórnir. Ástæða gæti verið til að skoða það verklag og jafnvel kveða skýrt á um markmiðið með formlegum hætti víðar en í jafnréttisáætlun skólans. Erfitt var að draga upp heildarmynd af árangri kynjanna enda um mjög ólíka sjóði að ræða, sumir t.d. samkeppnissjóði og aðrir ekki, en það þó reynt. Þegar eingöngu er horft til kyns mældist kynjamunur í árangri í flestum tilvikum 5% eða minni. Kynjamunur var meiri en 5% í um þriðjungi tilvika og hallaði á karla í fjórum tilvikum af sex. Þegar litið var til árangurs eftir starfsheitum var árangur prófessora oftast bestur. Enga einhlíta tilhneigingu er að sjá í árangri fræðasviðanna. Kynjamunur upp á meira en 5% kom einnig fram í einstökum greiningum innan sjóða. Það er því mikilvægt að skoða slík tilvik sérstaklega og halda áfram að fylgjast með þróun mála með reglubundnum úttektum.

Það vakti athygli að karlar fengu almennt fleiri styrki og meira fjármagn úr sjóðum háskólans en konur og úr sumum talsvert meira. Það eitt og sér segir þó ekki alla söguna því skýringa er eflaust víða að leita. Þetta þarf m.a. að skoða með hliðsjón af markhópum sjóðanna og sókn í styrki. Greinilegt er t.d. að prófessorar sækja í meira mæli en aðrir hópar í suma sjóði og fá fremur úthlutað. Þeir standa þess vegna betur að vígi en aðrir innan markhópsins og hlutfall kvenna í þeirra hópi er lágt eða 27%. Aðrir sjóðir virðast fremur sniðnir að raunvísindum en öðrum fræðasviðum og þar er hlutfall kvenna einnig lágt. Sums staðar er þó talsvert kynjaskekkja til staðar sem tæplega er hægt að skýra eingöngu með markhópnum. Sjóður um árangurstengda tilfærslu starfsþátta er eitt dæmi um slíkt. Í svokallaðri stigaleið eru prófessorar 88% þeirra sem fá greiðslur sem byggja á útreikningi rannsóknastiga. Hlutfall kvenna í þeim hópi er um 10% lægra en í hópi prófessora. Það vekur upp spurningar um það hvort kynjaðar víddir geti leynst í reglum um útreikninga rannsóknastiga. Ástæða gæti því verið til að skoða þær út frá kynjasjónarmiðum og jafnvel úthlutunarreglur sjóða almennt.

Í nokkrum tilvikum kom fram að úthlutunarreglur eða reiknireglur sjóða hafi breyst eða breytingar framundan. Mikilvægt er að hugað sé að jafnréttis- og kynjasjónarmiðum við undirbúning breytinga og úttektir gerðar reglulega til að skoða hvort þær hafi haft óæskilegar kynbundnar breytingar í för með sér.

Greining á Styrktarsjóðum Háskóla Íslands leiðir í ljós að innan við helmingur sjóðanna er virkur þ.e. úthlutar styrkjum. Margir virku sjóðanna styrkja rannsóknir námsmanna og veita viðurkenningar, m.a. fyrir góðan námsárangur. Aðgengi fræðasviðanna að sjóðunum er misjafnt og kannski ástæða til að skoða það mál frekar og leita leiða til að jafna aðgengi nemenda að slíkum gæðum. Það vekur auk þess athygli að um hálfur milljarður í bundnu og óbundnu stofnfé óvirkra sjóða skilar engu til háskólans. Vinna er hafi við að leita leiða til að nýta þetta fjármagn.

Tillögur að úrbótum og verkefnum

- Að skilgreint verði með skýrum hætti hvað eigi að flokka sem sjóði innan Háskóla Íslands og einstakra fræðasviða þar sem skilgreiningin virðist vera nokkuð á reiki.
- Að mörkuð verði skýr stefna um hvaða sjóðum eigi að fylgjast með til framtíðar, hvaða gögnum eigi að safna, hver eigi að gera það og hvernig, og hvar þau eigi að vera aðgengileg. Minnt er á að samkvæmt jafnréttislögum ber að kyngreina allar tölfraðilegar upplýsingar. Sækja má fyrirmynd í [Lög Stúdentasjóðs](#) gr. 5.6 um það hvernig heppilegt gæti verið að festa slíkar reglur í sessi með formlegum hætti en þar segir: „Sjóðsstjórn skal, að lokinni hverri úthlutun, senda skrifstofu S.H.Í skriflega skýrslu um starf sitt. Í skýrslunni skal koma fram hverjum hafi verið úthlutaðir styrkir, hversu mikið og til hvaða verkefna. Jafnframt skal sjóðsstjórn birta útdrátt úr hverri skýrslu.“ Svo virðist reyndar sem „gleymsst“ hafi að kveða á um kyngreiningu gagna og úr því þarf að bæta. Einnig þarf að gæta þess að safna kyngreinanlegum gögnum um umsækjendur eða tilnefningar.
- Að kyn umsækjenda og styrkþega verði alltaf skráð, sem og úthlutunarár, fræðasvið, deildir, stöður, upphæðir umsókna, afgreiðslu umsóknar og upphæðir styrkja, eftir því sem við á. Skoða ætti hvort nota ætti fellilista í meira en gert er í rafrænum umsóknum til að samræma skráningu grundvallarupplýsinga.
- Að skráning á upplýsingum úr umsóknarferli vegna styrktra staða verði samræmd og nái auk hefðbundinnar skráningar einnig til niðurstöðu hæfnismats.
- Að skráning á kostnaði vegna styrkja sem greiddir eru sem laun, verði samræmd t.d. hvort styrkur er með eða án launatengdra gjalda og miða upplýsingar við ákveðnar dagsetningar ef ekki er hægt að keyra út upplýsingar um greiðslur.
- Þegar styrkir eru ekki föst upphæð eða fastur árafjöldi verði árangur mældur í fjölda styrkja, fjölda ára og upphæðum.
- Að gerð verði frekari greining á gögnum þeirra sjóða þar sem kynjamun upp á 5% eða meira er ekki hægt að skýra með stöðunni innan markhópsins eða öðrum augljósum aðstæðum.
- Að kyngreindum upplýsingum um þá einstaklinga eða hópa sem að ákvörðunum koma verði haldið til haga með skipulögðum hætti og verði aðgengilegar.
- Að þeim tilmælum sé beint til þeirra sem skipa í nefndir, ráð og stjórnir að fara að ákvæðum jafnréttisáætlunar háskólans um jafna þátttöku kvenna og karla. Auka mætti kynjavítund í þessum hópi t.d. með því að kveða á um það með skýrum hætti að tilkynningum um skipan í slíka hópa fylgi alltaf upplýsingar um kynjahlutfallið.
- Að þeim tilmælum sé beint til kennara að þeir hugi að jafnréttis- og kynjasjónarmiðum þegar þeir ráða nemendur.
- Að skoðað verði hvort sjóðakerfi háskólans sé sniðið jafnt að þörfum allra.
- Að skoðað verði hvort kynjaðar víddir leynist í reiknireglum rannsóknastiga.
- Að skoðað verði hvort kynjaðar víddir leynist í úthlutunarreglum sjóða.

- Að sú vinnuregla verði fest í sessi að hugað verði að jafnréttis- og kynjasjónarmiðum við undirbúning breytinga m.a. á úthlutunar- og reiknireglum sjóða og úttekt gerð á áhrifum þeirra eftir að þær komast í framkvæmd.
- Að skoðað verði hvort ekki er hægt að nýta það fjármagn sem liggur í óvirkum sjóðum til að styðja við rannsóknir og nýsköpun innan skólans.
- Að skoða hvort og þá hvernig hægt væri að jafna tækifæri allra sviða til að laða að, styðja við og hvetja afburðanemendur. Benda má á þá leið að verðlauna með einum eða öðrum hætti (t.d. með niðurfellingu og/eða afslætti af skólagjöldum) þá nemendur sem sýna afburðaárangur í námi innan hvers fræðasviðs eða deildar í lok hverrar annar.
- Að gerð verði úttekt á rannsóknarmisserum háskólakennara og sérfræðing og áhrif þeirra á rannsóknavirkni og greint eftir kyni.

HEIMILDASKRÁ

- Almanakssjóður. (1973). *Reglur um Almanakssjóð*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/almanakssjodur>
- Alþingi. (2012). *Breytingar Alþingis á frumvarpi til fjárlaga 2012*. Sótt frá <http://www.fjarlog.is/Fjarlagavefur-Hluti-II/GreinargerdirogRaedur/UmfjollunAlthingis/2012/Kafli6.htm>
- Arnar Gíslason. (2008). *Jafnrétti í tölum*. Sótt frá http://www.hi.is/adalvefur/jafnretti_i_tolum
- Eggertssjóður. (1995). *Skipulagsskrá fyrir Eggertssjóð*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/Skipulagsskr%C3%A1r/skipulagsskra%20fyrir%20eggertssjod.pdf>
- Eggertssjóður. (2010). *Eggertssjóður veitir styrki til nýdoktora 2010*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Félag háskólakennara. (2014). *Reglur vinnumatssjóðs Félags háskólakennara vegna rannsókna*. Sótt frá <http://fh.hi.is/node/42>
- Félag háskólakennara. (2015). *Handbók Félags háskólakennara*. Sótt frá http://fh.hi.is/files/Rettindabaeklingur_10022015_0.pdf
- Félag prófessora við ríkisháskóla. (2003a). *Matsreglur kjaranefndar 2002*. Sótt frá <http://professorar.hi.is/node/120>
- Félag prófessora við ríkisháskóla. (2003b). *Reglur um ritlauna- og rannsóknarsjóð prófessora*. Sótt frá <http://professorar.hi.is/node/80>
- Háskólasjóður. (1975). *Skipulagsskrá Háskólasjóðs*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/Skipulagsskr%C3%A1r/skipulagsskra%20fyrir%20haskolasjod.pdf>
- Háskólasjóður Eimskipafélagsins Íslands. (2010). *Reglur um styrki úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands til stúdenta í doktorsnámi við Háskóla Íslands*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/node/451>
- Háskóli Íslands. (2006). *Fjórir meistaranemar og einn vísindamaður hljóta styrki*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/fjorir_meistaranemar_og_einn_visindamadur_hljota_styrki
- Háskóli Íslands. (2010a). *Reglur*. Sótt frá Sjóðavef Háskóla Íslands: <http://sjodir.hi.is/reglur>
- Háskóli Íslands. (2010b). *Stjórn* [Starfssjóðs Læknadeildar Háskóla Íslands]. Sótt frá http://sjodir.hi.is/stjorn_6
- Háskóli Íslands. (2010c). *Stjórn Heimspækisjóðs Brynjólfs Bjarnasonar*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/stjorn_2
- Háskóli Íslands. (2010d). *Styrkúthlutanir* [úr Sagnfræðisjóði dr. Björns Þorsteinssonar]. Sótt frá http://sjodir.hi.is/styrkuthlutanir_8
- Háskóli Íslands. (2010e). *Styrkveitingar* [úr Starfssjóði Læknadeildar Háskóla Íslands]. Sótt frá http://sjodir.hi.is/styrkveitingar_2
- Háskóli Íslands. (2011a). *Erindisbréf vísindanefndar háskólaráðs og fagráða*. Háskóli Íslands. Reykjavík.
- Háskóli Íslands. (2011b). *Stjórn* [Afreks- og hvatningarásjóðs stúdenta Háskóla Íslands]. Sótt frá http://sjodir.hi.is/stjorn_31

- Háskóli Íslands. (2012a). *9. háskólaþing 16. nóvember 2012*. Sótt frá http://www.hi.is/adalvefur/9_haskolathing_16_november_2012
- Háskóli Íslands. (2012b). *Nýdoktorastyrkir Rannsóknasjóðs*. Sótt frá <http://listar.hi.is/pipermail/phd/2012-February/000667.html>
- Háskóli Íslands. (2012c). *Reglur Kennslumálasjóðs: Vinnureglur kennslumálanefndar háskólaráðs um úthlutun úr Kennslumálasjóði Háskóla Íslands*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/reglur_kennslumalasjods
- Háskóli Íslands. (2012d). *Reglur Rannsóknasjóðs: Vinnureglur við úthlutun*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/reglur_rannsoknasjods
- Háskóli Íslands. (2012e). *Verklagsreglur um aðstoðarkennarastyrki*. Háskóli Íslands: Reykjavík.
- Háskóli Íslands. (2013a). *Aðstoðarmannasjóður*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/adstodarmannasjodur>
- Háskóli Íslands. (2013b). *Brautskráningar: Fjöldi brautskráninga*. Sótt frá HÍ í tölum: <http://www.hi.is/adalvefur/brautskraningar>
- Háskóli Íslands. (2013c). *Reglur Rannsóknasjóðs*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/reglur_rannsoknasjods
- Háskóli Íslands. (2013d). *Sáttmálasjóður*. Sótt frá <http://www.hi.is/adalvefur/sattmalasjodur>
- Háskóli Íslands. (2013e). *Skipun stjórnar Nýliðunarsjóðs 2013-2015*. Háskóli Íslands: Reykjavík
- Háskóli Íslands. (2013f). *Skráðir nemendur í Háskóla Íslands 20. febrúar 2013*. Sótt frá Skráðir framhaldsnemar: Heildarskráning nemenda í Háskóla Íslands frá upphafi
- Háskóli Íslands. (2013g). *Stjórn Minningarsjóðs Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/stjorn_14
- Háskóli Íslands. (2013h). *Verklagsreglur um samkeppnina um Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands*. Sótt frá http://www.hi.is/sites/default/files/admin/meginmal/skjol/verklagsreglur_um_hagnytingarverdlaun_haskola_islands.pdf
- Háskóli Íslands. (2014a). *Átta lektorar ráðnir við Háskóla Íslands*. Sótt frá http://www.hi.is/frettir/atta_lektorar_radnir_vid_haskola_islands
- Háskóli Íslands. (2014b). *Fá styrki til að efla tengsl Japans og Íslands*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/fa_styrki_til_ad_efla_tengsl_japans_og_islands
- Háskóli Íslands. (2014c). *Fundargerð 12. háskólaþings 11. apríl 2014*. Sótt frá http://www.hi.is/adalvefur/fundargerd_12_haskolathings_11_april_2014
- Háskóli Íslands. (2014d). *Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2013-2017*. Sótt frá <http://www.hi.is/adalvefur/jafnrettisaaetlun>
- Háskóli Íslands. (2014e). *Lög Stúdentasjóðs*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/log_studentasjods
- Háskóli Íslands. (2014f). *Rannsóknasjóður - viðmið við úthlutun*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/rannsoknasjodur_vidmid_vid_uthlutun
- Háskóli Íslands. (2014g). *Skráðir nemendur 2013 - 2014 - Heildartölur*. Sótt frá HÍ í tölum: http://www.hi.is/adalvefur/heildarskraning_nemenda_i_haskola_islands_fra_upphafi_0
- Háskóli Íslands. (2014h). *Stjórn [Sagnfræðisjóðs dr. Björns Þorsteinssonar]*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/stjorn_18

- Háskóli Íslands. (2014i). *Tólf nýdoktorar hljóta styrki úr Nýliðunarsjóði*. Sótt frá http://www.hi.is/frettir/tolf_nydoktorar_hljota_styrki_ur_nylidunarsjodi
- Háskóli Íslands. (2014j). *Verklagsreglur um viðurkenningu Háskóla Íslands fyrir lofsverðan árangur í starfi*. Sótt frá http://www.hi.is/sites/default/files/admin/meginmal/skjol/verklagsreglur_um_vidurkenningu_fyrir_starf_11092014.pdf
- Háskóli Íslands. (2015a). *Afreks- og hvatningarsjóður stúdenta Háskóla Íslands*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/node/365>
- Háskóli Íslands. (2015b). *Almanakssjóður*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/almanakssjodur>
- Háskóli Íslands. (2015c). *Doktorsstyrkir Háskóla Íslands*. Sótt frá http://www.hi.is/frettir/doktorsstyrkir_rannsoknasjods_og_haskolasjods
- Háskóli Íslands. (2015d). *Ferðastyrkir doktorsnema*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/ferdastyrkir_doktorsnema
- Háskóli Íslands. (2015e). *Greinargerð við mat á doktorsumsóknum fyrir árið 2015*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/greinargerd_vid_mat_a_umsoknum_2015_3.pdf
- Háskóli Íslands. (2015f). *Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands*. Sótt frá http://www.hi.is/adalvefur/hagnytingarverdlaun_haskola_islands
- Háskóli Íslands. (2015g). *Ingjaldssjóður*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/ingjaldssjodur>
- Háskóli Íslands. (2015h). *Ingjaldssjóður styrkir viðskiptafræði- og tónlistarnema*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/ingjaldssjodur_styrkir_vidskiptafrædi_og_tonlistarnema
- Háskóli Íslands. (2015i). *Kennslumálasjóður*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/kennslumalasjodur>
- Háskóli Íslands. (2015j). *Laun aðstoðarmanna*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/laun_adstodarmanna_15_0.pdf
- Háskóli Íslands. (2015k). *Lykiltölur*. Sótt frá <http://www.hi.is/sites/default/files/sverring/lykiltolur2015.pdf>
- Háskóli Íslands. (2015l). *Mótframlagasjóður við tækjakaup*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/motframlagasjodur_vid_tækjakaup
- Háskóli Íslands. (2015m). *Rannsóknarsjóður Háskóla Íslands - umsóknareyðublað*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/rannsoknasjodur_haskola_islands_umsoknareydublad
- Háskóli Íslands. (2015n). *Reglur Tækjakaupasjóðs*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/reglur_tækjakaupasjods
- Háskóli Íslands. (2015o). *Sáttmálasjóður*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/sattmalasjodur>
- Háskóli Íslands. (2015p). *Starfsmenn 2014*. Sótt frá http://www.hi.is/adalvefur/starfsmenn_2014
- Háskóli Íslands. (2015q). *Stjórn* [Starfssjóðs Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands]. Sótt frá http://sjodir.hi.is/stjorn_26
- Háskóli Íslands. (2015r). *Stjórn* [Styrktarsjóðs Áslaugar Hafliðadóttur]. Sótt frá http://sjodir.hi.is/stjorn_33
- Háskóli Íslands. (2015s). *Stjórn* [Verðlaunasjóðs Bergþóru og Þorsteins Scheving Thorsteinssonar lyfsala]. Sótt frá http://sjodir.hi.is/stjorn_11
- Háskóli Íslands. (2015t). *Stjórn Almanakssjóðs*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/stjorn_almanakssjods

- Háskóli Íslands. (2015u). *Stjórn Listasafns Háskóla Íslands*. Sótt frá http://www.hi.is/adalvefur/stjorn_listasafns_haskola_islands
- Háskóli Íslands. (2015v). *Stjórn Minningarsjóðs Jóns Þorlákssonar*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/stjorn_minningarsjods_jons_thorlakssonar
- Háskóli Íslands. (2015x). *Styrkir til eflingar íslenskri tungu*. Sótt frá http://www.hi.is/frettir/styrkir_til_eflingar_islenskri_tungu
- Háskóli Íslands. (2015y). *Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/styrktarsjodur_listasafns_haskola_islands
- Háskóli Íslands. (2015z). *Tækjakaupasjóður*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/taekjakaupasjodur>
- Háskóli Íslands. (2015þ). *Tækjakaupasjóður - Umsóknareyðublað*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/taekjakaupasjodur_umsoknareydublad
- Háskóli Íslands. (2016). *Nýdokterastyrkir Háskóla Íslands*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/nydokterastyrkir_haskola_islands
- Háskóli Íslands. (e.d.a). *Ferðastyrkir doktorsnema - skilyrði*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/ferdastyrkir_vidmid_2015.pdf
- Háskóli Íslands. (e.d.b). *Greiningarsjóður - umsókn um styrk*. Sótt frá http://nshi.hi.is/greiningarsjodur_umsokn_um_styrk
- Heimspækisjóður Brynjólfs Bjarnasonar. (1990). *Skipulagsskrá fyrir Heimspækisjóð Brynjólfs Bjarnasonar*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/Skipulagsskr%C3%A1r/skipulagsskra%20fyrir%20heimspekisjod%20brynjolfs%20bjarnasonar.pdf>
- Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands. (2007). *Skipting umsókna og úthlutanir úr sjóðum: Rannsóknarsjóður Háskóla Íslands 2006 og 2007*. Sótt frá http://www.hi.is/sites/default/files/oldSchool/skipting_umsokna_uthlutanir_ur_sjodum.pdf
- Kristín Anna Hjálmaradóttir. (2013). *Kynjasambætting í Háskóla Íslands*. Óbirt meistararitgerð: Háskóli Íslands, Stjónmálafræðideild.
- Matskerfisnefnd. (2011). *Tilkynning frá Matskerfisnefnd um breytingar á Matskerfi opinberra háskóla*. Sótt frá http://www.hi.is/sites/default/files/admin/meginmal/skjol/tilkynning_matkerfisnefnd_um_breytingar_matskerfi_des_2011.pdf
- Matskerfisnefnd. (2013a). *Tilkynning frá matskerfisnefnd*. Sótt frá http://www.hi.is/sites/default/files/admin/meginmal/skjol/tilkynning_fra_matskerfisnefnd_19122013.pdf
- Matskerfisnefnd. (2013b). *Matskerfi opinberra háskóla*. Sótt frá http://www.hi.is/sites/default/files/oldSchool/skerfi_opinberra_h__sk__la_30__desember_2009.pdf
- Menningar- og framfarisjóðs Ludvigs Storr. (1980). *Skipulagsskrá Menningar- og framfarisjóðs Ludvigs Storr*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/Skipulagsskr%C3%A1r/skipulagsskra%20menningar-%20og%20framfarasjods%20ludvigs%20storr.pdf>

- Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda. (2008). *Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/Soff%C3%ADa%20Magn%C3%BAsd%C3%B3tti%20-%20Skipulagsskr%C3%A1-loka%C3%BAtg%C3%A1fa.pdf>
- Minningarsjóður dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors. (1983). *Skipulagsskrá um um Minningarsjóð dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/skipulagsskra%20um%20minningarsjod%20dr%20Ophil%20john%20johannessonar%20professors.pdf>
- Minningarsjóður Guðrúnar Marteinsdóttur. (2004). *Skipulagsskrá um Minningarsjóð Guðrúnar Marteinsdóttur*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/skipulagsskra%20um%20minningarsjod%20gudrunar%20marteinsdottur.pdf>
- Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings. (1952). *Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns Þorlákssonar verkfræðings*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/Skipulagsskr%C3%A1r/skipulagsskra%20fyrir%20Ominningarsjod%20jons%20thorlakssonar_0.pdf
- Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents. (1952). *Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Þorvalds Finnbogasonar stúdents*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/Skipulagsskr%C3%A1r/skipulagsskra%20fyrir%20Ominningarsjod%20thorvalds%20finnbogssonar.pdf>
- Nefnd um fyrirkomulag mats á störfum prófessora. (2009). *Álit nefndar um fyrirkomulag mats á störfum prófessora*. Retrieved from http://www.hi.is/sites/default/files/admin/meginmal/skjol/alit_nefndar_um_fyrirkomulag_mats_a_storfum_professora_6_nov_2009.pdf
- Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur. (2007). *Skipulagsskrá fyrir Rannsóknasjóð Ingibjargar R. Magnúsdóttur*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/Skipulagsskra%20sjods%20RIM_STADFEST_290707.pdf
- Ríkisstjórn Íslands og Alþingi. (2011). *Yfirlýsing um gjöf til Háskóla Íslands í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands*. Sótt frá <https://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettir1/Aldarafmaelissjodur-Haskola-Islands.pdf>
- Sagnfræðisjóður dr. Björns Þorsteinssonar. (1986). *Skipulagsskrá fyrir Sagnfræðisjóð dr. Björns Þorsteinssonar*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/Skipulagsskr%C3%A1r/skipulagsskra%20fyrir%20Osagnfraedisjod%20dr%20bjorns%20thorsteinssonar.pdf>
- Selma og Kay Langvad Legat. (1964). *Skipulagsskrá fyrir Selma og Kay Langvads Legat til udvikling af den kulturelle forbindelse mellem Island og Danmark*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/Skipulagsskr%C3%A1r/skipulagsskra%20fyrir%20Oselma%20og%20kay%20langvads%20legat.pdf>
- Sigrún Sif Jóelsdóttir. (2010). *Rannsóknamisseri kennara við Háskólann á Akureyri*. Sótt frá <http://www.rha.is/is/rannsoknir/utgefid-efni/2010>

- Sjóður Nielsar Dungals prófessors. (1971). *Skipulagsskrá fyrir Sjóð Nielsar Dungals prófessors*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/skipulagsskra_fyrir_sjod_nielsar_dungals_professors_0.pdf
- Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli. (2004). *Skipulagsskrá fyrir Sjóð Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/Skipulagsskr%C3%A1r/skipulagsskra%20fyrir%20sjod%20pals%20gudmundssonar%20fra%20rjupnafelli.pdf>
- Sjóður Sigríðar Lárusdóttur. (2003). *Skipulagsskrá Sjóðs Sigríðar Lárusdóttur*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/Skipulagsskr%C3%A1r/skipulagsskra%20sjods%20osigridar%20larusdottur.pdf>
- Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands. (1987). *Skipulagsskrá fyrir Starfssjóð Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/Skipulagsskr%C3%A1r/skipulagsskra%20fyrir%20starfssjod%20gudfraedistofnunar%20haskola%20islands.pdf>
- Starfssjóður læknaeildar Háskóla Íslands. (1988). *Skipulagsskrá fyrir Starfssjóð læknaeildar Háskóla Íslands*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/Skipulagsskr%C3%A1r/skipulagsskra%20fyrir%20starfssjod%20laeknaeildar%20haskola%20islands.pdf>
- Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands. (1987). *Skipulagsskrá fyrir Starfssjóð Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/Skipulagsskr%C3%A1r/skipulagsskra%20fyrir%20starfssjod%20verkfraedistofnunar%20haskola%20islands.pdf>
- Stjórn Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands. (2009). *Greinargerð frá fráfarandi stjórn Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands*. Sótt frá <http://www.btb.is/media/straumur/Greinargerd-stjornar-HEI---Til-fjolmidla-20.-jan-2009.pdf>
- Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. (2010). *Ársskýrsla 2010*. Sótt frá http://vigdis.hi.is/sites/vigdis.hi.is/files/svf_arsskyrsla_2010.pdf
- Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. (2013). *Ársskýrsla 2013*. Sótt frá <http://vigdis.hi.is/sites/vigdis.hi.is/files/arsskyrslasvf2013.pdf>
- Styrktarsjóðir Háskóla Íslands. (2011). *Styrktarsjóðir Háskóla Íslands, sameiginlegir ársreikningar. Ársreikningur 2010*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Styrktarsjóðir Háskóla Íslands. (2012). *Styrktarsjóðir Háskóla Íslands, sameiginlegir ársreikningar. Ársreikningur 2011*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Styrktarsjóðir Háskóla Íslands. (2013). *Styrktarsjóðir Háskóla Íslands, sameiginlegir ársreikningar. Ársreikningur 2012*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Styrktarsjóðir Háskóla Íslands. (2014). *Styrktarsjóðir Háskóla Íslands, sameiginlegur ársreikningur. Ársreikningur 2013*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Styrktarsjóðir Háskóla Íslands. (2015). *Styrktarsjóðir Háskóla Íslands, sameiginlegur ársreikningur. Ársreikningur 2014*. Reykjavík: Háskóli Íslands.

- Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur. (2014). *Skipulagsskrá Styrktarsjóðs Áslaugar Hafliðadóttur*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/Skipulagsskr%C3%A1r/skipulagsskra_styrktarsj_a_slaug_hafliadad_1okautgafa.pdf
- Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands. (1999). *Skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Listasafns Háskóla Íslands*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/Skipulagsskr%C3%A1r/skipulagsskra%20fyrir%20styrktarsjod%20listasafns%20haskola%20islands.pdf>
- Styrktarsjóður Margaret og Bent Scheving Thorsteinssonar. (2012). *Skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Margaret og Bent Scheving Thorsteinssonar*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/Skipulagsskr%C3%A1_m.breytingum_10072012.pdf
- Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. (2010). *Úthlutnarreglur um styrki*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/20101223%20%C3%A1thlutnarreglur%20SSVF_loka%C3%BAtg%C3%A1fa.pdf
- Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. (2003). *Stofnskrá Styrktarsjóðs Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/Stofnskr%C3%A1%20Sj%C3%B3%C3%B0s%20Stofnunar%20Vigd%C3%ADsar%20Finnbogad%C3%B3ttur.pdf>
- Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur. (1970). *Skipulagsskrá Styrktarsjóðs Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/Skipulagsskr%C3%A1r/skipulagsskra%20styrktarsjods%20thorbergs%20thordarsonar%20og%20margretar%20jonsdottur.pdf>
- Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala. (2001). *Skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/skipulagsskra%20fyrir%20verdlaunasjod%20bergt_horu%20og%20thorsteins%20schevings%20thorsteinssonar.pdf
- Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar lækni. (2000). *Skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð Óskars Þórðarsonar lækni*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/Skipulagsskr%C3%A1r/skipulagsskra%20fyrir%20overdlaunasjod%20oskars%20thordarsonar%20laeknis.pdf>
- Vísinda- og nýsköpunarsvið. (ágúst 2012). *Verkferill fyrir Rannsóknasjóð HÍ*. Sótt frá Sótt á Ugluna. Vefslóð ekki aðgengileg skýrsluhöfundu
- Watanabe styrktarsjóðurinn við Háskóla Íslands. (2008). *Skipulagsskrá Watanabe styrktarsjóðsins við Háskóla Íslands*. Sótt frá <http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/Watanabe%20Trust%20Fund-Charter170908Islenska.pdf>
- Þórsteinssjóður. (2006). *Skipulagsskrá Þórsteinssjóðs*. Sótt frá http://sjodir.hi.is/sites/sjodir.hi.is/files/_%C3%B3rsteinssj%C3%B3dur_skipulagsskr%C3%A1_061206.pdf

Lög og reglugerðir

Reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 með áorðnum síðari breytingum

Reglur um árangurstengda tilfærslu starfspáttu í Háskóla Íslands, nr. 971/2009 með síðari breytingum

VIÐAUKI 1: MARKHÓPAR - STARFSFÓLK

Starfsfólk Háskóla Íslands 2010-2014

	Hlutfall	Konur	Karlar
Akademískir starfsmenn	49%	42%	58%
Annað starfsfólk	51%	62%	48%

Akademískt starfsfólk eftir starfsheimum

	Heild	Konur	Karlar
Prófessorar	37%	27%	73%
Dósentar	23%	42%	58%
Lektorar	21%	56%	44%
Aðjúntar	12%	65%	35%
Sérfræðingar	7%	32%	68%

Akademískt starfsfólk eftir fræðasviðum og kyni

	Aðjúntar		Lektorar		Dósentar		Prófessorar		Svið		
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
Félagsvísindasvið	43%	57%	57%	43%	61%	39%	60%	40%	18%	57%	43%
Heilbrigðisvísindasvið	22%	78%	45%	55%	64%	36%	73%	27%	28%	61%	39%
Hugvísindasvið	39%	61%	36%	64%	51%	49%	72%	28%	16%	55%	45%
Menntavísindasvið	31%	69%	32%	68%	43%	57%	54%	46%	20%	39%	61%
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	30%	70%	60%	40%	66%	34%	87%	13%	17%	78%	22%
Samtals	35%	65%	44%	56%	58%	42%	73%	27%	100%	58%	42%

Markhópur Vinnumatssjóðs

	Hlutfall	Konur	Karlar
Dósentar	36%	42%	58%
Lektorar	34%	56%	44%
Aðjúntar	19%	65%	35%
Sérfræðingar	10%	32%	68%

Hlutfall prófessora eftir sviðum

	Heild	Konur	Karlar
FVS	16%	40%	60%
HVS	29%	27%	73%
HUG	19%	28%	72%
MVS	9%	46%	54%
VON	28%	13%	87%

VIÐAUKI 2: MARKHÓPAR - NEMENDUR

Doktorsnemar 2010-2014

	% alls	% karlar	% konur
Félagsvísindasvið	18%	32%	68%
Heilbrigðisvísindasvið	19%	29%	71%
Hugvísindasvið	17%	42%	58%
Menntavísindasvið	14%	27%	73%
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	28%	57%	43%
Þverfræðilegt framhaldsnám	4%	14%	86%
Háskóli Íslands	100%	39%	61%

Nemendur Háskóla Íslands 2010-2014

	% konur	% karlar
Félagsvísindasvið	59%	41%
Félags- og mannvísindadeild	77%	23%
Félagsráðgjafardeild	90%	10%
Hagfræðideild	35%	65%
Lagadeild	49%	51%
Stjórn málafræðideild	56%	44%
Viðskiptafræðideild	50%	50%
Heilbrigðisvísindasvið	73%	27%
Hjúkrunarfræðideild	98%	2%
Lyfjafræðideild	73%	27%
Læknadeild	61%	39%
Matvæla- og næringarfræðideild	77%	23%
Sálfræðideild	65%	35%
Tannlæknadeild	77%	23%
Hugvísindasvið	60%	40%
Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda	66%	34%
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	57%	43%
Íslensku- og menningardeild	68%	32%
Sagnfræði- og heimspekideild	40%	60%
Menntavísindasvið	77%	23%
Íþrótta-, tómsunda- og þroskþjálfadeild	66%	34%
Kennaradeild	77%	23%
Uppeldis- og menntunarfræðideild	85%	15%
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	38%	62%
Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild	22%	78%
Jarðvísindadeild	43%	57%
Líf- og umhverfisvísindadeild	58%	42%
Rafmagns- og tölvuverkfræðideild	9%	91%
Raunvísindadeild	35%	65%
Umhverfis- og byggingaverkfræðideild	34%	66%
Þverfræðilegt framhaldsnám	77%	23%
Háskóli Íslands - nemendur	60%	40%

VIÐAUKI 3: SJÓÐUR UM ÁRANGURTENDA TILFÆRSLU STARFA – BREYTINGAR

Um sjóðinn gilda [Reglur um árangurstengda tilfærslu starfsþátta í Háskóla Íslands, nr. 971/2009 með síðari breytingum](#). Talsverðar breytingar voru gerðar 4. gr. árið 2015 bæði vegna stigaleiðar og tilnefningarleiða. Í stigaleiðinni er helsta breytingin sú að ekki er lengur kveðið á um ákveðið meðaltal rannsóknastiga, flokkum matskerfis fjölgað og inn komið ákvæði sem tryggir að a.m.k. 10% úthlutana fari til hvers fræðasviðs skólans. Helstu breytingar í tilnefningarleið eru að þeim sjónarmiðum sem taka má tilliti til við tilnefningar er fjölgað.

Árið 2009 og á úttektartímabilinu var 4. gr. gildandi reglna svohljóðandi:

4. gr.

Heimilt er að úthluta úr sjóðnum vegna starfsmanna sem uppfylla annað af eftirfarandi skilyrðum:

3. Kennari hefur fengið að meðaltali 35 rannsóknastig á ári, miðað við fullt starf, úr eftirfarandi flokkum matskerfis Háskóla Íslands: Ritryndar bækur, ISI greinar, aðrar ritryndar greinar, þ. á m. greinar í íslenskum ritryndum tímaritum, greinar í alþjóðlegum ráðstefnuritum og bókakaflar. Miðað er við þriggja ára meðaltal. Stjórn sjóðsins er heimilt að minnka eða auka kröfur um rannsóknastig í samræmi við fjárhagslega stöðu sjóðsins hverju sinni.
4. Kennari hefur náð afburða árangri í rannsóknum. Með hverri umsókn skal fylgja stuttur rökstuðningur. Tilnefningar skulu berast sjóðnum fyrir 1. september ár hvert. Stjórn sjóðsins skal leggja eftirfarandi sjónarmið til grundvallar í mati sínu á árangri starfsmannsins:
 - a. Kennari hefur hlotið óvenju háa styrki til rannsókna úr samkeppnissjóðum.
 - b. Rit kennara hafa verið birt í virtustu tímaritum heims eða hjá virtustu forlögum heims á viðkomandi fræðasviði.
 - c. Rannsóknir kennara vekja óvenju mikla athygli.
 - d. Kennari hefur hlotið eftirsótt verðlaun á fræðasviði sínu.
 - e. Kennari hefur sýnt annan afburða árangur í rannsóknum sínum.

Stjórn sjóðsins skal miða við að a.m.k. 80% úthlutunar hverju sinni sé vegna kennara sem uppfylla skilyrði 1. liðar 1. mgr.

Árið 2015 er 4. gr. gildandi reglna svohljóðandi:

4. gr.

Heimilt er að úthluta úr sjóðnum vegna starfsmanna sem uppfylla annað af eftirfarandi skilyrðum:

1. *Stigaleið*. Kennarar með flest rannsóknastig á ári úr tilteknum flokkum matskerfis Háskóla Íslands (aflstig), sbr. 1. tl. 2. mgr. 6. gr. reglna um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands nr. 263/2010. Miðað er við þriggja ára meðaltal. Stjórn sjóðsins er heimilt að minnka eða auka kröfur um rannsóknastig í samræmi við fjárhagslega stöðu sjóðsins hverju sinni.

2. *Tilnefningarleið*. Forseta fræðasviðs er heimilt að gera tillögu um að einstakir kennarar hljóti tímabundna tilfærslu vinnuskyldu frá kennslu til rannsókna, sbr. 3. gr. Með hverri slíkri tillögu skal fylgja rökstuðningur frá forseta fræðasviðs í samræmi við neðangreind sjónarmið:

- a. Kennari hefur hlotið óvenju háa styrki til rannsókna úr samkeppnissjóðum.
- b. Rit kennara hafa verið birt í virtustu tímaritum heims eða hjá virtustu forlögum heims á viðkomandi fræðasviði.
- c. Rannsóknir kennara vekja óvenju mikla athygli.
- d. Kennari hefur hlotið eftirsótt verðlaun á fræðasviði sínu.
- e. Kennari hefur sýnt annan afburða árangur í rannsóknum sínum.
- f. Kennari þarf að verja umtalsverðum tíma í að undirbúa umsókn um styrk úr erlendum samkeppnissjóði.

Tilnefningar skulu berast sjóðnum fyrir 1. september ár hvert. Stjórn sjóðsins skal miða við að a.m.k. 80% úthlutunar hverju sinni sé vegna kennara sem uppfylla skilyrði 1. liðar 1. mgr. Miðað er við að hvert fræðasvið fái hlutdeild í heildarúthlutun eftir stigaleið í samræmi við fjölda akademískra starfsmanna sem eru með flest rannsóknastig m.v. meðaltal síðastliðinna þriggja ára, þó þannig að tryggt verði að hvert fræðasvið háskólans fái a.m.k. 1/10 úthlutana ár hvert eftir stigaleið. Við val á kennurum sem fá tilfærslu vinnuskyldu frá kennslu til rannsókna innan hvers fræðasviðs er síðan byggt á fjölda aflstiga.

